113. Saurbæjarkirkja	5828.16	„	300.00	224.09	5752.25
114. Munkaþverárkirkja .	10935.71	„	„	437.42	11373.13
115. Lögmannshlíðark. ..	135.62	„	„	5.42	141.04
116. Akureyrarkirkja	17396.82	„	„	695.87	18092.69
117. Bægisárkirkja	134.24	„	„	5.36	139.60
118. Vallakirkja	35.07	„	„	1.40	36.47
119. Tjarnarkirkja	3.50	„	„	„	3.50
120. Stærra-Árskógskirkja	0.63	„	„	„	0.63
S.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
121. Laufáskirkja	960.59	„	„	38.42	999.01
122. Hálskirkja	834.70	„	„	33.38	868.08
Flyt	346488.80	9601.63	19704.08	13682.41	350068.76

1

Kirkjur.	Eign í árslok 1934. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir. Kr. au.	Eign í árslok 1935. Kr. au.
Flutt	346488.80	9601.63	19704.08	13682.41	350068.76
123. Þóroddsstaðarkirkja	214.85	„	„	8.59	223.44
124. Skútustaðakirkja ...	55.90	„	„	2.23	58.13
125. Brettingsstaðakirkja	12.50	„	„	0.50	13.00
126. Illugastaðakirkja ...	11.77	„	„	0.47	12.24
127. Grenjaðarstaðarkirkja	3578.16	200.00	„	147.12	3925.28
128. Grenivíkurkirkja ...	1470.50	„	„	58.82	1529.32
129. Draflastaðakirkja ..	3.58	„	„	„	3.58
130. Þönglabakkakirkja .	2369.04	„	„	94.76	2463.80
131. Nesskirkja í Aðaldal	413.02	„	„	16.52	429.54
N.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
132. Skinnastaðarkirkja .	2735.79	„	„	109.43	2845.22
133. Presthólakirkja	81.08	„	„	3.24	84.32
134. Ásmundarstaðakirkja	1.19	„	„	„	1.19
135. Svalbarðskirkja	4816.57	„	„	192.66	5009.23
136. Víðirhólskirkja	1.38	„	„	„	1.38
137. Sauðanesskirkja	106.88	„	„	4.27	111.15
Samtals	362359.01	9801.63	19704.08	14317.02	366773.58

ATHS.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 7390.06, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 366773.58, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 374163.64.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 6. janúar 1936.

Jón Helgason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna árið 1936.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 11. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 122 27. des. 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands, til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 15. janúar 1936 (nr. 42).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 26. janúar 1936 (nr. 43).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 30. janúar 1936 (nr. 44).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 5. febrúar 1936 (nr. 45).

Auglýsing um að Ísland hafi gengið að alþjóðasamningnum um bifreiðaumferð á alfaravegum, sem gerður var í París þann 24. apríl 1926, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 15. febrúar 1936 (nr. 46).

Auglýsing um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 8 frá 9. okt. 1912, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 5. marz 1936 (nr. 47).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 7. marz 1936 (nr. 48).

Lög um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, undirskrifuð af konungi 7. apríl 1936 (nr. 49).

Lög um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af konungi 10. apríl 1936 (nr. 50).

Lög um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, undirskrifuð af konungi 21. apríl 1936 (nr. 51).

Auglýsing um samkomulag milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Ítalíu um fyrirkomulag gagnkvæmra greiðslna, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála sama dag (nr. 52).

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán handa Landsbanka Íslands, undirskrifuð af konungi 12. maí 1936 (nr. 53).

Bráðabirgðalög um stjórn síldarverksmiðja ríkisins, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 54).

Bráðabirgðalög um stjórn síldarverksmiðja ríkisins, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 54).

Lög um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, undirskrifuð af konungi 23. júní 1936 (nr. 55).

Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 56).

Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 57).

23. dag júnímánaðar 1936. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 58).

Lög um eftirlit með útlendingum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 59).

Lög um breyting á lögum nr. 4 9. janúar 1935, um vinnumiðlun, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 60).

Lög um afnám laga um samþykktir um herpinótaveiði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 61).

Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 38 27. júní 1925 [Sala á prestsmötu], undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 62).

Lög um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 63).

Lög um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 64).

Lög um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 65).

Lög um eyðing svartbaks (veiðibjöllu), undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 66).

Lög um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 67).

Lög um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 68).

Lög um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 69).

Lög um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 70).

Lög um kennslu í vélfræði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 71).

Lög um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 72).

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 73).

Fjáraukalög fyrir árið 1934, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 74).

Fjáraukalög fyrir árið 1935, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 75).

Lög um löggilding verzlunarstaða, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 76).

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 77).

Lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 78).

Lög um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932 um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 79).

Lög um fóðurtryggingarsjóði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 80).

Lög um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 81).

Lög um ríkisútgáfu námsbóka, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 82).

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 83).

Lög um viðauka við lög nr. 36 11. júní 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 84).

Lög um meðferð einkamála í héraði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 85).

Lög um breyting á lögum nr. 48 8. sept. 1931, um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 86).

Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 87).

Lög um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 88).

Lög um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 89).

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 90).

Lög um garðyrkjuskóla ríkisins, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 91).

Lög um jarðakaup ríkisins, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 92).

Lög um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 93).

Lög um fræðslu barna, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 94).

Lög um heimilisfang, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 95).

Lög um að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 96).

Lög um breyting á lögum nr. 25 frá 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 97).

Fjárlög fyrir árið 1937, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 98).

Lög um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 99).

Lög um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 100).

Jarðræktarlög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 101).

Lög um landssmiðju, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 102).

Lög um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 103).

Lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 104).

Lög um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 105).

Lög um útsvör, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 106).

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 107).

Konungsbréf um þinguppsögn, undirskrifað af konungi 7. maí 1936 (nr. 108).

2
14. jan.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu.

Aftan við 2. gr. samþykktarinnar bætist nýr liður er verði 7. liður svo hljóðandi:

Frá Blönduhlíð framhjá Tungu í Hörðudal, frá Snóksdalslæk á Bæjarbakka, frá Hjarðarholti að Ljárskógum og vegurinn af þjóðveginum niður að sjúkraskýlinu í Búðardal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933 staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

3
21. jan.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð 20. nóvember 1935, um útflutning á ísuðum nýjum fiski í kössum.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Ennfremur getur fiskimálanefnd þegar henni þykir nauðsyn til bera, fyrst um sinn þangað til annað kynni að verða ákveðið, veitt undanþágur frá öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, svo sem reglunum um kassastærð, um það hversu fiski skuli raðað í kassa o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Kvenfélags Seyðisfjarðar í Seyðisfjarðarkaupstað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. janúar 1936. Skipulagsskráin er þannig: 4 2. jan.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Kvenfélags Seyðisfjarðar í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóður Kvenfélags Seyðisfjarðar".

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 100 króna gjöf frá konunni Jóhönnu Ketilsdóttur, fyrstu forstöðukonu sjúkrahússins á Seyðisfirði, og með 100 króna tillagi frá kvenfélaginu, sem svo síðan hefir aukið hann á ýmsan hátt, og var sjóðurinn við árslok 1933 orðinn að upphæð kr. 5868,98.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjáparþurfa sjúklinga, sem heimili eiga í Seyðisfjarðarkaupstað. Þó má ekki, nema alveg sérstaklega standi á, veita styrk úr sjóðnum þeim, er njóta fátækrastyrks.

4. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skulu allir vextir og það annað, er sjóðnum fénast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 10000,00.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, skal einn fjórði af vöxtunum jafnan leggjast við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum skal árlega varið til styrktar samkvæmt 3. grein.

6. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn kvenfélags Seyðisfjarðar, meðan það starfar. Leysist félagið upp, skal stjórn sjóðsins skipuð þrem mönnum, er jafnan séu þessir: Héraðslæknirinn í Seyðisfjarðarkaupstað, sóknarpresturinn í Seyðisfjarðarkaupstað og einn maður, kosinn af bæjarstjórn kaupstaðarins, og sé hann bæjarfulltrúi.

7. gr.

Sjái stjórn sjóðsins ekki ástæðu til að veita úr sjóðnum eitthvert ár, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn, en verja má þá jafnmikilli upphæð og helmingi

14. dag ágústmánaðar 1936. Reykjavík — Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4 2. jan. þeirra nemur, til styrkveitinga næsta ár, umfram þann hluta af vöxtum þess árs, sem ætlaður er til styrkveitinga. Reikningur sjóðsins skal birtur 5. hvert ár í Lögbirtingablaðinu eftir að farið er að úthluta styrkjum. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa, ber stjórn sjóðsins að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Sjóðstjórnin skal ennfremur halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar úr sjóðnum, fundarsamþykktir og annað, sem varðar rekstur og hag sjóðsins.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Seyðisfirði, 2. desember 1935.

Í stjórn kvenfélags Seyðisfjarðar.

Sigríður Jensdóttir,	*Anna M. Jónsdóttir,*	*Anna S. Þórarinsdóttir,*
v.formaður.	gjaldkeri.	v.ritari.

5 13. jan.

REGLUGERÐ

um bindindisfræðslu.

Samkvæmt 23. gr. áfengislaga nr. 33, 9. janúar 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bindindisfræðsla er hverskonar fræðsla um eðli áfengra drykkja og áhrif þeirra á mannlegan líkama og sálarlíf og fræðileg útskýring þeirra áhrifa, sem áfengisnautn hefir á þjóðfélagið í heild sinni, ennfremur lýsing og skilgreining á þeim leiðum, sem reyndar hafa verið til útrýmingar áfengisnautn, og frásögn um baráttuna gegn áfengi utanlands og innan.

2. gr.

Bindindisfræðsla (sbr. 1. gr.) skal fara fram í öllum skólum ríkisins og öðrum skólum, er styrks njóta úr ríkissjóði.

3. gr.

Tilgangur bindindisfræðslunnar er:

a) að fræða nemendurna um eðli áfengra drykkja, áhrif þeirra á einstaklingana og þjóðlífið í heild sinni,

b) að draga svo sem verða má úr þeirri hættu, sem áfengisnautninni er samfara,
c) að benda á leiðir til þess að firra þjóðfélagið því böli, er leiðir af áfengisnautn, og skýra frá starfsemi í því skyni fyrr og nú. 13. jan.

4. gr.

Bindindisfræðslan skal vera hlutlæg (objektiv), fara fram eftir áreiðanlegum heimildum og vera hlutlaus um stjórnmál.

Áherzlu ber að leggja á mikilvægi bindindissemi um áfengi.

Kennslunni skal haga eftir þroska nemendanna. Í lægri skólum ber að leggja sérstaka áherzlu á áhrif áfengisnautnar á einstaklingana og heimilin, en í æðri skólum skal einkum stefnt að því, að gera nemendunum skiljanlegt hið margháttaða þjóðfélagsböl, er leiðir af áfengisnautn.

5. gr.

Kennsla um áfengi skal fara fram í sambandi við þessar námsgreinar: heilsufræði, líffræði, líffærafræði, íþróttir, félagsfræði, náttúrufræði, siðfræði, t. d. í sambandi við kristin fræði, efnafræði, átthagafræði og sagnfræði.

Í kennaraskólanum skal sérstaklega lesa með kennaraefnum handbók kennara í áfengisfræði, til þess að búa þá sem bezt undir fræðslustarfsemi á þessu sviði.

Kennslumálaráðuneytið annast um, að út verði gefin sem fyrst handbók kennara í áfengisfræði og að á boðstólum verði önnur kennslutæki og gögn, sem áfengismálaráðunautur telur nauðsynleg, til þess að bindindisfræðslan komi að sem beztum notum, svo sem línurit eftir hagskýrslum, myndir af líffærum ofdrykkjumanna og af heilbrigðum líffærum o. s. frv.

Kennslumálaráðherra löggildir hér eftir þær einar kennslubækur í þeim námsgreinum, sem taldar eru í 5. gr., er á viðeigandi hátt fullnægja þeim kröfum um bindindisfræðslu, sem gerðar eru í reglugerð þessari, og getur hann leitað álits áfengismálaráðunauts um þetta atriði.

6. gr.

Kennarar ríkisskóla og annara skóla, sem styrks njóta úr ríkissjóði, skulu gefa nemendum sínum gott eftirdæmi um bindindi um áfengi.

Skólastjórar og skólanefndir skulu ganga ríkt eftir því, að kennarar ríkisskóla og annarra skóla, sem styrks njóta úr ríkissjóði, hneyksli hvorki nemendur sína né aðra með drykkjuskap.

7. gr.

Fræðslumálastjóri skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að bindindisfræðsla fari fram í skólunum, svo sem lög mæla fyrir, og að þau rit og kennsluáhöld séu til í hverjum skóla, sem áfengismálaráðunautur álítur nauðsynleg, til þess að kennslan komi að sem beztum notum. Áfengisvarnanefndir skulu vera hér til aðstoðar fræðslumálastjóra. Áfengismálaráðunaut ber að vekja athygli kenn-

5 aranna á öllum nýjungum í vísindalegri áfengisfræði og kennslutilhögun í henni.
13. jan. Í sambandi við bindindisfræðslu þessa skal kennt um eðli og áhrif tóbaks og kaffi.

8. gr.

Fræðslumálastjóri skal senda reglugerð þessa öllum skólanefndum, fræðslunefndum og skólaráðum í landinu, ennfremur öllum skólastjórum, til útbýtingar meðal kennara í landinu.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 13. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

6 # REGLUR

20. jan. **um kynblöndun íslenzkra nautgripa og galloway-nautgripa.**

1. gr.

Heimilt er eiganda galloway-nauts að nota það til kynblöndunar með íslenzkum kúm, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglum þessum.

2. gr.

Ala má kvígukálfa undan nautinu og endurtaka kynblöndunina milli nautsins og kvígna undan því í annan ættlið, en ekki má halda umræddum kúm undir naut af íslenzku kyni.

3. gr.

Alla tarfkálfa, er fæðast undan galloway-nauti, skal gelda í síðasta lagi áður en þeir verða 6 mánaða. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um meðferð gripa þessara eftir ákvæðum 4. greinar.

Alla kálfa af galloway-kyni skal merkja, þegar þeir fæðast, á þann hátt, er Búnaðarfélags Íslands ákveður.

4. gr.

Nú á einhver galloway-naut eða hefir fengið undanþágu samkvæmt 3. gr., og skal hann þá einangra umræddan grip svo, að fóðra hann í húsi eða hafa hann í girðinu, sem telst örugg að dómi hreppstjóra. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef slíkur gripur sleppur úr gæzlu. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um kynblendingsnaut og hreinkynja galloway-naut.

5. gr.

Heimilt er eiganda galloway-nauts eða kynblendings að leigja það öðrum til undaneldis og ber eigandi þá ábyrgð á, að hlýtt sé ákvæðum 2., 3. og 4. greinar, um kynblöndunina, meðferð kynblendinganna og merkingu þeirra.

6. gr.

Nú lánar einhver slíkt naut til undaneldis, og er þá þeim, er nautið fékk til afnota, skylt að tilkynna eiganda þess um alla kálfa, er fæddust undan því, og þar með fylgi allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna ákvæða 7. gr.

7. gr.

Eigandi galloway-nauts eða kynblendingsnauts skal færa nákvæma skrá yfir allar þær kýr, sem haldið er undir nautið, hvort sem hann á þær sjálfur eða aðrir. Skal þar tilgreina nafn eiganda, svo og nafn, lit og aldur kýrinnar, hvenær henni var haldið undir nautið, hvenær hún bar, kyn kálfsins, lit og þyngd við fæðingu, og um tarfkálfana skal tilgreina, hvort fengin hafi verið undanþága frá að gelda þá, annars, hvenær þeir voru geltir. Síðan skal færa á þessa skýrslu aðrar upplýsingar um kálfinn, svo sem hvenær honum var lógað og hvað hann lagði sig þá.

8. gr.

Afrit af skýrslum þeim, er ræðir um í 7. gr., skal eigandi nautsins senda Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. marz ár hvert, og sé skýrslan fyrir síðasta almanaksár, enda láti félagið honum í té nauðsynleg skýrsluform.

9. gr.

Skylt er nautgriparæktarfélögum, þar sem rekin er kynblöndun sú, er ræðir um í reglum þessum, að leggja fyrir eftirlitsmenn sína að sjá um, að haldnar verði fullkomnar fóður- og afurðaskýrslur fyrir kynblendingana og samanburðar gerður á fóðurkostnaði þeirra, framförum og afurðum þeirra, er þeim er slátrað, svo og á öðrum afurðum þeirra og á íslenzkum gripum á sama reki innan félagsins (á sömu heimilum). Skýrslur þessar skal eftirlitsmaður senda Búnaðarfélagi Íslands árlega, ásamt hinum venjulegu skýrslum nautgriparæktarfélagsins.

Þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, er eiganda nautsins skylt að sjá um, að haldnar séu og gefnar skýrslur þær, er hér um ræðir.

10. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum og öðrum viðurlögum samkvæmt 18. gr. laga nr. 27, 8. sept. 1931.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

6 20. jan. Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 45, 19. júní 1933, sbr. lög nr. 27, 8. september 1931, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

7 20. jan.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Ólafsfjarðarkauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Ólafsfjarðarhreppi skal falin þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd hefir á hendi stjórn brunamála í Ólafsfjarðarkauptúni, að svo miklu leyti sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra.

Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kauptúnið skuli eiga, og viðhald þeirra.

3. gr.

Ólafsfjarðarkauptúni er skylt að eiga auk slökkvistöðvar í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 400 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, 1 björgunarstiga, 1 þakstiga, 1 áhalda- og slönguvagn, eldvarnarsegl, 2 reykgrímur, 2 krókstjaka, 15 hjálma ásamt öðrum smærri áhöldum. Áhöldum þessum skal á kostnað hreppssjóðs vel við haldið, svo þau séu ávallt í nothæfi ástandi.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að fjölga eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd, að svo verði gert.

4. gr. 7

Slökkvitæki hreppsins skulu geymd í sérstöku húsi. Lykill að því skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. 20. jan.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, ber ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við hver árslok sendir hann brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal jafnframt getið um, hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Skipun slökkviliðs.

6. gr.

Allir karlmenn í kauptúninu, sem til þess eru álitnir færir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára til 60 ára, nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestur, læknir og símastjóri undanskildir.

7. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu vera þessir menn: slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunakallarar. Við þessa tölu má bæta, ef þörf krefur.

8. gr.

Slökkviliðsstjórinn og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn er yfirmaður og stjórnari alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega á ákveðnum stað, hver er slökkviliðsstjóri og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr hreppnum báðir í senn, nema þeir hafi leyfi oddvita eða lögreglustjóra til fjarverunnar.

9. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra til þriggja ára í senn eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr hreppnum daglangt, og liggur sekt við, ef það er vanrækt.

7 20. jan.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvæðum sveitarstjórnar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess, eftir gjaldskrá, er hreppsnefndin setur í janúar ár hvert. Þeir, sem skemma föt sín í þágu brunaliðsins við bruna, eiga rétt á því að fá skemmdirnar greiddar úr hreppssjóði.

11. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

12. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt, hvað gera skuli til að slökkva eld og varna útbreiðslu. Þó má ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins nema með samþykki lögreglustjóra eða hreppstjóra.

Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnunum, er slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

13. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kvaddur, hvar sem er innan kauptúnsins, og hlýða í öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er eða slökkviliðsæfingar áður en þeim er lokið.

14. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða. Auk hans eru í lögreglusveitinni menn, er lögreglustjóri ákveður til þess, og skal hún gæta þess að viðhalda góðri reglu við eldsvoða og sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að enginn óviðkomandi gangi of nærri húsi því, er brennur, eða flytji þaðan neitt í burt.

15. gr.

Það er skylda hvers eins, sem er viðstaddur eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjóri krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum hans.

IV. KAFLI

Um vatnstöku.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld, hvar sem slökkviliðsstjóri álítur hagkvæmast að ná því.

Skylt er sérhverjum húseiganda, þar sem vatnsleiðsla er, að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum úr húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu, á meðan verið er að slökkva eldinn.

V. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

17. gr.

Brunamálanefnd skal á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í hverju húsi kauptúnsins og líta eftir, að reykháfar hafi verið tilhlýðilega vel hreinsaðir, svo og að aðgæta, hvort eldfim efni séu geymd svo sem vera ber, samkv. lögum um brunamál nr. 85, 28. nóv. 1907. Komi það í ljós við skoðun, að einhverju sé ábótavant í þessu, skal nefndin gera þær ráðstafanir, er hún álítur fulltryggar, og skulu hlutaðeigendur bæta úr því, eins og þeim er lagt fyrir, eftir hæfilegan frest, ella kærðir fyrir lögreglustjóra.

VI. KAFLI

Ýmsar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

18. gr.

Það er skylda hvers og eins, er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

19. gr.

Á götum, milli húsa, görðum eða annarsstaðar á almannafæri, má ekki setja opnar hlóðir til eldunar, nema með leyfi slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið, og hvernig varúðarreglna sé gætt.

20. gr.

Eldivið, steinkol, mó og timbur má ekki hafa fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og þá aðeins, að ekki stafi veruleg eldhætta af því.

7 Birgðir af steinolíu, benzíni og öðrum eldfimum vökvum skulu geymdar í
20. jan. húsum inni eða mannheldum girðingum á þeim stað, er hreppsnefnd samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer eftir lögum um brunamál.

21. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af eldfimum vökvum í smiðahúsum og verkstæðum setur brunamálanefnd í samráði við hreppsnefnd þær varúðarreglur um meðferð elds, er hún telur fulltryggar.

VII. KAFLI

Um slökkviliðið.

22. gr.

Slökkviliði kauptúnsins skal skipt þannig:

1.	Björgunarflokkur	2 menn.
2.	Húsrifsflokkur	2 —
3.	Vatnsslönguflokkur	4 —
4.	Stigaflokkur	4 —
5.	Brunaboðar	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir ofangreinda flokka.

Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er bruna ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt, sem unnt er.

Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust.

Öllu, sem bjargað er, skal koma á öruggan stað og fara svo vel með, sem unnt er.

Húsrifsflokkur skal rífa það, er þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávallt hafa með sér hin ákveðnu verkfæri á brunastaðinn.

Vatnsslönguflokkur skal koma svo slöngum fyrir, að sem þægilegast sé að slökkva eldinn.

Stigaflokkur skal sjá um að hafa stiga eftir þörfum, sjá um, að þeir séu tryggilega útbúnir, og reisa þá upp, þar sem þeim er fyrirskipað. Ennfremur skal hann aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að þeyta brunalúðurinn. Sé það að næturlagi, skal annar fara með lúðurinn að húsi hvers liðsmanns og blása í hann þar, þar til hann verður þess var, að fólk í húsinu hafi orðið hans vart. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja frá, hvar eldurinn er. Skulu þeir að loknum útblæstri mæta á brunastaðnum. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviæfingar, eftir fyrirskipan slökkviliðsstjóra.

Ofangreindir liðsmenn eru skyldir til að hlýða slökkviliðsstjóranum í starfi sínu. 7 20. jan.

23. gr.

Allir liðsmenn skulu, er þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða og tal, gera sér sérstaklega far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

24. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugerð þessari, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og, ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild, nema veikindi eða fjarvera úr hreppnum.

VIII. KAFLI

Sektarákvæði.

25. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir brot sitt, er renni í sveitarsjóð Ólafsfjarðarhrepps, ef ekki liggur þyngri sekt við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

8
23. jan.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Bolungavíkur.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Bolungavíkur. Heimili þess og varnarþing er í Bolungavík.

2. gr.

Félagssvæðið eru þessar jarðir:
Ós, eigendur Guðbergur Þórðarson, Jens M. Jensson og d.b. J. S. Edwald.
Gil, eigandi Valdimar Samúelsson.
Hanahóll, eigandi Hjörtur Sturlaugsson.
Mýdalur, eigendur Guðrún Ólafsdóttir, Pétur Ólafsson og Friðrik Teitsson.
Geirastaðir, eigandi Kristján Ólafsson.
Hóll, eigendur Helga Ólafsdóttir, Jóna I. Jónsdóttir og Stefán S. Hjaltdal.

3. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak,
2. að reka laxveiði og silungsveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir.

4. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Mýdalsvatni ásamt öllum ám og lækjum, sem að því renna, og einnig á þeirri og ósi, er rennur frá því til sjávar, og lækjum, er í hann renna. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, sem land eiga að nefndum vötnum.

5. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitímann og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi ekki vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu. Aldrei má leigja veiði þessa til lengri tíma en 10 ára.

7. gr. 8

Félagið rekur lax- og silungsveiði við fyrrnefnd vötn og ræður mann til að 23. jan.
standa fyrir veiðinni; nefnist hann veiðistjóri.

8. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðarinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

9. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

10. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár og annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

11. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

12. gr.

Aðalfund ræður félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

a. sé hann boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði,
b. sé meiri hluti stjórnar og ⅔ félagsmanna mættir á fundinum.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninganna. Hann kveður á um laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um breytingar sé að ræða á samþykktum eða félagsslit.

8 13. gr.

23. jan. Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

14. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðanir til úrskurðar.

15. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram næstu 10 ár.

16. gr.

Eigi má úthluta arði samkv. 15. grein fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi félagsins. Aðalfundur getur samþykkt að halda eftir allt að 30% af tekjuafgangi, er færist í félagssjóð. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

17. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í sýslusjóð.

18. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema ⅔ félagsmanna samþykki breytinguna á aðalfundi.

19. gr.

Félaginu má ekki slíta, nema ⅔ félagsmanna samþykki það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

9
23. jan.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Bolungavíkur.

Arður skiptist í 8 hluti, þannig:

Ós	3/8
Gil	1/8
Hanahóll	1/8
Mýdalur	1/8
Geirastaðir	1/8
Hóll	1/8

Arðskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

10
24. jan.

um útvarpsrekstur ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 68, 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um skipulag og stjórn útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík, og má auka orku hennar eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni: **Ríkisútvarpið** og ber undir kennslumálaráðuneytið.

10 24. jan.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast um allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhaldi, daglegri umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess allar og reikningshald.

Kennslumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við Ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra í samræmi við launakjör annara svipaðra starfsmanna ríkisins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar álits og tillagna útvarpsráðs um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpið.

4. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og þrír og þrír til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess.

II. KAFLI

Um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð.

Almenn ákvæði.

5. gr.

Þegar eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur kennslumálaráðuneytið skrifstofu Ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda samkvæmt því, sem ákveðið er í reglugerð þessari.

Útvarpsstjóri hefir yfirumsjón með kosningunni og er formaður kjörstjórnar. Auk hans skipa kjörstjórn tveir menn, sem kennslumálaráðherra tilnefnir. Skal kosningu lokið, þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því er kosning í útvarpsráð fór fram á Alþingi.

6. gr.

Kostnaður, sem leiðir af kosningunni, greiðist af starfsfé Ríkisútvarpsins eftir reikningi, sem kennslumálaráðherra samþykkir.

Kjörlistar og framboðsfrestur.

7. gr.

Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna þeirra, er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Ennfremur fylgi kjörlistum yfirlýsing þeirra manna, sem boðnir eru fram til kjörs, um að framboðið sé með þeirra samþykki.

Umboðsmenn kjörlista eru frambjóðendur listans og þeir, sem til þess hljóta vottfast umboð frambjóðanda.

8. gr.

Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld til Ríkisútvarpsins, er ekki fastráðinn starfsmaður þess og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

9. gr.

Þrír efstu menn á kjörlista teljast 1., 2. og 3. aðalmaður listans, en þrír hinir næstu teljast 1., 2. og 3. varamaður hans, þannig, að 4. maður er varamaður 1. manns, 5. maður varamaður 2. manns og 6. maður varamaður 3. manns.

10. gr.

Þegar eftir að kennslumálaráðuneytið hefir falið skrifstofu Ríkisútvarpsins að láta fara fram kosningu af hálfu útvarpsnotenda, gefur kjörstjórn út auglýsingu um kosninguna. Skal hún birt í Lögbirtingablaðinu, í útvarpinu og í víðlesnum blöðum.

11. gr.

Kjörlistum samkvæmt 7. gr. skal skilað eigi síðan en 14 dögum eftir að auglýsing um kosninguna hefir verið gefin út. Skal í auglýsingunni ákveðið um stað og stund, þegar afhending listanna á að fara fram í síðasta lagi. Formaður kjörstjórnar gefur út kvittun fyrir hverjum kjörlista samstundis og hann er afhentur. Skal á kvittuninni tilgreina nákvæmlega, hvenær afhending fer fram. Kjörlistar hljóta listabókstafina A, B, C, D o. s. frv. í þeirri röð, sem þeir koma fram. Skal á kvittun greina, hvaða bókstaf listinn hlýtur.

12. gr.

Nú hefir, að loknum umboðsfresti, komið fram aðeins einn kjörlisti með jafnmörgum og kjósa á, og ferst kosning þá fyrir, en kjörstjórn, að viðstöddum umboðsmönnum listans, úrskurðar hina framboðnu menn rétt kjörna í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda.

Fer þá um afgreiðslu á úrskurði kjörstjórnar til ráðuneytisins eftir því, sem fyrir er mælt í 38. gr.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda

10 neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá
24. jan. menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára og þrjá til vara.

Kjörstaðir og kjörfrestur.

13. gr.

Forstöðumenn pósthúsa landsins (póstafgreiðslumenn og bréfhirðingarmenn) skulu annast um atkvæðagreiðslu utan Reykjavíkur og eru kjörstjórar, hver í sínu umdæmi, eftir þar um settum reglum, samkvæmt 20.—23. gr. Fer atkvæðagreiðslan fram í afgreiðslustofum pósthússins og undir umsjá póstmanna.

Kennslumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, forstöðumönnum pósthúsa þóknun fyrir starfið, og skal hún reiknast í hlutfalli við tölu þeirra, er kosningarrétt hafa í umdæmi hvers um sig.

14. gr.

Í Reykjavík fer atkvæðagreiðsla fram í sérstakri kjörstofu undir umsjón kjörstjóra, sem kjörstjórn skipar. Fer atkvæðagreiðsla þar að öllu leyti fram eins og fyrir er mælt um kosningar á öðrum kjörstöðum.

15. gr.

Útvarpsnotendum skal veittur kjörfrestur allt að þrem vikum. Þó skal kosningu ávallt lokið, þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því, er kosning í útvarpsráð fór fram á Alþingi.

Kjörgögn og afgreiðsla kjörgagna.

16. gr.

Þegar hinn auglýsti framboðsfrestur, samkv. 11. gr., er liðinn og kjörlistar hafa borizt kjörstjórn, annast hún þegar um undirbúning kjörgagna. Kjörgögn eru þau, sem hér greinir:

1. **Kjörskrá,** það er skrá yfir útvarpsnotendur þá, sem atkvæðaseðlar eru sendir.
2. **Kjörseðill.** Á hann eru prentaðir kjörlistar þeir, er borizt hafa, merktir bókstöfunum: A, B, C, D o. s. frv., samkvæmt 11. gr. Kjörseðill skal vera samanbrotinn um miðju og límborin rönd á þrjá vegu, þannig gerð, að rífa megi af.
3. **Umslag kjörseðils.** Skal forsíða umslagsins líta þannig út:

Útvarpsnotandi:

Kjörseðill.
Kosning í útvarpsráð
19....

.....
Eiginhandar undirskrift kjósanda.

Það vottast, að ofanskráður útvarpsnotandi hefir í dag sjálfráður, í einrúmi og á lögfullan hátt greitt atkvæði á póststofunni

(kjörstofunni) og gengið sjálfur frá kjörseðli sínum í þessu umslagi að mér ásjáandi. 10 24. jan.

Pósthúsið (bréfhirðingin) .....
(Kjörstofan)
..... 19....

Vitundarvottar:

.....
(Póst) stimpill og undirskrift kjörstjóra.

4. **Leiðbeiningar um kosninguna.** Í leiðbeiningunum skulu vera nákvæm fyrirmæli um eftirgreind atriði:
   a) Um gæzlu kjörgagna.
   b) Um hversu kosning skuli fara fram, hversu gengið skuli frá kjörgögnum að kosningu lokinni og um skrásetningu greiddra atkvæða.
   c) Um sendingu kjörgagna í pósti til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík.

   Leiðbeiningar þessar skulu sendar á alla kjörstaði og skulu festar upp þar, sem kjósendur eiga hægt með að kynna sér þær.

17. gr.

Þegar kjörgögnin hafa borizt á kjörstaði, auglýsir kjörstjórn í útvarpinu um kosninguna og um kjörfrest. Skal auglýsingin endurtekin svo oft, sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en fimm sinnum.

Jafnskjótt sem lokið er prentun kjörgagna, annast kjörstjórn um afgreiðslu þeirra á alla kjörstaði í landinu. Skal afgreiðslu þeirra hagað eins og hér segir: Kjörseðlarnir skulu flokkaðir samkvæmt útvarpsnotendaskrá Ríkisútvarpsins, þannig, að til hverrar póststofu, póstafgreiðslu og bréfhirðingar utan Reykjavíkur séu sendir atkvæðaseðlar allra útvarpsnotenda, er kosningarrétt hafa, í umdæmi hverrar fyrir sig. Jafnframt er nafn og heimilisfang hvers útvarpsnotanda stimplað á hornreit umslagsins. Kosningarrétt hafa þeir, sem skráðir eru útvarpsnotendur við afgreiðslu kjörgagna og greitt hafa lögmælt gjöld til Ríkisútvarpsins, sbr. 8. gr.

Útvarpsnotandi hver hefir aðeins eitt atkvæði, og eins þó hann sé skráður eigandi að fleiri viðtækjum en einu. Eigi verður farið með atkvæði vegna viðtækis ríkisstofnunar, skóla, sjúkrahúss, líknarstofnunar eða annarar stofnunar, sem reist er af almannafé eða samskotafé, né heldur skips, atvinnustofnunar eða annarar félags- eða einkastofnunar, hverju nafni sem nefnist.

Heimilt er fulltrúum kjörlista að hafa eftirlit með afgreiðslu kjörgagna.

Kosningarathöfn.

18. gr.

Þegar kjörgögnin hafa borizt á kjörstaði, auglýsir kjörstjórn í útvarpinu um kosninguna og um kjörfrest. Skal auglýsingin endurtekin svo oft, sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en fimm sinnum.

10 19. gr.

24. jan. Útvarpsnotandi, sem óskar að neyta kosningarréttar síns, skal, áður en liðinn er auglýstur kjörfrestur, gefa sig fram á póststofu þeirri, póstafgreiðslu eða bréfhirðingu, sem hefir með höndum póstskil hans, og lýsa yfir því fyrir póstmanni, að hann óski að neyta kosningarréttar síns við kosningu í útvarpsráð.

Nú er útvarpsnotandi fjarverandi frá heimili sínu og byggðarlagi eða sjúkur, og lagt er fram læknisvottorð um, að hann komizt ekki á kjörstað og geti ekki neytt atkvæðisréttar síns áður en auglýstur kjörfrestur er liðinn, og er honum þá heimilt, með skriflegu, vottfestu umboði eða með staðfestu símskeyti, að fela nánasta vandamanni sínum eða þeim öðrum heimilismanni, er hann treystir, að neyta atkvæðisréttarins fyrir sína hönd. Skrifar þá sá, er með atkvæðið fer, nafn sitt á forsíðu umslagsins og undir það orðin: „Samkvæmt umboði", enda skal umboðið lagt í umslagið ásamt atkvæðaseðlinum.

Umboð, gefið utanheimilismanni, er ógilt.

20. gr.

Póstmaður afhendir þá samstundis kjósandanum kjörseðil í opnu umslagi því, sem ber ástimplað nafn og heimilisfang hans, samkv. 17. gr. Víkur þá kjósandinn afsíðis eða í sérstaka kjörstofu og greiðir atkvæði sitt án þess að nokkur annar geti séð eða orðið áskynja, hvernig atkvæði hans fellur.

21. gr.

Kjósandinn greiðir síðan atkvæði á þann hátt, að hann setur með blýanti kross × framan við bókstaf þess lista, sem hann óskar að kjósa. Síðan brýtur hann saman kjörseðilinn á sama hátt og hann var áður brotinn, vætir hina límbornu rönd og límir saman. Síðan stingur hann atkvæðaseðlinum, þannig samanlímdum, í umslagið, að póstmanni ásjáandi, og ritar loks nafn sitt framan á umslagið, á þar til setta línu. Síðan afhendir hann póstmanni umslagið.

Nú óskar kjósandi aðstoðar vegna sjóndepru eða vegna þess, að hann af öðrum ástæðum getur ekki skrifað nafn sitt. Kveður hann þá til þann, sem hann óskar sér, til aðstoðar og handsalar honum umboð til atkvæðagreiðslunnar og til þess að rita nafn sitt. Skulu þá jafnan kvaddir til vottar, og rita þeir aftan á umslag kjósandans vottorð um, að atkvæðagreiðslan hafi farið fram samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

22. gr.

Þegar kjósandinn hefir greitt atkvæði og afhent póstmanni kjörseðilsumslag sitt, vottar póstmaðurinn með undirskrift sinni og póststimpli á forsíðu umslagsins, ásamt tveimur vitundarvottum, að kosningin hafi farið fram á lögfullan hátt.

23. gr.

Þegar lokið er afgreiðslu kjósandans, vottar póstmaður um kosninguna við nafn hans á kjörskrá, sem um ræðir í 1. tölulið 16. gr.

24. gr. 10

Umboðsmönnum kjörlista er, hvenær og hvar sem kosið er, heimilt að 24. jan.
kynna sér kjörskrár og hafa eftirlit með því, að kosningin fari fram samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Varðveizla og skil kjörgagna.

25. gr.

Póstmönnum, sem hafa umsjón með kosningu í útvarpsráð, og kjörstjórn í Reykjavík, svo og öllum trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar við kosningu þessa, ber að láta kjörgögn öll sæta sömu varðveizlu og önnur ábyrgðar- og trúnaðarskjöl og gæta um framkvæmd kosningarinnar, varðveizlu og skil kjörgagna, fyllstu árvekni, reglusemi og stundvísi.

26. gr.

Jafnskjótt sem hinn auglýsti kjörfrestur er liðinn, endursenda forstöðumenn pósthúsa öll kjörgögn til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík. Skulu atkvæðaseðlar þeirra útvarpsnotenda, sem neytt hafa kosningarréttar, ásamt kjörskrá, áritaðri á fyrirskipaðan hátt, látið í einar umbúðir, en hinir ónotuðu seðlar sér. Síðan skulu öll kjörgögnin látin í einar umbúðir, innsiglaðar og sendar í ábyrgðarpósti. Auk utanáskriftar til skrifstofu Ríkisútvarpsins skal rita á póstsendingar þessar orðin: **Kosning í útvarpsráð.**

27. gr.

Bréfapóststofan í Reykjavík færir póstsendingar þessar við móttöku í sérstaka póstkvittunarbók og fær við afhendingu þeirra kvittun formanns kjörstjórnar eða umboðsmanns hans. Þegar talning atkvæða fer fram, á kjörstjórn og umboðsmenn kjörlista aðgang að þessari póstkvittunarbók.

Talning atkvæða.

28. gr.

Þegar hinn auglýsti kjörfrestur er liðinn, ákveður kjörstjórn hæfilegan frest, og eigi styttri en 3 vikur, til þess að kjörgögn fái komizt til skila. Síðan auglýsir hún, með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara, um stað og stund, þegar talning atkvæða á að fara fram.

29. gr.

Við talningu atkvæða kveður kjörstjórn til aðstoðarmenn eftir samkomulagi. Heimilt er umboðsmönnum kjörlista að fylgjast með talningunni.

Talning atkvæða hefst með því, að póstsendingar eru bornar saman við póstkvittunarbók, sem um getur í 27. gr.

10 24. jan.

30. gr.

Talningin hefst með því, að innsigli hverrar póstsendingar er brotið. Kjörseðlar þeir, sem ekki hafa verið notaðir, skulu teknir frá og lagðir til hliðar.

Síðan skal bera umslög notaðra kjörseðla nákvæmlega saman við kjörskrár. Þar næst skal bera þau saman við skrá Ríkisútvarpsins yfir þá menn, sem ekki hafa greitt lögmælt gjöld til Ríkisútvarpsins. Eru atkvæði þeirra ógild. Það teljast í reglugerð þessari vangreiðslur á lögmæltum gjöldum, ef ólokið er gjöldum, eldri en frá áramótum síðustu, áður en talning fer fram.

Að þessu loknu skulu umslög þeirra atkvæða, er til talningar koma, opnuð, atkvæðaseðillinn dreginn úr hverju umslagi og látinn í atkvæðakassa, nægilega stóran til þess að rúma vel alla atkvæðaseðlana.

31. gr.

Gildir eru þeir atkvæðaseðlar, þar sem merkt er aðeins við einn lista. Ekki er seðill ógildur, þótt merkt sé víðar en á einum stað við sama lista eða annarsstaðar en við listabókstafinn, ef ekki þykir orka tvímælis um það, hvern lista kjósandinn hefir ætlað að kjósa.

32. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnarinnar um það, hvort atkvæðaseðill skuli metast gildur, og ræður þá afl atkvæða úrslitum.

33. gr.

Þegar lokið er talningu atkvæða, eru talin saman atkvæði þau, er hver kjörlisti hefir hlotið. Fer þá um tölu kosinna manna af hverjum lista eftir venjulegum reglum um hlutfallskosningu hér á landi. Eru þeir kosnir í þeirri röð, sem þeir eru á listanum, enda hafa tilfærslur nafna og útstrikanir ekki áhrif á röðina.

34. gr.

Nú falla jöfn atkvæði á tvo eða fleiri kjörlista, og ræður þá hlutkesti úrslitum.

35. gr.

Kærur yfir kosningunni, sem berast kunna, sendir kjörstjórn ráðherra með rökstuddum tillögum til úrskurðar.

36. gr.

Atkvæði, sem berast kunna frá kjörstöðum, eftir að talningu atkvæða er lokið, skulu lögð óhreyfð með öðrum kjörgögnum í skjalasafn ríkisins.

37. gr.

Formaður kjörstjórnar lýsir úrslitum kosningar. Þeir, sem kosningu hljóta, teljast 1., 2. og 3. landkjörinn maður í útvarpsráð. Fer þá um varamenn eftir því, sem fyrir er mælt í 9. gr. reglugerðar þessarar.

38. gr. 10

Að lokinni kosningu sendir kjörstjórnin kennslumálaráðuneytinu útskrift 24. jan.
úr gerðabók kjörstjórnar með yfirlýsingu um það, hverjir séu réttkjörnir af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð, samkvæmt úrslitum kosningarinnar.

Kennslumálaráðherra gefur síðan út skipunarbréf til handa hinum kjörnu mönnum til næstu fjögurra ára og ákveður þóknun þeirra fyrir störfin.

39. gr.

Nú hverfa frá störfum í útvarpsráði, um stundarsakir eða að fullu, aðalmaður á lista og sömuleiðis varamaður hans, og tekur þá við störfum næsti aðalmaður af sama lista, og svo koll af kolli.

III. KAFLI

Um störf útvarpsráðs.

40. gr.

Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir, til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

41. gr.

Útvarpsráðið kemur saman á fundi svo oft, sem þurfa þykir, og að jafnaði einu sinni í viku hverri. Teljast það reglulegir fundir útvarpsráðs. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Fundi skal boða með sólarhrings fyrirvara hið skemmsta, nema svo sérstaklega standi á, að nauðsyn beri til að kalla útvarpsráð saman með skemmri fyrirvara. Skylt er formanni að kveðja til aukafundar, ef útvarpsstjóri eða tveir menn úr útvarpsráði æskja þess.

Fundur er lögmætur, ef fjórir útvarpsráðsmenn eru viðstaddir eða fleiri.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefir þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum útvarpsráðs, þeim, er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsráðið velur sér ritara innan ráðsins. Ritari færir í gerðabók ályktanir ráðsins og annað það, er máli þykir skipta, af því, sem fram fer á fundum. Nafnakall skal hafa við atkvæðagreiðslur, ef einhver útvarpsráðsmanna eða útvarpsstjóri óska þess. Skal þá ágreiningsefnið, svo og atkvæðagreiðslan, fært í gerðabókina.

Gerðabók skal lesa í lok fundar eða í upphafi næsta fundar. Formaður og ritari undirskrifa gerðabókina, er hún hefir náð samþykki fundar.

Nú fer útvarpsráðsmaður úr bænum eða forfallast á annan hátt frá störf-

10 um í útvarpsráði 3 vikur eða lengur, og skal þá kveðja varamenn til starfs út-
24. jan. varpsráðs, meðan aðalmaður er fjarverandi. Farfallist formaður útvarpsráðs, tilnefnir kennslumálaráðherra mann til að gegna störfum hans á meðan.

42. gr.

Útvarpsráðið tekur, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert, höfuðákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað á næsta ári. Jafnframt gerir það tillögur til útvarpsstjóra um kostnað við dagskrá, en útvarpsstjóri leitar samþykkis ráðuneytis um kostnaðinn. Útvarpsráðið leggur tillögur sínar um tilhögun dagskrár fyrir ráðuneytið til samþykktar.

Útvarpsráðið skiptir með sér verkum eftir því, sem henta þykir, og getur falið nefndum, kosnum innan útvarpsráðs, að hafa með höndum sérstaka flokka útvarpsefnis. Tillögur og ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir útvarpsráðið í heild til samþykktar.

Dagskrá skal í höfuðdráttum samin með að minnsta kosti 4 vikna fyrirvara á hverjum tíma. Fullnaðardagskrá skal gera fyrir hverja viku í senn, og skal hún gefin út eigi síðan en fimmtudag hinn næsta á undan, en birt í útvarpinu á föstudag næstan á undan.

43. gr.

Útvarpsstjóri annast um skrifstofuhald til undirbúnings og útgáfu dagskrár. Hann gerir, að fengnu áliti og tillögum útvarpsráðs, tillögu til ráðherra um skipun skrifstofustjóra útvarpsráðs og gætir þess, að skrifstofu útvarpsráðs sé á hverjum tíma veitt sú aðstoð, er þurfa þykir, við afgreiðslur, samningagerðir, undirbúning dagskrár og útgáfu hennar.

44. gr.

Nú forfallast maður, sem flytja á útvarpsefni, eða önnur ófyrirséð atvik raska framkvæmd dagskrár, og getur þá útvarpsstjóri eða skrifstofustjóri útvarpsráðs, í samráði við formann útvarpsráðs, gert nauðsynlegar ráðstafanir um framkvæmd dagskrárinnar.

45. gr.

Útvarpsráð setur í samráði við útvarpsstjóra gjaldskrá fyrir flutning útvarpsefnis. Formaður útvarpsráðs og útvarpsstjóri ákveða greiðslur samkvæmt gjaldskránni. Rísi ágreiningur um slíkar ákvarðanir, skal hann lagður undir úrskurð útvarpsráðs á fundi.

IV. KAFLI

Um fréttaflutning.

46. gr.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neinskonar ádeilum eða hlutsömum umsögnum um

einstakar stjórnmálastefnur, stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn. 10 24. jan.

47. gr.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast neinskonar auglýsingar né tilkynningar aðrar en þær, sem varða sjálfar fréttirnar.

48. gr.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast ádeilur á útvarpið sjálft, enda hvorki lof né last um útvarpsstarfsemina eða einstaka starfsmenn útvarpsins.

49. gr.

Við skráningu almennra frétta Ríkisútvarpsins skal þess ávallt sérstaklega gætt, að heimildir fyrir hverri fregn séu sem fyllstar og að þær séu óyggjandi, og skal heimilda jafnan getið. Ekki mega í fréttum útvarpsins vera tilgátur eða ágizkanir um atburði eða staðreyndir, og skal fremur skjóta á frest að greina frá atburðum eða jafnvel frétt falla niður, heldur en að eiga það á hættu, að fregnir verði bornar til baka.

V. KAFLI

Um hagnýtingu útvarps.

50. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja slíkar fregnir öðrum og heldur ekki hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Útvarpsviðtæki telst í reglugerð þessari hvert það tæki, sem hagnýtt er til viðtöku útvarpsefnis, þar með talið gjallarhorn, sem hagnýtt er með línu frá öðru heimili.

51. gr.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess á hljómplötur (grammófón) eða með útgáfu á prenti.

52. gr.

Heimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpið eftir vild með línum til fleiri gjallarhorna og heyrnartækja, en aðeins innan síns heimilis, skips, samkomusalar o. þvíl. En sé viðtækið notað með línum til annara heimila, greiðir hvert heimili fullt afnotagjald. Útvarpsnotendum er heimilt að taka viðtæki með sér í ferðalög, án þess að greiða aukaafnotagjald af þeim þess vegna.

10 24. jan.

53. gr.

Útvarpsnotandi er á hverjum tíma háður ákvæðum laga og reglugerða um eftirlit með hagnýtingu raforku og útvarpsviðtækja.

Eftirlitsmenn útvarpsins, landssímans og rafmagnsstjórnarinnar á hverjum stað, skulu hafa óhindraðan aðgang til eftirlits með útvarpsviðtækjum og hlutum slíkra tækja og allri hagnýtingu rafmagns í sambandi við útvarpsviðtæki, samkvæmt 68. gr.

54. gr.

Bústaðaskipti skulu samstundis tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins.

55. gr.

Útvarpsnotandi, sem ákveður að hætta útvarpsnotum, skal tilkynna það skrifstofu Ríkisútvarpsins eða innheimtumönnum hennar eigi síðar en 15. des., og er uppsögnin þá bundin við næstu áramót. Óski útvarpsnotandi að segja upp útvarpsnotum fyr á árinu, skal hann gera það fyrir 15. júní, og er þá uppsögnin bundin við 30. júní sama ár. Óheimilt er útvarpsnotanda, sem hefir sagt upp útvarpsnotum, nema hann tilkynni útvarpsnot að nýju, að hagnýta sér útvarpið, og er hann þá háður fyrirmælum laga um refsingar fyrir óheimila notkun útvarps.

56. gr.

Útvarpsnotandi, sem selur eða lætur á annan hátt af hendi viðtæki sitt til annars manns, skal samstundis tilkynna það Ríkisútvarpinu og greina nafn og heimilisfang viðtakanda.

VI. KAFLI

Um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp.

Um gjaldskyldu útvarpsnotenda.

57. gr.

Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpsviðtæki í landinu. Kennslumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

58. gr.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útvarp, nema viðtæki hans hafi verið skráð og tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það viðtæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins.

Skýrslugerð Viðtækjaverzlunarinnar og umboðsmanna hennar telst nægileg tilkynning um þau viðtæki, er hún selur. Viðtæki, sem keypt eru af öðrum en

Viðtækjaverzluninni eða umboðsmönnum hennar, ber að tilkynna samstundis til skrifstofu Ríkisútvarpsins, samkvæmt 56. gr. 10 24. jan.

59. gr.

Gjalddagi afnotagjalds fyrir útvarp er 1. apríl.

Um innheimtuskipulag og innheimtugögn.

60. gr.

Í Reykjavík annast innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins innheimtu afnotagjaldanna. Utan Reykjavíkur er póststofum og póstafgreiðslum landsins falið að innkalla gjöldin, samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari og nánari fyrirmælum útvarpsstjóra.

61. gr.

Fyrir 15. marz ár hvert sendir innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins póststofum og póstafgreiðslum innheimtugögn þau, er varða innheimtu afnotagjalda í umdæmi póststofunnar eða póstafgreiðslunnar. Meðal innheimtugagna skulu vera:

1. Innheimtuskrá í tveimur eintökum yfir alla útvarpsnotendur í póstumdæminu.
2. Kvittun fyrir afnotagjaldinu í tölumerktum reitum I.—III. Á eyðublaðið skal prentað:
   a. Nafn og heimili gjaldanda.
   b. Fjárhæð gjaldsins, gjaldár og gjalddagi.
   c. Reglur um hagnýtingu og almenn not útvarpsins.
   d. Aðrar helztu leiðbeiningar fyrir útvarpsnotendur.
3. Skýrsluform yfir innheimt afnotagjöld fyrir hvern mánuð.
4. Leiðbeiningar um innheimtuna.

Um innheimtu og skil pósthúsa.

62. gr.

Hverjum útvarpsnotanda utan Reykjavíkurkaupstaðar ber að greiða afnotagjald á póststofu eða póstafgreiðslu þess póstumdæmis, þar sem hann er búsettur.

Um leið og greiðsla fer fram, fær gjaldandi afhentan eyðublaðshluta III, eyðublað nr. 2, með áritaðri kvittun póststofunnar eða póstafgreiðslunnar.

63. gr.

Póststofur og póstafgreiðslur færa innheimt afnotagjöld jafnhraðan og þau innheimtast á skrá yfir innheimt afnotagjöld, eyðublað nr. 6. Jafnframt kvitta þær fyrir gjaldinu á báðum eintökum innheimtuskrár póstumdæmisins, eyðublað nr. 3.

10 24. jan. Í lok hvers mánaðar senda póststofur og póstafgreiðslur landsins póstmálaskrifstofunni í Reykjavík skrá um innheimt afnotagjöld í mánuðinum, eyðublað nr. 6, og færa hinar innheimtu upphæðir póstsjóði til tekna í reikningum sínum eða senda greiðslur samkv. nánari fyrirmælum póststjórnarinnar. Skránni skal fylgja eyðublaðshluti II af kvittun fyrir innheimt afnotagjöld. Eyðublaðshluta I heldur innheimtumaður eftir í skjölum sínum.

Heimilt er póststofum og póstafgreiðslum að leita aðstoðar bréfhirðinga um innheimtuna, ef þeim, vegna fjarlægðar eða örðugra samgangna, þykir ástæða til. Fer um þá innheimtu eftir samkomulagi milli innheimtumanns og bréfhirðingarmanns, enda sé hún framkvæmd á ábyrgð póstmeistara eða póstafgreiðslumanna. Rísi ágreiningur, fellur hann undir úrskurð útvarpsstjóra.

64. gr.

Póstmálaskrifstofan í Reykjavík tekur í byrjun hvers mánaðar saman yfirlit um innsendar innheimtuskýrslur pósthúsa og færir á skrá, eyðublað nr. 5. Síðan greiðir hún skrifstofu Ríkisútvarpsins hinar innheimtu upphæðir, samkvæmt innheimtuskýrslum hvers mánaðar, og fær kvittun fyrir.

65. gr.

Póststofur og póstafgreiðslur færa í athugasemdadálk á báðum eintökum innheimtuskrár allar breytingar, sem verða á heimilisfangi útvarpsnotenda, útvarpsnotum þeirra og gjaldskyldu, samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari. Breytingar þessar og athugasemdir skal færa jafnskjótt sem þær koma fram, enda skulu þær jafnhraðan tilkynntar innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins.

66. gr.

Póststofur og póstafgreiðslur skulu hafa gert fullnaðarskil innheimtunnar, samkvæmt 63. gr., eigi síðar en 15. nóv. ár hvert.

Jafnframt ber þeim að senda til innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík, eigi síðar en 15. nóv., annað eintak innheimtuskrárinnar með árituðu greiðsluvottorði, leiðréttingum og athugasemdum.

Öll skjöl og verðmæti varðandi innheimtuna skulu send í ábyrgðarpósti.

Kennslumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, póstafgreiðslumönnum þóknun fyrir innheimtustörfin.

Um ráðstafanir vegna vanskila.

67. gr.

Verði afnotagjöld af útvarpi ekki greidd innan mánaðar frá því, er þau falla í gjalddaga, er heimilt að taka þau lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

68. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, hvenær sem er, eftir 1. maí, að gera ráðstafanir til þess að láta taka úr notkun og innsigla viðtæki þeirra útvarpsnotenda, sem

ekki hafa greitt afnotagjöld sín fyrir þann tíma. Er þá óheimilt að rjúfa innsiglið eða taka viðtækið eða önnur viðtæki í notkun, nema leyfi Ríkisútvarpsins eða umboðsmanns þess komi til. 10 24. jan.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu Ríkisútvarpsins þessara erinda, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um híbýli manna á helgum dögum og ekki fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi virka daga.

Um innsiglun viðtækja.

69. gr.

Þegar útvarpsstjóra þykir ástæða til, gefur hann út umboð til póstmeistara, póstafgreiðslumanna og annara innheimtumanna, til þess að taka úr notkun og innsigla viðtæki þeirra manna, sem ekki greiða afnotagjöld sín á tilskildum tíma.

Jafnframt gefur hann nánari fyrirmæli um það, hvenær innsiglun skuli koma til framkvæmda í hverju póstumdæmi.

70. gr.

Þegar ákveðið hefir verið að innsigla viðtæki, skal eiganda tækisins tilkynnt það skriflega með að minnsta kosti viku fyrirvara. Greiði hann ekki gjaldið á þeim tíma, skal tækið tekið úr notkun og innsiglað samkvæmt nánari reglum, er útvarpsstjóri setur.

Nú er, vegna vanskila útvarpsnotanda, viðtæki hans tekið úr notkun og sett undir innsigli, og skal þá eigandi viðtækisins greiða innsiglunargjald, er ákveðst kr. 2 í kaupstöðum og sjávarþorpum, en kr. 5 í sveitum.

Jafnskjótt sem viðtæki hefir verið innsiglað, skal það tilkynnt innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins bréflega. Útvarpsstjóri gerir þá ráðstafanir til þess að hin ógreiddu gjöld verði innheimt með lögtaki á kostnað gjaldanda svo fljótt, sem ástæður leyfa.

Þegar hin ógreiddu gjöld hafa verið innheimt með lögtaki eða á annan hátt, skal jafnskjótt taka viðtæki undan innsigli og setja það aftur í notkun.

Nú falla niður útvarpsnot vegna innsiglunar viðtækis af framangreindum ástæðum, og er þá útvarpsnotandi eigi að síður gjaldskyldur fyrir þann tíma, sem viðtækið er undir innsigli vegna vanskila frá hans hendi.

Nú rýfur útvarpsnotandi innsigli Ríkisútvarpsins, og varðar það þá refsingu samkvæmt refsiákvæðum laga um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68, 28. des. 1934, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um uppsögn útvarpsnota og niðurfall afnotagjalds.

71. gr.

Hver sá maður, sem er eigandi viðtækis 1. jan. og hefir ekki sagt upp né segir upp útvarpsnotum, samkv. 55. gr., telst útvarpsnotandi og er gjaldskyldur til ársloka, sbr. þó 72.—74. gr.

10 24. jan.

72. gr.

Nú ákveður útvarpsnotandi að hætta útvarpsnotum, og fer þá upp uppsögn útvarpsnota eins og fyrir er mælt í 55. gr.

Innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins eða umboðsmaður hennar gerir þær ráðstafanir, er þurfa þykir, um innsiglun viðtækja þeirra manna sem sagt hafa upp útvarpsnotum.

73. gr.

Nú bilar viðtæki útvarpsnotanda og verður ónothæft, þrátt fyrir tilraunir til aðgerðar, og fellur þá niður gjaldskylda útvarpsnotandans, enda leggi hann fram vottorð löggilts viðgerðarmanns útvarpsviðtækja um það, hvenær viðtækið hafi orðið ónothæft og sannanlega alveg ónýtt.

74. gr.

Nú selur útvarpsnotandi viðtæki sitt, og fellur þá niður gjaldskylda hans frá söludegi, enda leggi hann fram yfirlýsingu kaupanda tækisins um það, að hann hafi gerzt eigandi að tækinu og teljist útvarpsnotandi frá þeim tíma. Vanræki útvarpsnotandi að tilkynna sölu viðtækis síns og hverjum það er selt, ber hann ábyrgð á afnotagjaldi vegna hins selda viðtækis.

75. gr.

Nú deyr útvarpsnotandi, og fer þá um greiðslu afnotagjalds hans eins og um önnur lögskil dánarbúsins.

76. gr.

Nú kaupir maður gjallarhorn og tengir við tæki útvarpsnotanda á öðru heimili, og telst hann þá útvarpsnotandi, enda er hann háður öllum skyldum útvarpsnotanda samkvæmt reglugerð þessari.

Útvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér útvarp, er háður afleiðingum útvarpstruflana, sem eigandi viðtækisins kann að verða fyrir, meðal annars af bilunum viðtækis. Hann er og háður afleiðingum af vanskilum tækiseiganda eins og tækiseigandinn sjálfur.

77. gr.

Nú fyrirmunast útvarpsnotanda, sem um ræðir í 76. gr., útvarpsnot af þeim ástæðum, er greinir í 73. og 74. gr., og fellur þá niður gjaldskylda hans jafnsnemma og eiganda viðtækis. Ennfremur fellur niður gjaldskylda hans, ef honum fyrirmunast útvarpsnot vegna bústaðaskipta hans sjálfs eða tækiseiganda. Telst niðurfall gjaldskyldunnar frá þeim degi, er bústaðaskipti urðu.

Um úrskurði.

78. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra að fela póstmeisturum, póstafgreiðslumönnum og öðrum innheimtumönnum að úrskurða um gjaldskyldu útvarpsnotenda og niðurfall gjalda, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

Ef innheimtumaður er í vafa um, hversu skera skuli úr atriðum varðandi innheimtuna, leitar hann úrskurðar útvarpsstjóra. 10 24. jan.

Um undanþágu.

79. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, að undanþiggja frá afnotagjaldi af útvarpi fátæka, blinda menn, eftir nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

80. gr.

Undanþágu samkvæmt 79. gr. geta orðið aðnjótandi þeir blindir menn, er fyrir sakir umkomuleysis og fátæktar eru á opinberu framfæri eða svo eignalausir sjálfir eða á framfæri manna, sem eru svo eignalitlir, að þeir teljast ekki færir um að greiða afnotagjald af útvarpi.

81. gr.

Meðan Blindravinafélag Íslands starfar, sendast því umsóknir blindra manna, samkvæmt 80. gr. Umsóknunum fylgi vottorð sóknarprests og hreppsnefndaroddvita eða fátækrafulltrúa um efnahagsástæður og heimilishætti hinna blindu manna, einnig skattaframtal húsráðanda. Stjórn Blindravinafélagsins gerir síðan tillögur sínar til skrifstofu útvarpsstjóra. Fallist útvarpsstjóri ekki á tillögur nefndarinnar, gefur hann stjórn Blindravinafélagsins kost á að ræða við sig um ágreininginn, áður en slíkar tillögur eru endanlega afgreiddar til úrskurðar.

82. gr.

Nú úrskurðar ráðherra, að fátækur, blindur maður skuli undanþeginn afnotagjaldi af útvarpi, og lætur skrifstofa Ríkisútvarpsins þá taka þann mann af dagskrá yfir gjaldskylda útvarpsnotendur og færa á sérstaka skrá.

Skrifstofa Ríkisútvarpsins sendir innheimtumönnum afnotagjalda og trúnaðarmönnum sínum ár hvert skrá um þá menn, sem njóta undanþágunnar í póstumdæmi þeirra, og felur þeim eftirlit með því, að viðtækin séu hagnýtt samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og misnotkanir eigi sér ekki stað í skjóli þessara hlunninda. Útvarpsstjóri setur í bréfi nánari reglur um, hvernig því eftirliti skuli hagað.

VII. KAFLI

Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

83. gr.

Ríkisstjórnin lætur reka einkasölu á viðtækjum fyrir útvarp, hlutum slíkra tækja og öðrum hlutum varðandi rekstur útvarps, sbr. 84. gr., og eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari. Einkasala þessi nefnist: **„Viðtækjaverzlun ríkisins“.**

10 84. gr.

24. jan. Engum nema Viðtækjaverzlun ríkisins er heimilt að flytja hingað til lands frá útlöndum, né verzla með neina af eftirtöldum vörutegundum:

Hverskonar loftskeytaviðtæki og útvarpsviðtæki, hvort heldur er fyrir hljóðvarp, myndavarp eða sjónvarp eða hluta til þeirra, svo sem magnaralampa, afriðilslampa, þétta, spólur, spenna, viðnám, rafgeyma, rafhlöður, gjallarhorn, heyrnartæki, útvarpstaugar, víra eða einangrara o. þvl., útvarpsgrammófóna og hluta þeirra, svo sem rafmagnshljóðdósir, grammófónhreyfla o. s. frv.

Magnara fyrir hátíðnisveiflur og hljóðsveiflur, svo og hluta þeirra.

Hleðslutæki og afriðla, sem eru gerðir fyrir útvarpsrafgeyma.

Mælitæki, sem eru sérstaklega ætluð til mælinga útvarpsviðtækja eða starfrækslu útvarps að öðru leyti.

Hljóðnema, hljóðritunartæki og hverskonar önnur tæki, sem eru sérstaklega ætluð fyrir starfrækslu útvarps.

Útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar og hluta þeirra.

Undanþegnar einkasölu þessari eru loftskeytastöðvar (þ. á m. radíóvitar) og dýptarmælar. Landssímanum er heimilt að flytja inn loftskeytatæki og önnur slík tæki af framangreindum vöruflokkum, sem hann þarfnast beinlínis vegna starfrækslu sinnar, enda séu slík viðtæki aðeins notuð í afgreiðslustofum landssímans og í þágu starfrækslu hans.

85. gr.

Ríkisstjórnin ræður framkvæmdarstjóra einkasölunnar og ákveður laun hans. Framkvæmdarstjórinn sér um daglegan rekstur einkasölunnar, hefir á hendi fjárreiður hennar og reikningshald. Hann ræður aðra starfsmenn einkasölunnar og ákveður laun þeirra, að fengnu samþykki kennslumálaráðherra. Reikningsár einkasölunnar er almanaksárið. Fyrir 1. marz ár hvert skal framkvæmdarstjóri einkasölunnar senda glögg reikningsskil fyrir undanfarið starfsár til ríkisstjórnarinnar og til skrifstofu útvarpsstjóra.

86. gr.

Reikningar einkasölunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkissjóðs.

87. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar. Verzlunarhagnaði öllum, sem verða kann á einkasölunni, skal varið til útvarpsreksturs og útvarpsnota, sbr. 2. gr. Verzlunarhagnaðurinn greiðist í ríkissjóð sem innlánsfé Ríkisútvarpsins og skal varið fyrst og fremst til þess að standa straum af lánum Ríkisútvarpsins og til nýrra framkvæmda.

88. gr.

Framkvæmdarstjóri einkasölunnar skal að jafnaði, og eigi sjaldnar en annan hvern mánuð, halda fund með útvarpsstjóra og verkfræðingi Ríkisút-

varpsins og ákveða í samráði við þá, hverjar tegundir útvarpsviðtækja einkasalan hefir á boðstólnum á hverjum tíma, svo og um varahlutabirgðir, ýmislega aðstoð við útvarpsnotendur og hvaða verði tækin skuli seld, og skal þá engu síður tekið tillit til aukinna tekna Ríkisútvarpsins af vaxandi notendafjölda heldur en verzlunarhagnaðar af einkasölunni. 10 24. jan.

Forstjóra Viðtækjaverzlunar ríkisins er á hverjum tíma skylt að ræða við útvarpsstjóra allar þær ráðstafanir, sem mjög varða hag verzlunarinnar og um leið Ríkisútvarpsins. Þeir skulu og taka sameiginlega ákvarðanir um það, hver svör skuli veita undanfærslum manna frá greiðslu afnotagjalds af útvarpi vegna bilaðra eða lélegra viðtækja.

89. gr.

Einkasalan gerir samninga við menn eða félög út um land, eins marga og þörf krefur, um að hafa á hendi sölu viðtækja, ásamt uppsetningu viðtækja gegn sanngjarnri greiðslu, eftir nánari ákvæðum í samningi. Hún skal kosta fyllsta kapps um að tryggja með samningi örugg skil af hálfu útsölumanna. Þóknun útsölumanna skal vera tiltekinn hundraðshluti af útsöluverði tækis eða tækishluta, eftir nánari ákvæðum í samningi. Einkasölunni er heimilt að veita útsölumönnum, ef nægar tryggingar eru fyrir hendi, sérstakan gjaldfrest á viðtækjum, sem eru seld afborgunarsölu.

90. gr.

Heimilt er hverjum landsmanni að panta hjá einkasölunni hvaða viðtæki, sem fáanlegt er á heimsmarkaðinum, og útvegar hún það, þegar engir sérstakir örðugleikar eru fyrir hendi.

91. gr.

Viðtækjaverzlun ríkisins og umboðsmenn hennar út um land færa nákvæma skýrslu um seld viðtæki og nýja útvarpsnotendur, og skal í skýrslunni tilgreint það, er hér segir:

1. Hlaupandi númer seldra viðtækja.
2. Söludagur viðtækis.
3. Nafn kaupanda.
4. Atvinna kaupanda.
5. Heimilisfang kaupanda, nákvæmlega tilgreint.
6. Hvort kaupandi er nýr útvarpsnotandi.
7. Hvort kaupandi hefir áður verið útvarpsnotandi.
8. Hvort eldra viðtæki hans er tekið úr notkun og ónýtt.
9. Hvort því er skilað eða selt og ef svo er:
10. Hver er hinn nýi eigandi viðtækisins.

Skýrslur um seld viðtæki skulu sendar í ábyrgðarpósti þegar við lok hvers mánaðar til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík. Sé ekkert selt í mánuðinum, sendist skýrsluformið eigi að síður útfyllt og undirritað.

Útvarpsstjóri lætur prenta skýrsluform samkvæmt fyrirmælum þessum og

10 hefir umsjón með, að ávallt séu nægar birgðir af skýrsluforminu á hverjum
24. jan. útsölustað.

Forstjóra Viðtækjaverzlunarinnar er á hverjum tíma skylt að hlíta fyrirmælum útvarpsstjóra um allt það, er lýtur að framangreindri skýrslugerð og allt það, er varðar eftirlit með útvarpsnotum í landinu.

Útvarpsstjóra er heimilt að fela póstafgreiðslumönnum að fylgjast með þessari skýrslugerð útsölumanna Viðtækjaverzlunarinnar vegna innheimtu afnotagjalda.

VIII. KAFLI

92. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Þó skulu brot gegn 84. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið með sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi numið:

1. Reglugerð um skipulag og rekstur útvarps, dags. 22. nóv. 1930.
2. Reglugerð um einkasölu á útvarpstækjum, dags. 31. okt. 1930.
3. Reglugerð um innheimtu afnotagjalda fyrir útvarp, dags. 8. jan. 1932.
4. Reglugerð um breyting á reglugerð, dags. 8. jan. 1932, um innheimtu afnotagjald fyrir útvarp.
5. Reglugerð um hagnýtingu útvarps, dags. 14. marz 1931.
6. Reglugerð um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð, dags. 15. jan. 1935.
7. Reglugerð um viðauka við reglugerð, dags. 15. jan. 1935, um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð, dagsett 5. febrúar 1935.

Kennslumálaráðuneytið, 24. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

11
6. febr.

fyrir Gagnfræðaskólann í Neskaupstað, Norðfirði.

I. KAFLI

Nafn skólans.

1. gr.

Nafn skólans er Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað.

II. KAFLI

Markmið skólans, skipulag og kennsla.

2. gr.

Markmið skólans er að veita nemendum hagnýta fræðslu, er komi þeim að gagni síðar í lífinu og geti verið undirbúningur undir nám í sérskólum eða æðri skólum.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur. Ársdeildir eru tvær, en auk þess má skólinn, ef nægileg þátttaka fæst, hafa þriðju ársdeildina með leyfi kennslumálastjórnar.

4. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: íslenzku, dönsku, ensku, stærðfræði, sögu, félagsfræði, landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði, bókfærslu, teiknun og leikfimi. Auk þess má kenna í 3. bekk þýzku eða esperanto þeim nemendum, er þess æskja. Eftir því, sem við verður komið, skal og fara fram kennsla í hagnýtum vinnubrögðum, t. d. smíðum og vélritun.

5. gr.

Að jafnaði skulu nemendur taka þátt í öllum námsgreinum í bekk sínum. Þó getur skólastjóri veitt nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

III. KAFLI

Um inntöku í skólann.

6. gr.

Umsóknir um inntöku í skólann sendist til skólastjóra fyrir 1. sept. ár hvert.

11 6. febr.

7. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk skólans eru þessi: 1) að hafa lokið fullnaðarprófi úr barnaskóla, 2) að vera fullra 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á. 3) að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi. — Ef fleiri sækja um inntöku í fyrsta bekk en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn við fullnaðarpróf úr barnaskóla, hverjir skulu hljóta skólavist.

Ef nemendur sækja um inntöku í 2. eða 3. bekk skólans, verða þeir að sanna með prófi, að þeir hafi öðlazt þá þekkingu, að þeir hafi not af kennslu í þeim bekk, er þeir vilja komast í. Próf frá öðrum gagnfræðaskólum landsins gilda sem próf skólans. Nemendur með fullnaðarpróf frá héraðsskólum landsins fá próflaust setu í 2. bekk skólans.

IV. KAFLI

Próf.

8. gr.

Eftir nám í 1. bekk skal ljúka ársprófi, eftir nám í 2. bekk gagnfræðaprófi, eftir nám í 3. bekk gagnfræðaprófi hinu meira. Í erlendum tungumálum og stærðfræði skulu prófin bæði vera skrifleg og munnleg. Í öðrum bóklegum greinum skulu prófin að jafnaði vera skrifleg. Í teiknun og hagnýtum vinnubrögðum skal leggja störf skólaársins fram til dóms á prófi.

9. gr.

Einkunnir við próf skulu vera frá 0 til 10. Einkunnir í einstökum námsgreinum skal reikna með einum aukastaf, en aðaleinkunn með tveimur aukastöfum.

10. gr.

Skyndipróf má halda í öllum námsgreinum allt að fjórum sinnum á skólaárinu. Reikna skal út aðaleinkunnir nemenda á prófum þessum og tilkynna þær nemendum.

V. KAFLI

Kennslutími og leyfi.

11. gr.

Skólaárið hefst 1. október og endar 14. maí.

12. gr.

Á hverri viku skulu vera 30—36 kennslustundir í hverjum bekk. Í 3. bekk mega þó kennslustundir vera færri, ef sérstaklega stendur á, þó ekki færri en

25 á viku. Hver kennslustund eru 50 mínútur og frítími milli kennslustunda 10 mínútur. 11 6. febr.

13. gr.

Leyfi við skólann skulu vera sem hér segir: 1. desember, jólaleyfi frá 23. des. til 2. jan. að báðum dögum meðtöldum, páskaleyfi frá skírdegi til annars í páskum að báðum dögum meðtöldum, sumardagurinn fyrsti; auk þess skal veita leyfi einn dag í mánuði hverjum. Skólastjóri ákveður, hvenær mánaðarleyfi skulu vera.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 6. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

AUGLÝSING

um lán úr iðnlánasjóði.

12 12. febr.

Með skírskotun til 5. gr. laga nr. 12 9. janúar 1935, um iðnlánasjóð skulu þeir, sem á þessu ári kynnu að ætla sér að sækja um lán úr sjóðnum, senda lánbeiðnir sínar til atvinnumálaráðuneytisins fyrir 1. maí þ. á.

Lánbeiðnum skal fylgja:

a. Ýtarleg umsögn um það, til hvers lánið á að notast, hvaða vélar og áhöld á að kaupa, kaupverð þeirra, hvar þær eigi að setjast og til hvers þær eigi að notast.
b. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda fyrir síðastliðin 3 ár.
c. Brunatryggingarskírteini verkstæðisins.
d. Yfirlýsing frá viðskiptabanka lánbeiðanda um bankaviðskipti hans og að bankinn geri ekki kröfu til þess, að lánið verði notað til greiðslu eldri lána.
e. Fasteignamat og veðbókarvottorð þeirra fasteigna, sem lánbeiðandi kann að eiga.
f. Nafn, aldur, menntun og heimili lánbeiðanda, svo og aðrar upplýsingar, er krafizt kann að verða.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

13
12. febr.

REGLUR

um kosning þriggja manna í skipulagsnefnd fólksflutninga.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 36, 1. febrúar 1936, um breytingu á lögum nr. 62, 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum eru settar eftirfarandi reglur fyrir sérleyfishafa um kosningu þriggja manna í skipulagsnefnd fólksflutninga.

1. gr.

Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn og þrjá til vara í þá sex manna nefnd, er gerir tillögur til póststjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt nefndum lögum. Kosning fer fram í desembermánuði ár hvert, nema 1936 í febrúar eða marz, og gildir fyrir almanaksárið.

Viðhafa skal hlutfallskosningu í nefndina.

2. gr.

Sérleyfishafar skulu bera fram kjörlista, og skulu á hverjum kjörlista ekki vera færri nöfn en fjögur, en meðmælendur hvers lista séu eigi færri en þrír, og skulu þeir allir vera sérleyfishafar; að öðrum kosti telst listinn ógildur. Ennfremur fylgi yfirlýsing þeirra manna, er á lista standa, um, að þeir vilji taka sæti í nefndinni. Umboðsmenn listans eru þeir, sem á honum standa í kjöri, eða meðmælendur. Þrír efstu menn hvers lista teljast aðalmenn, en fjórði maður listans telst varamaður. Enginn getur staðið á fleiri en einum lista né heldur verið meðmælandi fleiri lista en eins, og er í slíku tilfelli sá listi ógildur, sem seinna berst póststjórninni. Nú falla jöfn atkvæði á tvo eða fleiri kjörlista, og ræður þá hlutkesti úrslitum. Nú hefir að loknum framboðsfresti aðeins einn kjörlisti komið fram, og fer þá engin kosning fram, en póststjórnin úrskurðar þá, sem á listanum standa rétt kjörna, og í þeirri röð, er að ofan getur.

Nú er framboðsfrestur útrunninn og enginn listi kominn fram, og ferst kosning þá fyrir það ár, og skipar atvinnumálaráðherra þá í nefndina þrjá sérleyfishafa.

3. gr.

Kosningarrétt hafa allir sérleyfishafar aðrir en þeir, sem eingöngu stunda fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum.

Atkvæði hvers einstaks sérleyfishafa miðast við tölu þeirra bifreiða hans, er hann notar til sérleyfisferða, samkvæmt ákvæðum laganna, þannig að fyrir hverjar þrjár bifreiðar eða færri komi eitt atkvæði, þó þannig að enginn einstakur sérleyfishafi geti farið með meira en 10% af heildaratkvæðamagninu. Eigi skal sérleyfishafi fá atkvæðisrétt fyrir þær bifreiðar, er hann hefir til vara á sérleyfisleiðum, og sker póststjórnin úr, hve margar af bifreiðum sérleyfishafa veita honum rétt til atkvæða.

4. gr.

Póststjórnin undirbýr og sér um kosningu í nefndina. Skal hún með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með bréfi eða símskeyti til allra sérleyfishafa tilkynna það, sem þarf um kosninguna. Kjörlistum, sbr. 2. gr., skal skilað til póststjórnarinnar í Reykjavík innan þess tíma, sem hún ákveður í auglýsingunni um kosninguna. Jafnóðum og listarnir berast, úrskurðar póststjórnin, hvort þeir teljist gildir, bókstafsmerkir þá A, B, C o. s. frv. og ritar á þá dagsetningu og klukkustund, er þeim er veitt móttaka.

Senda má póststjórninn kjörlista símleiðis, enda séu undirskriftir þeirra, sem bera listann fram (meðmælenda), sem og yfirlýsingar þeirra, sem í kjöri eru, staðfestar af póstafgreiðslumanni eða stöðvarstjóra á þeim stað, sem skeytið er sent frá. Sjálfan listann, ásamt yfirlýsingum, skal þó ætíð senda með næstu póstferð á eftir.

5. gr.

Póststjórnin útbýr og sendir hverjum sérleyfishafa afrit af þeim listum, sem kjósa skal um, ásamt nöfnum meðmælenda hvers lista og tilkynnir kjósanda um leið, hvenær kosningarfrestur sé útrunninn. Ef þörf krefur, má senda þetta símleiðis.

6. gr.

Sérleyfishafi kýs á þann hátt sem hér segir:

Þar sem því verður við komið, skal kosið skriflega, og sendir þá sérleyfishafi í lokuðum umslögum til póststjórnarinnar eins marga kjörseðla og hann hefir atkvæði, einn í hverju umslagi, og sé merkt með krossi við bókstaf þess lista, er hann kýs, en kjörseðlaumslög þessi leggur hann síðan í eitt lokað umslag til póstjórnarinnar ásamt eiginhandarundirritaðri yfirlýsingu um, að hann hafi greitt þau atkvæði, sem í umslögunum eru.

Verði ekki skriflegri kosningu við komið, skal sérleyfishafi greiða atkvæði símleiðis, þannig að hann sendir póststjórninni eitt símskeyti fyrir hvert atkvæði, sem hann hefir, og standi í því orðið „listi“ og bókstafur þess lista, er hann kýs, en ekkert frekara og engin undirskrift. Samtímis skal stöðvarstjóri sendistöðvar skeytisins senda póststjórninni þjónustuskeyti, þar sem tilgreint er, að hlutaðeigandi sérleyfishafi hafi með símskeyti eða símskeytum með tilgreindum númerum kosið í sérleyfisnefnd.

Póststjórnin gætir þess á viðeigandi hátt, að atkvæðisgreiðslan haldist leynd.

Um leið og sérleyfishafi kýs, sendir hann póststjórninni bréflega eða símleiðis, eftir því sem við á, skrá yfir þær bifreiðar, sem hann notar til sérleyfisferða, og skal tilgreina bókstafsmerki þeirra og númer.

7. gr.

Þegar kosningarfrestur er útrunnin, fer talning atkvæða fram, og skal hún framkvæmd af þremur mönnum að minnsta kosti, er póst- og símamálastjóri tilnefnir, og er umboðsmönnum listans heimilt að vera viðstaddir,

13 12. febr. Talning atkvæða fer þannig fram, að kjörseðlarnir eru allir settir í einn bunka, bæði þeir, sem í umslögum eru, og þeir, sem berast símleiðis. Tekur síðan einn talningarmanna hvern kjörseðil fyrir sig og segir upphátt listabókstaf hans, en hinir tveir rita niður atkvæðatöluna undir þann listabókstaf, sem hún tilheyrir.

Þegar talningu er lokið er lýst kosningu og hverjir séu varamenn hvers lista. Að afstaðinni kosningu gerir póst- og símamálastjóri atvinnumálaráðherra kunn úrslit kosningarinnar bréflega.

Reglur þessar ganga þegar í gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni frá 16. maí 1935.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

14 12. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935, um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 30, 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935.

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. reglugerðar nr. 21, 13. marz 1935, hljóði svo:

Fyrst um sinn er viðtækjaverzlun ríkisins falinn rekstur raftækjaeinkasölunnar og veitir fjármálaráðherra forstöðumanni viðtækjaverzlunarinnar jafnframt prókúruumboð fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

Samkvæmt 2. og 5. gr. laga nr. 47 frá 1932 um lækningaleyfi o. fl. er hér með staðfest eftirrituð 15 20. febr.

REGLUGERÐ

um framhaldsnám kandidata í læknisfræði til að geta öðlazt ótakmarkað lækningaleyfi og um sérmenntun lækna til að geta öðlazt sérfræðingaleyfi.

1. gr.

Til þess að geta átt rétt á **ótakmörkuðu lækningaleyfi** skal viðkomandi kandidat í læknisfræði færa sönnur á, að hann hafi notið að minnsta kosti þess framhaldsnáms, er hér segir.

1. Unnið kandidatsvinnu í eitt ár á viðurkenndu, meiri háttar sjúkrahúsi eða sjúkrahúsum (á almennu sjúkrahúsi eða bæði á lyflækninga- og handlækningadeild).
2. Unnið kandidatsvinnu í einn mánuð á viðurkenndri meiri háttar fæðingarstofnun.

Þeir, sem hafa starfað í eitt ár sem fastráðnir kandidatar á Landsspítalanum, eru undanþegnir hinu síðarnefnda skilyrði.

2. gr.

Til þess að geta átt rétt á **sérfræðingaleyfi** skal viðkomandi læknir hafa lokið kandidatsprófi í læknisfræði með I. einkunn, hafa ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi og færa síðan sönnur á, að hann hafi notið að minnsta kosti þeirrar menntunar í sérgrein sinni við störf á viðurkenndu, meiri háttar sjúkrahúsi eða sjúkrahúsum, er hér segir:

1. **Lyflæknar:** Þriggja ára starf á lyflækningadeild, þar af þó þriggja mánaða starf á farsóttadeild. Tvö ár af þessum tíma skal læknirinn hafa verið aðstoðarlæknir á Landsspítalanum eða jafngildu sjúkrahúsi.
2. **Handlæknar:** Þriggja ára starf á handlækningadeild. Tvö ár af þessum tíma skal læknirinn hafa verið aðstoðarlæknir á Landsspítalanum eða jafngildu sjúkrahúsi.

Nú færir læknir, er fullnægir skilyrðum um sérfræðingaleyfi í lyflækningum eða í handlækningum, sönnur á, að hann hafi kynnt sér sérstaklega og mjög rækilega einstakar greinar innan þessara sérgreina, svo sem í lyflækningum hjartasjúkdóma, magasjúkdóma o. s. frv., eða í handlækningum þvagsjúkdóma, liða- og beinasjúkdóma o. s. frv., og er þá heimilt að láta þess getið í sérfræðingsviðurkenningu hans.

3. **Berklalæknar:** Hálfs árs starf á lyflækningadeild og tveggja ára aðstoðarlæknisstarfi á heilsuhæli.
4. **Barnalæknar:** Tveggja ára starf á barnasjúkrahúsi eða barnasjúkdómadeild og þriggja mánaða starf á farsóttadeild.
5. **Taugasjúkdóma-** og **geðveikralæknar:** Tveggja ára starf á geðveikrahæli og eins árs starf á taugasjúkdómadeild.

15 20. febr.

6. **Kvensjúkdóma-** og **fæðingalæknar:** Hálfs annars árs starf á kvensjúkdómadeild, hálfs árs starf á handlækningadeild (eða tveggja ára starf á handlækningadeild, þar sem allmikið fellur til af kvensjúkdómum) og eins árs starf á fæðingadeild.
7. **Háls-, nef-** og **eyrnalæknar:** Hálfs árs starf á handlækningadeild og tveggja ára starf á háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild.
8. **Augnlæknar:** Tveggja ára starf á augnlækningadeild.
9. **Geislalæknar:** Tveggja ára starf á geislalækningadeild og þriggja mánaða starf á húðsjúkdómadeild.
10. **Nuddlæknar:** Tveggja ára starf á fysiurgiskri deild, þriggja mánaða starf á taugasjúkdómadeild og þriggja mánaða starf á handlækninga- eða orthopædiskri deild.
11. **Húð- og kynsjúkdómalæknar:** Tveggja og hálfs árs starf á húð og kynsjúkdómadeild.
12. **Tann- og munnsjúkdómalæknar:** Próf við viðurkenndan tannlækningaskóla, hálfs árs aðstoðarlæknisstarf á viðurkenndri, meiri háttar tannlækningastofu, hálfs árs starf á handlækningadeild og þriggja mánaða starf á háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild.

Sérfræðingaleyfi í öðrum greinum en hér eru taldar má veita læknum eftir tillögum læknadeildar háskólans og landlæknis, enda séu ekki gerðar síðri kröfur til umsækjenda um sérmenntun og annað en þegar um þær sérgreinir er að ræða, er sérstaklega getur í þessari reglugerð.

3. gr.

Til þess að geta átt rétt á viðurkenningu fyrir því að vera **sérfróður til embættislæknisstarfa** skal viðkomandi læknir auk hinna almennu skilyrða fyrir sérfræðingaleyfi samkvæmt 2. gr. (sbr. 1. málsgr. 2. gr.) færa sönnur á, að hann hafi notið að minnsta kosti þeirrar sérmenntunar, er hér segir: Hálfs árs starf á heilsuhæli, þriggja mánaða starf á farsóttadeild, þriggja mánaða starf á barnasjúkdómadeild, þriggja mánaða starf á húð- og kynsjúkdómadeild og þriggja mánaða starf á geðveiðrahæli, allt á viðurkenndum, meiri háttar sjúkrahúsum. Hann skal hafa kynnt sér sérstaklega almenna sjúkdómsgreiningu með Röntgentækjum, einkum með tilliti til slysa og berklaveiki, sjúkdómsgreiningu hinna þýðingarmestu augnsjúkdóma, einkum með tilliti til glákublindu, svo og algengustu tannsjúkdóma og einfaldar tannviðgerðir. Hann skal og hafa kynnt sér sérstaklega algeng heilbrigðisfræðileg störf og rannsóknir, einkum með tilliti til gildandi lagafyrirmæla til verndar heilbrigði almennings (eftirlit með matvælum, skólaskoðun o. s. frv.), svo og algengar réttarlæknisaðgerðir, þar á meðal réttarkrufningar. Loks skal hann hafa þjónað læknishéraði í tvö ár og skilað vandaðri ársskýrslu fyrir eitt ár.

4. gr.

Nú hefir læknir, er sækir um sérfræðingaleyfi samkvæmt 2. gr. eða viðurkenningu fyrir því að vera sérfróður til embættislæknisstarfa samkvæmt 3. gr.,

ekki lokið kandidatsprófi í læknisfræði með I. einkunn, en hins vegar skrifað doktorsritgerð eða aðra ritgerð um efni, er varðar sérgrein hans og byggð er að verulegu leyti á eigin athugunum og rannsóknum, og getur hann þá átt rétt á sérfræðingaleyfinu eða viðurkenningunni, ef læknadeild háskólans metur ritgerðina gilda. 15 20. febr.

5. gr.

Það skal metin gild sönnun fyrir sérmenntun læknis samkv. 2. og 3. gr., ef hann hefir verið fastráðinn aðstoðarlæknir tilskilinn tíma við tilskilið sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir. Það skal og metin gild sönnun fyrir sérmenntun læknis, ef hann hefir verið aukalæknir tilskilinn tíma við sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir, sem ráðherra hefir samið við um sérmenntun lækna, enda hafi hann þaðan góðan vitnisburð.

Af þeim, sem aflað hefir sér sérmenntunar á annan hátt en segir í fyrri málsgrein þessarar greinar, skal þess krafizt, að hann bendi á yfirlækni eða yfirlækna við tilskilin sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir, er vilji gefa ráðherra trúnaðarumsögn um hann, enda hafi hann starfað sem læknir tilskilinn tíma við þau sjúkrahús eða sjúkrahúsadeildir. Snýr landlæknir sér þá til viðkomandi yfirlæknis eða yfirlækna, og skal gildi sérmenntunarinnar metið samkvæmt þannig fenginni umsögn eða umsögnum.

Að svo miklu leyti, sem ekki er tilskilið um sérmenntun lækna samkvæmt 3. gr. að þeir afli sér hennar við störf á sjúkrahúsum, skal krafizt gildra vottorða frá viðurkenndum sérfræðingum um sérnámið, og má krefjast trúnaðarumsagna samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar, ef ástæða þykir til.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 116, 30. desember 1932, um skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis samkvæmt lögum nr. 47, 23. júní 1932.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Hvammstangasjóð", útgefin 6. marz 1936 á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir „Hvammstangasjóð".

16 6. marz

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Hvammstangasjóður". Hann er stofnaður af eignum þeim, er „Málfunda- og Ungmennafélagið á Hvammstanga", er starfaði þar á árunum

16 6. marz

1907 til 1910, lét eftir sig, er það hætti störfum og uppleystist. Upphæð þessi var þann 1. jan. 1934 kr. 1713.09, og er það stofnfé sjóðsins.

2. gr.

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga eða í ríkiskuldabréfum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Allir vextir skulu leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn kr. 2500,00 — tvö þúsund og fimm hundruð krónur —, en þegar sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, skal leggja hálfa ársvexti við höfuðstólinn, en hálfum ársvöxtum má verja til þess að styrkja einn eða fleiri efnilega unglinga, er hafi náð 14—20 ára aldri og eigi heima á Hvammstanga, til náms við einhverja verklega menntastofnun.

Ef ekki er hægt að nota vextina eitthvert ár á þennan hátt, skulu þeir allir leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps, og ef Kirkjuhvammshreppi verður síðar skipt þannig, að Hvammstangi verði sérstakur hreppur, þá hreppsnefnd Hvammstangahrepps, skal hafa á hendi alla umsjón sjóðsins og stjórn hans. Hún skal auglýsa, hvenær styrkur verður veittur úr sjóðnum. Hún tekur við umsóknum um styrk og ákveður, hver eða hverjir skuli hljóta hann, og hvenær styrkurinn skuli útborgaður.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir um sjóðinn, styrkveitingar og annað, sem snertir sjóðinn. Stjórnin haldi ennfremur bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færi í hana ársreikning sjóðsins.

6. gr.

Enginn umsækjandi getur fengið styrk úr sjóði þessum, nema hann neyti ekki áfengis og sé þekktur að því að hafa óbeit á drykkjuskap.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningur sjóðsins skal gerður árlega og endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningarnir.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Hvammstanga, 22. febrúar 1936.

F. h. hreppsnefndar Kirkjuhvammshrepps.

Björn P. Blöndal
(p. t. oddviti).

SAMÞYKKT

17
10. marz

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla.

Heimili þess og varnarþing er á þingstað hreppsins, Búðardal, eða þar sem hann síðar kann að verða.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

a. að stunda laxaklak,
b. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir og aðalfundur samþykkir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Laxá í Laxárdalshreppi í Dalasýslu. Félagsmenn eru allir þeir, sem veiðirétt hafa í nefndri á. Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem tilgreindar eru í gjaldskrá félagsins.

4. gr.

Veiðiaðferð og veiðitæki félagsmanna skal aðalfundur ákveða til eins eða fleiri ára í senn.

5. gr.

Félagsstjórninni er heimilt að leigja ána eða hluta af henni einstökum mönnum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu. Arður af slíkri veiði skiptist milli félagsmanna eftir arðskrá

6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði, og ræður það þá mann, sem stendur fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri. Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

7. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út ár hvert svo mörg-

17 um seiðum, sem ástæður leyfa, þó að minnsta kosti 100 seiðum fyrir hvern lax,
10. marz sem veiðist á félagssvæðinu.

8. gr.

Stjórnina skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár samfleytt í stjórn. Að jafnlöngum tíma liðnum er hann skyldur að taka við kosningu. Formaður skal kosinn á aðalfundi ár hvert.

9. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra, klakstjóra og aðra starfsmenn eg gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, til eins árs í senn. Þó getur stjórnin gert samninga við klak- og veiðistjóra til lengri tíma samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Hún hefir eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Hann boðar til funda og stjórnar þeim. Geti formaður ekki mætt, stjórnar fundinum annar meðstjórnenda, eftir vali fundarins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

10. gr.

Aðalfund heldur félagið í febrúar eða marz ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

a. ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði,
b. sé ⅓ félagsmanna og meiri hluti stjórnar mættur á fundinum.
c. Nú er aðalfundur ekki lögmætur, og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram tillögur og áætlun um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

11. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr. 17

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjalddagi allra gjalda félagsins er 10. marz
10. okt. ár hvert. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og aðrar tekjur, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og gjaldskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af ⅔ hluta félagsmanna. Skal hún gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi félagsins. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 100 til 500 krónum og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

16. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema ⅔ félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slíta ef ⅔ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. marz 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

18 10. marz

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla.

Bæjanöfn:	Arður og gjöld:
Spákelsstaðir	1,20%
Goddastaðir	4,30—
Lambastaðir	2,80—
Gillastaðir	3,70—
Sámsstaðir	3,70—
Hamrar	1,50—
Svalhöfði	2,10—
Sólheimar	1,00—
Pálssel	2,10—
Dönustaðir	5,50—
Gröf	2,10—
Svarfhóll	3,70—
Þrándarkot	3,00—
Leiðólfsstaðir	5,20—
Hornsstaðir	0,60—
Höskuldsstaðir	8,50—
Hjarðarholt með veiðirétti fyrir Sauðhúsa-, Saura-, Fjósa- og Hrappsstaðalandi	49,00—

Arðskrá þessi gildir til næstu 5 ára.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. marz 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

19 11. marz

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Siglufjarðarkaupstað frá 8. október 1920.

Aftan við 2. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Bæjarstjórn er heimilt að fyrirskipa, að eigendur verksmiðjuhúsa og húsa, þar sem eru vinnustofur, komi fyrir á eigin kostnað á hentugum stað og haldi vel við slökkvitæki, er einn maður getur farið með og af þeirri tegund, sem tekin er gild af Brunabótafélagi Íslands.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 32. gr. laga nr. 58, 28. nóvember 1919, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 19 11. marz

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

BRÁÐABIRGÐASAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu. 20 25. marz

4. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Samþykkt þessi nær ekki til útilegubáta né báta, sem fara á aðra fiskislóð en hina svonefndu vetrarslóð. Vetrarslóð er talin allt að 30 sjómílur frá Akranesi.

Eftir 1. marz ár hvert skal þó samþykkt þessi ná til allra báta, sem sjó stunda frá Akranesi, nema útilegubáta.

Bráðabirgðasamþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. júní 1917, og lögum nr. 117, 29. desember 1933, til þess að öðalst gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

um gjalddaga á útsvörum í Vestmannaeyjum. 21 31. marz

Gjalddagar útsvara til bæjarsjóðs Vestmannaeyja eftir aðalniðurjöfnun skulu vera 6 á ári: 1. apríl 1. maí, 1. júní 1. júlí, 1. ágúst og 1. september, og skal greiða sjötta hluta útsvars í hvert skipti.

Verði aðalniðurjöfnun ekki lokið fyrir 1. apríl, skulu gjalddagar vera 5, eins og að ofan greinir, og skal þá fimmti hluti útsvars greiðast í hvert skipti.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 59, 8. september 1931, um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926 um útsvör, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

22 1. apríl

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 34, 19. júní 1922, sbr. lög nr. 88, 3. maí 1935, gefið út svo hljóðandi hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað:

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásum á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram firðinum.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Oddviti bæjarstjórnar er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

22
1. apríl

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annara skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmönnum hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipað burt á kostnað eiganda og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI 22
1. apríl

Um notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarstjóri vísað skipum frá bryggjunni, áliti hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annarsstaðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

22
1. apríl

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur eða láta sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum þegar hafnarstjóri krefst þess.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi á höfninni.

VII. KAFLI

Um lestargjald.

22. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm, eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum sem síðar getur.

23. gr.

a) Skip 12 smálesta og stærri, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) einu sinni á ári, 50 aura fyrir hverja brúttó smálest.
b) Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiða 15 aura fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti er þau koma til hafnar. Þó ekki minna en 2 kr. og ekki meira á ári en 1 kr. fyrir hverja brúttó smálest
c) Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem eru gerð út til

vísindalegra rannsókna, skip, sem sanna fyrir sjórétti að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda, skulu greiða 20 aura lestargjald fyrir hverja nettó smálest. 22 1. apríl

d) Ef skip, sem siglir eftir fyrirfram auglýstri áætlun, kemur aftur áður en 7 dagar eru liðnir frá því það hafnaði sig síðast á höfninni, greiðir það eigi lestargjald í það skiptið.

24. gr.

Hafi skip legið á höfninni í 14 daga, skal greiða hálft lestargjaldið að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þá er skip liggja í höfn vegna þess, að hafís lokar henni.

VIII. KAFLI

Um ljósgjald.

25. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestargjald greiða, skulu greiða ljósgjald þannig:

a) Skip, sem getur um í 23. gr. a), greiði 5 krónur á ári.

b) Skip, sem getur um í 23. gr. b), greiða 2 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó ekki yfir 15 kr. á ári.

c) Öll önnur skip greiða einn eyri fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei meira en 2 krónur í hvert skipti.

IX. KAFLI

Um bryggjugjald.

26. gr.

a) Gjald af bryggju bæjarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn, eða 1 krónu af brúttó smálest í eitt skipti fyrir öll á ári.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

b) Gjald af bryggjum og geymsluskipum einstakra manna:

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Ísafirði og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningaskip, og önnur gjaldskyld skip, greiða samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs hálft bryggjugjald.

Framangreindar reglur gilda einnig um skip þau, er liggja við geymsluskip.

22
1. apríl

X. KAFLI

Um notkun bátahafnarinnar.

27. gr.

Sérstakt árlegt gjald skal greiða fyrir notkun bátahafnarinnar. Skal það vera sem hér segir:

a) Vélbátar, skrásettir á Ísafirði, undir 12 smálestum brúttó, greiði kr. 10.00.
b) Vélbátar, skrásettir á Ísafirði, 12 smálestir brúttó eða stærri, greiði kr. 1.00 af hverri smálest.
c) Trillubátar og aðrir bátar, er engin smáskipagjöld greiða í hafnarsjóð, greiði kr. 10.00.
d) Vélbátar, skrásettir utan Ísafjarðar, undir 12 smálestum brúttó, greiði kr. 15.00.
e) Vélbátar, skrásettir utan Ísafjarðar, 12 smálestir brúttó eða stærri, greiði kr. 1.25 af hverri smálest.

Það telst gjaldskyld notkun ef bátur leggst einu sinni við festar á bátahöfninni.

Gjald þetta innheimtist á sama hátt og önnur hafnargjöld og rennur í hafnarsjóð.

28. gr.

Við gjaldskylda notkun bátahafnarinnar er skilið það, að bátar eða skip leggist við landfestar í höfninni, eða utan á önnur skip, leggi þar upp afla sinn eða flutning, eða taki þar um borð flutning, veiðarfæri, olíu, beitu o. s. frv. Bátar, er nota höfnina, hafa leyfi til að hafa flutning sinn eða annað það, er þeim tilheyrir, liggjandi á landi hafnarinnar allt að einum sólarhring, án þess að greiða sérstakt gjald fyrir, þó því aðeins, að hafnarstjóri eða trúnaðarmaður hans telji það eigi til ógreiða fyrir aðra notkun hafnarinnar.

Sé um geymslu eða aðra verkun á afla að ræða, svo sem síldarsöltun, fiskverkun eða annað þess háttar, greiðist fyrir það sérstakt gjald, er hafnarnefnd ákveður. Við alla notkun bátahafnarinnar eru notendur skyldir að hlýða fyrirmælum hafnarstjóra eða trúnaðarmanns hans, svo sem um færslu og legu skipa og báta í höfninni, svo og hvar flutningur þeirra og afli er lagður á land. Ennfremur um geymslu á afla eða flutningi á landi hafnarinnar o. s. frv.

Notendum er einnig skylt að gæta alls þrifnaðar við notkun hafnarinnar, og ber þeim að flytja burtu allan fiskúrgang og önnur óhreinindi, er berast kunna á land hafnarinnar af þeirra völdum.

Um vanrækslu á þessu gilda ákvæði 18. gr. þessarar reglugerðar.

XI. KAFLI

Um hafnsögu.

29. gr.

Öll skip, sem eru að stærð 30 smálestir brúttó eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á árinu, er þau koma frá útlöndum, og leggjast við festar innan takmarka Ísafjarðarhafnar.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru þó öll herskip og varðskip, skemmtiskip og fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

Komi skip oftar á sama ári, og fari ekki nema á ytri höfnina, skal það eigi greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann. Innri höfnin er Pollurinn og Sundin innan við Kaldáreyri.

30. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar og ber að nota hafnsögumann, skal, er það kemur inn í línu, er hugsast dregin úr Arnardal í Velli, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns, og skal þá hafnsögumaður fara út í skipið svo fljótt sem unnt er.

Ekki má hafnsögumaður yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrri en það er lagst við festar á höfninni, enda ber skipinu að sjá honum fyrir fæði meðan hann dvelur um borð.

31. gr.

Ekkert skip, sem stærra er en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, eða flytja sig til á innri höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns. Undanþágu frá þessu getur þó hafnarstjóri veitt öllum fiskiskipum, er heima eiga á Ísafirði eða stunda þaðan veiðar.

Hafnsögumanni er heimilt að banna allar samgöngur við skip, áður en hann hefir lokið starfi sínu um borð.

Ef sjúkdómur er á skipinu, eða ástæða er til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að um borð í skipinu sé fylgt reglum þeim, sem settar eru í lögum gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

32. gr.

Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar. Hafnarsjóður leggur til hafnsögubát og önnur nauðsynleg tæki, svo og aðstoðarmann, ef þörf er á.

33. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, af nettó smálest:

A. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar:

a) Farþegaskip, sem sigla eftir föstum áætlunarferðum:

22 1. apríl

Fyrir skip allt að 100 smál. kr. 15.00.
— — frá 100 til 1000 smál. kr. 20.00.
— — — 1000 smál. og þar yfir kr. 25.00.

b) Flutningaskip og önnur skip:
Fyrir skip allt að 100 smál. kr. 15.00.
— — frá 100 til 200 smál. kr. 20.00.
— — — 200 til 400 smál. kr. 25.00.
— — — 400 til 700 smál. kr. 30.00.
— — — 700 smál. og þar yfir kr. 35.00.

B. Fyrir leiðsögu frá höfninni:
Sama gjald sem getur um í staflið A.

C. Fyrir færslu skipa um höfnina greiðist kr. 10.00 í hvert skipti.
Allt hafnsögugjald rennur í hafnarsjóð.

XII. KAFLI

Um vörugjald.

34. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

35. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

36. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a) Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
b) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c) Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
d) Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

37. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki

hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. 22 1. apríl

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

38. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

39. gr.

Vörugjaldsskrá.

a. Aðfluttar vörur:
   1. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:
      Kol, salt, sement.
   2. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg.:
      Allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður, leirvörur, glysvarningur, tóbak, eldspýtur og þesskonar léttar vörur. — Allskonar ávextir, vínföng, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd (ekki sykur).
   3. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.:
      Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
   4. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 150 kg. nettó:
      Steinolía og aðrar olíur.
   5. flokkur. Gjald 2 aurar fyrir tunnu:
      Tómar tunnur, uppsettar og óuppsettar.
   6. flokkur. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet:
      Trjáviður.
   7. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet:
      Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

b. Brottfluttar vörur:
   1. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.:
      Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.
   2. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.:
      Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
   3. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir tunnu:
      Kjöt.
   4. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir tunnu:
      Síld.

22 1. apríl

5. flokkur. Gjald 2 aurar fyrir hvert teningsfet:
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir stykkið:
Hestar og nautgripir.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir stykkið:
Kindur.

Þó skal lægsta gjald í öllum flokkum af að- og brottfluttum vörum aldrei minna vera en 10 aurar, en aldrei tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefndinni heimilast að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

XIII. KAFLI

Um ýms gjöld til hafnarinnar.

40. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 5 aura af hverri smálest af nettóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Ísafirði.

41. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni samkvæmt 20. gr., greiði eigandi árgjald 20 aura af brúttó smálest.

42. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 2 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

43. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum, um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

44. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.

45. gr.

Vélbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiða sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 5 krónur í hvert skipti, sem þeir koma til hafnar, eða 15 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Vélbátar, sem eiga heima á Ísafirði, greiða 10 kr. árlegt gjald.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

XIV. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

46. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

47. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annara gjalda, sem skipum ber að greiða.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

48. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 42. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Leigu samkvæmt 43. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

49. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XV. KAFLI

Ýms ákvæði.

50. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðilja um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður sé liðinn frá því að mats-

22 gerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönn-
1. apríl um. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

51. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

52. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

53. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

54. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri refsing liggi við, samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

55. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

56. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bág við reglugerð þessa.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

23
1. apríl

fyrir Stykkishólmskauptún.

I. KAFLI

Stykkishólmshöfn.

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina línu í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhending í Lundaklett.

II. KAFLI

Hafnar- og bryggjugjald.

2. gr.

Af öllum aðkomuskipum, 30 smálestum og yfir, hvort sem þau sigla tóm, með seglfestu eða fermd vörum, skal greiða 15 aura af hverri nettó smálest alls farmrúmsins í hvert skipti er þau leggjast á höfnina. Brot úr smálest reiknast sem heil smálest, minnsta gjald þó 5 kr. Skip, sem koma við í báðum leiðum á ferðum sínum til Vestur- og Norðurlandsins, skulu aðeins greiða hafnargjald í annari ferðinni. Sama gildir og um skip, sem koma oftar en í eitt skipti í hverri ferð, sem sigla á Gilsfjörð og Hvammsfjörð.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem ræðir um í 5. grein.

3. gr.

Af öllum skipum undir 30 smálestum nettó greiðist gjald eins og hér segir:

a. Vélbátar og uppskipunarskip allt að 5 smálestum greiði 5 kr. árgjald. Undanþegnir þessu gjaldi eru aðkomubátar af þessari stærð, sem aðeins eru hafðir í ferðum til heimilisþarfa.
b. Bátar frá 5 til 12 smál. greiði 3 kr. í hvert skipti, er þeir koma til hafnar eða 10 kr. árgjald.
c. Vélbátar og skip frá 12 til 30 smál. greiði 5 kr. í hvert skipti er þau koma til hafnar eða 20 kr. árgjald.

4. gr.

Árgjald fyrir stærri skip en 30 smál. nettó, sem heimilisföst eru í Stykkishólmi, sé 3 kr. fyrir hverjar 5 smálestir.

23 1. apríl

5. gr.

Undanþegin hafnar- og bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna.

6. gr.

Þau skip, sem liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða í hafnarsjóð: Skip stærri en 50 smálestir nettó 20 kr., skip undir 50 smálestum 10 kr., en til vetrarlegunnar þurfa slík skip að fá leyfi hafnarnefndar.

III. KAFLI

Fjöru- og seglfestugjald.

7. gr.

Skip, sem lögð eru upp í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skulu greiða 8 aura af hverri nettó smálest skipsins, þó aldrei minna en 5 kr

8. gr.

Skip, sem taka seglfestu í landi Stykkishólmskauptúns, greiði í hafnarsjóð 8 aura af hverri nettó smálest skipsins, þó aldrei minna en 5 kr.

IV. KAFLI

Vörugjald.

9. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem um getur í næstu greinum.

10. gr.

Fyrir vörur, sem ákveðnar eru til umhleðslu samkvæmt farmskrá skipa, og eiga því eigi að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald, þó því aðeins að vörusendingin nemi 2 smálestum.

11. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

12. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins skylt að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrám skipsins innan sólarhrings eftir komu þess.

13. gr.

Hafnarnefnd hefir haldrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, unz gjaldið er greitt.

14. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu á vörugjaldinu og reikningsskil fyrir því, og ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtulaunum þeim, er um semur.

15. gr.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins innheimta gjaldið að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem hafnarnefnd ákveður, og standa skil á því.

16. gr.

Vörugjaldskrá:

1. fl. Af kolum 1 kr. af hverri smálest.
2. fl. — salti 75 aurar af hverri smálest.
3. fl. — timbri og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 4 aurar af hverju teningsfeti.
4. fl. — múrsteini og sementssteini 50 aurar af hverjum 100 stk.
5. fl. — stórgripum 1 kr. af hverjum.
6. fl. — sauðfé 25 aurar af hverri kind.
7. fl. — kjöttunnum, síldartunnum, fisktunnum og olíutunnum 30 aurar af hverri tunnu.
8. fl. — ýmsum vörum 20 aurar af hverju stykki, ef aðeins er um 1—3 stykki að ræða til hvers móttakanda.
9. fl. — öllum öðrum vörum 20 aurar af hverjum 100 kg., minnsta gjald þó 20 aurar.

V. KAFLI

Um ljósagjald.

17. gr.

Öll skip yfir 30 smál. nettó, sem ekki eiga heima í Stykkishólmi, en koma til hafnar á tímabilinu frá 15. júlí til 1. júní og hafnargjald greiða, skulu greiða ljósagjald 1 eyri af hverri nettó smálest, þó aldrei lægra gjald en 1 kr.

23 1. apríl

18. gr.

Undanþegin þessu gjaldi eru þau skip, sem ekki greiða hafnargjald.

VI. KAFLI

Um notkun hafnarbryggjunnar og reglu á höfninni.

19. gr.

Öll skip, sem ætla að leggjast við hafnarbryggjuna, skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega, til að draga sig að, ból þau beggja megin bryggjunnar og hringi í Stykkinu, sem til þess er ætlað. Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sé ætlað að nota til að draga sig að bryggjunni.

20. gr.

Skip hafa rétt til að leggjast að bryggjunni í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja á burt meðan hin fá afgreiðslu.

Hafnarnefnd ákveður hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vestra horni Súgandiseyjar í svonefndan Fálka.

21. gr.

Sérhver skemmd, sem verður á bryggjunni, áhöldum hennar eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá. Aðrar skemmdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bæta fyrir af þeim, er skemmdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

22. gr.

Hafnarnefnd hefir, undir eftirliti hreppsnefndar, alla umsjón með hafnarbryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota þau, nema leyfi nefndarinnar komi til.

23. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, kveður á um starfsvið hans og þóknun.

24. gr.

Seglfestu og ösku má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar og seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns.

VII. KAFLI

Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

25. gr.

Gjöld þau, sem talin eru hér að framan, skulu renna í hafnarsjóð Stykkishólmskauptúns og skal honum eingöngu varið til þess að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

26. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til þriggja ára í senn og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefnd hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt, innheimtir eða sér um að gjöldin til hafnarsjóðs séu innheimt, og stjórnar sjóðnum undir eftirliti hreppsnefndar, enda ber hreppsnefndin ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Hafnarnefnd skal leita samþykkis hreppsnefndar, ef um stærri framkvæmdir er að ræða á hafnarmannvirkjum.

27. gr.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VIII. KAFLI

Sektarákvæði.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Sektarákvæði.

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 kr., er renna í hafnarsjóð. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til að öðlast gildi 15. apríl 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur burtu hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskauptún frá 12. apríl 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

24
1. apríl

REGLUGERÐ

um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Samkvæmt lögum nr. 42, 10. nóv. 1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Dánarvottorð fyrir alla, sem deyja voveiflega eða finnast lík. Voveiflegur dauðdagi nánar skilgreindur. Sérstök auðkenning slíkra dánarvottorða og hvenær þau megi gefa.

Ekki má jarðsetja eða brenna lík neins manns, sem dáið hefir voveiflega, né lík, sem hefir fundizt, fyrr en læknir hefir gefið út dánarvottorð fyrir hinn látna, sérstaklega auðkennt með tilliti til þess, að um voveiflegan dauðdaga eða fundið lík hafi verið að ræða, en voveiflegur dauðdagi skilgreinist samkvæmt 1. gr. laga nr. 42, 10. nóv. 1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, að því viðbættu, að það skal telja bráðan bana, er maður bíður bana af slysförum (þar með talin sjálfsmorð og manndráp) innan sólarhrings frá því að slysið varð. Nú er lengri kunnur aðdragandi að mannsláti af slysförum en nemi sólarhring, og er þá löggæzlumanni (sbr. 2. gr. hinna tilvitnuðu laga) heimilt að telja það voveiflegan dauðdaga og taka líkið til mannskaðarannsóknar, enda er honum skylt að gera það, ef læknir hins látna krefst þess, eða aðstandendur, eða aðrir, sem bera fram um það rökstudda kröfu.

Dánarvottorð fyrir þá, sem deyja voveiflega eða finnast lík, mega læknar ekki gefa út fyrr en mannskaðarannsókn hefir farið fram samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Slík vottorð skal auðkenna og gera að öðru leyti úr garði samkvæmt þeim reglum, er landlæknir setur.

2. gr.

Maður hverfur, er talinn hafa dáið, en líkið finnst ekki.

Nú hefir maður horfið og er talinn hafa dáið voveiflega, en líkið ekki fundizt, og skal þá löggæzlumaður leita allra upplýsinga um mannshvarfið og skrá í mannskaðabók í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 4. gr., eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Löggæzlumaður kveður héraðslækni með sér til líkskoðunar.

Þegar maður hefir dáið voveiflega eða lík hefir fundizt og löggæzlumanni hefir verið gert aðvart (sbr. 7. gr. hinna tilvitnuðu laga), skal löggæzlumaður

kveðja héraðslækni með sér til að skoða líkið. Ef ekki næst til héraðslæknis, er löggæzlumanni heimilt að kveðja til annan löggiltan lækni. 24 1. apríl

4. gr.

Upplýsingar um mannskaðann.

Löggæzlumaður skal hafa með sér til líkskoðunarinnar mannskaðabók (sbr. 8. gr. hinna tilvitnuðu laga). Áður en líkskoðunin hefst, skal löggæzlumaður skrá í bókina allar upplýsingar, sem hann hefir aflað sér um mannslátið eða líkfundinn: hver hinn látni sé, hverjir hafi síðast séð hann á lífi, hvað vitað sé um hann og líðan hans dagana fyrir andlátið, hvort nokkrir og þá hverjir hafi verið viðstaddir andlátið, hver séu tildrög mannslátsins, hvenær og með hverjum atburðum það hafi borið að og, ef um fundið lík er að ræða, hvenær og hvernig það hafi fundizt, hvernig hafi verið farið með það síðan o. s. frv.

5. gr.

Almenn líkskoðun.

Nú þykir löggæzlumanni ekki þegar ástæða til að fyrirskipa réttarkrufningu á líkinu, og skal þá læknir framkvæma almenna líkskoðun á því samkvæmt leiðbeiningum, sem landlæknir gefur út. Yfirlit yfir líkskoðunina og allar niðurstöður læknisins, er máli skipta, skal skrá í mannskaðabókina.

Að hinni almennu líkskoðun lokinni úrskurðar löggæzlumaður, hvort rannsókninni út af mannskaðanum skuli þar með vera lokið og dánarvottorð megi gefa út, eða hvort réttarkrufning skuli fara fram.

Úrskurð löggæzlumanns skal skrá í mannskaðabókina.

6. gr.

Réttarkrufningar, hvenær þær skuli fyrirskipa.

Löggæzlumaður skal jafnan fyrirskipa réttarkrufningu:

1) Þegar komið getur til mála, að mannslátið leiði til málaferla, hvort heldur væri opinbert mál eða einkamál, og ætla má, að réttarkrufning geti haft þýðingu fyrir úrslit málsins eða orðið til þess að koma í veg fyrir málaferli.
2) Þegar læknir, að almennri líkskoðun lokinni, telur sig ekki geta ályktað, hvert banameinið muni vera.

7. gr.

Hvenær hreppstjórar mega leiða mannskaðarannsóknir til lykta.

Hreppstjórar, sem eru löggæzlumenn, mega leiða til lykta rannsóknir á mannsköðum samkvæmt þessari reglugerð, þegar ekki er skylt að fyrirskipa

24 1. apríl

réttarkrufningu samkvæmt 1. tölulið 6. greinar, en þá skulu þeir afhenda málið hlutaðeigandi sýslumanni, sem þá tekur við löggæzlumannsstörfum.

8. gr.

Réttarkrufningar, hverjir framkvæma skuli.

Réttarkrufningar samkvæmt þessari reglugerð annast:

1) Í Reykjavík: Rannsóknarstofa háskólans.
2) Annarsstaðar á landinu: Þar skulu héraðslæknar bera sig saman við landlækni, sem í hverju einstöku tilfelli segir fyrir um, hvort héraðslæknir skuli framkvæma krufninguna sjálfur, eða líkið skuli senda til Rannsóknarstofu háskólans í Reykjavík, sem þá annast krufninguna.

Við hverja réttarkrufningu skulu jafnan, þegar því verður við komið, vera tveir læknar, og fer um framkvæmd krufningarinnar samkvæmt leiðbeiningum, er landlæknir gefur út.

9. gr.

Skýrsla um réttarkrufningu.

Réttarlæknir skal, þegar að krufningu lokinni, senda viðkomandi löggæzlumanni skýrslu um krufninguna. Löggæzlumaður skráir ályktun réttarlæknis í mannskaðabókina, og samkvæmt henni er lækni nú heimilt að gefa út dánarvottorð fyrir hinn látna.

10. gr.

Mannskaðaskýrslur.

Í janúarmánuði ár hvert skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögreglustjóri) láta gera útskriftir úr öllum mannskaðabókum, hver í sínu umdæmi, og semja skýrslu yfir alla mannskaða, sem á næstliðnu ári hafa verið rannsakaðir samkvæmt þessari reglugerð. Í mannskaðaskýrslunum skal greina, að svo miklu leyti sem kunnugt er, um hvern einn hinna látnu eða horfnu (sbr. 2. gr.):

1) Nafn, aldur, stöðu og heimilisfang.
2) Dauðamein, og hvernig mannslátið hafi atvikazt.

Skýrsluna, ásamt útskriftum úr tilheyrandi mannskaðabókum, skal senda Hagstofunni.

11. gr.

Kostnaður og refsingar.

Um kostnað við framkvæmd þessarar reglugerðar og refsingar fyrir brot gegn ákvæðum hennar fer eftir ákvæðum laga nr. 42, 10. nóv. 1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

12. gr.

Hvenær reglugerðin gengur í gildi.

24
1. apríl

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1937.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

25
3. apríl

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað frá 28. júlí 1931.

Í stað 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar: Húsum kaupstaðarins ... því, sem þar er yfir 1‰, komi:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2½‰ af fasteignamatsverði húsanna.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

26
7. apríl

um skemmtanaskatt í Borgarhreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 10. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Borgarhreppi og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
b. Sjónleikar.

26 c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
7. apríl d. Fyrirlestrar og upplestrar.
e. Kvikmyndir og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

a. Dansleikar.
b. Danssýningar.
c. Loddara- og fjölleikasýningar.
d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að, en ekki eru haldnar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, er falla undir 1. flokk, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki, 20%. Ef skemmtunin er margþætt, skal skatturinn miðaður við þann þátt hennar, sem hærra er skattaður.

4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Borgarhrepps hefir eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, og sér um innheimtu skattsins. Ræður hún til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

9. gr.

Hver, sem vill halda skemmtun, sem aðganga er seld að, skal tilkynna eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skuli haldin.

7. gr.

Aðgöngu má eigi selja að skemmtun nema gegn aðgöngumiða, sem eftirlitsmaður hefir stimplað og afhent, enda skal hann ávallt hafa fyrirliggjandi nægar byrgðir af þeim. Kostnaður við þá greiðist af skatttekjum, en gerð þeirra ákveður hreppsnefnd.

Um leið og aðgöngumiðar eru afhentir, skal færa í þar til gerða bók tölu þeirra og verð og reikna út upphæð skattsins.

8. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem keypt hefir aðgöngumiða að skemmtun, að bera hann framan á sér, svo hann sjáist greinilega, á meðan skemmtunin stendur yfir.

9. gr.

Þóknun til eftirlitsmanns fyrir starf hans ákveður hreppsnefnd, og skal hún vera ákveðinn hundraðshluti af innheimtum skatttekjum og greiðist af þeim.

10. gr. 26

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri 7. apríl
en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Skattgjaldið má taka lögtaki.

11. gr.

Strax eftir að skemmtun er lokið skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkvæmt 3. gr., af öllum þeim miðum, sem hann tók á móti að frádregnum þeim ónotuðu.

12. gr.

Skattatekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó halda fé þessu í sérstökum sjóði, sem skal vera undir stjórn hreppsnefndar, og skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum.

Fé sjóðsins má verja til einkasímakerfis í hreppnum, viðhalds þess og starfrækslu, samkvæmt samþykkt um það settri eftir ákvæðum laga nr. 11, 14. júní 1929.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000,00, og skal fara með mál, sem rísa út af þeim, sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

GJALDSKRÁ 27

14. apríl

fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Verð á sjó til fiskþvottar skal vera eins og hér segir, miðað við 100 kg af fiski:
Af fullverkuðum fiski (þurrfiski) greiðist 8 aurar.
Af hálfverkuðum fiski (saltfiski) greiðist 4 aurar.
Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 2 aurar.
Gjaldið af blautfiski greiðist aðeins af fiski, sem er settur í kassa í landi.

27
14. apríl

2. gr.

Gjald þetta fellur í gjalddaga um leið og fiskur er fluttur út eða til annara hafna innanlands.

3. gr.

Sjóveitugjald þetta greiðist á skrifstofu hafnarsjóðs um leið og greitt er vörugjald af fiski útfluttum úr kaupstaðnum, og skal kvittað fyrir greiðslu gjaldsins á farmskírteini. Fisk má ekki afgreiða til útflutnings eða annara hafna innanlands fyrri en gjaldið hefir verið greitt.

4. gr.

Endurgjald fyrir sjó til véla skal vera 8 aurar fyrir hverja smálest sjávar. Skulu mælar settir upp á leiðslurnar á kostnað þeirra, sem vélarnar eiga. Gjald samkvæmt þessari grein skal greitt fyrir sjónotkun frá 1. janúar 1935, og skal gjaldið áætlað, miðað við þá eyðslu, sem verður, eftir að mælarnir eru teknir í notkun. Gjalddagar á vélagjaldinu skulu vera í lok hvers mánaðar, og skal gjaldið greitt á skrifstofu hafnarsjóðs.

5. gr.

Fyrir sjó til salerna og baða skal greiða 10 krónur árlega, sem greiðast skulu 1. október.

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu tryggð með lögveði í húseign þeirri, sem sjónotkunin fer fram í, næstu tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 28, 8. september 1931, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

28
18. apríl

um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Bannað er að halda hunda í Ísafjarðarkaupstað, nema samkv. heimild 2. gr. þessarar reglugerðar.

Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem vera kunna taldir að eiga heima utan kaupstaðarins, en vitanlegt er um að eigendur þeirra eru búsettir í Ísafjarðarkaupstað og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

2. gr.

Heimilt skal bæjarstjórn að leyfa allt að 8 fjáreigendum í kaupstaðnum, þeim er flest sauðfé hafa á fóðrum, að halda sinn þarfahundinn hverjum.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda bæjarstjórn fyrir 1. desember ár hvert, og gilda þau leyfi, er veitt verða, fyrir næsta almanaksár.

Hundar þessir skulu bera helsi með áletruðu Í. S. og tölu. Bæjarsjóður leggur til merkispjöldin, og afhendir bæjarstjóri þau gegn greiðslu andvirðis þeirra, er rennur í bæjarsjóð.

Hundaeigendum skal skylt að koma hundum sínum til lækninga haust hvert samkv. því, sem mælt er fyrir um í reglugerð bæjarins um lækningu hunda af bandormum.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, og er hver hundur réttdræpur, sem fyrir finnst í kaupstaðnum, ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann fylgi utanbæjarmönnum.

4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugerð nr. 26 frá 9. júní 1931 um hundahald í Ísafjarðarkaupstað er úr gildi numin.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og falla samtímis úr gildi öll leyfi, sem veitt hafa verið til hundahalds í Ísafjarðarkaupstað. Þó skal þeim, er fengið hefir leyfi til að halda hunda, veittur frestur til 1. júlí 1936 til þess að hafa komið hundunum burt úr kaupstaðnum eða drepið þá.

Fyrir það, sem eftir er af árinu 1936, gilda ákvæði 2. gr. þannig, að sækja skal um leyfi þau, er þar um ræðir, fyrir 15. júní.

28 18. apríl

Reglugerð þessi; sem bæjarstjórnin á Ísafirði hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

29 28. apríl

AUGLÝSING

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti.

Ríkisstjórnin hefir ákveðið að nota heimild þá, sem felst í lögum nr. 34, 1. febrúar 1936, um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl., til þess að taka í sínar hendur frá 1. maí næstkomandi að telja innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum, svo sem rófum, næpum, hverskonar kálmeti og öðru nýju grænmeti.

Sambandi íslenzkra samvinnufélaga hefir verið falinn rekstur Grænmetisverzlunar ríkisins frá sama tíma, og ber öllum þeim, sem óska að fá framangreindar vörur frá útlöndum, að snúa sér til sambandsins í því efni.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

30 30. apríl

REGLUGERÐ

um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa.

I. KAFLI

Um almenna starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins.

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins (á ensku State Tourist and Informations Bureau of Iceland — stytt nafn: Statourist). Skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innan lands

og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, að því undanskildu, er umboðsmenn sérstakra erlendra ferðaskrifstofa fá til þess sérstakt leyfi ráðherra samkvæmt 10. gr. **30** 30. apríl

2. gr.

Ferðaskrifstofan kostar kapps um að styðja að því, að komið verði á gagnkvæmum erindum og upplýsingum milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpsstöðva, og á sú starfsemi að miða að því að auka þekkinguna á landinu sem víðast. Er Ríkisútvarpinu og Ferðaskrifstofunni skylt að hafa um þau efni sem nánasta samvinnu.

3. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum og útlendum, er þess óska, sé veittur hverskonar fararbeini.

Í þessu skyni gefur Ferðaskrifstofan út bæklinga og önnur upplýsingarit á ýmsum málum, eftir því sem við verður komið, og leitast við að koma þeim sem víðast fyrir almenningssjónir.

Nú semst svo um með Ferðaskrifstofu ríkisins og eigendum fyrirtækja, sem annast fyrirgreiðslu ferðamanna, svo sem gistihúsa, bifreiðafélaga, skipafélaga o. s. frv., að ákveðnar upplýsingar séu birtar í bæklingum þeim og ritum, sem skrifstofan gefur út, um starfsemi þeirra, og skal þá greitt fyrir það samkvæmt gjaldskrá, er Ferðaskrifstofan semur.

4. gr.

Forstöðu skrifstofunnar hefir á hendi forstjóri, sem skipaður er af ráðherra, og hefir hann umsjón með starfi skrifstofunnar í heild sinni samkvæmt lögum nr. 33, 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og reglugerð þessari. Við hlið forstjórans er upplýsingastjóri, sem skipaður er af ráðherra, og hefir hann sérstaklega með höndum fræðslu um landið samkvæmt fyrirmælum 1. gr., jafnframt því sem hann vinnur að öðrum málum skrifstofunnar í samráði við forstjórann.

Forstjóri og upplýsingastjóri semja árlega fjárhagsáætlun um starfsemi skrifstofunnar, og skal hún jafnan send ráðherra til athugunar og staðfestingar eigi síðar en fyrir áramót ár hvert.

30 30. apríl

5. gr.

Forstjóri ræður starfsfólk skrifstofunnar eftir því sem þörf krefur, en jafnan skal honum skylt að bera launakjör þess undir ráðherra.

II. KAFLI

Um gjaldskrá og eftirlit með gistihúsum, veitingahúsum o. fl.

6. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrá af gistihúsum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist Ferðaskrifstofunni einhver liður á gjaldskrá gistihúss, veitingahúss eða fólksflutningsbifreiða utan áætlunarferða ósanngjarn, og hefir þá skrifstofan heimild til þess að breyta honum. Þó skal henni jafnan skylt að bera slíkt mál undir nefnd, sem skipuð kann að vera samkvæmt fyrirmælum 7. gr.

7. gr.

Nú notfæra eigendur gistihúsa, veitingahúsa og leigubifreiða til fólksflutninga sér rétt sinn til nefndarskipunar samkv. 4. gr. laga um Ferðaskrifstofu ríkisins, og skal þá nefndin skipuð tveim mönnum tilnefndum af eigendum gistihúsa og veitingahúsa, tveim mönnum tilnefndum af eigendum leigubifreiða til fólksflutninga, en atvinnumálaráðherra tilnefnir fimmta manninn, sem er formaður nefndarinnar. Fulltrúi atvinnumálaráðherra í nefndinni kallar hana saman til funda og tekur þátt í öllum störfum hennar og annast bókun fundargerða, afgreiðslu fundarályktana til Ferðaskrifstofunnar o. s. frv.

Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um kosningu fulltrúa eigenda gistihúsa, veitingahúsa og leigubifreiða til mannflutninga í nefndina.

Nú vill Ferðaskrifstofan breyta einhverjum lið gjaldskrár veitingahúsa eða gistihúsa, og er henni þá skylt að bera tillögur sínar undir fulltrúa gistihúsa- og veitingahúsaeigenda í nefndinni, en undir fulltrúa leigubifreiðaeigenda, ef um er að ræða breytingar á gjaldskrá bifreiða.

8. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau.

9. gr. 30

Eigendum gistihúsa, er Ferðaskrifstofan sendir eyðublöð þar að lútandi, 30. apríl
er skylt að gefa Ferðaskrifstofunni mánaðarlega skýrslu um gesti, nöfn þeirra, þjóðerni og dvalartíma.

III. KAFLI

Um erlendar ferðaskrifstofur og umboðsmenn þeirra.

10. gr.

Ráðherra getur veitt erlendum ferðaskrifstofum, er áður hafa haft sérstaka umboðsmenn hér á landi, leyfi til þess að hafa hér umboðsmenn, er hafa með höndum fyrirgreiðslu ferðamanna fyrir þeirra hönd, með þeim takmörkunum, er hér greinir:

1. Umboðsmenn skulu hafa óflekkað mannorð og búnir þeirri þekkingu og persónulegum eiginleikum, er ráðherra telur nægja til þess, að starf þetta verði rekið sómasamlega. Skal jafnan leitað álits Ferðaskrifstofunnar um þetta atriði.
2. Umboðsmenn skulu skyldir að hafa sérstaka opna bækistöð í þeim húsakynnum, er Ferðaskrifstofan telur nægja, þegar um er að ræða móttöku fleiri ferðamanna en 100 í senn. Ferðaskrifstofunni er heimilt að mæla fyrir um, að móttökur ferðamanna skuli fara fram í húsakynnum, er hún leggur sjálf til, enda sé umboðsmönnum þá eigi skylt að greiða þóknun fyrir afnot húsakynnanna.
3. Umboðsmenn skulu hafa þá leiðsögumenn og túlka eina, er Ferðaskrifstofan hefir lagt samþykki sitt á að notaðir séu.
4. Umboðsmenn skulu jafnan senda mánaðarlegar skýrslur til Ferðaskrifstofunnar um þá ferðamenn, er þeir hafa veitt móttöku, samkvæmt þeim eyðublöðum, er Ferðaskrifstofan lætur þeim í té.
5. Umboðsmenn skulu tilkynna Ferðaskrifstofunni um þá samninga, er þeir kunna að gera við bifreiðaeigendur um flutning á ferðamönnum, og hefir Ferðaskrifstofan vald til þess að rifta þeim samningum, með samþykki ráðherra, og fyrirskipa, að leitað sé samninga við aðra ákveðna aðilja, ef henni virðist akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningsbifreiðastöðva.
6. Umboðsmönnum er ekki heimilt að annast móttöku annara ferðamanna en þeirra, sem hin erlenda skrifstofa, sem þeir eru umboðsmenn fyrir, sendir sérstaklega til þeirra.
7. Leyfi fyrir erlendar ferðaskrifstofur til þess að hafa umboðsmann samkvæmt þessari grein veitist aldrei lengur en til fimm ára í senn.
8. Nú hefir umboðsmaður fyrir erlenda ferðaskrifstofu brotið reglur þessar í verulegum atriðum eða reynzt, að dómi Ferðaskrifstofunnar, ekki fær um að vinna verk sitt, og hefir þá ráðherra heimild til þess að krefjast þess, að skipt sé um umboðsmann, eða svipta leyfinu ella.

30 30. apríl

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins nr. 33, 1. febr. 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

31 5. maí **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, **um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 4. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Áshreppi í Húnavatnssýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Áshrepps verði fluttur frá Hofi í Vatnsdal í samkomuhúsið í Ásbrekku, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

32 6. maí **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra að mandatum 6. maí 1936.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um nemanda héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði vetur 1934—1935, Högna Þorsteinsson frá Bessastöðum í Ytri-

Torfustaðahreppi í V.-Húnavatnssýslu. Stofnendur sjóðsins eru móðir hans, Þuríður Þorvaldsdóttir, og fósturmóðir hans, Kristín Bjarnadóttir, Bessastöðum í Ytri-Torfustaðahreppi í V.-Húnavatnssýslu. 32 6. maí

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn héraðsskólanum á Reykjum í Hrútafirði.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Bókasafnssjóður Högna Þorsteinssonar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er bókasafn Högna sál. Þorsteinssonar ásamt 1000 kr. — eitt þúsund krónum — í peningum.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða í sparisjóði V.-Húnavatnssýslu.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en ⅔ af vöxtum af fé sjóðsins skal varið til viðhalds og eflingar bókasafninu, til bókbands og bókakaupa, en ⅓ vaxta skal jafnan leggjast við höfuðstólinn. Fari svo, að bókasafninu hlotnist gjafir eða að sjóður þessi verði efldur á annan hátt, skal fé þetta jafnan lagt við höfuðstólinn.

Þegar nýjar bækur eru keyptar handa bókasafninu, skulu jafnan ganga fyrir kaup á þeim bókum, er fjalla um þau efni, er Högna sál. Þorsteinssyni voru hugleiknust, sem voru íslenzk málfræði og þjóðfræði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði og formaður skólanefndar skólans, en nemendur skólans skulu í október ár hvert, eins fljótt og því verður við komið, kjósa þriðja manninn í stjórn sjóðsins, annaðhvort úr sínum hópi eða einhvern kennara skólans, til eins árs í senn. Ber tveim fyrstnefndu stjórnendum sjóðsins að sjá um, að kosning þriðja stjórnarnefndarmanns fari fram.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að bókasafn sjóðsins verði jafnan geymt í sérstökum skáp eða skápum í bókhlöðu skólans, og að því verði haldið aðskildu

32 frá öðrum bókum eða bókasafni skólans. Skal sjóðstjórnin sjá um, að í okt-
6. maí óbermánuði ár hvert verði gerð sérstök ítarleg skrá yfir bókasafnið. Bækur bókasafnsins skulu stimplaðar með sérstökum stimpli, sem fylgir safninu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa sérstaka bók yfir fjáreignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðanda sjóðsins. Skal fjárhaldi sjóðsins haldið algerlega aðskildu frá fjárhaldi skólans. Ber sjóðstjórninni að gera sérstakan reikning fyrir sjóðinn í janúarmánuði ár hvert.

9. gr.

Endurskoðendur ársreiknings skólans skulu endurskoða reikninga sjóðsins, og ber stjórn sjóðsins að senda ársreikninga sjóðsins með ársreikningum skólans til endurskoðenda.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í skýrslu héraðsskólans ár hvert.

Stjórn sjóðsins og endurskoðendur vinna kauplaust.

10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, skrá yfir keyptar bækur ár hvert, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

11. gr.

Verði héraðsskólinn á Reykjum í Hrútafirði lagður niður eða að hann hættir algerlega störfum, skal kennslumálaráðuneytið ráðstafa bókasafninu og eignum þess, en leita skal áður álits fræðslumálastjóra og sýslunefndar V.-Húnavatnssýslu og sýslunefndar Strandasýslu um málið.

12. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

13. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

33
12. maí

um gjalddaga útsvara á Akureyri.

Gjalddagar útsvara til bæjarsjóðs Akureyrarkaupstaðar skulu vera tveir á árinu 1936, 14. maí og 1. september, og skal greiða helming útsvars í hvort skipti.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 59, 8. september 1931, um breytingu á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

34
11. júní

fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, annast vatnsveitunefnd. Skal hún skipuð þrem mönnum, heimilisföstum í Hrísey, og tilnefnir hreppsnefnd einn þeirra, en hinir tveir skulu kosnir á miðsvetrarfundi hreppsins ár hvert.

Vatnsveitunefndin annast um byggingu vatnsveitunnar, og kostnaður við nefndarstörfin færist á kostnaðarreikning vatnsveitunnar. Þegar byggingu vatnsveitunnar er lokið, skal vatnsveitunefnd gera fullnaðarreikninga yfir byggingarkostnað vatnsveitunnar og leggja þá undir endurskoðun til endurskoðenda sveitarreikninganna og síðan fyrir næsta miðsvetrarfund til samþykktar hreppsbúa. Nefndin annast um bókhald vatnsveitunnar og innheimtu vatnsskatts og fær fyrir það laun, er ákveðin skulu á miðsvetrarfundi ár hvert. Nefndin getur falið einum manni úr sínum flokki störf þessi, en bera skal hún ábyrgð á störfum þess manns í þágu vatnsveitunnar.

2. gr.

Af öllum húsum í kauptúninu, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í og standa á svæðinu frá Asíu og Selaklöpp og lægra en vatnsþróin, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu, ef fiskverkun eða síldarverkun fer þar fram, eða ef tvær eða fleiri kýr eru í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna að undanskildu virðingarverði lóðanna

34 11. júní

3. gr.

Húsum kauptúnsins skal skipt í flokka til skatts, sem hér segir:

I. fl. Öll hús, sem aðeins ein eða engin íbúð er í:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðs	3,45‰
— næstu 10000 kr. virðingarverðs	3,25—
— því, sem fram yfir er 20000 kr.	2,75—

II. fl. Hús, sem tvær íbúðir eru í eða fleiri:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðs	3,95‰
— næstu 10000 kr. virðingarverðs	3,65—
— því, sem fram yfir er 20000 kr.	3,25—

4. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisþarfir, skal gjaldið ákveðið með samningi við vatnsveitunefndina.

Enginn má setja hreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Fyrir vatn í síldar- og kjötpækil skal greiða í vatnsskatt 8 aura fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 20 aura fyrir hvert skippund. Fyrir hvern vatnshana utanhúss 4 krónur á ári. Vatnsveitunefnd er heimilt að setja vatnsmæla við síldar- eða fiskverkunarstöðvar, ef henni þykir ástæða til, og greiði þá stöðvareigandi 12 krónur á ári í mælisgjald og eina krónu fyrir hverja smálest vatns, sem fram yfir er venjulega notkun í tunnu síldar og kjöts eða á skippund.

6. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu 2 kr. fyrir smálest; þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en 6 kr. fyrir fiskiskip og 15 kr. fyrir öll önnur skip, enda hefir enginn leyfi til þess að selja vatn eða gefa til skipa, nema vatnsveitan sjálf. Afhendingarmanni vatns í skip skal greiða þóknun af tekjum vatnsveitunnar eftir ákvörðun vatnsveitunefndar og hreppsnefndar.

7. gr.

Ef vatnsæð er lögð að fjósi, sem ekki er metið til fasteignamats, þar sem tvær eða fleiri kýr eru, skal fjóseigandi greiða í vatnsskatt 4 kr. fyrir hverja kú á ári.

8. gr.

Allir, sem eiga hús, verkunarstöðvar, þar sem verkaður er fiskur eða síld, á svæðinu, sem um getur í 2. gr. reglugerðarinnar, skulu skyldir að greiða vatnsskatt án tillits til þess, hvort þeir nota vatn eða ekki, þó ekki fyrr en vatnsæð er lögð að húsum þeirra eða verkunarstöðvum.

9. gr.

Ef tekjur vatnsveitunnar hrökkva ekki fyrir gjöldum, getur vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd hækkað vatnsskattinn um allt að 20%.

10. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. október ár hvert.

Vatnsskatt má taka lögtaki. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

11. gr.

Hreppsnefnd og vatnsveitunefnd löggilda vatnsvirkjara, er þær telja hæfa, svo marga, er þeim þurfa þykir, til þess að leggja aukavatnsæðar, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar þorpsins, og skulu þeir skyldir að fara eftir reglum þeim, er vatnsveitunefnd setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau eða gera breytingar á vatnsæðunum.

12. gr.

Skylt skal hverjum húseiganda og hverjum þeim, er vatnsæð hefir, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

13. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjurum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

14. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan leggur til, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað sökum bilana eða annara ófyrirsjáanlegra forfalla.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, samkvæmt ákvæðum vatnalaga nr. 15 1923.

16. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

34 11. júní

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

35 12. júní

SAMÞYKKT

fyrir Fiskiræktarfélag Önfirðinga.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Önfirðinga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns félagsins.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma á laxveiði í svonefndum ós, vöðum og ám þeim, sem í þau falla, svo sem með klaki, friðun og eyðingu sels og annars veiðivargs, setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferðir, ef nauðsyn krefur, eftir því sem lög leyfa. Sömuleiðis að starfrækja sameiginlega veiði fyrir alla félagsmenn, ef aðalfundur samþykkir, að fengnu leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.

3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að greindum vötnum frá Selabóli að Holti að báðum þeim jörðum meðtöldum.

4. gr.

Félagið kaupir laxaseiði til uppeldis í vötnum sínum eða starfrækir laxaklak á þeim stað, sem félagsstjórnin velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við þessa starfsemi skal jafnað á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skal einn þeirra eiga heimili í Flateyrarhreppi og tveir í Mosvallahreppi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og ganga úr stjórninni einn í senn, fyrstu árin eftir hlutkesti. Sömuleiðis skulu kosnir tveir varamenn, annar úr Flateyrarhreppi, en hinn úr Mosvallahreppi.

6. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess

og fjárreiðum, boðar fundi og stýrir þeim. Verði félagsveiði, hefir stjórnin á hendi framkvæmd og umsjón hennar. 35 12. júní

7. gr.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Skal formaður boða hann skriflega eða milliliðalaust með þriggja daga fyrirvara. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar fundarins. Þar skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári. Skulu þar og kosnir tveir endurskoðendur reikninga. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema um breytingar á samþykki eða gjaldskrá eða félagsslit sé að ræða. Aðalfundur er lögmætur, ef ¼ félagsmanna mætir. Enginn má fara með nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

8. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnar og tilgreinir fundarefni.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Semja skal gjaldskrá, sem sýni hundraðshluta þann af stofnkostnaði, og árskostnaði, sem hver félagsmaður á að greiða samkv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61 frá 23. júní 1932. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja. Má aðeins breyta henni samkvæmt þeim ákvæðum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

11. gr.

Gjalddagi tillaganna er 1. október.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að tvö hundruð krónum, sem renna í félagssjóð. Ennfremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta, ef aðalfundur kveður svo á. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef tveir þriðju fundarmanna samþykkja það og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboðinu.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef tveir þriðju félagsmanna samþykkja það. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

35 12. júní

Samþykkt þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

36 12. júní

GJALDSKRÁ

fyrir Fiskræktarfélag Önfirðinga.

Selakirkjuból	1,	Flateyrarhreppi	.....	32	einingar
—	2,	—	.....	33	—
—	3,	—	.....	22	—
—	4,	—	.....	21	—
Breiðadalur	1,	—	.....	32	—
—	2,	—	.....	28	—
—	3,	—	.....	33	—
—	4,	—	.....	26	—
Breiðadalur fremri,		—	.....	35	—
Veðrará ytri		Mosvallahreppi	.....	46	—
— innri		—	.....	45	—
Tannanes 1 (efri bær)		—	.....	38	—
— 2 (neðri bær)		—	.....	29	—
Kirkjuból í Korpudal		—	.....	100	—
Kroppsstaðir		—	.....	50	—
Efstaból		—	.....	42	—
Efrihesthús		—	.....	42	—
Hafurshestur		—	.....	38	—
Neðrihesthús		—	.....	32	—
Tunga í Firði		—	.....	50	—
Hóll í Firði		—	.....	53	—
Vífilsmýrar 1 (yzti bær)		—	.....	35	—
— 2 (miðbær)		—	.....	35	—
— 3 (innsti bær)		—	.....	35	—
Betanía		—	.....	30	—
Mosvellir 1 (syðri bær)		—	.....	39	—
— 2 (nyrðri bær)		—	.....	38	—
Kirkjuból í Bjarnardal		—	.....	46	—
Tröð		—	.....	50	—

Vaðlar	Mosvallahreppi	70	einingar	36
Holt	—	91	—	12. júní

Samtals 1296 einingar

Aukafélagar greiði gjald sem svarar 20 — tuttugu — einingum hver.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 37 19. júní

fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps.

1. gr.

Rafveita Eskifjarðarhrepps selur rafmagn innan þess svæðis, sem taugar hennar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl hennar nægir, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps á hendi. Hún ræður stöðvarstjóra og framkvæmdastjóra og hefir eftirlit með störfum þeirra. Reikningar rafveitunnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, kosnum af hreppsnefnd til eins árs í senn. Reikningsár rafveitunnar skal vera það sama og hreppsins.

3. gr.

Rafmagnið er einkum ætlað til lýsingar. Þó má hreppsnefnd selja til annara afnota afl það, sem rafveitan hefir umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar rekstur hennar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími rafveitunnar til ljósa er frá 1. ágúst til 30. maí ár hvert, eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur.

5. gr.

Á þeim tíma, sem vélar rafveitunnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka strauminn af, að brýn nauðsyn beri til sökum viðgerðar eða annara tálmana, og skal þá jafnan hleypa straumnum á veituna eins fljótt og unnt er.

6. gr.

Hver sá, er óskar að fá nýja raflögn til notkunar eða láta breyta eldri lögn, skal senda um það skriflega beiðni til framkvæmdastjóra rafveitunnar, með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið afl hann vill fá til ljósa eða annarar notkunar. Framkvæmdarstjóri leitar álits stöðvarstjóra um umsóknina og leggur hana síðan fyrir hreppsnefnd, sem ákveður, hvort raflögnin eða breytingin skuli leyfð eða ekki. Framkvæmdastjóri tilkynnir umsækjanda úrskurð hreppsnefndar ekki síðar en þrem vikum eftir að umsóknin kom honum í hendur. Áður en byrjað er á verkinu, skal umsækjandi skuldbinda sig til að fylgja fyrirmælum þessarar reglugerðar og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða. Beiðni um rafmagn skal vera bindandi að minnsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þó eigi verið sagt upp með mánaðar fyrirvara skoðast rafmagnsbeiðnin gildandi fyrir næsta ár.

7. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmum allt að 35 m. Það, sem fram yfir er, kostar húseigandi. Séu sérstakir örðugleikar við lagningu húsálmu, getur rafveitan krafizt endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því leiðir, en ef svo stendur á, skal gera hlutaðeiganda aðvart um það fyrirfram. Raflagnir á bryggjur og aðra staði, þar sem þeim er hætt við skemmdum, verða eigi lagðar nema á kostnað hlutaðeigenda.

8. gr.

Rafveitan leggur til mæla, hemla og vör utanhúss án sérstakrar leigu. Skylt er hverjum húseiganda að leggja til kassa utan um mæla eða hemla, sé þess krafizt af hreppsnefnd. Sér framkvæmdastjóri um smíði á þeim. Ekki ber rafveitunni skylda til að setja upp mæla í sjóhúsum og útihúsum og ekki fyrir íbúð fyrir minna en 10 watta ljósnotkun. Þar sem því verður við komið að dómi rafvirkja, skal tengja raftaugar sjóhúsa og útihúsa straummælum tilheyrandi íbúðarhúsa. Skylt er rafveitunni að rannsaka á sinn kostnað á tveggja ára fresti, hvort mælar séu réttir. Nú krefst ljósnotandi eða húseigandi innan þess tíma, að mælir hans sé prófaður, án þess þó að framkvæmdastjóri eða löggiltur rafvirki telji þess þörf; skal mælirinn þá að vísu reyndur, en á kostnað þess, er beiðzt hefir, nema beiðni hans reynist á rökum byggð við rannsókn málsins.

9. gr.

Innanhústaugar, lampa og önnur áhöld, sem setja á í samband við rafveituna, skal setja upp á kostnað hlutaðeigenda af löggiltum rafvirkjum, sem hreppsnefnd skipar til þess; engir aðrir mega fást við slík störf. Nýjar raflagnir og eldri lagnir, sem breytt hefir verið eða gert við, má ekki taka í notkun fyrr en þeir menn, sem hreppsnefnd hefir falið umsjón með raflögnum, hafa skoðað þær og vottað, að þær séu fullnægjandi.

10. gr.

Enginn má aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum eða truflunum á raftaugum eða öðrum tækjum rafveitunnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Enginn má heldur hafa orku úr taugum rafveitunnar, nema hafa fengið leyfi hreppsnefndar. Brjóti nokkur gegn ákvæðum þessum, skal hann greiða fullar skaðabætur samkvæmt dómi óvilhallra manna, sem sýslumaður Suður-Múlasýslu útnefnir.

11. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber skylda til þess að sjá um það eftir mætti, að rafmagnstæki hans séu í góðu lagi. Komi ólag á þau, skal hann tafarlaust tilkynna framkvæmdarstjóra það. Verði rafmagn notað til hita eða suðu, ber að gæta þess, að eldhætta stafi ekki af áhöldunum.

12. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna áhöld, sem að áliti stöðvarstjóra eða rafvirkja eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri rafveitunnar.

13. gr.

Rafveitan áskilur sér einkasölu á öllum áhöldum og efni, sem notað er í sambandi við rafveituna.

14. gr.

Stöðvarstjóri, framkvæmdastjóri og rafvirkjar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang að raflögnum og áhöldum, sem eru í sambandi við rafveituna, til þess að rannsaka, að allt sé í góðu lagi.

15. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari, eða virðir að vettugi fyrirskipanir hreppsnefndar, skal framkvæmdastjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu, sé brýn ástæða til. Notandi ber fulla ábyrgð á afleiðingunum, sem af vanrækslu hans kunna að stafa.

16. gr.

Hreppsnefnd semur gjaldskrá yfir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

17. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar, skal leita úrskurðar lögreglustjóra.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

37
19. júní

19. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps frá 1925 og viðauki við sömu reglugerð frá 20. apríl 1929.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

38
19. júní

GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps.

1. gr.

I. Um mæli: kr. 0,70 fyrir hverja kílówattstund.

II. Án mælis: fyrir hvert watt greiðist yfir ljósárið:

1. Í íbúðarhúsum	50	aurar
2. Á bátabryggjum, geymslu-, sjó-, og útihúsum	20	—
3. Á hafskipabryggjum	30	—

2. gr.

Rafmagnsgjöld eftir mæli ber að greiða, þegar þau verða krafin. Rafmagnsgjöld án mælis skal greiða fyrir 1. okt. hvert ár fyrir það ljósár, sem þá er byrjað.

3. gr.

Hafi gjaldið ekki verið greitt hálfum mánuði eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeiganda, enda hafi honum verið tilkynnt það skriflega. Gjaldið má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsveitu Eskifjarðarhrepps frá 8. apríl 1925.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, **um flutning þingstaðar.** 39 22. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 25. maí þ. á., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellshreppi í Norður-Múlasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Fellahrepps verði fluttur frá Birnufelli í fundahús hreppsins að Rauðalæk, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, **um flutning þingstaðar.** 40 23. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 16. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Austur-Eyjafjallahrepps verði fluttur frá Rauðafelli að Hrútafelli, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til að hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 70, 15. maí 1935, um gerð og búnað almenningsbifreiða. 41 24. júní

1. gr.

Í staðinn fyrir orðið „rúðum“ í 2. lið 1. málsgreinar 2. gr. reglugerðarinnar komi: sem flestar hliðarrúður.

Orðin „en ella aftarlega í hægri hlið“ í 2. málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar falli burt.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í hverri bifreið skal vera slökkvitæki af þeirri gerð og stærð, er bifreiðaeftirlitið ákveður, og skal slökkvitækinu komið fyrir á þeim stað í vagninum, sem bifreiðaeftirlitið leggur fyrir og þar sem bifreiðarstjóri nær greiðlega til tækisins.

41 24. júní

Í farþegabyrginu, þar sem bifreiðaeftirlitið ákveður, skal fest upp öxi í slíðrum, sem fljótt má grípa til, hentug til að höggva gat á byrgið eða brjóta rúðurnar, ef slys vill til. Öxin og slíðrin skulu vera af þeirri gerð, sem bifreiðaeftirlitið ákveður.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 62, 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

42 8. júlí

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarhrepp, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar:

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir Ólafsfjarðarhrepp, og skal ákvæðum hennar beitt að fullu í Ólafsfjarðarkauptúni, en utan kauptúnsins að svo miklu leyti, sem við verður komið.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa lögreglustjóri, og sé hann formaður, héraðslæknir og einn maður, kosinn á almennum hreppsfundi til þriggja ára í senn. Nefndin kýs sér ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þegar honum þykir þörf á, eða einhver nefndarmanna óskar þess. Auk þess sér hann um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt.

Fundir séu haldnir ekki sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust.

Almenn ákvæði. 42

8. júlí

4. gr.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka allt það, er um ræðir í þessari samþykkt eða þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða í einstakra manna eign. — Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, sem samþykktin nær yfir, og er heimilt að skipta því starfi milli nefndarmanna. Heilbrigðisnefndin skal færa inn í sérstaka bók allt það, sem hún finnur aðfinnsluvert, og hún skal skriflega skipa þeim, sem í hlut eiga, fyrir um það, hvað gera skuli til umbóta.

5. gr.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlega einhverja þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr hreppssjóði, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fé sé veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis hreppsnefndarinnar, ef brýn nauðsyn ber til, að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem ef farsótt kemur upp í kauptúninu. Neiti hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, er heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, sem ræður úrslitum.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, sem í húsinu býr, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til eignarinnar, sem annars hvíla á húseiganda.

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki safnist fyrir óhreinindi á opnum svæðum eða óbyggðum lóðum. Í fjöruna eða á almannafæri má enginn fleygja frá sér slori, hræjum, rusli né öðru því, er valdið getur óhreinindum og óhollustu.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að götu eða torgi, má ekki hengja fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur. Ekki má heldur hafa fisktrönur við götu eða á almannafæri.

8. gr.

Öllum portum og annari óbyggðri lóð umhverfis hús skal halda hreinum, og er það á ábyrgð lóðarhafa, að þess sé gætt.

9. gr.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns. Geri hann það, skal hann vera skyldur að flytja óhreinindin aftur burtu tafarlaust.

42 10. gr.

8. júlí Á hverju vori, í maí eða júní, skal heilbrigðisnefndin láta fara fram hreinsun á öllum göturæsum, opinberum lóðum og opnum svæðum, sem almenningur hefir not af. Kostnaðurinn greiðist úr sveitarsjóði. Þá skulu og allir húsráðendur láta hreinsa öll óhreinindi af lóðum sínum. Vanræki einhver þessa hreinsun, er heilbrigðisnefnd heimilt að láta framkvæma verkið á kostnað lóðarhafa. Kostnað, sem af því leiðir, má taka lögtaki hjá lóðarhafa.

Götur kauptúnsins og ræsi skal hreinsa á kostnað hreppsins svo oft, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Um fráræslu.

11. gr.

Þar í kauptúninu, sem ekki næst til sameiginlegrar skolpveitu fram í sjó, og á meðan það er ekki, er heimilt að veita eldhúss- og þvottaskolpi í lokaðar gryfjur, eins og verið hefir, enda séu þær hæfilega langt frá húsi, viðunanlega gerðar að dómi heilbrigðisnefndar og þær hreinsaðar eftir þörfum.

12. gr.

Ef skolpveita er gerð á opinberan kostnað eða á kostnað einstakra manna, skulu þeir, sem hús eiga nærri veitunni, skyldir að gera skolpræsi, hver frá sínu húsi, út í þá veitu, og skulu þau ræsi ekki miður gerð en aðalveitan.

13. gr.

Skyldir skulu eigendur blautfisks- og lýsisbræðsluhúsa að gera ræsi frá húsum þessum í sjó fram, ef heilbrigðisnefnd álítur þess þörf.

Um vatnsból.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með vatnsveitu kauptúnsins og þeim viðbótum, sem við hana kunna að verða gerðar. Skal hún sjá um, að þróin sé hreinsuð nægilega og varin fyrir ágangi. — Vatn, sem tekið er til fiskþvottar, má ekki taka nema úr vatnsveitu kauptúnsins eða öðru því vatnsbóli, sem heilbrigðisnefnd tekur gilt.

Um íbúðarhús.

15. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unnt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn í hverju herbergi.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstað sé íbúðarherbergi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin telur ámælisvert, eða íbúunum hætta búin af því.

17. gr.

Sé íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættu fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina. Skal nefndin þá tilkynna húsráðanda bannið skriflega og færa rök fyrir. Skal fólk þá flytja úr húsinu innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi, sé húsið ekki bætt á þeim tíma, svo að heilbrigðisnefnd líki. Heimilt er húseiganda þó, innan 8 daga, að skjóta skipun nefndarinnar til hreppsnefndar, sem þá leggur úrskurð á málið í samráði við héraðslækni svo fljótt, sem unnt er.

18. gr.

Kjallara má ekki nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Undir íbúðarhúsum má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi nokkurn tíma í þeim.

Um peningshús, hauga og safngryfjur.

19. gr.

Eigi má án leyfis heilbrigðisnefndar hafa stórgripi, sauðfé eða geitfé í íbúðarhúsum manna eða byggingum áföstum við íbúðarhús.

20. gr.

Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir um, hvar peningshús, haughús, haugstæði eða forir megi vera, og má enginn gera þau af nýju, nema hann hafi fengið samþykki heilbrigðisnefndar til þess og hliti fyrirmælum hennar um frágang og tilhögun. Peningshús og haugstæði, sem eru eldri en þessi samþykkt, getur heilbrigðisnefnd heimtað að séu lögð niður, færð úr stað eða breytt, ef hún telur af þeim óþrifnað.

Um salerni.

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja salerni eitt eða fleiri eftir stærð hússins og fjölda íbúða. Salerni skal þannig gert, að gólfið sé steinsteypt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum, og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga, vel vatnsheldan, og nái hann fast upp að setu. Setuumbúnaðurinn skal vera laus og allt þannig útbúið, að sem auðveldast sé að þvo og sótthreinsa salernið. Hafa má salernið innan húss í sérstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum og það er hreinsað daglega.

22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera hreint og saurílátin tæmd áður en þau fyllast.

23. gr.

Hreppsnefndin getur látið hreinsa salerni í hreppnum gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Kostnað, sem af þessu leiðir, má taka lögtaki hjá húseiganda.

42 8. júlí

24. gr.

Heilbrigðisnefnd skal segja til um það, hvar megi láta saur úr salernum.

25. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau eru illa gerð eða óþrifleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húsráðendum, að þeir geri ný salerni samkv. 21. gr. Heimilt er heilbrigðisnefnd að láta byggja salerni til almenningsnota eitt eða fleiri. Kostnað við byggingu þeirra og hirðingu skal greiða úr sveitarsjóði.

Um sorp og önnur óhreinindi.

26. gr.

Hverju húsi skal fylgja sorpkista, sem heilbrigðisnefnd álítur viðunanlega. Skal í hana safna allri ösku og sorpi, sem til fellur frá húsinu, og það flutt út í sjó, eða á annan þann stað, sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Sé misbrestur á, að þessu sé hlýtt, má heilbrigðisnefnd láta útbúa sorpkassa, safna í þá og láta sorpið burt á kostnað húseiganda.

27. gr.

Nú álítur hreppsnefnd heppilegra, að sérstakur maður sé ráðinn til að hreinsa sorp í bænum, og er henni það þá heimilt á kostnað húseiganda og leigjenda.

28. gr.

Það er skylda sjómanna að flytja allt slor og allan fiskúrgang, sem ekki er safnað í gryfjur með ráði heilbrigðisnefndar eða hagnýtt á annan hátt samdægurs svo langt út á sjó, að það berist ekki aftur upp í fjöruna.

29. gr.

Þegar lóðir eru stokkaðar upp eða beitt, skal öllu rusli af lóðunum og beituúrgangi safnað saman í ílát og það flutt burtu jafnóðum með slorinu.

Formenn og bátaeigendur bera ábyrgð á, að ákvæðum þessarar greinar sé hlýtt.

30. gr.

Til frekari tryggingar ákvæðum 29. gr., skal kjósa á hreppsfundi 2 menn eða fleiri, ef þurfa þykir, sem hafi ásamt heilbrigðisnefnd og bryggjuformanni eftirlit með hreinlæti kringum bryggju og fiskpalla yfir vertíðina. Geri þeir heilbrigðisnefnd aðvart um, ef einhverjir kynnu að brjóta í bág við þessi ákvæði eða önnur þar að lútandi.

31. gr.

Öll fiskverkun og verkun á fiskúrgangi skal fara fram á þeim svæðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður til þess.

32. gr. 42

Á kaupstaðarlóðinni eða í nágrenni við hana má ekki reka neinn þann iðn- 8. júlí
að, sem óhollusta fylgir, óþefur eða óþrifnaður, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til þess. Skal allur iðnaður, þar með talinn fiskverkun og annað því líkt, háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum, að því er hreinlæti snertir bæði utan húss og innan.

33. gr.

Verksmiðjur, ef reistar kunna að verða, og vinnustofur, þar með talin fiskverkunar- og beitingarhús, skulu háð eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum, að verkafólki sé þar ekki hætta búin af illri aðbúð. Séð skal fyrir nægilegu loftrúmi og loftræstingu. Nægileg upphitun skal vera í öllum vinnustofum, og nær það ákvæði einnig til beitingarhúsa, sem unnið er í að vetrarlagi.

Um samkomuhús og sölubúðir.

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum og sölubúðum í kauptúninu og sjá um, að slíkir staðir séu hreinsaðir svo oft, sem hún álítur þess þörf, og af þeim, sem hún álítur til þess færa. Skulu þessi hús þvegin hátt og lágt að minnsta kosti einu sinni á ári og gólf í þeim hvern þann dag, sem notuð eru.

35. gr.

Í verzlunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til almennra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, og séu þeir vandlega hreinsaðir í hvert sinn, sem húsið er notað.

36. gr.

Hverju samkomuhúsi skulu fylgja salerni svo mörg og stór, sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt, og þannig útbúin og hirt, sem nefndin mælir fyrir um.

Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun samkomuhúss, þar til fyrirskipunum hennar um þetta er fullnægt.

Um skóla.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða eða láta skoða öll skólahús í sveitinni, hvort heldur eru í opinberri eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári.

38. gr.

Hver sá, er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna það, og hvar hann ætlar að kenna.

39. gr.

Hver kennslustofa skal vera svo stór, samanborið við nemendafjölda, sem héraðslæknir álítur viðunandi. Allir gluggar skulu vera á hjörum, sé ekki önnur loftræsting. Gólf skulu þvegin daglega, en ekki sópuð.

42 8. júlí

40. gr.

Ef nemandi eða kennari hefir berklaveiki eða annan næman sjúkdóm og læknir álítur, að um smithættu sé að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að nemandi eða kennari komi í skólann, þar til smithættan að dómi læknis er um garð gengin.

Um matvæli.

41. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki sé höfð á boðstólum matvara, sem sé svikin, skemmd eða skaðleg fyrir heilsu manna. Skal henni heimilt að kaupa sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til að skemmd sé eða svikin, og láta rannsaka hana á kostnað sveitarsjóðs.

42. gr.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn héraðslæknis eða annara manna, sem vit hafa á, að einhver matvara er skemmd eða skaðleg, og skal þá eyðileggja vöruna eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, sem vöruna hefir á boðstólum.

43. gr.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má ekki selja til manneldis.

44. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaður virðist óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er á sölustaðnum og hætt er við, að salan greiði sjúkdómnum götu.

Um slátrun.

45. gr.

Skepnum má ekki slátra við götu eða á almannafæri, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar. Þegar slátrun er lokið, skal þrifað til á blóðvelli og flytja allt burt, sem til óþrifnaðar er.

Sullum skal safna í sérstakt ílát og brenna.

Hundar mega ekki koma nálægt slátrun.

46. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi fengið til þess skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar, og verður hann að fullnægja þeim ákvæðum um þrifnað og tilhögun, sem hún setur.

Hreppsnefnd er heimilt að banna sölu á kjöti, nema stimplað sé af manni, sem hefir vottorð dýralæknis um, að hann sé fær um að framkvæma kjötskoðun.

Um hundahald.

47. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hlutast til um, að hundar séu ekki hafðir að óþörfu og að þeir séu hreinsaðir reglulega. Heimilt er heilbrigðisnefnd að láta lóga gömlum hundum, sem bandormar finnast í, ef sýnilegt þykir, að þeir verði ekki gerðir hættulausir á annan hátt.

Um mjólkursölu.

48. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu, eða ástæða er til að halda eða vissa fyrir, að kýrnar séu veikar.

Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólk eða hafa með höndum þá mjólk, sem selja skal.

49. gr.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu, ef óþriflega er farið með mjólkina eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast, að mjólkin óhreinkist.

Um brauðgerðarhús.

50. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á brauðgerðarhúsum í kauptúninu, og eru bakarar skyldir að hlýða fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir.

Enginn má reisa brauðgerðarhús eða byrja bakaraiðn í eldra húsi nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, og skal hann hlýða fyrirmælum hennar um alla tilhögun.

Tóbaksnautn er bönnuð í brauðgerðarhúsum, og enginn má sofa í stofum, sem notaðar eru til brauðgerðar.

51. gr.

Bakarar skulu hafa hvítar yfirhafnir yztar klæða, sem ávallt séu hreinar. Þeir skulu og þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til starfa. Deig má ekki hnoða með fótum.

52. gr.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem hafa lungnatæringu eða annan næman sjúkdóm eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Bakarar og afgreiðslufólk í brauðbúðum skulu í byrjun hvers árs láta heilbrigðisnefnd í té heilbrigðisvottorð frá lækni. Auk þess getur nefndin krafizt slíks vottorðs, ef henni þykir ástæða til.

42
8. júlí

Um næma sjúkdóma.

53. gr.

Komi hættuleg farsótt upp í hreppnum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv. en í samþ. þessari felast.

Um kirkjugarða.

54. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæði sé þurrkað með lokræsum, ef það er svo rakt, að vatn komi nokkru sinni upp í grafirnar.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en bilið sé 100 m. Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sé ofan á kistu.

Um sektir.

55. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá skipun, sem heilbrigðisnefnd gefur samkvæmt henni, þá varðar það sektum, allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, sem vanrækt hefir verið, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnað þann, sem af því leiðir til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 8. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

43
13. júlí

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Patrekshrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Patrekshrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Patrekshreppi er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum í kauptúninu (hreppnum):

1. Lóðum og mannvirkjum verzlunar Aðalsteins P. Ólafssonar, Geirseyri, nú eign Útvegsbanka Íslands hf. Reykjavík. 43 13. júlí
2. Lóðarspildu Jóns E. Bjarnasonar, Geirseyri.
3. Lóðarspildu Péturs A. Ólafssonar, Geirseyri.
4. Lóðarspildu Friðriks Á. Þórðarsonar, Geirseyri.
5. Lóðarspildu sama manns, svonefnt Móakotstún, Geirseyri.
6. Lóðarspildu Kaupfélags Rauðsendinga, Geirseyri.
7. Lóðarspildu Árna Helgasonar læknis, svonefnt Stekkatún.
8. Ennfremur öllum lóðum, sem landeigendur kynnu að vilja selja úr löndum sínum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING 44 13. júlí

um ýms ákvæði, er snerta starfshögun á farþegaskipum á alþjóðasiglingaleiðum.

Samkvæmt lögum nr. 93, frá 3. maí 1935, um eftirlit með skipum eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um starfshögun á farþegaskipum á alþjóðasiglingaleiðum.

1. gr.

Áður en skip lætur úr höfn skal loka öllum landgönguhliðum, farm- og kolahliðum og ennfremur öllum vatnsheldum hurðum, öðrum en að ásgöngum.

Vatnsheldar hurðir í skiljum má ekki opna á ferð skipsins, nema brýn nauðsyn sé á eða þegar verið er við æfingar, en eftir hverja æfingu skal loka þeim.

Ef í aðal-þverskipsskiljum skipsins eru aðrar vatnsheldar hurðir en fyrir ásgöngum í þeirri hæð, að neðri brún þeirra sé undir dýpstu hólfunarhleðslulínu, og þannig gerðar, að þeim verði lokað samtímis frá stjórnpalli, þá skal, áður en þeim er lokað á þennan hátt, gefið hljóðmerki, sem allir þekkja.

2. gr.

Ef neðri brún á ljóra, sem er milli þilfara, er undir línu, sem dregin er með súðinni jafnhliða skiljuþilfari, þannig, að lægsti punktur hennar er 1,37

44 m að viðbættum 2½ af hundraði af breidd skipsins fyrir ofan hleðslulínu
13. júlí þess, skal loka öllum þessum ljórum vatnshelt og tryggilega, áður en skipið lætur úr höfn, og má ekki opna þá á leiðinni.

Þeim ljórum og ljórahlerum, sem ekki eru aðgengir á ferðum skipsins, skal loka tryggilega áður en farið er af stað. Lausir ljórahlerar, sem hafðir eru fyrir ljórum undir skiljuþilfari, skulu, séu þeir teknir frá ljórunum, geymdir hver við sinn ljóra.

Vatnsheld lok fyrir ösku- og sorppípum, sem hafa afrás undir vatnsborði, skal hafa aftur, þegar ekki er verið að nota pípurnar.

3. gr.

Þegar skip er á ferð, skal vikulega halda æfingu í meðferð vatnsheldra hurða, ljóra, loka og meðferð á lokunartækjum fráræsa, ösku- og sorppípna.

Sé skip lengur en eina viku í ferð milli hafna, skal fara fram fullkomin æfing áður en skipið leggur úr höfn og svo eftir það einu sinni í viku, meðan ferðin stendur yfir. Þó skulu allar vatnsheldar hurðir, sem nauðsynlega þarf að nota á ferðinni, athugaðar daglega.

Þær vatnsheldu hurðir, þar með talin lokunar- og tilvísunartæki, sem þurfa að vera lokaðar, til þess að hólf sé vatnshelt, skulu skoðaðar reglulega, að minnsta kosti einu sinni á viku.

4. gr.

Þess skal getið í leiðarbók skipsins, hvenær opum þeim, sem um er getið í 1. gr. og 1. og 2. lið 2. gr. þessarar auglýsingar, var lokað eða þau opnuð. Þess skal einnig getið í leiðarbókinni, hvenær skoðanir þær og æfingar, sem fyrirskipaðar eru, hafi farið fram og hvaða ágallar hafi komið í ljós.

5. gr.

Áður en skip lætur úr höfn, skal allri skipshöfninni gefin fyrirskipun um það, hvaða starf hverjum manni er ætlað að inna af hendi, þegar gefin eru ákveðin merki. Þessi fyrirskipun er gefin með starfsskrá, og skal í henni tekið fram, hvar hverjum af skipshöfninni er ætlaður staður og starf, að því er tekur til:

a) lokunar á vatnsheldum hurðum og lokum o. s. frv.,
b) útbúnaðar báta, bjargfleka og bjargtækja almennt,
c) að setja báta, sem eru undir bátsuglum, á flot,
d) að gera aðra báta, bjargfleka og fleytitæki yfirleitt tilbúin,
e) að safna saman farþegum,
f) að slökkva eld.

Starfskráin tiltekur einnig, hvert starf sé ætlað veitingafólkinu, ef slys ber að höndum, að því er að farþegum lýtur, og þá sérstaklega:

a) að gera farþegum aðvart,
b) að sjá um, að þeir klæðist og færi sig vandlega í bjargbeltið,
c) að safna þeim saman á tiltekinn stað og

d) að halda uppi reglu á göngum og í stigum og stjórna almennt umferð farþeganna. 44 13. júlí

Starfskráin skal tilgreina þau sérstöku viðvörunarmerki, er kalla alla skipshöfnina á sinn stað við bátana, eða er bruna ber að höndum. Auk þess skal hún hafa að geyma nákvæma lýsingu á þessum merkjum.

Í klefum farþega og öðrum vistarverum þeirra skulu vera spjöld með skýringum á ýmsum tungumálum á öllum þeim merkjum, er farþega varða. Aðvörunarmerki það, er kallar farþega á tiltekna staði, skal vera 7 stutt hljóðmerki og síðan eitt langt. Til viðbótar við þessi hljóðmerki skal á öllum skipum, sem ekki eru í stuttum ferðum á alþjóðasiglingaleiðum, koma hljóðmerki frá rafknúnu tæki, sem heyrist um allt skipið, og skal því stjórnað frá stjórnpalli.

6. gr.

Allir bátar eða bjargflekar skulu vera undir stjórn stýrimanns eða ræðara með ræðaraskírteini. Ennfremur skal tilnefna mann til vara til að stjórna hverjum bát. Sá maður, sem hefir á hendi stjórn báts, skal hafa skrá yfir áhöfnina og ganga úr skugga um það, að þeir menn, sem undir hann eru gefnir, viti, hvar þeim er ætlaður staður, og kunni vel til vinnu sinnar.

Á hverjum mótorbát skal vera maður, sem kann að fara með vélina, og á hverjum vélbát, sem er með loftskeytatækjum og leiðarljósum, skal vera maður, sem kann með þau tæki að fara.

Einum eða fleiri af stýrimönnum skal ætlaður sá starfi að gæta þess, að bátarnir, bjargflekarnir, fleytitækin og önnur bjargtæki séu alltaf tilbúin, ef til þarf að taka.

7. gr.

Þegar því verður við komið, skal hafa bátaæfingar vikulega, og á skipum, sem eru meira en viku í ferð, skal hafa þessar æfingar, áður en skipið leggur úr höfn. Geta skal þess í leiðarbókinni, hvenær þessar æfingar hafi farið fram, og líði svo vika, að ekki sé höfð slík æfing, skal í leiðarbókinni geta orsaka þess, að hún féll niður.

Standi ferð skipsins lengur yfir en í eina viku, skal snemma á ferðinni hafa æfingu með farþegunum.

Þegar hafðar eru bátaæfingar, skal á víxl nota þær tegundir báta, sem til eru. Æfingar og eftirlit skal fara fram með þeim hætti, að skipshöfnin fái fullkomna þekkingu á störfunum, sem henni er ætlað að inna af hendi, og leikni í þeim, og að öll bjargtæki skipsins með búnaði þeirra séu alltaf tiltæk, hvenær sem til þeirra þarf að grípa.

8. gr.

Skipa skal fullnægjandi brunavörzlu, svo að eldsuppkomu verði vart, eins fljótt og unnt er.

Áður en skip lætur úr höfn, skal gæta þess, að brunatækin séu tilbúin til notkunar. Halda skal brunaæfingu, þegar skipið er í förum, að minnsta kosti í annari hvorri viku, og skal þess getið í leiðarbókinni.

44
13. júlí

9. gr.

Í skipum, sem ekki halda leiðarbók, skulu greinargerðir þær, sem í hana átti að rita samkvæmt auglýsingu þessari, skráðar í eftirlitsbók skipsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

45
14. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 9. ágúst 1920.

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 11. gr. reglugerðarinnar:

„Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allt að ¼ hluti fjallskilakostnaðar skuli greiðast í peningum, og ber að jafna því gjaldi sem jafnast á menn eftir tiltölu“ komi: Öll þau fjallskil, sem ekki eru leyst af hendi með vinnu, greiðist í peningum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

46
14. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um eyðingu refa í Borgarfjarðarsýslu frá 8. júlí 1928.

1. gr.

Á eftir 7. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verði 8. gr., svo hljóðandi:

Þeim skotmanni, er sama vor vinnur átta fullorðin dýr, greiði sýslunefnd 100 kr. fyrir dugnað hans. Verðlaunin greiðast úr sýslusjóði, enda sanni skotmaður fyrir oddvita sýslunefndar með vottorði refaeyðingarstjóra, að hann hafi unnið dýrin.

46
13. júlí

2. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist samkvæmt þessu.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

47
14. júlí

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði frá 7. ágúst 1930.

1. gr.

Í stað orðanna „31. ágúst“ í 2. gr. samþykktarinnar komi: 15. september.
Í sömu grein falli niður málsgreinin:
„En á sama tíma má halda þeim opnum á föstudögum til kl. 9 síðdegis.“

2. gr.

Á eftir orðunum „fridag verzlunarmanna á Ísafirði“ í 3. grein samþykktarinnar sé bætt inn orðunum: sem vera skal fyrsti mánudagur í ágúst.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

48
14. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8. ágúst 1921.

1. gr.

28. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal láta hirða í byggðarsafnsréttum í Holtum og á Landi allt óskilafé úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá og sjá um, að það komist í fyrstu byggðarsafnsrétt Rangárvallahrepps daginn eftir.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefir hins sama að gæta í byggðarsafnsrétt Austur-Eyjafjallahrepps með óskilafé úr þeim hreppum sýslunnar, sem liggja fyrir utan Markarfljót, og sömuleiðis í byggðarsafnsréttum í Austur-Landeyjum um óskilafé úr Austur-Eyjafjallahreppi.

Hreppsnefndin í Fljótshlíðarhreppi skal og í byggðarsafnsréttum á Rangárvöllum og í Hvolhreppi láta hirða allt fé úr Eyjafjallahreppunum og Austur-Landeyjahreppi.

Óskilafé úr sömu hreppum, sem fyrir kemur í byggðarsafnsrétt í Vestur-Landeyjahreppi, skal hreppsnefndin í Austur-Landeyjahreppi hirða láta. Ennfremur skal hin sama hreppsnefnd hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi um óskilafé úr hreppum sýslunnar utan og ofan Affalls.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skal síðan hirða allt fé úr hreppunum ofan og utan Þverár, sem fyrir kemur í Austur-Landeyjaréttum.

Að öðru leyti mega tveir hreppar leggja saman til að senda í byggðarsafnsréttir í þeim hreppum, sem engan afrétt eiga.

Bakkabæjamenn reki óskilafé til skilaréttar í Vestur-Landeyjahreppi.

Ómerkinga, sem koma fyrir í heimalöndum Bakkabæinga og ekki finnast mæður að, skulu þeir reka til Rangárvallaréttar.

2. gr.

Aftan við 51. gr. reglugerðarinnar bætist:

Skotmaður skal hirða vel um unna yrðlinga og selja þá, en sveitarsjóður á rétt á að fá greitt helming þess, er fæst fyrir þá.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1936 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

49

15. júlí

um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

1. gr.

Matvæli eða neyzluvörur eru samkvæmt reglugerð þessari hverskonar vörur, sem ætlaðar eru mönnum til neyzlu sem matur eða drykkur, samkv. nánari skilgreiningu 2. greinar laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, en nauðsynjavörur, aðrar en matvæli og neyzluvörur, eru hverskonar áhöld og efni, sem notuð eru við tilbúning og dreifingu, þ. e. umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á matvælum og neyzluvörum, ennfremur hreinlætis- og snyrtivörur, klæðnaður og efni í klæðnað, húsgögn og húsbúnaður, eldiviður og ljósmeti, lækningaáhöld og hjúkrunarvörur, leikföng og annað, er ráðherra kann nánar til að taka með auglýsingum, allt samkvæmt nánari skilgreiningu 3. greinar hinna tilvitnuðu laga og öðrum ákvæðum þeirra.

2. gr.

Tilbúningur og dreifing á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar og annara reglugerða um einstakar vörutegundir, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, að svo miklu leyti, sem ekki eru í gildi strangari eða ítarlegri fyrirmæli í sérstökum lögum.

3. gr.

Matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem hittast kunna á stað eða í húsakynnum tilheyrandi verzlun, sem slíkar vörur selur eða hefir á boðstólum, skulu teljast vera hafðar þar á boðstólum, nema annað sé sannað.

4. gr.

Matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem samkv. gildandi lögum og reglugerðum eða auglýsingu ráðherra eða að öðru leyti vitanlega eru hættulegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær eru notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, má ekki búa til í því skyni að hafa þær á boðstólum eða dreifa manna á meðal.

Matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur skulu teljast hættulegar heilbrigði manna,

1) þegar sérstök hætta er á, að þær geti borið með sér sjúkdóma eða valdið eitrunum,
2) þegar þær eru tilbúnar eða með þær er farið af mönnum, sem haldnir voru næmum sjúkdómum eða hætta var á, að borið gætu með sér sóttkveikjur næmra sjúkdóma, þegar þeir unnu að vörunum, svo að af þeirri ástæðu gæti verið hættulegt að neyta þeirra eða nota þær.

5. gr.

Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyzlu- og nauðsynjavörum skal gætt þess hreinlætis og varkárni, að varan óhreinkist ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.

Matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum né dreifa manna á meðal, þegar þær geta talizt miður hæfar til neyzlu eða notkunar vegna hættulegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum.

Nú eru þær vörur, sem um getur í 2. málsgrein þessarar greinar, að vísu skemmdar eða óhreinar, en þó hættulausar og að einhverju leyti hæfar til neyzlu eða notkunar, og má þá hafa þær á boðstólum að fengnu leyfi lögreglustjóra, en þó einungis til þeirra nota, sem hann, með ráði héraðslæknis, kann að ákveða.

6. gr.

Vatn, sem notað er við tilbúning á matvælum og neyzluvörum, hreinlætis- og snyrtivörum eða til hreinsunar á ílátum og áhöldum, sem notuð eru við tilbúning eða dreifingu þeirra, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns. Sjór, sem notaður er í sama tilgangi, skal vera hreinn.

Ís, sem notaður er á tilsvarandi hátt, skal fullnægja þeim hreinlætiskröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns, þegar hann snertir vöruna beinlínis bráðinn eða óbráðinn.

7. gr.

Matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum né dreifa manna á meðal á nokkurn þann hátt, sem fallinn er til að blekkja kaupanda eða móttakanda á uppruna þeirra, tegund,

49 15. júlí

samsetningu, eðli, áhrifum, magni, verðgildi eða öðru þesshättar. Þegar dæmt er um þessi atriði, skal sérstaklega tekið tillit til þess nafns, sem vörunni er gefið og þeirra upplýsinga, sem um hana eru birtar í auglýsingum, hvort heldur er í orðum eða myndum, sem festar eru á vöruna sjálfa eða umbúðir hennar eða á annan hátt.

Nafn á matvælum, neyzlu- eða nauðsynjavörum skal teljast blekkjandi,

1) þegar í vörurnar vantar að nokkru eða öllu leyti einhver þau efni eða þær skortir þá eiginleika, sem þær eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins eiga að innihalda eða hafa til að bera, eða ef í þeim eru annarleg efni,
2) þegar í vörunum eru leifar af hráefninu eða öðrum efnum, sem bætt er í þær, meðan á framleiðslunni stendur, í ríkara hlutfalli en vera ber eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins.

Reglugerðir, sem settar verða um sérstakar tegundir af matvælum, neyzlu- og nauðsynjavörum, skulu lagðar til grundvallar, þegar dæmt er um þau atriði, er þessi grein og 5. gr. fjalla um.

8. gr.

Til varnar rotnunarskemmdum á matvælum og neyzluvörum, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar manna á meðal, má ekki, nema leyft sé samkvæmt sérstökum reglum, nota önnur rotvarnarefni (konserverandi efni) en matarsalt (natríumklóríd), saltpétur, sykur, alkóhól (aethylalkóhól) eða edik og þessi efni aðeins í viðeigandi matvæli eða neyzluvörur og í viðeigandi skömmtum. Þó skal leyfilegt að reykja og súrsa matvæli á tíðkanlegan hátt.

Hvorki má nota gervisykur né heldur gerviliti í matvæli eða neyzluvörur, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar manna á meðal, nema leyft sé í sérstökum reglugerðum.

Notkun gervisykurs er leyfileg, þegar um er að ræða matvæli, sem ætluð eru sjúkum, og þegar á vörunni sjálfri eða umbúðum hennar er tilgreint, að þau hafi verið notuð og um leið tilgangurinn. Sé samtímis látinn sykur í vöruna, verður einnig að geta þess.

9. gr.

Sé fyrirskipað í reglugerð, að ákveðins nafns á matvælum, neyzlu- eða nauðsynjavörum eða ákveðins eiginleika þeirra sé getið á umbúðum varanna, á einkennismiðum eða á annan hátt, þá skal það gert, nema reglugerðin mæli á annan veg fyrir, með greinilegum bókstöfum og jafnlitarsterkum þeim, sem notaðir eru við aðalauðkenningu vörunnar. Bókstafirnir skulu vera 3 mm á hæð í minnsta lagi og þeim komið þannig fyrir, að auðvelt sé fyrir kaupandann að taka eftir þeim, þegar salan fer fram. Sé ekki annað ákveðið, skal auðkenningin vera á íslenzku. Sé einhver auðkenning aðeins leyfð með sérstökum skilyrðum, skulu þau einnig gilda um auðkenningu á erlendum málum.

10. gr.

Sá, sem vill reka sláturhús, sá, sem vill búa til matvæli eða neyzluvörur, eða sá, sem vill selja eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kökum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal sanna fyrir lögreglustjóra, með annars með vottorði héraðslæknis og heilbrigðisnefndar, ef til er, að hann fullnægi skilyrðum laga nr. 24, 1. febrúar 1936, þessarar reglugerðar og öðrum ákvæðum, sem sett hafa verið eða sett kunna að verða um þess háttar starfsemi. Lögreglustjóri veitir leyfi til starfseminnar, er settum skilyrðum er fullnægt, og má hún ekki hefjast fyr.

Sama gildir, ef starfsemin er flutt, skiptir um eiganda eða breytir um starfsvið.

Venjulega heimilisframleiðslu á landbúnaðarafurðum er ekki skylt að tilkynna, né heldur sölu á nýjum fiski, er sjómenn sjálfir annast upp úr bát eða á lendingarstað.

11. gr.

Þar sem tilkynningarskyld starfsemi samkv. 10. gr. er rekin, skulu vera rúmgóð og björt húsakynni, góð loftræsting, hægur aðgangur að ómenguðu neyzluvatni og gott frárennsli. Gólf, veggir og þak skal vera þétt og skal, ásamt borðum, hyllum og öðrum innanstokksmunum, sem fara skulu eftir tegund starfseminnar, vera þannig úr garði gert, að auðvelt sé að gera það hreint.

Þessi húsakynni mega ekki vera í beinu sambandi við íbúðarherbergi og ekki má þannig til haga, að óþefur eða óþverri geti borizt þangað frá vanhúsum, gripahúsum, haughúsum, mykjuhaugum eða öðru þvílíku.

Starfsfólk skal eiga aðgang að þrifalegu salerni og handlaug.

Þessum húsakynnum skal haldið vel hreinum og má ekki nota þau til annars en þess, sem þau eru ætluð til. Í þeim má ekki geyma vörur, sem geta flýtt fyrir skemmdum matvælanna eða

sökum lyktar sinnar og bragðs eða á annan hátt geta valdið því, að þau verði óhæf eða miður hæf til neyzlu.

12. gr.

Á stöðum, þar sem matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, geymdar eða hafðar á boðstólum, má ekki geyma eða nota eitruð efni eða neinar þær vörur, sem að eðli til eru eins og þær, sem nefndar eru í 4. og 5. gr. Með samþykki héraðslæknis má þó nota eiturefni til hreingerningar og sótthreinsunar. Héraðslæknir leiðbeinir þá um geymslu og notkun slíkra efna. Gervisykur, litarefni og önnur þau efni, sem bannað er að nota við framleiðslu á matvælum og neyzluvörum, má ekki geyma, þar sem þessar vörur eru tilbúnar eða hafðar á boðstólum.

13. gr.

Ílát, áhöld, vélar og umbúðir, sem notaðar eru á þeim stöðum, sem nefndir eru í 12. gr., eða geta snert matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur, sem dreifa skal manna á meðal, skulu vera þannig gerð, að þau skaði ekki matvælin, neyzlu- eða nauðsynjavörurnar.

Ekki má nota við tilbúning eða dreifingu matvæla eða neyzluvöru ílát eða áhöld af þeirri gerð, að varan snerti eitraða málma og málmsambönd eða önnur eitruð efni, t. d. zink, blý. málma eða málmblöndur, sem í er meira en 0,50 grömm af blýi í hverjum 100 grömmum, kátsjúk, sem í er zink eða blý. Glerungur eða önnur húðun má ekki innihalda zink- eða blýsambönd, sem eru þess eðlis, að málmarnir leysist upp við hálftíma suðu í þynntri ediksýru, sem í eru 40 grömm af ediksýru ($CH_3.COOH$) í lítra. Í lóðmálmi, sem notaður er til að lóða þau áhöld, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, má þó vera allt að 10 grömmum af blýi í hverjum 100 grömmum.

Um matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur má ekki búa í pappír eða aðrar umbúðir, sem eru litaðar, málaðar, gljáðar eða prentaðar með eitruðum litum eða öðrum eiturefnum, t. d. samböndum af arsen, barýum, blýi, kadmíum, kvikasilfri, þannig, að hætta geti verið á því, að eitthvað af þessum efnum komist í vöruna. Barýumsúlfat og zinnóber skulu þó ekki teljast til eitraðra sambanda af barýum og kvikasilfri. Eigi má heldur búa um þau í málmþynnur úr öðru en alúmíníum eða tini.

Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til leiðslna, íláta eða áhalda úr zinki eða málmum, sem húðaðir eru með zinki, þegar þau eru eingöngu notuð til að geyma vatn í þeim eða mæla það með þeim. Blýílát má þó ekki nota, þótt þau séu húðuð með zinki, tini eða öðrum óeitruðum málmum, og blýpípur aðeins til samskeyta eftir því, sem minnst verður komizt af með.

14. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 11. gr. laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þangað til bráðabirgðaákvæði þetta hefir verið afturkallað með auglýsingu ráðherra má, þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar 8. greinar þessarar reglugerðar, lita með skaðlausum gervilitum þau matvæli og aðrar neyzluvörur, sem til þessa hafa almennt verið litaðar með slíkum litum. Nú hafa verið gefnar út reglugerðir um sérstakar tegundir af matvælum eða öðrum neyzluvörum, og gildir þá bann 2. málsgreinar 8. greinar um notkun gervilita í þær tegundir að svo miklu leyti, sem þeir eru ekki sérstaklega heimilaðir í þeim reglugerðum.
2. Nú fullnægir ekki sá, er rekur þá starfsemi, sem um getur í 10. grein, skilyrðum 11. greinar, er reglugerð þessi gengur í gildi, og skal honum þá veittur hæfilegur tími til nauðsynlegra umbóta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu 15. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

50
20. júlí

REGLUGERÐ
um aldinsultu og aldinmauk.

I. KAFLI
Skýring hugtaka.

1. gr.

Aldinsulta (jam) er vara, sem búin er til úr einni aldintegund. Sultan er hlaupkennd, þykk og meir. Aldinsultan er búin til úr heilu eða brytjuðu aldinkjöti einnar tegundar, og er það nýtt eða rotvarið (konserverað). Ennfremur er notaður í sultuna hreinn, hvítur neyzlusykur (saccharose). Aldinkjötið og sykurinn er soðið saman, unz nægjanlega mikið er gufað burt af vatninu. Við framleiðsluna eru í minnsta lagi notaðir 45 hlutar af aldinkjöti á móti í mesta lagi 55 hlutum af neyzlusykri. Við framleiðslu á aldinsultum citrus-tegundanna eru í minnsta lagi notaðir 30 hlutar af aldinkjöti á móti í mesta lagi 70 hlutum af neyzlusykri. Aldinsultur eru stundum búnar til úr óflysjuðum aldinum, litlu einu af aldinpektíni, sterkjusírópi, vínsýru eða mjólkursýru. Í sultunni fullgerðri er auðþekkjanlegt, hverrar tegundar aldinin eru. Aldinsulta er kennd við aldintegund þá, sem hún er búin til úr.

Aldinmauk (marmelade) er þykk, hlaupkennd og meir vara, sem búin er til úr kjarnalausu aldinkjöti **einnar** tegundar og hreinum, hvítum neyzlusykri. Aldinkjötið og sykurinn er soðið saman, unz nægjanlega mikið er gufað burt af vatninu. Aldinkjötið er nýtt eða rotvarið. Við framleiðsluna eru í minnsta lagi notaðir 45 hlutar af aldinkjöti á móti í mesta lagi 55 hlutum af neyzlusykri. Aldinmauk er stundum búið til úr óflysjuðum aldinum, litlu einu af aldinpektíni, sterkjusírópi, vínsýru eða mjólkursýru. Aldinmauk er kennt við aldintegund þá, sem í það er notuð.

Blandað aldinmauk er búið til úr kjarnalausu aldinkjöti tveggja eða í mesta lagi þriggja aldintegunda, en að öðru leyti á sama hátt og aldinmauk (2. málsgrein þessarar greinar). Þegar í blandað aldinmauk eru notaðar tvær tegundir aldina, er hlutfallið á milli þeirra í minnsta lagi 40:60, en ef þrjár tegundir eru notaðar, er af engri aldintegundinni minna en ⅕ af öllu aldinkjötinu. Blandað aldinmauk er kennt við aldintegundir þær, sem í það eru notaðar.

Um **rabarbaramauk** gilda sömu reglur og um aldinmauk. Þó má það ekki auðkennast sem aldinmauk. Það er búið til úr leggjum rabarbarans (tröllasúrunnar) og hreinum, hvítum neyzlusykri. Leggirnir og sykurinn er soðið saman, unz nægjanlega mikið er gufað burt af vatninu. Við framleiðsluna eru í minnsta lagi notaðir 45 hlutar af rabarbaraleggjum á móti í mesta lagi 55 hlutum af sykri. Í rabarbaramauk er stundum blandað allt að 5% af náttúrlegu kryddi eða þurrkuðum eða nýjum aldinum, svo og litlu einu af aldinpektíni, sterkjusírópi, vínsýru eða mjólkursýru. Nú er aldinmauk blandað rabarbaramauki, og er þá aðalauðkenning blöndunnar „blandað rabarbaramauk“. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. málsgreinar þessarar greinar.

Aldinmauk, blandað aldinmauk úr þurrkuðum aldinum er vara, sem búin er til á sama hátt og segir um aldinmauk og blandað aldinmauk, en í stað nýrra aldina eru þó notuð þurrkuð aldini, sem bleytt eru upp í jafnmiklu vatni og úr þeim hvarf við þurrkunina.

Hratmauk er búið til úr aldinleifum, þ. e. aldinum, sem safinn hefir að einhverju leyti verið pressaður úr (hrati), eða nýjum aldinum og aldinleifum, stundum með vatni til viðbótar, en að öðru leyti eins og segir í 1. málsgrein þessarar greinar. Ef bætt er vatni í aldinleifarnar, má það ekki fara fram úr 20%, miðað við aldinleifarnar eða aldinleifarnar og aldinin.

II. KAFLI
Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

2. gr.

Sérstaklega er óheimilt:

1. að búa til þær vörur, sem nefndar eru í 1. grein þessarar reglugerðar, á þann hátt, að í þeim sé arsen, blý eða zink eða meira en svo af antímóni eða kopar, að minna geti ekki orðið,
2. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi þesskonar vörur.

III. KAFLI

Matsreglur.

3. gr.

Aldinsulta og aldinmauk, er hér greinir, eru sérstaklega metin **skemmd**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess:

1. Aldinsulta og aldinmauk, sem eru mygluð eða mjög óhrein eða hafa annarlega eða viðbjóðslega lykt eða bragð.
2. Aldinsulta og aldinmauk, sem búin eru til úr skemmdum aldinum. Til skemmda telst þó ekki smávægileg gerjun, sem stöðvuð hefir verið með upphitun.
3. Aldinsulta og aldinmauk, sem mjög eru tekin að gerjast víngerjun eða súrri gerjun.
4. Viðbrennd aldinsulta og aldinmauk.

4. gr.

Um **eftirlíkingu** er þá sérstaklega að ræða, þegar vara, sem sett er í umferð sem aldinsulta eða aldinmauk eða er lík þeim að útliti, lykt, bragði eða öðrum eiginleikum, ef hún er eingöngu búin til úr aldinleifum, þ. e. aldinum, sem safinn hefir að öllu eða einhverju leyti verið pressaður úr (hrati), eða að nokkru eða öllu leyti úr öðrum plöntuhlutum en þeim, sem heimiladir eru í 1. grein þessarar reglugerðar. Eftirlíkta aldinsultu eða aldinmauk má ekki hafa á boðstólum, þótt auðkennd séu með tilliti til þess, þó að undanteknu hratmauki (1. grein, 6. málsgrein).

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru aldinsultur og aldinmauk metin **fölsuð**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í 1., 9. og 11. tölulið þessarar greinar:

1. Aldinsultur og aldinmauk, sem í hafa verið notaðar aldinleifar, enda séu þær ekki auðkenndar sem hratmauk.
2. Aldinsultur og aldinmauk, sem í hafa verið notuð önnur ilm- og bragðefni en þau, sem burt hurfu við suðuna, enda hafi þau verið höndluð á ný með eimþéttunaráhöldum og notuð í sömu vöru.
3. Aldinsultur og aldinmauk, sem í er meira en 35% af vatni.
4. Aldinsultur og aldinmauk, sem lituð hafa verið.
5. Aldinsultur og aldinmauk, sem í hafa verið notuð steinefni.
6. Aldinsultur og aldinmauk, sem í hefir verið notað agar-agar, gelatine eða önnur hlaupefni, sem ekki eru í aldinum.
7. Aldinsultur og aldinmauk, sem í er meira en 0,5% af pektíni miðað við kalciumpektat og fullgerða vöruna.
8. Aldinsultur og aldinmauk, sem í er meira en 0,5% af vínsýru eða mjólkursýru.
9. Aldinsultur og aldinmauk, sem í hefir verið notað meira en 5% af sterkjusírópi, enda sé varan ekki auðkennd með orðunum „með sterkjusírópi“ (sbr. þó ákvæði 10. töluliðs).
10. Aldinsultur og aldinmauk, sem í hefir verið notað meira en 12% af sterkjusírópi.
11. Aldinsultur og aldinmauk, sem í hafa verið notuð þurrkuð aldin, enda sé varan ekki auðkennd í beinu sambandi við nafnið með orðunum „úr þurrkuðum aldinum“ eða „úr þurrkuðum (nafn ávaxtanna)“.
12. Blandað aldinmauk, sem ekki er búið til samkvæmt fyrirmælum 3. málsgreinar 1. greinar.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, telst vara **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar:**

1. Vörur með auðkenningu sem aldinsulta eða aldinmauk eða einhverju því nafni, sem myndað er úr þessum orðum, nokkrum hluta þeirra eða orðum með sömu eða tilsvarandi merkingu, enda fullnægi varan ekki þeim skilyrðum, sem aldinsultur eða aldinmauk eiga að fullnægja samkvæmt þessari reglugerð.
2. Aldinsultur eða aldinmauk, sem auðkennd eru með einhverju gervinafni, nema þau séu jafnframt auðkennd með réttu tegundarheiti.
3. Ef aldinsulta eða aldinmauk er auðkennt með nafni einhverrar sérstakrar aldintegundar, en er þó ekki eingöngu búið til úr þessari aldintegund.

50 20. júlí

4. Ef blandað aldinmauk er ekki auðkennt með báðum eða öllum aldintegundunum, sem í það voru notaðar.
5. Ef ranglega er bent til ákveðins uppruna eða sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
6. Þegar umbúðir, einkennismiðar eða auglýsingar eru notaðar til að gefa í skyn ranga eiginleika aldinsultu eða aldinmauks, sérstaklega ef á einkennismiða hratmauks eða aldinmauks úr þurrkuðum aldinum eru myndir af nýjum aldinum eða á þau er bent með öðru móti.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn, eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,50 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

8. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1936.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

51 20. júlí

REGLUGERÐ

um aldinsafa og aldinsöft.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Aldinsafi er vökvi sá, sem pressaður er úr nýjum eða gerjuðum berjum eða ávöxtum **einnar** tegundar, og er safinn annaðhvort síaður eða ósíaður. Í aldinsafa citrus-tegundanna er oftast lítið eitt af ilm- og bragðefnum barkarins. Aldinsafinn er kenndur við aldintegund þá, sem hann er unninn úr.

Af **aldinsafategundum** má sérstaklega nefna kirsiberja-, hindberja-, ribsberja-, jarðarberja-, bláberja-, krækiberja-, epla-, sítrónu-, appelsínusafa.

Um safa, sem unninn er úr leggjum **rabarbarans** (tröllasúrunnar), gilda sömu reglur og um aldinsafa. Þó má hann ekki auðkennast sem aldinsafi. Hann er unninn á sama hátt og segir í 1. málsgrein þessarar greinar.

2. gr.

Aldinsaft er þykkur vökvi, sem soðinn er úr aldinsafa **einnar** aldintegundar og hreinum, hvítum neyzlusykri (saccharose). Aldinsaft er stundum búið til án upphitunar úr nýjum aldinum eða aldinsafa og neyzlusykri. Í aldinsaft er ennfremur stundum notað lítið eitt af vínsýru eða

mjólkursýru. Í aldinsafti er í mesta lagi 68% af sykri. Í aldinsöftum citrus-tegundanna er oftast lítið eitt af ilm- og bragðefnum barkarins. Aldinsöft eru kennd við aldintegund þá, sem í þau er notuð. 51 20. júlí

Blandað aldinsaft er búið til úr tveim tegundum aldinsafa á þann hátt, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar. Það er kennt við aldintegundirnar, sem í það eru notaðar, og er hlutfallið milli safategundanna í minnsta lagi 40:60.

3. gr.

Litað sykurvatn með kjörnum er búið til úr vatni og hreinum, hvítum neyzlusykri, litlu einu af vínsýru, mjólkursýru eða sítrónusýru, svo og náttúrlegum kjörnum eða gervikjörnum. Upplausnin er lituð með óskaðlegum litum. Í lituðu sykurvatni með kjörnum er að minnsta kosti 60% af sykri, en þó minna en 68%.

Litað sykurvatn með kjörnum má ekki setja í umferð eða hafa á boðstólum í öðrum umbúðum en lokuðum hálf- og heilflöskum, og skulu þær auðkennast með einkennismiða, sem á stendur auk nafns framleiðandans, heimilisfangs hans og innihalds flöskunnar einungis „litað sykurvatn með kjörnum".

II. KAFLI

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

4. gr.

Sérstaklega er óheimilt:

1. að búa til aldinsafa og aldinsöft á þann hátt, að í þeim sé arsen, blý eða zink eða meira af kopar eða antímóni en minnst getur orðið,
2. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi þesskonar aldinsafa og aldinsöft.

III. KAFLI

Matsreglur.

5. gr.

Aldinsafar þeir og aldinsöft, er hér greinir, eru sérstaklega metin **skemmd** og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess:

1. Aldinsafar og aldinsöft, sem eru mygluð eða mjög óhrein eða hafa annarlega eða viðbjóðslega lykt eða bragð.
2. Aldinsafar og aldinsöft, sem framleidd eru úr skemmdum aldinum.
3. Aldinsafar, sem mjög eru teknir að gerjast súrri gerjun, og aldinsöft, sem í er sterk víngerjun eða súr gerjun.
4. Viðbrennd aldinsöft.

6. gr.

Um **eftirlíkingu** er þá sérstaklega að ræða, þegar vara, sem búin er til eða sett í umferð sem aldinsafi eða aldinsaft eða er lík þeim að útliti, lykt eða bragði, ef hún er að nokkru eða öllu leyti úr aldinleifum, þ. e. aldinum, sem safinn hefir að öllu eða einhverju leyti verið pressaður úr (hrati), eða að nokkru eða öllu leyti úr öðrum efnum en þeim, sem heimiluð eru í þessari reglugerð. Eftirlíkta aldinsafa eða aldinsöft má ekki hafa á boðstólum, þótt auðkennd séu með tilliti til þess, þó að undanteknu lituðu sykurvatni með kjörnum (3. grein).

7. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru aldinsafar og aldinsöft metin **fölsuð**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í 11. tölulið þessarar greinar:

1. Aldinsafar og aldinsöft, sem aldinleifar hafa verið notaðar í.
2. Aldinsafar og aldinsöft, sem vatni hefir verið blandað í. Þó má blanda jafnmiklu vatni í aldinsöft og gufað hefir burt úr þeim við suðuna.
3. Aldinsafar og aldinsöft, sem í hafa verið notuð steinefni.
4. Aldinsafar, sem í hafa verið notuð ilm- og bragðefni. Undantekin eru þó ilm- og bragðefni barkarins í aldinsafa citrus-tegundanna (sbr. 1. gr., 1. málsgr.).

51
20. júlí

5. Aldinsafar, sem sýrum hefir verið blandað í.
6. Aldinsafar, sem í hafa verið notuð litarefni eða önnur annarleg efni, einnig þótt það sé aldinsafi annarar tegundar (sbr. þó 2. gr., 2. málsgr.).
7. Aldinsafar, sem búnir eru til úr seyði þurrkaðra aldina.
8. Aldinsafar, sem búnir eru til á þann hátt að pressa aldin oftar en einu sinni.
9. Aldinsöft, sem í hafa verið notuð önnur sykurefni en hreinn, hvítur neyzlusykur.
10. Aldinsöft, sem í hafa verið notuð önnur ilm- og bragðefni en þau, sem burt hurfu við suðuna, enda hafi þau verið höndluð á ný með eimþéttunaráhöldum og notuð í sömu vöru. Undantekin þessu ákvæði er þó notkun á ilm- og bragðefnum barkarins í aldinsöft citrus-tegundanna (2. gr., 1. málsgr.).
11. Aldinsöft, sem í er meira en 0,3% af vínsýru eða mjólkursýru, ef þau eru ekki auðkennd með orðunum „með vínsýru“ eða „með mjólkursýru“ (sbr. þó ákvæði 12. töluliðs).
12. Aldinsöft, sem í er meira en 1% af vínsýru eða mjólkursýru.
13. Aldinsöft, sem lituð hafa verið, og gildir einu, þótt það sé gert með söfum eða söftum annara aldintegunda eða með jurtasafa (sbr. þó 2. gr., 2. málsgr.).
14. Aldinsafar og aldinsöft, sem í hefir verið notaður þykktur (niðursoðinn) aldinsafi.
15. Blandað aldinsaft, sem í eru fleiri en tvær safttegundir.
16. Blandað aldinsaft, ef hlutfallið milli safttegundanna er minna en 40:60.

8. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, teljast aldinsafar og aldinsöft **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar:**

1. Vörur með auðkenningu sem aldinsafi eða aldinsaft eða einhverju því nafni, sem myndað er úr þessum orðum, nokkrum hluta þeirra eða orðum með sömu eða tilsvarandi merkingu, enda fullnægi varan ekki þeim skilyrðum, sem aldinsafar og aldinsöft eiga að fullnægja samkvæmt þessari reglugerð.
2. Aldinsafar eða aldinsöft, sem auðkennd eru með einhverju gervinafni, nema þau séu jafnframt auðkennd með réttu tegundarheiti.
3. Ef ranglega er bent til ákveðins uppruna eða sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
4. Þegar umbúðir, einkennismiðar eða auglýsingar eru notaðar til að gefa í skyn ranga eiginleika aldinsafa eða aldinsafta.
5. Aldinsafar eða aldinsöft, sem eru ranglega talin hafa sérstök hollustuáhrif.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

9. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1.—3. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,50 fyrir hverja 100 lítra eða brot úr 100 lítrum af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

10. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1936.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

REGLUGERÐ

52
20. júlí

um kaffibæti og kaffilíki.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Kaffibætir (kaffirót, exportkaffi) er vara, sem búin er til á þann hátt, að brenndir eru jurtahlutar, jurtaefni, sykurtegundir eða sambland þessara efna, sem stundum er blandað öðrum efnum, og er hún ætluð til notkunar sem viðbót í kaffi eða kaffilíki.

Kaffilíki er vara, sem búin er til á þann hátt, að brenndir eru jurtahlutar, sem stundum eru blandaðir öðrum efnum, og er hún til þess fallin að búa til úr henni drykk, líkan kaffi, þegar hellt er á hana heitu vatni.

Við tilbúning á kaffibæti og kaffilíki eru venjulegast notuð þessi efni:

1. Bygg, rúgur og aðrar sterkjuríkar korntegundir.
2. Byggmalt, rúgmalt og aðrar maltaðar korntegundir.
3. Síkóríur, sykurrófur, gulrófur og aðrir rótarávextir.
4. Fíkjur, Jóhannesarbrauð og önnur sykurrík aldini.

Til viðbótar eða húðunar á kaffibæti og kaffilíki eru þessi efni notuð á undan brennslunni, meðan á henni stendur eða að henni lokinni: Jurtaseyði, sem í er sykur, sútsýra eða koffein, matarfeiti, matarolía, matarsalt (natríumklóríd), alkalíkarbónöt, rófu- eða reyrsykur, sykursíróp, invertsykur, sterkjusykur, sterkjusíróp, arsensnautt gljálakk eða önnur harpís- og vaxefni, sem ekki eru hættuleg heilbrigði manna.

Bygg-, rúg-(korn-), hveiti-kaffilíki er búið til úr tilsvarandi korntegund á þann hátt, að korntegundin er brennd eftir að hún hefir verið soðin í gufu eða á annan hátt. Í bygg-, rúg-, hveitikaffilíki eru allt að 12% af vatni og allt að 4% af ösku.

Maltkaffilíki er búið til úr byggmalti á þann hátt, að það er brennt, og að því loknu er gufa stundum látin verka á það. Í maltkaffilíki eru allt að 12% af vatni og allt að 4% af ösku.

Rúg- (korn-)maltkaffilíki, hveitimaltkaffilíki er búið til úr rúg- eða hveitimalti á sama hátt og maltkaffi. Í rúgmaltkaffilíki og hveitimaltkaffilíki eru allt að 12% af vatni og allt að 4% af ösku.

Síkóríukaffilíki er búið til úr hreinsuðum rótum síkóríunnar (cichorium intybus), og er stundum blandað í hana litlu einu af matarfeiti, matarolíu, matarsalti (natríumklóríði) og alkalíkarbónötum. Framleiðslan fer fram á þann hátt, að ræturnar eru brenndar og malaðar, og að því loknu er gufa eða vatn stundum látið verka á þær. Í síkóríukaffilíki eru allt að 20% af vatni og allt að 7% af ösku.

Fíkjukaffilíki er búið til úr fíkjum, skinaldinum fíkjutrésins (ficus carica) á þann hátt, að þær eru brenndar og malaðar, og að því loknu er vatnsgufa eða vatn stundum látið verka á þær. Í fíkjukaffilíki er allt að 20% af vatni og allt að 7% af ösku.

Kaffilíkisblanda og aðrar vörur auðkenndar á svipaðan hátt eru blöndur úr kaffilíki, sem stundum er blandað kaffibæti og einnig kaffi (sbr. reglugerð um kaffi nr. 53, 20. júlí 1936, 5. gr. 20. tölulið).

II. KAFLI

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

2. gr.

Sérstaklega er óheimilt:

1. að nota í kaffibæti eða kaffilíki jurtahluta eða önnur efni, sem ætla má, að séu skaðleg heilbrigði manna,
2. að búa til kaffilíki úr korni, sem ekki hafa verið hreinsuð úr eitruð fræ eða gró og önnur hættuleg óhreinindi.

III. KAFLI

Matsreglur.

3. gr.

Kaffibætir og kaffilíki það, er hér greinir, er sérstaklega metið **skemmt**, og má ekki hafa í umferð, þótt auðkennt sé með tilliti til þess:

1. Kaffibætir og kaffilíki, sem búin eru til úr skemmdum eða mjög óhreinum hráefnum.
2. Kaffibætir og kaffilíki, sem orðin eru mygluð eða súr.
3. Kaffibætir og kaffilíki, ef af þeim drykk, sem úr þeim er gerður, er annarleg eða viðbjóðsleg lykt eða bragð.
4. Kaffibætir og kaffilíki, sem í eru lirfur, bjöllur, maur eða önnur þvílík óhreinindi.
5. Kaffibætir og kaffilíki, sem eru of brennd, svo að þau eru að verulegu eða öllu leyti koluð.

4. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er kaffibætir og kaffilíki metin **fölsuð**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess:

1. Kaffibætir og kaffilíki, sem búin eru til úr hráefnum, sem ekki eru nægilega vel hreinsuð.
2. Kaffibætir og kaffilíki, sem í er korgur, pressaðir ávextir, hnotaúrgangur, hnotaskurn eða önnur þau efni, sem eru einskis nýt í drykk þann, sem úr þeim er gerður.
3. Kaffibætir og kaffilíki, sem í hafa verið notaðar jarðolíur (mineralolíur) eða glyserín.
4. Kaffibætir og kaffilíki, sem í eru notuð önnur efni til viðbótar eða húðunar en þau, sem heimiluð eru í 4. málsgrein 1. greinar.
5. Kaffibætir og kaffilíki, sem í hefir verið notað koffeínkennt plöntuseyði, enda fari koffeíninnihaldið fram úr 0,2%.
6. Kaffibætir og kaffilíki úr möltuðum eða ómöltuðum korntegundum, sem í er meira en 12% af vatni. Kaffibætir og kaffilíki úr síkóríum eða líkum rótarávöxtum, úr fíkjum eða öðrum sykurríkum aldinum, sem í er meira en 20% af vatni. Annar kaffibætir eða kaffilíki, sem í er meira en 18% af vatni.
7. Kaffibætir og kaffilíki úr korni eða öðrum sterkjuríkum aldinum, sem í er meira en 4% af ösku. Kaffibætir og kaffilíki úr síkóríum eða líkum rótarávöxtum, úr fíkjum eða öðrum sykurríkum aldinum, sem í er meira en 7% af ösku. Annar kaffibætir og kaffilíki, sem í er meira en 6% af ösku.
8. Kaffibætir og kaffilíki úr síkóríum eða líkum rótarávöxtum, sem í er meira en 2,5% af sandi. Kaffibætir og kaffilíki úr korni eða öðrum sterkjuríkum aldinum, sem í er meira en 1% af sandi. Annar kaffibætir og kaffilíki, sem í er meira en 1% af sandi.
9. Maltkaffi, ef spírunin í minna en 70% af kornunum er ekki komin lengra á veg en svo, að hola sú, sem myndast í korninu við spírunina, er minni en helmingurinn af lengd kornsins.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er vara metin **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar:**

1. Vara, sem auðkennd er sem kaffibætir eða kaffilíki án þess að fullnægja skilyrðum 1. greinar þessarar reglugerðar.
2. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er sykrað eða á annan samsvarandi hátt, og efni þau, sem þvo má af fullgerðri vörunni, eru minna en 2%.
3. Þegar kaffibætir eða kaffilíki eða blanda úr þeim og kaffi er auðkennd sem kaffi eða með nafni einhverrar kaffitegundar, sem kaffiblanda eða á annan samsvarandi hátt.
4. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er með orðinu kaffi eða öðru orði dregnu af því. Undantekin eru þó maltkaffilíki, rúgmaltkaffilíki eða kornmaltkaffilíki, hveitimaltkaffilíki, byggkaffilíki, rúgkaffilíki eða kornkaffilíki, hveitikaffilíki, fíkjukaffilíki, kaffibætir, exportkaffi, kaffilíki, kaffilíkisblanda.
5. Kaffilíkisblanda, sem í er kaffi og ekki er auðkennd sem slík blanda, eða kaffi-innihald hennar er ekki rétt tilgreint.
6. Þegar kaffibætir, kaffilíki og aðrar þær vörur, sem nefndar eru í 4. tölulið þessarar greinar, eru auðkenndar á þann hátt, að sérstök áherzla er lögð á orðið kaffi.
7. Kaffibætir eða kaffilíki, sem kennt er við eitthvert ákveðið hráefni samkvæmt 4. tölulið, en

er þó ekki að öllu leyti búið til úr þessu hráefni. Undantekið er þó síkóríukaffilíki, sem í má vera allt að 3% af þeim efnum, sem heimiluð eru í 8. málsgrein 1. greinar. 52 20. júlí

8. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er með öðrum nöfnum en þeim, er greinir í 4. tölulið, nema þau séu um leið auðkennd greinilega sem kaffibætir eða kaffilíki.
9. Ef ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
10. Kaffibætir eða kaffilíki, sem ranglega er talið hafa sérstök hollustuáhrif.
11. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er á einhvern þann hátt, sem gefið gæti í skyn, að um kaffi væri að ræða, uppruna þess eða framleiðslu.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

6. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn, eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

7. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingu fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

8. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24, 1. febr. 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

REGLUGERÐ 53 20. júlí

um kaffi.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Kaffi (kaffibaunir) eru fræ coffea-tegundanna, óbrennd eða brennd, heil eða möluð, og er hreinsað af þeim aldinhýðið algerlega og fræhýðið (silfurhýðið) eins vel og unnt er.

Óvalið kaffi er kaffi, sem enn hafa ekki verið hreinsaðar úr lélegar baunir og annarleg efni og selt er í heildsölu.

Venjulega er gerður munur á **kafftegundunum**

1. eftir **landfræðilegum uppruna:** Kaffi er kennt við ákveðið upprunaland eða ákveðna útflutningsborg, svo sem Java, Santos, Mokka, Rio, Salvador, Guatemala, Costarica, Portorico,
2. eftir **grasafræðilegum uppruna:** Kaffi af coffea arabica, kaffi af coffea liberica (Líbería-kaffi),
3. eftir **vinnslunni:** Óbrennt, brennt, malað kaffi.

Vatnsinnihald í brenndu kaffi er á milli 1,5 og 5%,

53 20. júlí

Perlukaffi er kaffi úr kaffialdinum, sem þroskazt hafa einfræja.

Kaffimolar eru grófmuldar kaffibaunir.

Kaffiúrgangur er að mestu leyti grófmuldar og lélegar baunir, sem tíndar eru úr óvöldu kaffi.

Kaffiblöndur og annað kaffi, sem auðkennt er á svipaðan hátt, er sambland mismunandi kaffitegunda.

Kaffilögur (kaffi-extrakt og **kaffiessens)** er vatnsseyði, sem eingöngu er búið til úr brenndum og möluðum kaffibaunum og er að meira eða minna leyti soðið niður.

Koffeínrýrt kaffi er kaffi, sem í er í mesta lagi 0,2% af koffeíni.

Koffeínsneytt kaffi er kaffi, sem í er í mesta lagi 0,08% af koffeíni.

II. KAFLI

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

2. gr.

Sérstaklega er bannað:

1. að lita kaffi, kaffiblöndur, kaffilög með litum, sem geta verið hættulegir heilbrigði manna,
2. að húða kaffi eða kaffiblöndur með lakki, sem í er arsen, eða með öðrum efnum, sem geta verið hættuleg heilbrigði manna,
3. að nota bórsýru, sölt hennar eða sambönd í kaffi, kaffiblöndur eða kaffilög.

III. KAFLI

Matsreglur.

3. gr.

Kaffi það, er hér greinir, er sérstaklega metið **skemmt**, og má ekki hafa það í umferð, þótt auðkennt sé með tilliti til þess:

1. Kaffi, sem hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna óhappa við uppskeruna, af völdum vatns, lélegrar geymslu eða af öðrum ástæðum, að það er miður hæft til neyzlu sökum annarlegrar eða ógeðslegrar lyktar eða bragðs, hvort heldur það er brennt eða óbrennt eða lagað til drykkjar.
2. Kaffi, sem er myglað eða óhreint.
3. Brennt kaffi, sem er of brennt, svo að það er að verulegu eða öllu leyti kolað.
4. Brennt kaffi, sem er búið til úr skemmdu, óbrenndu kaffi.
5. Kaffilögur, sem búinn er til úr skemmdu kaffi.

4. gr.

Sérstaklega eru taldar til **eftirlíkingar** tilbúnar kaffibaunir, og er bannað að hafa þær í umferð, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er kaffi metið **falsað**, og má ekki hafa það í umferð, þótt auðkennt sé með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í 3., 12., 17. og 20. tölulið þessarar greinar.

1. Óbrennt kaffi annað en kaffiúrgangur og óvalið kaffi, sem í er meira en 5% af annarlegum efnum.
2. Brennt kaffi annað en kaffiúrgangur og óvalið kaffi, sem í er meira en 3% af annarlegum efnum.
3. Kaffi, sem orðið er að verulegu leyti lélegra að neyzlugildi af völdum vatns eða sjávar, og gildir einu, þótt í það sé blandað öðru kaffi, nema það sé auðkennt með tilliti til þessara lakari gæða.
4. Brennt kaffi, sem í er meira en 5% af vatni.
5. Brennt kaffi, sem í er meira en 6,5% af ösku.
6. Brennt kaffi, sem í er meira en 1% af sandi.
7. Kaffi, sem vætt hefir verið eða vöknað,

8. Kaffi, sem í er meira af sagi eða öðrum efnum, sem notuð eru við hreinsunina, en minnst getur orðið.
9. Kaffi, sem litað er eða húðað í því skyni að leyna lélegum gæðum þess.
10. Brennt kaffi, sem er litað.
11. Brennt kaffi, sem er húðað með öðrum efnum en rófu-, reyr- eða sterkjusykri (sykrað kaffi), arsensnauðu gljálakki, öðrum óskaðlegum harpisefnum eða vaxi eða blöndum úr þeim (lakkað kaffi).
12. Brennt kaffi, sem sykrað er með þeim efnum, sem heimiluð eru í 11. tölulið þessarar greinar og ekki er auðkennt sem „sykrað".
13. Sykrað kaffi, sem í hefir verið notað meira en 8 hlutar af sykri í 100 hluta af óbrenndu kaffi eða í er meira en 4% af efnum, sem þvo má af kaffinu.
14. Sykrað kaffi, sem í hefir verið notað meira en 0,5 hlutar af lakkefnum í 100 hluta af óbrenndu kaffi.
15. Lakkað kaffi, sem í hefir verið notað meira en 0,5 hlutar af lakkefnum í 100 hluta af óbrenndu kaffi.
16. Kaffi, sem á hefir verið látið verka alkalí- eða jarðalkalíhydroxyd eða -karbónöt, sykurkalk (kalcíumsaccharat), ammóníak, ammóníumsölt eða brennisteinssýrlingur.
17. Kaffi, sem koffein hefir verið tekið úr, enda sé það ekki auðkennt sem koffeinrýrt eða koffeinsneytt kaffi.
18. Kaffi, sem vatnsuppleysanleg efni önnur en koffein hafa verið tekin úr, þó að undanteknu litlu einu af vatnsuppleysanlegum efnum, sem leysast úr kaffinu um leið og koffeinrýrt eða koffeinsneytt kaffi er búið til, enda sé það ekki meira en minnst verður komizt af með.
19. Kaffi, sem í hefir verið blandað tilbúnum kaffibaunum, kaffieftirlíkingum, kaffiviðbótarefnum (kaffibæti) eða öðrum annarlegum efnum, enda sé hægt að villast á þeim og kaffbaununum í blöndunni.
20. Kaffi, sem í hefir verið blandað öðrum efnum en þeim, sem um getur í 19. tölulið þessarar greinar, enda sé blandan ekki auðkennd sem kaffilíkisblanda og á umbúðunum sé getið lágmarksinnihalds af kaffi í hundraðshlutum (prósentum).
21. Kaffi, sem í hefir verið blandað öðrum efnum en þeim, sem heimiluð eru í 11. og 20. tölulið þessarar greinar.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er vara metin **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar:**

1. Þegar vara er auðkennd með orðinu kaffi eða öðru orði dregnu af því og skilyrðum 1. greinar þessarar reglugerðar er ekki fullnægt, enda sé það ekki heimilt samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum (sbr. einkum 4. tölulið 5. greinar reglugerðar um kaffibæti og kaffilíki).
2. Þegar kaffi er kennt við einhvern ákveðinn stað án þess að eiga þar uppruna.
3. Þegar kaffiblanda er kennd við einhvern ákveðinn stað, án þess þó að kaffitegund sú, sem blandan er kennd við, hafi ákveðinn keim af henni.
4. Þegar kaffi, sem í er meira en 0,2% af koffeini, er auðkennt sem koffeinrýrt eða á annan hátt, sem gefur það sama til kynna.
5. Þegar kaffi, sem í er meira en 0,08% af koffeini, er auðkennt sem koffeinsneytt eða á annan hátt, sem gefur það sama til kynna.
6. Vara, sem auðkennd er sem kaffilögur, en fullnægir ekki skilyrðum 9. töluliðs 1. greinar.
7. Þegar ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu eða samsetningar.
8. Þegar kaffi er ranglega talið hafa sérstök hollustuáhrif.

IV. KAFLI

Vélar til framleiðslu á tilbúnum kaffibaunum.

7. gr.

Bannað er að búa til eða flytja inn í landið vélar eða önnur áhöld, sem ætluð eru til framleiðslu á tilbúnum kaffibaunum.

53
20. júlí

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

9. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. gr. laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

10. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

54
20. júlí

REGLUGERÐ
um kakaó og kakaóvörur.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Kakaóbaunir eru fræin úr aldinum kakaótrésins (theobroma cacao), og eru þær þurrkaðar, gerjaðar eða ógerjaðar.

Kakaóbaunir eru venjulega flokkaðar á tvennan hátt:

I. Eftir **hreinsuninni:**
   1. Óvaldar kakaóbaunir:
      a) í umbúðum framleiðslulandsins,
      b) í öðrum umbúðum.
   2. Valdar kakaóbaunir: Öll óhreinindi og ónothæfar baunir hreinsaðar úr.

II. Eftir **vinnslunni:**
   1. Kakaóbaunir, kjarnar og deig:
      a) Óunnar, þurrkaðar eða brenndar **kakaóbaunir.**
      b) **Kakaókjarnar:** Valdar kakaóbaunir, þurrkaðar eða brenndar og flysjaðar. Í kakaókjörnum er eins lítið af fræhýði, fræhimnum og kími og orðið getur.
      c) Kakaómolar: Grófmuldir kakaókjarnar. Í kakaómolum er eins lítið af fræhýði, fræhimnum og kími og orðið getur.
      d) **Kakaódeig:** Smámuldir (malaðir, valtaðir, slípaðir) kakaókjarnar eða kakaómolar. Í kakaódeig má nota í mesta lagi 2% af kakaósalla. Við vinnslu kakaódeigsins er stundum látið í það lítið eitt af lecitíni.
      e) **Uppleysanlegt kakaódeig:** Á deigið eru látin verka alkalíkarbónöt, ammóníak, ammóníumsölt, magnesíumoxyd eða önnur óskaðleg efni, svo og gufa undir þrýstingi. Lífræn

(organísk) efni má ekki nota. Í kakaódeigi og uppleysanlegu kakaódeigi er venjulega 52 til 58% af kakaósmjöri og í mesta lagi 0,3% af sandi, miðað við fitusnautt þurrefnið. Í kakaódeigi er allt að 5% af ösku, í uppleysanlegu kakaódeigi allt að 7%. 54 20. júlí

2. Úrgangsefni:

a) **Kakaósalli:** Smáagnir úr kakaókjörnum, sem til falla við hreinsun á ýmiskonar kakaóúrgangi. Í kakaósalla er ekki meira en 10% af fræhýði, fræhimnum og kími.

b) **Kakaóhýði:** Meira eða minna mulið fræhýðið, sem fellur til, þegar þurrkaðar eða brenndar kakaóbaunir eru flysjaðar.

c) **Ýmiskonar kakaóúrgangur:** Sambland af kjarnaögnum, kími, fræhýði og fræhimnum, sem fellur til, þegar þurrkaðar eða brenndar kakaóbaunir eru malaðar, flysjaðar og hreinsaðar.

2. gr.

Kakaósmjör er feiti sú, sem pressuð er úr kakaókjörnum eða kakaómolum, sem í er í mesta lagi 2% af kakaósalla, úr kakaódeigi eða uppleysanlegu kakaódeigi. Feitin er annaðhvort síuð eða ósíuð, og er ekki með hana farið á efnafræðilegan (kemiskan) hátt. Hún hefir sýrutöluna 4,5 (mg KOH í 1 g af fitu) í hæsta lagi.

Kakaóduft er unnið úr kakaókjörnum eða kakaómolum, sem í er í mesta lagi 2% af kakaósalla, úr kakaódeigi eða uppleysanlegu kakaódeigi með því að pressa úr því nokkuð af kakaósmjörinu og mala síðan eftirstöðvarnar. Meðan á vinnslunni stendur, er stundum látið í kakaódeigið lítið eitt af lecitíni, svo og náttúrlegt krydd, vanillín eða aethyletur vanillínsins. Í kakaódufti er að minnsta kosti 20% af kakaósmjöri. Í **fiturýru kakaódufti** er að minnsta kosti 10%, en þó minna en 20% af kakaósmjöri. Takmörkin fyrir kakaósmjörinnihaldi kakaóduftsins eru miðuð við kakaóduft, sem í er 5% af vatni.

Kakaómalt er kakaóduft eða fiturýrt kakaóduft, sem í er blandað allt að 50% af byggmaltsmjöli eða að minnsta kosti 5% af extrakti úr byggmalti.

Ef kakaóduftið er blandað öðru mjöli, er það auðkennt með tilliti til þess, t. d. hafrakakaó.

3. gr.

Súkkulaði er unnið úr kakaókjörnum eða kakaómolum, sem í er í mesta lagi 2% af kakaósalla, eða úr kakaódeigi og hreinum, hvítum neyzlusykri (saccharose) með eða án viðbótar af kakaósmjöri, mjólkur- eða undanrennudufti, náttúrlegu kryddi, vanillíni eða aethyletri vanillínsins. Í súkkulaði er að minnsta kosti 40% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af sykri. Í súkkulaði er að minnsta kosti 21% af kakaósmjöri. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 33% af kakaódeigi í því. Súkkulaði getur verið duft eða mótaðar plötur eða molar.

Átsúkkulaði er sérstaklega vel unnið súkkulaði (valtað, slípað), sem í er að minnsta kosti 50% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 50% af hreinum, hvítum neyzlusykri. Í því er að minnsta kosti 26% af kakaósmjöri. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 35% af kakaódeigi í því.

Rjómasúkkulaði er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 25% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af hreinum, hvítum neyzlusykri, ennfremur svo mikið af rjóma eða rjómadufti (þurrrjóma) eða ósöltuðu smjöri og mjólk eða mjólkurdufti, að mjólkurfeitin sé að minnsta kosti 5,5% og fitusnautt mjólkurþurrefnið að minnsta kosti 7,5% af súkkulaðinu. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 10% af kakaódeigi í því. Nota má í rjómasúkkulaði mjólk eða mjólkurduft í stað jafnmikils hluta af sykri.

Mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði) er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 25% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af hreinum, hvítum neyzlusykri, ennfremur svo mikið af mjólk eða mjólkurdufti (þurrmjólk), að í súkkulaðinu sé að minnsta kosti 3,2% af mjólkurfeiti. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 10% af kakaódeigi í því.

Undanrennusúkkulaði er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 25% af kakaódeigi eða kakaódeigi og kakaósmjöri samanlagt og í mesta lagi 60% af hreinum, hvítum neyzlusykri, ennfremur svo mikið af undanrennu eða undanrennudufti, að í súkkulaðinu sé að minnsta kost 12,5% af fitusnauðu þurrefni mjólkurinnar. Ef notað er kakaósmjör í súkkulaðið, er þó að minnsta kosti 10% af kakaódeigi í því.

Súkkulaðihúðað mungæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsípansúkkulaði, núgat-

54 20. júlí

súkkulaði, konfekt). Innst er kjarni úr viðkomandi mungæti, og er hann húðaður kakaódeigi, súkkulaði, súkkulaðihúð, rjóma- eða mjólkursúkkulaðihúð. Húð þess mungætis, sem mótað er í plötur, nemur að minnsta kosti 25% af öllum þunganum.

Ávaxtasúkkulaði er súkkulaði blandað ávöxtum. Þegar notaðir eru ávextir citrus-tegundanna, eru oft einnig notuð ilm- og bragðefni barkarins eða börkurinn sjálfur.

Hnotsúkkulaði er súkkulaði blandað heslihnetum eða valhnetum, og eru þessar hnetur oft malaðar. Oft er allt að því þriðjungur olíunnar pressaður úr þeim.

Möndlusúkkulaði er súkkulaði blandað heilum eða muldum, sætum möndlum. Oft er allt að því þriðjungur olíunnar pressaður úr möndlunum.

Í súkkulaði má blanda kaffi eða öðrum slíkum efnum, og er það þá sérstaklega auðkennt með tilliti til þess.

Súkkulaði-húð (couverture) er súkkulaði, sem í er í mesta lagi 50% af hreinum, hvítum neyzlusykri og að minnsta kosti 33% af kakaódeigi, sem í hefir verið sett svo mikið af kakaósmjöri, að í húðinni er að minnsta kosti 35% af kakaósmjöri. Setja má í húðina allt að 5% samtals af helsihnetum, valhnetum, sætum möndlum, þurrkuðum ávöxtum (eins og t. d. rúsínum, kúrennum), maltextrakti, maltsykri eða mjólkurdufti (þurrmjólk), og kemur það í stað jafnmikils hluta af sykri.

Rjómasúkkulaði-húð, mjólkursúkkulaði-húð er súkkulaði, sem í er að minnsta kosti 35% samtals af fitu (kakaósmjöri og mjólkurfeiti) og í mesta lagi 50% af hreinum, hvítum neyzlusykri og að öðru leyti uppfyllir kröfur þær, sem gerðar eru til rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (3. gr., tölul. 3, 4).

Í kakaóvörum er stundum lítið eitt af lecitíni.

II. KAFLI

Matsreglur.

4. gr.

Kakaóvörur þær, sem nefndar eru hér á eftir, eru sérstaklega taldar **skemmdar**, og má ekki hafa þær í umferð, þótt auðkenndar séu með tilliti til þess:

1. Kakaóbaunir:
   a) óvaldar, í öðrum umbúðum en umbúðum framleiðslulandsins, ef í þeim er meira en 15% af ónothæfum kakaóbaunum og óhreinindum,
   b) valdar, ef í þeim eru samtals meira en 3% af ónothæfum, sérstaklega skemmdum kakaóbaunum og óhreinindum.

   Þær kakaóbaunir eru taldar skemmdar, sem hafa spillzt verulega af völdum sjávar, myglu, ýldu, reykjar eða skorkvikinda eða ef af þeim er fúkkalykt eða myglubragð.
2. Kakaóvörur úr kakaóbaunum, sem í er meira af ónothæfum eða skemmdum kakaóbaunum, svo og óhreinindum, en minnst getur orðið.
3. Kakaóvörur, sem breytzt hafa svo verulega í útliti, að bragði eða lykt, að þær eru miður hæfar til neyzlu.
4. Kakaósmjör, sem hefir hærri sýrutölu en 4,5 eða er þrátt, fúkkað, myglað eða á einhvern annan hátt viðbjóðslegt.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru kakaóvörur taldar **eftirlíkingar** eða metnar **falsaðar**, og má ekki hafa þær í umferð, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í tölulið 9, 11, 18c, 18f og 23 þessarar greinar:

1. Vörur, sem taldar eru kakaóvörur, en fullnægja þó ekki skilyrðum 1.—3. greinar þessarar reglugerðar.
2. Vörur, sem eru þannig útlits eða hafa þá lykt og bragð, er getur valdið því, að villzt sé á þeim og einhverjum þeim kakaóvörum, sem skilgreindar eru í 1.—3. grein þessarar reglugerðar, enda fullnægi þær ekki þar settum skilyrðum.
3. Kakaóvörur, sem í er meira af kakaóhýði, kakaókími eða kakaófræhimnum en minnst getur orðið.
4. Kakaóvörur, sem í er önnur feiti en kakaósmjör, þó að undantekinni þeirri feiti, sem stafar

af efnum, sem heimilt er að blanda í kakaóvörur, sbr. 3. gr., 1., 3., 4., 5., 8., 9., 12. og 13. tölulið þessarar reglugerðar. 54 20. júlí

5. Kakaóvörur, sem í er jarðolía.
6. Kakaóvörur, sem í er notað meira en 2% af kakaósalla, miðað við efnin úr kakaóinu, eða eru að nokkru eða öllu leyti gerðar úr kakaóúrgangi, kakaóhýði eða úr hvorutveggja.
7. Kakaóvörur, sem eru litaðar eða húðaðar með lakki, þó að undanteknum óskaðlegum litum til skreytingar og sandarrak- eða benzóelakki eða öðrum óskaðlegum lakktegundum til húðunar á súkkulaðimyndum.
8. Kakaóvörur, sem í er meira en 0,3% af lecitíni, miðað við hreint lecitín og fullgerða vöruna.
9. Kakaóvörur, sem í eru náttúrleg eða tilbúin ilm- og bragðefni, nema þær séu nægjanlega og viðeigandi auðkenndar með tilliti til þess, þó að undanteknu náttúrlegu kryddi, vanillíni og aethyletri vanillínsins.
10. Kakaódeig, kakaóduft, fiturýrt kakaóduft, sem í eru annarleg efni, önnur en þau, er hér greinir:
    a) Lítið eða ekki meira en svo af kakaóhýði, kakaókími og kakaófræhimnum, að minna geti ekki orðið.
    b) Ammóníumsölt, en þó minna en svo, að þeirra verði vart af lyktinni.
    c) Alkalíkarbónöt, magnesíumsambönd eða önnur óskaðleg efni, sem notuð eru til að gera kakaóið uppleysanlegt eða slökkva (neutralísera) það, enda fari þessi efni ekki fram úr 2,5% miðað við kakaódeigið.
    d) Náttúrlegt krydd, vanillín eða aethyletur vanillínsins.
    e) Sandur allt að 0,3% miðað við fitusnautt þurrefnið.
    f) Lecitín (sbr. 8. tölulið þessarar greinar).
11. Kakaóduft, sem í eru minna en 20% af kakaósmjöri, nema það sé auðkennt sem „fiturýrt".
12. Fiturýrt kakaóduft, sem í eru minna en 10% af kakaósmjöri.
13. Kakaóduft og fiturýrt kakaóduft, sem ekki hefir verið gert uppleysanlegt, ef í því er meira en 5% af ösku miðað við kakaódeig með 55% af kakaósmjöri.
14. Kakaóduft og fiturýrt kakaóduft, sem gert hefir verið uppleysanlegt, ef í því er meira en 7,5% af ösku miðað við kakaódeig með 55% af kakaósmjöri.
15. Kakaóduft og fiturýrt kakaóduft, sem í er meira en 9% af vatni.
16. Súkkulaði, sem í hefir verið látið meira en 1% af vatni, meðan á framleiðslunni stóð.
17. Súkkulaði, sem í er meira en 2,5% af vatni, þó að undanteknu rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði og undanrennusúkkulaði.
18. Súkkulaði, sem í eru annarleg efni önnur en þessi:
    a) Lítið eða ekki meira en svo af kakaóhýði, kakaókími og kakaófræhimnum, að minna geti ekki orðið.
    b) Sandur allt að 0,3% miðað við fitusnautt og sykursnautt þurrefnið.
    c) Mjólk eða mjólkurvörur, enda sé súkkulaðið auðkennt sem rjómasúkkulaði eða mjólkursúkkulaði eða undanrennusúkkulaði, ef í því er meira en 5% af mjólkur- eða undanrennudufti.
    d) Náttúrlegt krydd, vanillín eða aethyletur vanillínsins.
    e) Lecitín (sbr. 8. tölulið þessarar greinar).
    f) Heslihnetur, valhnetur, sætar möndlur, jarðhnetur, kókoshnetur, parahnetur, cashewhnetur, marsípan, núgat, kaffi, hunang eða annað þess háttar, ávextir, náttúrleg eða tilbúin ilm- og bragðefni (þó að undanskildu vanillíni og aethyletri vanillínsins), egg, eggjarauða eða eggjahvíta, enda sé súkkulaðið nægjanlega og viðeigandi auðkennt og þessi efni ásamt sykrinum fari ekki samtals fram úr 60%. Ef kjarnarnir eða ávextirnir eru settir í súkkulaðið í stykkjum, teljast þeir ekki með.
19. Mjólkursúkkulaði, sem í er látið undanrennuduft.
20. Rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði, undanrennusúkkulaði, sem í er samtals meira af sykri ásamt leyfðum viðbótarefnum öðrum en rjóma, mjólk eða undanrennu en 60%. Kjarnar eða ávextir, sem settir eru í súkkulaðið heilir eða í stykkjum, teljast ekki með.
21. Hnotsúkkulaði eða möndlusúkkulaði, sem í eru notaðar eftirstöðvar olíuframleiðslunnar.
22. Súkkulaði, sem í eru notaðar heslihnetur, valhnetur, sætar möndlur, jarðhnetur, kókoshnetur, parahnetur eða cashewhnetur, ef í það er sett feiti eða olía úr nefndum kjörnum.
23. Súkkulaðihúð, sem í er notað samtals meira en 5% af heslihnetum, valhnetum, sætum möndlum, jarðhnetum eða ávöxtum, ef hún er ekki auðkennd á viðeigandi hátt, t. d. sem „hnotsúkkulaði-húð", sem „súkkulaðihúð með jarðhnetum" o. s. frv.

54 24. Kakaófeiti, sem talin er kakaósmjör og unnin hefir verið með upplausnarefnum.
20. júlí 25. Kakaósmjör, sem í er kakaófeiti unnin með upplausnarefnum, annarleg feiti eða olía úr jurta- eða dýraríkinu, hert feiti, jarðolía eða önnur annarleg efni eða litað kakaósmjör.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, teljast kakaóvörur **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar:**

1. Vörur með auðkenningu, upplýsingum eða umbúnaði eins og þær væru einhverjar af þeim vörum, sem taldar eru í 1.—3. grein þessarar reglugerðar, án þess þó að uppfylla þar sett skilyrði.
2. Kakaóduft, sem auðkennt er „fituríkt" eða annað þvíumlíkt.
3. Kakaómalt, sem í hefir verið notað fiturýrt kakaóduft, án þess að vera auðkennt svo í beinu sambandi við nafnið.
4. Þegar þau efni, sem leyfð eru skv. 5. grein, tölulið 18c, f, eru ekki auðkennd samkvæmt því í beinu sambandi við nafn vörunnar, þó að undanteknu súkkulaði, sem í er allt að 5% af mjólkur eða undanrennudufti.
5. Súkkulaðihúðað mungæti, sem mótað er í plötur og er ekki auðkennt „súkkulaðihúðað ..." eða á annan viðeigandi hátt.
6. Þegar kakaó eða súkkulaði er blandað öðrum efnum, sbr. 2. og 3. grein þessarar reglugerðar, en nafnið þannig prentað eða letrað á annan hátt, að sérstök áherzla er lögð á orðin kakaó og súkkulaði.
7. Ef ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
8. Kakaóvörur, sem eru ranglega taldar hafa sérstök hollustuáhrif.

III. KAFLI

Verzlun með plötusúkkulaði.

7. gr.

Súkkulaði, sem mótað er í plötur, má í lausasölu aðeins selja eða hafa á boðstólum í plötum, sem eru 500, 250, 200, 125, 100, 50 eða 25 grömm að þyngd (nettó). Ef súkkulaðið er í umbúðum, er þunga innihaldsins getið á þeim.

Þessi ákvæði gilda ekki, þegar seld eru stykki minni en 25 grömm, né heldur um sölu á stykkjum úr plötum, eða þegar súkkulaði er selt eftir þunga.

Á plötum, sem vega meira en 100 grömm, má eigi muna meiru en 3% á þunganum og á plötum, sem eru 100 grömm og þar undir, ekki meiru en 4%, hvorttveggja miðað við þá þyngd, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar. Undantekið er súkkulaðihúðað mungæti og súkkulaði, sem í eru fræ, kjarnar eða ávextir í heilu lagi eða stykkjum. Þar má eigi muna meiru en 4% á þunganum á þeim plötum, sem vega meira en 100 grömm, og ekki meiru en 5% á þeim plötum, sem vega 100 grömm eða minna, hvorttveggja miðað við þá þyngd, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 3. grein þessarar reglugerðar, kr. 2,50 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu, og af þeim vörum, öðrum en kakaósmjöri, sem um getur í 2. grein, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

9. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

10. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1936 nema 7. gr., sem öðlast gildi 1. október 1938. 54 20. júlí

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

SAMÞYKKT 55 22. júlí

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

1. gr.

Félagið heitir „Veiðifélag Vatnsdalsár". Heimili þess og varnarþing er að Sveinsstöðum.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni.

3. gr.

Markmiði sínu hyggst félagið að ná með því:

a. að friða ána fyrir hverskonar veiðiaðferðum til laxveiða nema stangaveiða samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum, er félagsstjórn eða lögmætur félagsfundur samþykkir,
b. að vinna að ófriðun og útrýmingu sels og annars veiðivargs.

4. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsá og Giljá og framrennsli þeirra. Sömuleiðis hefir félagið umráð yfir allri silungsveiði á svæðinu, að því undanskildu, að lagnetjaveiði fyrir silung er leyfileg fyrir ábúendur á svæðinu frá sjó og fram að Undirfelli. Þó má möskvastærð silunganeta eigi vera meiri en 4⅔ cm á milli hnúta og netin eigi ná lengra frá landi en lög heimila. Eigi má hafa króka eða fleygnet, er að dómi sérfróðra manna getur talizt veruleg hindrun fyrir laxgöngu.

5. gr.

Félagsmenn eru ábúendur allra jarða á félagssvæðinu, en þær eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda, Hnausar, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Kot, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ás, Brúsastaðir,

55 Snæringsstaðir, Undirfell, Kornsá, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiða-
22. júlí bólsstaður, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Þingeyrar og Geira-
staðir og Leysingjastaðir.

6. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar.

7. gr.

Félagsstjórn skal leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangaveiða. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu. Veiðimönnum er heimil án sérstaks endurgjalds umferð með ánum á veiðiferðum sínum, en gæta skulu þeir þess að gera sem minnstan usla og alls ekki sleppa hestum í slægjulönd manna, og loka öllum hliðum, er þeir fara um.

8. gr.

Félagsstjórn skal sjá um alla veiði félagsins, gera samninga um stangaveiði, sjá um verkun og sölu afla og allt annað, er félagið varðar.

9. gr.

Kostnaði öllum, er félagið kann að hafa, skal jafnað niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá félagsins tiltekur.

10. gr.

Stjórnina skipa 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt 3 varamönnum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið 3 undanfarandi ár í stjórninni.

11. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir umsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

12. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúar ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður með uppfestri auglýsingu á Stóru-Giljá, Sveinsstöðum og Undirfelli með þriggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá gerðum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár, og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kýs stjórn og 2 endurskoðendur ásamt varamönnum til þriggja ára. Aðalfundur ákveður laun stjórnar og annara

starfsmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum félagsins, nema um breytingar á samþykktinni eða félagsslit (sbr. 15., 18. og 19. gr.). 55 22. júlí

13. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða ¼ félagsmanna óskar.

14. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

15. gr.

Arði af veiði félagsins skal skipt á félagsmenn samkvæmt arðskrá, er lögmætur stofnfundur samþykkir og hlotið hefir stjórnarráðsstaðfestingu. Arðskráin skal endurskoðuð á 5 ára fresti. Náist ekki samkomulag um breytingu, gildir arðskráin áfram.

16. gr.

Eigi má úthluta arði að fullu samkv. 14. gr. fyrr en eftir aðalfund. Aðalfundur getur ákveðið að leggja allt að 5% af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, ef ⅔ hlutar fundarmanna samþykkja það, enda skal þá félagsstjórn á næsta aðalfundi leggja fram uppkast að reglugerð fyrir sjóðinn.

17. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar refsingu samkvæmt lögum nr. 61, 1932.

18. gr.

Samþykktinni má breyta, ef ⅔ mættra félagsmanna samþykkja breytinguna, og hafi hennar verið getið í fundarboði.

19. gr.

Félaginu má slíta, ef ¾ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júlí 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

56
27. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7, 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

4. gr. reglugerðar nr. 7, 11. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl., hljóði svo:

Áður en ferming útflutningsvara á sér stað, skulu útflytjendur afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, í Reykjavík tollstjóra, skriflega yfirlýsingu um eftirgreind atriði varðandi hinar útfluttu vörur:

1. Tölu, magn og tegund varanna.
2. Söluverð, ef sala hefir átt sér stað, annars áætlað fob.-verð varanna.
3. Allan kostnað, sem vegna útflutnings varanna er greiddur hér, svo sem flutningsgjald, vátryggingu og umbúðir.
4. Ákvörðunarstaði varanna.
5. Nöfn og heimili viðtakenda.
6. Hvar og hvernig vörurnar séu greiddar eða eigi að greiðast:
   a. Ef andvirði varanna er greitt fyrirfram, skulu útflytjendur leggja fram vottorð frá bönkunum um, að erlenda gjaldeyrinum hafi verið skilað til bankanna hér.
   b. Ef andvirði varanna eða hluta af því er ráðstafað eða á að ráðstafa samkvæmt sérstakri heimild gjaldeyris- og innflutningsnefndar, skulu útflytjendur leggja fram heimildarskjal þar að lútandi.
   c. Ef andvirði varanna, allt eða að einhverju leyti, er væntanlegt síðar, skulu útflytjendur tilgreina, hvenær og í hvaða banka erlendi gjaldeyririnn sé væntanlegur, svo og, af hverjum honum verði skilað þangað.

Yfirlýsingu þessari, sem skrá skal á þar til gerð eyðublöð, skulu ávallt fylgja afrit af farmskírteinum og sölureikningum yfir vörurnar, ef sala hefir farið fram. Hafi sala hinsvegar ekki farið fram eða útflutningsvörur eru sendar í umboðssölu, skulu útflytjendur undirrita skuldbindingu um að afhenda gjaldeyris- og innflutningsnefnd afrit sölureiknings jafnskjótt og sala hefir farið fram. Séu vörur greiddar með íslenzkum gjaldeyri, skulu fylgja skilríki frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd eða bönkunum, er sýni, að gjaldeyrisins hafi verið aflað þannig, að eigi brjóti í bága við lögin um gjaldeyrisverzlun og reglugerð þessa.

Auk þeirra skyldna, sem samkvæmt framansögðu eru lagðar á útflytjendur, skulu og skipstjórar eða afgreiðslumenn gera farmskrá yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þau, áður en skipið leggur úr höfn, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, í Reykjavík tollstjóra, og skal á farmskránni standa tala, magn, tegund og merki varanna, nöfn sendenda og móttakenda, svo og á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra og, ef um stykkjavöru er að ræða, einnig af afgreiðslumanni, um, að skipið hafi ekki tekið frá umræddri höfn aðrar eða meiri útflutningsvörur en á farmskránni greinir.

Einnig skal skipstjóri afhenda á síðustu höfn, er skipið tekur vörur til útflutnings, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, í Reykjavík tollstjóra, heildarfarmskrá yfir allar vörur, sem skipið hefir tekið til útflutnings hér á landi í umræddri ferð, og skal á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, um, að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri útflutningsvörur en á heildarfarmskránni greinir. 56 27. júlí

Framangreind skjöl skal lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, síðan tafarlaust senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20. ágúst n. k. og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT 57 31. júlí

um viðauka við samþykkt um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað frá 12. apríl 1921.

Svo hljóðandi viðauki bætist aftan við 2. grein samþykktarinnar, sbr. samþykkt 10. apríl 1931:

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal öllum sölubúðum lokað á virkum dögum frá kl. 12½—3½ e. h.

Brauð- og mjólkursölubúðir skulu vera opnar eins og hér segir: Alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h., nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal þeim lokað frá kl. 12½—3½ e. h. eins og öðrum sölubúðum.

Á helgum dögum skulu þær vera opnar frá kl. 9 f. h. til kl. 1 e. h. og frá kl. 6—7 e. h.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

58

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1936 til jafnlengdar 1937.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	219	58	219	58	183
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	30	83	184	98	154
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	19	50	234	00	195
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	21	83	174	64	146
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	14	42	144	20	120
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	145	83	145	83	122
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	139	09	185	45	155
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	0	83	99	60	83
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	60	72	00	60
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	30	156	00	130
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	60	72	00	60
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	21	50	129	00	107
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	2	96	44	40	37
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	10	00	40	00	33
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	7	34	44	04	37
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	5	79	34	74	29
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	4	80	38	40	32
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	3	71	44	52	37
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	52	124	80	104
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	37	»	»	167
43.	— 1 lambsfóður ..... á	9	04	»	»	181
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			184	10	154
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			99	90	83
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			129	00	107
	Eftir E. eða í lýsi			44	40	37
	Eftir F. eða í skinnavöru			54	42	45
	En meðalverð allra landaura samantalið			511	82	426
	og skipt með 5 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			102	36	85

58

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 10. febrúar 1936.

Ari Arnalds.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1936.

Eysteinn Jónsson.

Páll Eggert Ólason.

59

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu og Neskaupstað

frá 16. maímánaðar 1936 til jafnlengdar 1937.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	203	67	203	67	170
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	25	53	153	18	128
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	25	67	154	02	128
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	21	25	170	00	142
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	17	58	210	96	176
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	18	93	151	44	126
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	11	60	116	00	97
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	143	00	143	00	119
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	128	67	171	56	143
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	0	78	93	60	78
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	57	68	40	57
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	34	160	80	134
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	62	74	40	62
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	19	82	118	92	99
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

59

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	9	83	39	32	33
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	8	50	51	00	42
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	7	75	62	00	52
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	6	58	78	96	66
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	32	76	80	64
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	15	12	90	72	76
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	19	58	234	96	196
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	53	»	»	171
43.	— 1 lambsfóður ..... á	8	50	»	»	170
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			163	76	136
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			99	30	83
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			118	92	99
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			61	62	51
	En meðalverð allra landaura samantalið			443	60	369
	og skipt með 4 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			110	90	92

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 26. febrúar 1936.

Magnús Gíslason.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1936.

Eysteinn Jónsson.

Páll Eggert Ólason.

60

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Austur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1936 til jafnlengdar 1937.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	200	00	200	00	167
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	18	40	110	40	92
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	19	80	118	80	99
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	15	80	126	40	105
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	12	50	150	00	125
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	13	50	108	00	90
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	6	40	64	00	53
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	164	00	164	00	137
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	109	00	145	33	121
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	0	65	78	00	65
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	36	43	20	36
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	09	130	80	109
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	58	69	60	58
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

60

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	7	67	30	68	26
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	5	67	34	02	28
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	3	67	22	02	18
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	3	17	25	36	21
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	2	67	32	04	27
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	8	00	48	00	40
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	50	120	00	100
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	6	80	»	»	136
43.	— 1 lambsfóður ..... á	6	00	»	»	120
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			131	88	110
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			80	40	67
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			»	»	»
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			44	59	37
	En meðalverð allra landaura samantalið			256	87	214
	og skipt með 3 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			85	62	71

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 20. janúar 1936.

Gísli Sveinsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1936.

Eysteinn Jónsson.

Páll Eggert Ólason.

61

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Vestur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1936 til jafnlengdar 1937.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	198	14	198	14	165
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	18	21	109	26	91
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	22	71	136	26	114
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	16	64	133	12	111
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	12	57	150	84	126
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	16	14	129	12	108
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	6	64	66	40	55
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	140	00	140	00	117
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	96	43	128	57	107
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	0	51	61	20	51
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	34	40	80	34
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	19	142	80	119
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	52	62	40	52
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

61

		Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	9	88	39	52	33
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	6	25	37	50	31
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	5	00	30	00	25
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	7	44	59	52	50
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	4	08	48	96	41
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	36	86	40	72
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	7	47	»	»	149
43.	— 1 lambsfóður ..... á	7	43	»	»	149
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			132	41	111
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			76	80	64
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			»	»	»
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			50	32	42
	En meðalverð allra landaura samantalið			259	53	217
	og skipt með 3 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			86	51	72

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 20. janúar 1936.

Gísli Sveinsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1936.

Eysteinn Jónsson.

Páll Eggert Ólason.

62

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Vestmannaeyjar

frá 16. maímánaðar 1936 til jafnlengdar 1937.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	265	00	265	00	221
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	»	»	»	»	»
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði	pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka	parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka	parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga	parið á	0	73	131	40	109
18.	— 20 eingirnispeysur	hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur	hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al.	á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al.	á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum ..	vættin á	20	60	123	60	103
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ...	vættin á	41	00	246	00	205
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ..	vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri	vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum	vættin á	»	»	»	»	»

75

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	3	37	50	55	42
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	7	29	29	16	24
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	7	56	45	36	38
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	4	50	27	00	22
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	45	108	00	90
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	9	61	»	»	192
43.	— 1 lambsfóður ..... á	11	43	»	»	229
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			205	31	171
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			112	20	93
	Eftir C. eða í ullartóvöru			131	40	109
	Eftir D. eða í fiski			184	80	154
	Eftir E. eða í lýsi			50	55	42
	Eftir F. eða í skinnavöru			52	38	43
	En meðalverð allra landaura samantalið			736	64	612
	og skipt með 6 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			122	77	102

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 5. marz 1936.

Sig. Eggerz.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 2. apríl 1936.

Eysteinn Jónsson.

Páll Eggert Ólason.

76

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Þingeyjarsýslu

frá 16. maímánaðar 1936 til jafnlengdar 1937.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	233	50	233	50	195
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	30	88	185	28	154
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	34	14	204	84	171
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	30	12	240	96	201
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	22	27	267	24	223
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	25	13	201	04	168
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	13	72	137	20	114
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	172	33	172	33	144
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	153	67	204	89	171
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	0	81	97	20	81
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	56	67	20	56
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	24	148	80	124
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	59	70	80	59
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	16	46	98	76	82
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	29	17	175	02	146
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

76

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	2	07	31	05	26
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	8	20	32	80	27
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	7	71	46	26	39
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	5	33	31	98	27
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	4	41	35	28	29
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	3	53	42	36	35
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	43	103	20	86
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	16	45	98	70	82
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjaliagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	54	»	»	171
43.	— 1 lambsfóður ..... á	10	42	»	»	208
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í friðu			205	25	171
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			96	00	80
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			136	89	114
	Eftir E. eða í lýsi			31	05	26
	Eftir F. eða í skinnavöru			48	65	40
	En meðalverð allra landaura samantalið ..... og skipt með 5 sýnir:			517	84	431
	Meðalverð allra meðalverða			103	57	86

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 18. febrúar 1936.

Júl. Havsteen.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 2. apríl 1936.

Eysteinn Jónsson.

Páll Eggert Ólason.

77
1. ágúst

HAFNARREGLUGERÐ
fyrir Skagastrandarkauptún.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

2. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni, og sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd er skipuð þrem mönnum, og eru tveir kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs einn. Nefndarmenn eru kosnir til þriggja ára, og gengur einn úr árlega.

Að minnsta kosti tveir nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni eða nágrenni þess.

3. gr.

Hafnarnefnd skal ráða hafnarvörð, er hefir þau störf undir umsjón hafnarnefndar, sem talin eru í þessari reglugerð, og annað, sem hafnarnefnd kann að fela honum vegna hafnarinnar. Skal hafnarnefnd gefa hafnarverði erindisbréf, er greini sem skýrast störf hans og skyldur.

Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það til hafnarnefndar, en skipun þessara aðilja ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

6. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki

stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á, og í einstökum tilfellum, svo sem til að skjóta hvali og seli. 77 1. ágúst

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu þeirra. Áliti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarvarða í hvert sinn.

8. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarvarðar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi hafnarvarðar og landeiganda. Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi nema eftir tilögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum, er liggja við hafnarbryggjur eða á höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarvarðar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum eða bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé að dómi hafnarvarðar nægilega gott pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur að leggja netum eða duflum svo nærri bryggjum eða á höfninni, að aðgangur verði skipum ógreiður. Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

10. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips að hlýða skipun hafnarvarðar eða flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

11. gr.

Eigi má festa skip við uppfyllingu eða bryggju nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni og uppfyllingunni. Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast, að úr þessu sé bætt tafarlaust.

77 12. gr.

1. ágúst Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðarins.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slíkra skipa, hafa rétt til að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja, á meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess; ennfremur getur hafnvörður vísað skipum frá bryggju, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður, í hvaða röð skip komast að bryggju.

14. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert á þeirra kostnað.

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðar eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess. Hafnarvörður getur heimtað gjöld eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

16. gr.

Gjaldskrá.

1. Lóðagjöld: Eigendur þeirra jarða, sem að höfninni liggja, skulu greiða helming hækkunar lóðarleigu í landi jarðanna og helming lóðargjalda nýrra lóða, hvorttveggja talið frá fardögum 1935.
2. Lestargjöld: Öll aðkomuskip og aðkomubátar, sem mæld eru til lestatals, skulu greiða í lestargjald 5 aura af hverri smálest í hvert sinn, er þau leggjast á Skagastrandarhöfn eða við bryggju, þó með þeim undantekningum, sem síðar segir. Lægsta gjald fyrir skip skal þó vera 1 króna.

   Gjaldið er reiknað af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum; minna broti en hálfu er sleppt.
3. Bryggjugjöld: Skip og bátar, sem nota bryggjur hafnarinnar, greiða í bryggjugjald 5 aura af smálest fyrir allt að sólarhring, þó ekki minna en

kr. 2,00 fyrir skip og báta, sem mæld eru til lestatals, og ekki minna en 1 krónu fyrir smærri báta. 77 1. ágúst

Bátar, heimilisfastir á Skagaströnd, skulu greiða 50 aura fyrir sólarhringinn, þó ekki meira en 20 krónur á ári.

4. Fiskhlutur: Vélbátar og róðrarbátar undir 8 tonnum greiða 2% af heildarafla skipsins. Stærri bátar, síldveiðiskip og togarar, greiði 1%. Heimilt er hafnarnefnd að lækka gjald þetta með sérstökum samningi.
5. Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl, 2 krónur á smálest; þó skal af útfluttri síld aðeins greiða 10 aura fyrir tunnu. Af timbri greiðist 3 aurar af teningsfeti og af tómum uppsettum tunnum 5 aurar fyrir hverja. Af flutningi og munum til einstakra manna greiðist minnst 10 aurar af stykki.

Aldrei skal taka tvisvar gjald af sömu vöru.

6. Ljósagjöld: Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 15. maí og lestargjöld greiða, skulu greiða kr. 2,00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei yfir 10 krónur á ári.

Smærri skip en 8 smálestir greiði hálft gjald.

7. Vatnsgjald: Þeir, sem ekki hafa gert sérstaka samninga um kaup á vatni frá vatnsleiðslu hafnarinnar, skulu greiða kr. 2,00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 5,00.

Herskip, varðskip og skemmtiskip eru undanþegin öllum gjöldum til hafnarinnar.

Póstflutningur, efni og tæki til hafnarinnar er undanþegið öllum gjöldum; þó hefir þetta ekki áhrif á lestargjald skipsins eða bryggjugjald.

17. gr.

Móttakandi greiði vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Andvirði fiskhlutar fellur í gjalddaga við lok hvers mánaðar. Aðkomuskip greiði þó gjaldið strax að uppskipun lokinni. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla gjaldið og innheimta samkvæmt þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefir haldsrétt í vörum og afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

18. gr.

Hafnarvörður sér um innheimtu allra hafnargjalda og annara tekna hafnarinnar, og skulu gjöldin greidd á skrifstofu hans.

77
1. ágúst

19. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda á skipi sínu.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð.

21. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs hafa lögtaksrétt, og hefir hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir gjöldunum. Skipstjóri eða formaður, sem fer úr höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, hefir gerzt sekur um brot á reglugerð þessari.

22. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til að bæta að fullu skaða þann, sem af skemmdunum hlýzt.

Formaður hafnarnefndar er réttur sóknaraðili skaðabótamála.

23. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum 20 til 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

25. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Með þessari reglugerð er felld úr gildi hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarkauptún frá 10. apríl 1934.

27. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 14. júní 1929, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

78
6. ágúst

um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum.

1. gr.

Engum er heimilt að hafa á hendi fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema að hafa til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá póstmálastjóri úr. Úrskurði þessum má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga skal miðast við ákveðnar leiðir. Í hverju sérleyfi skulu vera ákvæði um ferðatilhögun og fargjöld á sérleyfisleiðinni, svo og um póstflutninga, sömuleiðis ákvæði, er skylda sérleyfishafa til að halda uppi flutningum á leiðinni, svo lengi sem póststjórnin telur nauðsynlegt og tíð leyfir og vegir teljast færir að áliti vegamálastjóra. Nú er nokkur hluti sérleyfisleiðar ófær bifreiðum, og er þá sérleyfishafi skyldur til að leita álits póststjórnar, hvort halda skuli uppi flutningum á þeim hlutum leiðanna, sem eru færir bifreiðum. Sérleyfishafa er óheimilt að leggja niður eða fækka ferðum á sérleyfisleið án þess að hafa fengið til þess samþykki póststjórnar.

Sérleyfi skal vera óframseljanlegt.

3. gr.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþegum. Skal slík undanþága miðast við ákveðnar bifreiðar, gilda til ákveðins tíma í senn og vera óframseljanleg. Í slíkri undanþágu má setja ákvæði um ferðafjölda og fargjöld á leiðinni, svo og um póstflutninga. Slíka undanþágu getur ráðherra afturkallað án fyrirvara, ef ástæða er til að dómi póstmálastjóra og skipulagsnefndar fólksflutninga.

4. gr.

Póststjórninni er heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningaferðir með stærri bifreiðum en 6 manna endrum og sinnum, en með minni bifreiðum eru slíkar tækifærisferðir frjálsar, sérstaklega þegar um er að ræða ferðir félaga og skóla, akstur í sambandi við útlend skemmtiskip og ferðir um Suðurlandsbraut að Lækjarbotnum á sunnudögum og öðrum almennum frídögum um sumartímann. Slíkar undanþágur má miða við ákveðnar bifreiðar eða ákveðinn fjölda bifreiða. Slíkar undanþágur má veita til ákveðins tíma í senn, en eru þó afturkallanlegar, hvenær sem ástæða er til að dómi póststjórnar.

78 Ekki þarf sérleyfi eða undanþágu til að hafa á hendi hverskonar fólksflutn-
6. ágúst inga á heildarleiðunum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir og Reykjavík—Reykjanesviti, sé aðeins um að ræða flutninga á þessa endastaði.

Einnig er með minni bifreiðum en 6 manna heimilt á sunnudögum að halda uppi hverskonar fólksflutningum á heildarleiðinni Reykjavík—Þingvellir.

5. gr.

Nú er veitt sérleyfi fyrir ákveðna leið, og má þá enginn annar en sá, er slíkt sérleyfi hefir fengið, halda uppi fólksflutningum á leiðinni eða kafla úr henni eftir föstum áætlunum nema að hafa til þess undanþágu frá ráðherra samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar.

Áður en veitt er sérleyfi eða undanþága, er gildir lengur en til eins mánaðar, skal leita umsagnar skipulagsnefndar fólksflutninga um málið.

6. gr.

Póststjórnin setur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga og sérleyfishafa, ferðaáætlun og gjaldskrá á sérleyfisleiðum, og er sérleyfishafi skyldur til að fylgja áætlun um burtfarar- og komutíma, svo og gjaldskrá, er póststjórnin setur. Óski sérleyfishafi eftir breytingu á ferðaáætlun eða gjaldskrá, skal hann senda póststjórninni skriflega beiðni um það, og ákveður póststjórnin, hvort gera skuli slíka breytingu. Póststjórnin getur hvenær sem er, ef sérstök ástæða er til, breytt ferðaáætlun og gjaldskrá, án þess að fyrir liggi tillögur um það frá sérleyfishafa. Ef flutningum seinkar eða ferðir falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar í stað tilkynna það póststjórninni og tilgreina ástæður.

Nú vill sérleyfishafi ekki hlíta ákvörðun póststjórnar um ferðaáætlun eða gjaldskrá, og sker þá ráðherra úr, en leita skal þó áður álits skipulagsnefndar fólksflutninga. Skyldur er sérleyfishafi til að hlíta ákvörðun póststjórnar, þar til ráðherra hefir skorið úr.

7. gr.

Sérleyfishafi er skyldur til að fullnægja flutningaþörfinni á þeirri leið, sem hann hefir sérleyfi á. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, skal einn þeirra eða fleiri vera aðalsérleyfishafi, og ber hann eða þeir ábyrgð á, að flutningaþörfinni sé fullnægt, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

Sérleyfishafi er þó ekki skyldur til að leggja til aukabifreið fyrir færri en 4 farþega á lengri leiðum en 100 km vegalengd.

8. gr.

Sérleyfishafi skal á viðkomu- og endastöðum birta ferðaáætlun og gjaldskrá með auglýsingum á hentugum stöðum.

9. gr.

Skylt skal sérleyfishöfum og þeim, er fá undanþágu ráðherra til fólksflutningaaksturs, að afhenda öllum farþegum tölusetta farseðla, er gerðir séu eftir fyrirsögn og undir eftirliti póststjórnarinnar. Farseðlar séu afhentir eigi síðar en um leið og farþegar stiga í bifreiðina.

Sérleyfishafi sendir póststjórninni mánaðarlega skýrslur um tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að dómi póststjórnar, til þess að fá vitneskju um rekstur bifreiðanna á hverri leið og hvernig sérleyfishafi fullnægi flutningaþörfinni á þeirri leið, sem hann hefir sérleyfi á.

Sérleyfishafi skal um hver áramót senda póststjórninni rekstursreikning í því formi, er hún mælir fyrir um. Nú dregur sérleyfishafi að senda slíkar skýrslur eða upplýsingar, og er þá póststjórninni heimilt að ákveða dagsektir frá kr. 2,00 til kr. 20,00 fyrir hvern dag. Ítrekuð brot í þessu efni geta varðað sérleyfismissi.

10. gr.

Sérleyfishafa er skylt að flytja ákveðið magn póstflutninga endurgjaldslaust eftir reglum, sem póststjórnin setur.

Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, sem óviðkomandi menn komast ekki að, og skylt er að skila póstflutningum á réttum stöðum. Að öðru leyti fer um flutning á póstinum eftir reglum, sem póststjórnin setur.

11. gr.

Skylt er sérleyfishafa, ef bifreið hans bilar eða verður ónothæf, að útvega aðra í hennar stað, sem póststjórnin tekur gilda. Nú bilar bifreið sérleyfishafa á þeim tíma, sem flutningum er ekki haldið uppi á sérleyfisleið hans, og er hann þá skyldur að hafa tilbúna bifreið í hennar stað, þegar er flutningar hefjast aftur á sérleyfisleiðinni.

12. gr.

Skylt er sérleyfishafa að kaupa og halda við tryggingum fyrir bifreiðar sínar samkvæmt ákvæðum laga um notkun bifreiða. Nær tryggingarskyldan einnig til bifreiða, sem skrásettar eru til vöruflutninga, en notaðar eru endrum og sinnum til fólksflutninga.

Sérleyfishafi, bifreiðastjórar hans og afgreiðslumenn skulu jafnan gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni.

Kærur út af sérleyfisakstri skulu sendar póststjórninni skriflega.

Halda skal bifreiðum þrifalegum að utan og innan eftir því, sem við verður komið. Skal gæta þess, að áletrun á skrásetningarmerki sé jafnan vel læsileg. Sérleyfishafi er skyldur að sjá um, að framan á bifreiðum hans í föstum áætlunarferðum sé merkt greinilega nafn leiðar, sem bifreiðin ekur. Í farþegabyrgi skal festa upp auglýsingu um fastar áætlunarferðir og fargjöld á leiðinni, sem bifreiðin ekur.

78 6. ágúst

13. gr.

Um daglegan vinnutíma bifreiðarstjóra skal gæta ákvæða gildandi laga og reglugerða um hvíldartíma bifreiðarstjóra. Skal gæta þess að ofþreyta ekki bifreiðarstjóra, svo nauðsynlegt öryggi við akstur minnki.

14. gr.

Gæta skal þess að aka þannig, að vegunum sé hlíft við skemmdum, eftir því, sem við verður komið. Þyki vegamálastjóra vegakafli liggja undir skemmdum af akstri þungra bifreiða, getur hann í samráði við póststjórnina ákveðið, að áætlunarferðir skuli niður falla, meðan svo stendur á.

15. gr.

Kosning þriggja manna í þá sex manna nefnd, sem gerir tillögur til póststjórnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt 3. grein laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum og nefnist skipulagsnefnd fólksflutninga, fer eftir reglum útgefnum af atvinnumálaráðherra.

16. gr.

Leita skal álits skipulagsnefndar fólksflutninga um veitingu sérleyfa og undanþága, sbr. 3. gr., sem veittar eru til lengri tíma en eins mánaðar, einnig um tilhögun ferða á sérleyfisleiðum og annað það, er máli skiptir í skipulagningu fólksflutninga.

Að öðru leyti fer um störf nefndarinnar eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur um það efni.

17. gr.

Heimilt er póststjórninni að nota eigin bifreiðar til fólksflutninga og póstflutninga á leiðum, sem sérleyfi hafa áður verið veitt á. Nú ákveður póststjórnin að taka í sínar hendur flutninga á einhverri leið, og er þá ekki heimilt að veita öðrum sérleyfi til fólksflutninga á þeirri leið án samþykkis póststjórnar. Áður veitt sérleyfi má heldur ekki endurveita án samþykkis póststjórnar á leiðum, sem póststjórnin hefir hafið flutninga á.

18. gr.

Nú ákveður póststjórnin samkvæmt 5. gr. laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða, og eru þá sérleyfishafar skyldir til, ef póststjórnin æskir þess, að afhenda í hendur póststjórnar alla afgreiðslu sérleyfisbifreiða sinna. Póststjórnin ákveður afgreiðslugjald bifreiðanna, er sérleyfishafar skulu greiða til hennar.

Áður en ákvörðun er tekin um þessi mál, ber póststjórnin málið undir skipulagsnefnd fólksflutninga.

19. gr.

Farþegar skulu skyldir að panta farseðla með minnst eins klukkutíma fyrirvara áður en áætlunarferð sérleyfisbifreiðar hefst, þegar um styttri ferð en 100 km

er að ræða. En sé um lengri ferðir en 100 km að ræða, er hefjast fyrir kl. 11 árdegis, skal farþegum skylt að panta farseðla ekki seinna en kl. 9 kvöldið áður. 78 6. ágúst

20. gr.

Falli sérleyfi af einhverri ástæðu niður, tekur ráðherra ákvörðun um, hvort veita skal aftur sérleyfi á sömu leið. Verði svo ákveðið, skal auglýsa sérleyfið til umsóknar, og skal í auglýsingunni tekið fram vegalengd, fjöldi ferða og fargjöld á leiðinni.

Umsækjandi skal í umsókn sinni skýra frá bifreiðakosti sínum og hverskonar bifreið hann óskar að nota til flutninganna.

21. gr.

Sérleyfishafa er skylt að fylgja ákvæðum framangreindra laga og reglugerða og skilmála, sem settir eru samkvæmt þeim, svo og að hlíta breytingum, sem gerðar kunna að verða á lögunum eða ákvæðum, sem sett eru samkvæmt þeim, þar á meðal um sérleyfistímann, og una við þær breytingar, er póststjórnin kann að gera á fjölda ferða almennt eða hjá einstökum sérleyfishöfum, svo og aðra tilhögun ferða á sérleyfistímabilinu.

Nú treystir sérleyfishafi sér ekki til að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru eða settir verða samkvæmt gildandi lögum eða reglugerðum, og skal hann þá tilkynna það póststjórninni með tveggja mánaða fyrirvara.

22. gr.

Eftirlit með því, að haldin séu lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, svo og reglugerðir og önnur ákvæði þar að lútandi, hefir póststjórnin í samráði við vegamálastjórnina.

Framkvæmd þessa eftirlits getur póststjórnin að meira eða minna leyti falið einum eða fleirum mönnum eftir því, sem ástæður þykja til, í samráði við skipulagsnefnd fólksflutninga.

Bifreiðaeftirlit ríkisins og löggæzlumaður ríkisins skal sjá um, að ákvæði, sem sett eru í reglugerð um gerð og búnað almenningsbifreiða, séu haldin, sömuleiðis ákvæði í 12. gr. þessarar reglugerðar um þrifnað og útbúnað bifreiða. Lögreglustjóri á þeim stað, þar sem bifreið er skrásett, sér um, að haldin séu ákvæði um tryggingar bifreiða, sem sett eru í 12. gr. þessarar reglugerðar, og sömuleiðis ákvæði um daglegan vinnutíma bifreiðarstjóra, sem sett eru í 13. gr. þessarar reglugerðar.

Heimilt er póststjórninni að krefjast þess að fá aðgang að öllum reikningum og bókum sérleyfishafa, er við koma sérleyfisflutningum. Ennfremur getur póststjórnin látið stöðva bifreiðar fyrirvaralaust, sé um eftirlit að ræða eða um brot á sérleyfislögum.

Nú telur sérleyfishafi sig órétti beittan af öðrum, sem flutninga stunda, eða af þeim, sem flutninga nota, og skal hann þá senda skriflega umkvörtun til póststjórnar. Sé um brot að ræða á sérleyfislögum eða öðrum lögum eða reglugerð-

78 um, sendir póststjórnin málið lögreglunni til meðferðar, ef henni þykir ástæða
6. ágúst til, svo og önnur þau mál, er heyra undir meðferð lögreglunnar.

23. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36, 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Póst- og símamálastjórnin, 6. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Guðmundur J. Hlíðdal.

79 **REGLUGERÐ**
7. ágúst

til breytingar á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, 10. júní 1920.

33. gr. orðist þannig:

VÖRUGJALDSKRÁ:

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald 12,5 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.

2. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg: Allskonar ósmíðað járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, garðávextir.

3. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg: Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyvinnuvélar, plógar, herfi, sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður, olíur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora.

4. flokkur: Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg: Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og olíur til smjörlíkisgerðar og sápugerðar, strigi, tvistur, hessían og bindigarn.

5. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 10 kg: Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kítti, lím, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og ósmíðað kork, brauðvörur, kex, linóleum, gúmmí og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbid, glycose o. þ. h., olíufatnaður, kálmeti og plöntur, maccaróni, útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.

6. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 10 kg: Niðursuðuvörur, blikkvörur,

tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, seglgarn og umbúðagarn, ger og efni í það, olíuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h. Vörur úr kopar, eir, messing, bronce o. þ. h., emailleraðar vörur, leirvörur, smávélar, svo sem prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur og efni til burstagerðar, smá járnvara (isenkram), svo sem skrár, lamir. Eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bökunarvörur, lyfjavörur og ávextir. 79 7. ágúst

7. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 10 kg: Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smáhljóðfæri og tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.

8. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg: Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.

9. flokkur: 3 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og föt.

10. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet: Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.

11. flokkur: 10 aurar fyrir hvert teningsfet: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Útfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg: Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.

2. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg: Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.

3. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir tunnu: Kjöt.

4. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir tunnu: Síld.

5. flokkur: Gjald 2 aurar fyrir hvert teningsfet: Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

6. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir stykkið: Hestar og nautgripir.

7. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir stykkið: Kindur.

Hafnarnefnd ákveður til hvaða gjaldflokks aðfluttra eða útfluttra vara skuli telja þær vörur, sem ekki kunna að vera taldar í skránni hér að framan.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað nr. 62, 8. nóv. 1915, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

80
7. ágúst

AUGLÝSING

um að út séu gefnir nýir 50 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 50 króna seðla með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og talan tilfærð með bókstöfum, svo og orðin: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. LANDSBANKI ÍSLANDS. Eru þessi orð með dökkfjólublám lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í fjólublárri umgerð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Eiríkssonar, en hægra megin er vangamynd hans sem vatnsmerki í hvítum, kringlóttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 50, er táknar gildi seðlanna; er hún með gráfjólublám lit í dökkfjólublám, ferhyrndum reiti innan við umgerðina. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlótti reitur með mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd frá höfninni í Vestmannaeyjum í kringlóttri umgerð, og eru upphafsstafir bankans „L“ og „Í“, skrautlega dregnir hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum, og yzt er umgerð með skrautgreinum í, en innan við hana 50 í hverju horni, í kringlóttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með fjólublám lit.

Hinir eldri 50 kr. seðlar, sem getur um í auglýsingu Stjórnarráðs Íslands, nr. 12, frá 24. júlí 1907, og auglýsingu nr. 57, frá 9. júlí 1925, gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hér með almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 7. ágúst 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

81
16. apríl

fyrir Suður-Múlasýslu og Neskaupstað um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil o. fl.

I. Um hreinsun afrétta og heimalanda frá dýrbíti.

1. gr.

Allir búendur, sem sauðfé eiga, eru skyldir til ár hvert að gera tvær grenjaleitir í afréttum og heimalöndum á tímabilinu frá 5 til 8 vikur af sumri. Skal hreppsnefndin ákveða leitardaga hvert sinn nokkrum dögum fyrirfram með seðli, og hverjir búendur skuli leggja menn til leitar á afrétti, og ákveða leitarsvæði. Skal engu ráða um þessa kvöð, hverjir afréttinn nota, þó þannig, að þetta á ekki við þar, sem tveir eða fleiri afréttir tilheyra sama hreppi, því þar, sem svo stendur á, skal hreppsnefnd helzt láta hvern leita í þeim afrétti, sem hann notar.

Rétt er hreppsnefnd að kveðja tvo menn til leitar frá þeim, sem flest fé eiga og liðflestir eru, enda er henni heimilt að veita bágstöddum búendum undanþágu frá grenjaleit í afrétti. Leitir í heimalöndum skal hún ákveða jafnframt. Þó má hún undanskilja þau heimalönd, sem eru svo lítil, að heita má, að daglega sé um gengið, enda séu þar ekki grenjastöðvar. Hreppsnefnd er heimilt með samþykki almenns sveitafundar að velja aðeins fáa menn til þess að leita grenja og jafnvel að fela framkvæmd þeirra mála einum manni, ef hún telur þeim málum með því betur borgið. Greiðist þá kostnaðurinn úr sveitarsjóði.

Grenjaleitardaga skal ákveða aðra í heimalöndum en á afréttum, nema hvorttveggja verði hæglega leitað sama dag. Nú hlýðir búandi ekki fyrirmælum hreppsnefndar að leggja mann (menn) í grenjaleitir ákveðna daga, eða leitarmaður óhlýðnast leitarstjóra, varðar það sektum frá 20 til 50 krónur. Sama varðar, ef búandi leggur til ónýtan mann í leit. Ræður um það álit leitarstjóra, hversu nýtur sá var.

Nú kemur upp dýrbítur eftir grenjaleitir, og skipar þá hreppsnefnd nýjar leitir, ákveður tölu leitarmanna og hverjir leita skuli. Finnist þá enn eigi gren, og séu líkur til, að dýrbítur sé úr nærliggjandi hreppi, skal hreppsnefnd gera kröfu til viðkomandi hreppsnefndar um, að hún skipi grenjaleit að nýju. Nú sinnir hreppsnefnd hlutaðeigandi hrepps ekki kröfu frá þeim hreppi, sem fyrir dýrbítnum verður, um grenjaleit á hinu grunaða svæði, og getur þá leitarkrefjandi kvatt menn til leitarinnar. Kostnaður við slíka leit greiðist úr sveitarsjóði eftir sanngjörnum reikningi, en finnist gren á hinu grunaða svæði, skal sá hreppur, er grenið finnst í, endurgreiða allan kostnað af leitinni og greninu eftir að það finnst.

81 16. apríl

2. gr.

Grenjaleitarmenn skulu kjósa sér leitarstjóra, nema hreppsnefnd hafi áður gert það. Ber öllum í þeirri leit að hlíta fyrirmælum leitarstjóra. Skyldur er hver að taka við kosningu sem leitarstjóri, ella sekur um 5 til 10 krónur.

3. gr.

Hreppsnefnd skal útvega svo marga hæfa skotmenn og varaskotmenn, sem þörf krefur vor hvert, á gren þau, er finnast á afréttum eða í heimalöndum sveitarinnar, og eru menn skyldir að láta sig fala, nema gild forföll banni, gegn 10 kr. launum um sólarhringinn. Skotmaður ræður vökumann gegn jafnháum launum. Báðir leggja þeir sér allt, sem þeir með þurfa, hvor í sínu lagi.

4. gr.

Þegar gren finnst, skal fara með það, þangað til skotmaður kemur, eftir fyrirsögn leitarstjóra, og hafi hann til þess ákveðna reglu í sveitarsamþykkt. Nú veikist skotmaður eða fatlast á annan hátt, svo að hann verður að yfirgefa gren; skal hann þá tafarlaust tilkynna það varaskotmanni, en vökumaður annast gren, þar til skotmaður kemur, og eigi má skotmaður yfirgefa gren innan þriggja sólarhringa, nema fullunnið sé. Sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækslu um vinnslu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eftir málavöxtum samkvæmt ákvæðum hreppsnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar.

5. gr.

Skotmaður skal fá 8 kr. fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur við gren, en 15 krónur fyrir hið síðara og 2 krónur fyrir hvern yrðling auk daglauna. Yrðlinga þá, er nást lifandi á greni, skal annaðhvort drepa eða hafa í öruggri vörzlu. Sleppi yrðlingur, sem búið er að ná, varðar það sektum, 50 kr. fyrir hvern. Skinn öll og yrðlingar eru eign hreppsins.

Nú sýna einhverjir sveitarmenn dugnað í því að eyða refum með dýrhundum, skotum úr skothúsum, dýrabogum, gildrum eða með því að ganga uppi refi og skjóta þá o. s. frv. Skal þá borga þeim 10 kr. fyrir hvert dýr. Það greiðist úr sýslusjóði. Bani maður tóu á þennan hátt og vilji laun fyrir taka, skal hann sýna skinnið hreppstjóra eða oddvita, er þá brennir eða sker mark í útveginn og gefi síðan vottorð um.

6. gr.

Refum skal eyða árlega með eitri (stryknin), og skal það bera út á vetrum um eða eftir miðjan vetur. Eitra skal rjúpu, kindur í heilu líki eða annað slíkt. Af eitruðum rjúpum skal stýfa hægri væng til hálfs. Sæta skal færi með útburð eiturs, þegar hörkur ganga. Sýni hreppsnefnd eða þeir, sem hún skipar til að framkvæma eiturútburð, vanrækslu á því, varðar það sektum frá 25 til 50 krónum.

7. gr. 81

Allan kostnað til refaveiða annan en grenjaleitir með þeim undantekningum, sem fram eru teknar í 1. gr. 3. málsgrein, og þeim, er um ræðir í síðari málsgrein 5. gr., skal greiða úr hreppssjóði. 16. apríl

II. Um fjármörk.

8. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa glöggt eyrnamark á fé sínu og brennimark eða önnur jafnglögg einkenni, ef mark verður óglöggt.

Enginn má hafa fleiri en tvö eyrnamörk. Hver hreppur skal hafa eyrnamark og brennimark samkvæmt sýslunefndarsamþykkt 1901, 27. gr. Þau eru:

Fyrir Geithellnahrepp ..... SM. 10
— Beruneshrepp ..... SM. 9
— Breiðdalshrepp ..... SM. 8
— Skriðdalshrepp ..... SM. 3
— Vallahrepp ..... SM. 2
— Eiðahrepp ..... SM. 1
— Mjóafjarðarhrepp ..... SM. 4
— Norðfjarðarhrepp ..... SM. 5
— Reyðarfjarðarhrepp ..... SM. 6
— Fáskrúðsfjarðarhrepp ..... SM. 7
— Stöðvahrepp ..... SM. 11
— Búðahrepp ..... SM. 12
— Eskifjarðarhrepp ..... SM. 13
— Helgustaðahrepp ..... SM. 14
— Neskaupstað (áður Neshrepp) ..... SM. 15

Allir fjáreigendur eru skyldir að nota brennimark dvalarhrepps síns á öllu fullorðnu, hyrndu sauðfé. Enginn má nota tölustafi fyrir brennimark öðruvísi en á eftir bókstöfum.

9. gr.

Markaskrár ganga í gildi 15. sept., þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug, og fellur þá eldri markaskrá úr gildi.

Sýslunefnd kýs mann til að raða skipulega og rétt fjármörkum í sýslunni 5. hvert ár næst á undan, að markaskrá á að ganga í gildi, og annast um prentun hennar. Leita skal samkomulags við sýslunefnd Norður-Múlasýslu um markaskrásetjara og sameiginlega útgáfu markaskrár fyrir báðar sýslurnar.

Sveitarstjórnir skulu safna mörkum hver í sínum hreppi, og greiði hver markeigandi ákveðna borgun fyrir mörk sín eftir fyrirmælum sýslunefnda, enda er hver markeigandi skyldur að hafa mörk sín í gildandi markaskrá. Mörkin skulu þegar send til skrásetjarans, og skal hann sjá um, að markaskráin sé komin heim í hreppana fyrir 15. maí það ár, sem hún á að ganga í gildi. Kaup-

81 menn og kaupfélög og þeir aðrir, sem kaupa fé til slátrunar að hausti, skulu
16. apríl skyldir að hafa á fé því glögg einkenni, oliumál eða tjöru, á snöggklipptum bletti í hnakka, sinn sérstaka lit hver. Litareinkenni þessi gilda því aðeins sem eignarheimild, að þau séu skrásett í gildandi markaskrá sýslunnar. Sé það vanrækt, skal fara með fé þeirra sem óskilafé.

10. gr.

Nú sýnir það sig við röðun marka hjá markaskrásetjara, að fleiri en einn hafa tekið upp sama markið eða svo lík mörk, að ætla má, að misdráttur geti orðið af, og skal hann þá tilkynna það hlutaðeigendum og eftir því, sem unnt er, að rannsaka, hver hefir fyrsta rétt til marksins. Skal sá hafa fyrsta rétt, sem tekið hefir upp gamalt erfðamark, þó niður hafi fallið um hríð, þar næst sá, sem keypt hefir mark, þá sá, sem áður hefir búið á markasvæðinu, en sá minnstan, sem flytur að með mark sitt af öðru markasvæði.

Nú verður ekki úr því skorið, hver hafi fyllstan rétt til eignar á marki, sem óskast prentað í markaskránni og markaskrásetjari nær ekki samkomulagi við hlutaðeigendur um breytingu á mörkum, og hefir hann þá vald til þess að breyta mörkum og prenta þau, eins og hann telur bezt fyrir hlutaðeigendur, en gæta skal hann þess við slíkar breytingar að breyta sem minnstu út frá mörkum þeim, er hlutaðeigendur óskuðu að fá.

11. gr.

Nú er ekki mark einhvers í skránni, og enginn réttarmanna þekkir mark hans. Skulu þá réttarstjórar fara með það fé sem óskilafé. Komi eigandi síðar til, fær hann fé sitt, en borgar allan áfallinn kostnað og auk þess hæfilegt gjald til viðkomandi sveitarsjóðs fyrir vanrækslu sína. Geti hann sannað, að hann hafi ekki vanrækt skyldu sína samkv. 9. og 12. gr., er hann sýkn.

12. gr.

Þegar einhver tekur upp mark, eftir að safnað er mörkum til markaskrár, en áður en til nýrrar er safnað, eða kemur með mark sitt inn í sýsluna, þá skal hann fyrir 15. júní tilkynna það oddvitanum í sínum hreppi, og skal hann fyrir lok júnímánaðar senda oddvita sýslunefndar skýrslu um mörkin ásamt ákveðnu gjaldi fyrir hvert mark. Oddviti sýslunefndar sér síðan um, að mörk þessi verði prentuð og þeim útbýtt á sama hátt sem markaskrám. Leiðréttingar á rangprentuðum mörkum skal sýslusjóður borga og útbýta á sama hátt.

III. Um notkun afrétta.

13. gr.

Afréttur er þar, sem venja hefir verið, enda sé eigi búsmala haldið þar á sumrum að staðaldri. Eftir því skal í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heima-

lönd og ákveða takmörk. Til þess skulu bændur kjósa 3 kunnuga innansveitar- 81
menn. Skulu þau takmörk gilda, sem þeir ákveða. Ákvæði gerðarmanna skulu 16. apríl
rituð í gerðabók hreppsins eða geymd við skjalasafn hans.

14. gr.

Hver búandi er skyldur að reka sauðfé sitt og þeirra manna, sem hjá honum eiga fé, á einhvern sveitarafrétt ellegar á afrétt annara sveita, og er honum það heimilt. Sekt varðar, ef hann sleppir sauðfé sínu í heimalandi, og skal hún ekki vera lægri en 10 aurar fyrir hverja kind. Þó má hreppsnefnd leyfa undanþágu, þar sem afréttarlönd eru þröng, en heimalönd víðlend.

15. gr.

Nú getur fjáreigandi hvergi fengið afrétt, sem hann getur rekið fé sitt á. Þá skal hann segja til hreppsnefnd og skora á hana að útvega sér afrétt. Vinnist henni það ekki, er honum vítalaust að hafa fé sitt í heimalandi, en varast skal hann að reka það í annara lönd eða að þeim. Skyldur er búandi að reka á afrétt, sem fæst, sé hann ekki meira en hálfa þingmannaleið á burtu.

16. gr.

Þegar fé rennur á sumrum af afrétti í heimalönd, svo spillir málnytu og engjum búenda, mega þeir, sem fyrir átroðning verða, kveðja næstu búendur, er á þann afrétt ráku, er fé rann úr, að leggja menn til að reka fé á afrétt að nýju. Þó skulu utansveitarmenn lausir við þá kvöð. Skyldir eru þeir, sem næstir búa afrétti, að varna geldfé, hvað þeir geta án verulegs kostnaðar, að renna út um sveit.

17. gr.

Nú þykir tveimur eða fleiri búendum ofsett fé á einn sveitarafrétt frekar en annan og bera það upp fyrir hreppsnefnd. Þá skal hún láta búendur kjósa 3 menn til að gera áætlun um eftir kunnugleikum og því, sem reynzt hefir, hversu margt fé sá afréttur muni bera til góðra nota. Þessa áætlun auglýsir hreppsnefnd hreppsbúum og afréttarbónda, og skal hún rituð í gerðabók hreppsins. Ber afréttarbónda að haga fjártöku í afréttum eftir þeirri áætlun. Sekt varðar, ef hann tekur 100 fleiri en ákveðið var. Um upphæð afréttartolla verður að fara eftir því, sem tíðkast í hverri sveit, 2—6 aurar á hverja kind. Ákvæði þetta gildir jafnt fyrir lömb sem fullorðið fé.

Nú þykir einhverjum hreppi ofsett á afrétt nágrannahrepps, og verður af þeim ástæðum fyrir ágangi af afréttarfé; er þeim hreppi heimilt að krefjast þess, að skipuð sé þriggja manna nefnd til að ákveða í afréttinn. Nefndin skipast þannig: Viðkomandi hreppsnefndir kjósa sinn manninn hvor, og sýslumaður skipar þriðja manninn. Ber afréttareiganda að haga fjártöku í afréttinn eftir mati þessara manna.

18. gr.

Ef ábúandi rekur eða lætur reka fé sitt heimildarlaust í annars manns heimaland eða afrétt, má landráðandi bera sig upp um það fyrir héraðsdómara.

81 16. apríl

IV. Um fjallgöngur.

19. gr.

Þrjár skulu löggöngur haust hvert. Skal byrja hina fyrstu í allri Suður-Múlasýslu hinn 23. september og svo með viku millibili. Ef veður bannar eða ónýtir göngur á réttum göngudegi, skal taka næsta færan dag. Þó skal eigi byrja fjallgöngur á helgum degi, nema nauðsyn krefji. Heimilt skal hreppsnefnd að skipa aukagöngur fyrir og eftir löggöngur vegna iskyggilegs veðurfars, eða ef aðalgöngur misheppnast, og hvíla þá sömu skyldur á búendum, sem löggöngur væru.

20. gr.

Skipa skal hreppsnefnd eina eða fleiri göngur að vorinu á afréttir og í heimalönd, meðan fé er í ullu og lömb og ómörkuð. Skulu oddvitar hreppsnefnda koma sér saman um göngudaga, þar sem samgöngur fjár eru sveita á milli.

21. gr.

Hreppsnefnd skal kveðja menn með göngumiðum fyrirfram til hverrar göngu, ákveða þar, hverjir skulu ganga hvert afréttarsvæði, kjósa gangnaforingja eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna.

Enginn má skorast undan gangnaforustu, nema hann sé löglega hindraður. Sektum varðar, ef á móti er brotið.

Í sömu seðlum skal og ákveða göngudaga í heimalöndum, og skulu þeir vera hinir sömu og á afréttum. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða aðra göngudaga í heimalöndum, ef mannfæð eða annað gerir samgöngur óframkvæmanlegar.

V. Um skyldur búenda við fjallgöngur.

22. gr.

Skyldur er hver hreppsbúi, sem sjálfum sér er ráðandi og hefir undir hendi 10 kindur eða fleiri, sem á fjall ganga, að leggja mann eða menn í allar fjallgöngur, sem hreppsnefnd ákveður. Sömu skyldur hafa utanhreppsmenn, sem afrétt nota í hreppnum.

Þó er heimilt að skylda þá, er færri kindur eiga en tíu, að leggja menn í göngur, ef þörf þykir að dómi fjallskilanefndar. Nes-sameignin skal skyld að leggja 5 til 8 menn í göngur samkvæmt ákvörðun fjallskilanefndar. Þeir fjáreigendur, sem sleppa fé sínu í heimalandi Nesjarðarinnar án þess að eiga aðgang að upprekstrarlandi utan bæjar, skulu skyldir að hlýða þeim ákvæðum um skil, er fjallskilanefnd ákveður.

Skyldur er hver að hreinsa heimaland sitt. Hreppsnefnd skal sem mest fara eftir fjárhæð búenda, er hún ákveður göngumenn og tölu þeirra frá hverju heimili. Þar skal hver ganga, sem hreppsnefnd ákveður. Húsbóndi annast fjallskil

fyrir hjú sín og aðra, sem eru á hans vegum og eru ekki gangnaskyldir sam- 81
kvæmt fyrri málsgrein. 16. apríl

23. gr.

Veita má hreppsnefnd bágstöddum og heilsulitlum einyrkjum undanþágu frá einni eða fleiri göngum, sömuleiðis þeim, sem mjög fátt fé eiga.

24. gr.

Nú hefir búandi engan göngufæran mann eða ekki nógu marga, og skal hann þá fá mann (menn) fyrir sig.

25. gr.

Þar sem afréttir eru víðlendir, og hreppsnefnd þykir þurfa, skal á kostnað sveitarinnar byggja göngukofa á hentugum stöðum, svo að göngumenn geti notið húsaskjóls, þegar þarf, meðan á göngum stendur. Þeir kofar skulu vera svo rúmgóðir, að í þeim geti verið allir þeir menn, sem þann afrétt þurfa að ganga. Þrep skulu vera umhverfis í þeim eða með annari hlið svo breið, að menn geti legið á þeim þvers um, og hafa á þeim hey eða lyng til mýkinda. Svo skal ganga frá dyrum, að ekki fenni inn á vetrum. Tóft skal byggja hjá göngukofa til að hafa kindur í um nótt, er finnast í seinni göngum, þá er menn þrýtur dag til að ná til byggða.

26. gr.

Enginn fjáreigandi má skorast undan að leggja menn í þær göngur, sem hér eru ákveðnar og hreppsnefnd nefnir menn til. Leggi hann eigi liðgengan mann í hverja af þeim, er hann sekur um 15 til 40 krónur fyrir hverja göngu, sem hann lætur mann vanta í, nema hann hafi fengið undanþágu. Sömu sekt skal varða, ef hann lætur ónýtan mann í löggöngu, en því minni, sem heldur verður not að léttingi, sem hann sendir. Um það skal mestu ráða vottorð gangnaforingja, enda er hann aðili þessara mála. Skotið getur hlutaðeigandi máli sínu til sýslunefndar, þyki honum sér gerð of há fjallskil, og fá þá endurgjald úr sveitarsjóði, falli úrskurður þeim í vil, en hlíta verða þeir í svip fyrirmælum sveitarstjórnar.

27. gr.

Nú eiga einhverjir búendur fé á afréttum annara hreppa, og verður að leggja þangað menn í göngur; skulu þeir engu að síður skyldir til að hreinsa heimalönd sín og leggja menn í allar göngur í sínum hreppi eftir því og þar, sem hreppsnefnd ákveður, nema þeir hafi ekki getað fengið afrétt í sínum hreppi og hafi fengið vottorð þar um, eða þeir sanni, að sá afréttur sé ofhlaðinn. Hreppsnefnd má veita undanþágu frá þessari ákvörðun, ef henni virðist ástæða til.

VI. Um gangnaforingja.

28. gr.

Þeir, sem eiga að ganga hvern afrétt eða hverja samgöngu, skulu koma saman á næsta bæ við hann eða í göngukofa næsta dag fyrir göngudag. Þar skulu

81 16. apríl

þeir kjósa, ef hreppsnefnd hefir eigi áður kosið, gangnaforingja, sem vel er kunnugur afréttinum og þekktur að ráðdeild og gætni.

Fatlist gangnaforingi, kjósa göngumenn annan í hans stað úr sínum flokki.

29. gr.

Þegar gangnaforingi er kosinn, skal hann skipta liði sínu og ákveða, hvar hverjir skuli ganga, hvað langt og hvernig færa skuli fé saman eftir landslagi. Hann ákveður, hverjir gæta skuli fundins fjár og hverjir gera víðari leitir, enda eiga gangnamenn hans ráða að leita, ef til hans nær, á meðan á göngum stendur og nýrra úrræða þarf.

Allir í samgöngu eru skyldir að hlýða gangnaforingja, meðan á göngum stendur, og bregða eigi út af, meðan fært er. Sektum varðar, ef gangnamenn óhlýðnast skipun gangnaforingja.

30. gr.

Nú spillist veður eða göngur ónýtast fyrsta gangnadaginn. Skal þá gangnaforingi skipa nýja göngu næsta dag, ef veður leyfir, og eigi hverfa frá fyrr en svo er hreinsaður afréttur, sem kostur er á að því sinni.

31. gr.

Þegar gangnaforinginn vanrækir svo skyldur sínar, að mjög sýnist vítavert, varðar það sektum eftir málavöxtum.

VII. Um réttir og fjárdrátt.

32. gr.

Lögréttir skulu vera í hverjum hreppi, þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður með ráðum búenda. Þær réttir skulu byggja og halda við þeir hreppsbúar, sem þær nota helzt, eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

Þegar lögrétt skal byggja eða bæta, kveður hreppsnefnd til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rétt eiga uppi að halda, og svo marga, sem hún ætlar að þurfi. Réttarbóndi skal stýra þeim verkum eða sá, sem hreppsnefnd ákveður. Ef sá kemur eigi til réttarhleðslu, sem kvaddur er, þá skal hann greiða 8 kr. fyrir hvert dagsverk, er honum ber að vinna. Sama skylda hvílir á utansveitarmönnum, sem afrétti eiga og nota.

33. gr.

Til lögréttа skal allt fé rekast á haustum, þá er gengið er, úr afréttum og heimalöndum, — ef það kemur ekki í bága við sveitarsamþykkt viðkomandi hreppa um það efni, — og draga það þar sundur eftir mörkum og einkennum, sem markaskrár og dráttarmenn segja til.

34. gr.

Réttarstjóri skal vera við hverja lögrétt, þá er dregið er. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Réttarstjóri skal segja fyrir, hvernig draga skuli, hvaða fé

fyrst og eftir hvaða röð. Hann skal hafa í höndum markaskrá sýslunnar og hinna næstu sýslna og einnig hinar skriflegu marklýsingar, sem til hreppsnefndar hafa komið og ekki eru áður færðar inn í markaskrá hreppsins. Þegar allt fé hinna næstu hreppa er dregið, svo úrtíningurinn er eftir, skal réttarstjóri fá til 2 eða fleiri gætna menn og markglögga að draga úr honum allt það fé, sem eigendur finnast að, en því fé, sem enginn finnst eigandi að, ráðstafar hann til hreppsnefndaroddvita eða þess manns, er hreppsnefnd hefir falið að veita því móttöku. Allir dráttarmenn í lögréttum eru skyldir að hlýða fyrirmælum réttarstjóra. Sektum varðar öll óhlýðni við hann. 81 16. apríl

35. gr.

Þegar fé kemur fram í lögrétt, sem enginn veit hver á, markað eða ómarkað, þá skal réttarstjóri skora á réttarmenn að leita eftir mæðrum, sem helgi sér ómerkinga, sammerkinga og lömb með vafamörkum. Nú verða þær eigi fundnar, og lætur hann þá auðkenna þessi lömb hreppsmarki eða brennimarki, en merktu kindurnar lit eða lagði, verði ekki komið á þær að minnsta kosti brennimarki hreppsins, og skrifa nákvæma lýsingu marka og einkenna á þeim. Eftirrit af þeirri lýsingu skal hann senda þá þegar til oddvita, sem aftur sendir lýsingarnar með fyrstu ferð oddvitum hreppsnefnda í næstu hreppum. Sama ber að gera, ef óskilafé kemur fram í hreppum eftir réttir. Það skal afhenda hreppsnefnd til umsjónar.

VIII. Um rekstra.

36. gr.

Utansveitarfé, sem kemur fyrir í lögréttum og enginn er til að taka á móti, skal dregið í rekstra eftir því, sem það á samleið, og rekið hrepp úr hreppi beinustu leið til eigenda. Hreppsbúar hvers hrepps annast rekstur um sinn hrepp og til næsta bæjar í næsta hreppi, sem rekstur á leið um, ef innan sýslu eru. Um rekstra í aðrar sýslur fer eftir venju í hreppum þeim, er að sýslumerkjum liggja, eða samkomulagi hreppsnefnda þar.

Sláturfé kaupmanna og kaupfélaga, sem rekið er til kaupstaða, er stranglega bannað að sleppa mannlausu yfir nætur í afrétti eða heimalönd manna. Skulu rekstrarmenn hafa það í girðingum eða réttum um nætur. Þeir skulu á rekstrarleiðum gæta þess vandlega, ef annað fé lendir saman við, að skilja það frá og vísa í rétta átt og gera sem minnst ónæði á fénaði búenda. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum frá 50 til 200 krónum. Sömu viðurlögum sætir það, ef það sannast, að fé manna rekst til ógreiða með sláturfjárrekstrum. Skylt er kaupfélögum og kaupmönnum og þeim öðrum, sem fjártöku hafa að haustinu, að hafa á sinn kostnað markglöggan mann, sem sjái um, að fé sé ekki tekið til lógunar í misgripum.

81 16. apríl

37. gr.

Hver hreppsnefnd ákveður rekstrarleið um sinn hrepp og til næstu hreppa, en þeir, sem taka við rekstrum á lögréttum, skulu að öllu með þá fara, sem réttarstjóri mælir fyrir. Hann skal láta seðla um mark og markeigendur fylgja þeim kindum, sem eru með óglöggum mörkum eða markið ekki í gildandi markaskrá. Rekstrarskyldir eru allir, sem hafa jörð til ábúðar, eins tómthúsmenn, sem grasnyt hafa og einhverja gripi, ef þeir eru gangnaskyldir.

38. gr.

Sýni einstakir fjáreigendur sérstaka vanhirðu í því að halda fénaði sínum í heimahögum, eftir að aðrir eru farnir að vakta sitt, en láti hann renna út um sveit öðrum til erfiðisauka og tafar, skulu þeir sektum sæta. Eins skal það sektum varða fyrir eigendur eftir málavöxtum, ef hrútar eru látnir ganga úti milli Marteinsmessu og 30. apríl.

39. gr.

Rekstrar skulu tafarlaust reknir bæ frá bæ, en kannaðir á hverjum bæ af húsráðanda eða öðrum í hans stað ásamt fylgiseðlum og tekið úr það fé, sem ekki á samleið lengra eða rangrekið kann að vera og því snúið til réttrar áttar.

Nú er enginn rekstrarfær maður heima, þar sem við rekstri skal taka, og rekur þá sá, er með rekstur kom, til næsta rekstrarfærs manns eftir að hafa kannað reksturinn, en heimtar endurgjald af hreppsnefnd sinni og hún aftur af búanda þeim, sem reka átti. Þar sem þorp eru, hvort sem er sérstakur hreppur eða ekki, skal hafa rétt eða áheldi fyrir rekstra við báða enda þorpsins og taka þar á móti rekstrum; er rekstrarmanni skylt að skila þangað rekstrum og segja til þeirra.

Eina kind er óskylt að reka, en varðveita hana með heimafénaði og gera eiganda aðvart við fyrsta tækifæri eða koma henni í rekstur, sem fara kann í rétta átt.

40. gr.

Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá, sem hann eigi, reki ekki hart, svelti eigi, láti eigi standa inni í illum húsum eða úti í illviðrum. Lýsingarseðlum, sem rekstrum fylgja, má enginn týna, en afhenda þá með rekstrinum. Ef öðruvísi er farið með rekstra, varðar það sektum eftir málavöxtum.

41. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna þeim. Varðar sektum, ef upp kemst.

42. gr.

Nú kemur fram utansveitarfé eftir löggöngur, og skal finnandi tafarlaust segja til þess oddvita hreppsnefndar, sem ráðstafar því eftir málavöxtum.

Fyrir óheimt fé, sem á afréttum finnst eftir löggöngur, geta finnendur kraf-

izt fundarlauna. Þau skal hreppsnefnd ákveða, ef finnandi og eigandi verða eigi ásáttir eða eigandi er fjarlægur. Skal hún greiða þau til bráðabirgða, en telja með fyrirhafnarkostnaði á kindunum. Kindurnar má þegar selja til lúkningar, ef eigandi vill ekki greiða. 81 16. apríl

Fundarlaun skulu vera eftir atvikum ⅛—½ af verði hinna fundnu kinda eftir mati hreppsnefnda.

43. gr.

Þegar áfelli dettur á, svo hýsa þarf og gefa utansveitarfé, meðan á löggöngum stendur, þá skal þar hirða, sem það er statt, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi fyrir mælt.

Hver hreppur er skyldur að reka fé í næsta hrepp yfir fjallveg úr hverri löggöngu og auk þess 1—2 rekstra á tímabilinu frá síðustu löggöngu til októbermánaðarloka. Komi utanhreppsfé fyrir eftir þann tíma, skal tilkynna það oddvita þess hrepps, sem fé á heima í, með hraðboða til ráðstöfunar. Verði því ekki ráðstafað og greiddur kostnaður, verður það selt og meðhöndlað sem óskilafé hreppsins, sbr. 47. gr.

IX. Um óskilafé.

44. gr.

Það er skylda hvers manns, er hann finnur dilk ómarkaðan á sumrum og hann getur handsamað dilk og móður, að marka hann móðurmarki á eyrum eða hornum.

45. gr.

Þegar lýsing á óskilafé er komin til oddvita hreppsnefndar, skal hann auglýsa hana sem fyrst í sínum hreppi með því að láta eftirrit af henni berast bæ frá bæ eða á annan hátt, sem hreppsnefnd þykir bezt henta. Nú finnst eigandi þar að óskilakind, og auglýsir oddviti það hreppsnefnd þar, sem óskilakindur eru, og gerir ráðstöfun til, að kindin verði sótt.

46. gr.

Komi áfelli áður en óskilafé er selt, skulu þeir, sem féð er hjá, annast það eftir föngum. Allan kostnað vegna óskilafjár skal borga í bráð úr sveitarsjóði, þegar hreppsnefnd hefir samþykkt hann.

47. gr.

Í annari löggöngu má selja alla ómerkinga, sem ekki hafa fundizt eigendur að, við opinbert uppboð, en annað óskilafé og utanhreppsfé, sbr. 42. gr., getur hreppsnefnd látið hreppstjóra selja við lok októbermánaðar. Komi eigandi fram fyrir næstu fardaga og sanni eignarrétt sinn á seldum óskilakindum, skal honum skilað andvirðinu að frádregnum kostnaði; ella rennur það í sveitarsjóð.

81 16. apríl

48. gr.

Skýrslu um óskilafé, mörk þess og einkenni sendir hreppsstjóri þegar eftir uppboðið sýslumanni, er annist um birtingu í Lögbirtingablaðinu. Auglýsingakostnaður greiðist úr sýslusjóði.

X. Um sektir.

49. gr.

Sektir fyrir brot á reglugerð þessari, þar sem þær eru ekki ákveðnar við sérstakar greinar, skulu vera frá 10 til 100 krónur, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem brot er framið í. Þó falla sektir samkvæmt 36. gr. til þess, er fyrir ágangi verður. Öll brot gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

50. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugerð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd, og skal með það farið sem fyrir er mælt í 38. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil m. fl. frá 10. sept. 1919, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi, sem samin hefir verið og samþykkt af sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927 og lögum nr. 108 1933, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Helgadóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. ágúst 1936. Skipulagsskráin er þannig: 82 10. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar sál. Helgadóttur frá Stóra-Lambhaga, sem andaðist 12. marz 1917.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Guðrúnar Helgadóttur".

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður árið 1917 með gjöf, er undirritaður gaf til minningar um hina látnu eiginkonu sína. Upphæð sjóðsins var 1. jan. 1935 kr. 6389,85.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa bæjarfógetinn í Hafnarfirði sem formaður og meðstjórnendur prestar safnaðanna í Hafnarfirði. Ræður stjórnin gjaldkera fyrir sjóðinn og úrskurðar öll þau málefni, er sjóðinn varða, þar á meðal, hverjum skuli veita styrk úr honum samkvæmt framkomnum umsóknum, og ákveður upphæð styrksins til hvers umsækjanda um sig og gefur gjaldkeri jafnframt fyrirskipun um að greiða hann af hendi til hlutaðeiganda.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheitum, sem og minningargjöfum um látna menn og konur frá öllum þeim, er vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans.

Gjaldkeri skal halda skrá yfir allar minningargjafir um látna menn, þar sem getið sé dánardags þeirra o. fl., ef óskað er.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að styrkja fátæk og vanheil börn, sem heima eiga í Hafnarfirði og Garðahreppi, til sumardvalar í sveit, þau, sem af lækni er talin slík dvöl nauðsynleg þeim til heilsubótar.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að stíla til stjórnar hans, sem veitir styrkinn að því leyti, sem til hrekkur, gegn vottorði hlutaðeigandi læknis um, að barnið sé á framfæri fátækra foreldra eða fósturforeldra, sem eigi hafi efni á að kosta sumardvöl þess í sveit, en heilsu barnsins sé það nauðsynlegt sökum kirtlaveiki, blóðleysis eða annara kvilla, sem leitt geti af sér berklaveiki.

Hlutaðeigandi læknir semji og undirriti umsóknina fyrir barnsins hönd.

82 10. ágúst

7. gr.

Úr sjóðnum skal ekkert fé greiða nema það, sem nauðsynlegt er vegna sjóðsins sjálfs, svo sem prentunarkostnað, ritföng, þóknun til gjaldkera og því um líkt, þangað til hann er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur; þá má veita úr honum árlega allt að ½ ársvöxtum til umsækjenda, er verðugir þykja, sbr. 5. og 6. gr. Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, má verja allt að ¾ hlutum ársvaxta til styrkveitinga.

Einn fjórða hluta ársvaxta og árleg innlög í sjóðinn má aldrei skerða til styrkveitinga, heldur leggjast þær upphæðir við höfuðstólinn, að svo miklu leyti sem ekki þarf að nota þær til reksturs sjóðsins, eins og fyrr segir í þessari grein.

Þóknun til gjaldkera má þó aldrei fara fram úr 5% — fimm af hundraði — af tekjum sjóðsins öðrum en vaxtatekjum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Henni ber ennfremur að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki, á tryggum og eldtraustum stað.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og ber gjaldkera að gera reikning yfir tekjur hans og gjöld árlega fyrir janúarmánaðarlok.

Reikning sjóðsins skal stjórn hans endurskoða og úrskurða og láta birta hann í víðlesnu dagblaði.

10. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Hafnarfjarðar eða annari tryggri peningastofnun.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi 1. ágúst 1936, og er með henni úr gildi fallin skipulagsskrá sú, er samin var fyrir sjóð þennan árið 1918.

12. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Staddur í Hafnarfirði, 14. júlí 1936.

Guðmundur Ólafsson
(stofnandi sjóðsins).

VATNSVEITUREGLUGERÐ

83
13. ágúst

fyrir Dalvíkurþorp.

1. gr.

Svæði það, er vatnsveitan nær yfir, takmarkast að norðan af Brimnesá, en að sunnan af býlinu Vegamót.

2. gr.

Hreppssjóður hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á Dalvíkurhöfn.

3. gr.

Hreppsnefndn leggur vatnsæðar um þorpið, svo víða sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í götu, vegi eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá vatnsæðum þessum leggja húseigendur vatnsæðar til sín á sinn kostnað. Sé sérstaklega kostnaðarsamt að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, getur hann krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati tveggja manna tilnefndra af báðum aðiljum.

4. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, þeim, er vatn nota. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignaverð húseigna, og má eigi fara fram úr 5‰ af fasteignamatsverði á neinni húseign.

Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og þá, sem hafa vatnshana utan húss.

Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu þorpsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, og verður það gjald einnig ákveðið í gjaldskránni.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. maí og 1. október, og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti nemur, þótt hún hafi áður verið ákveðin, ef leigjandi greiðir eigi skattinn sjálfur.

6. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir samningsveði og aðfararveði.

7. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitu þorpsins, svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörk-

83 un á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar
13. ágúst bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

8. gr.

Bryggjueigendum er skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni samkv. ákvæðum 7. greinar.

9. gr.

Hreppsnefnd löggildir vatnsvirkja, setur þeim erindisbréf og ákveður kaup þeirra. Þeim einum er heimilt að leggja vatnsæðar frá aðalæðum í hús og um þau og breyta vatnsæðum.

10. gr.

Hús- og lóðaeigendum er skylt að halda vatnsveitum sínum vel við, verja þær frosti og láta gera tafarlaust við þær, ef þær bila.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar eru, til að athuga þær og tæki, sem eru í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því á sinn kostnað.

11. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna frosthættu eða aðgerða á vatnsveitukerfinu, svo og vatnsæðum fyrir þeim, sem þrátt fyrir áminningu vanrækja að gera við vatnsæðar sínar eða tæki í sambandi við þær, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt. Fullan vatnsskatt skal greiða, þó vatnsæðum sé lokað af þessum ástæðum.

12. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar og setja hreyfivélar í samband við hana án leyfis hreppsnefndar.

13. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, felur hreppsnefnd þriggja manna nefnd, er hún kýs árlega, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera hreppsnefndarmenn.

14. gr.

Mál út af brotum á reglugerðinni skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. september 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS 84

Efnahagsreikningur sparisjóðs og rekstrarlána deildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. desember 1935.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 287 894.50	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 752 720.31	
	c. Handveðslán	— 1 312.50	
	d. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	— 110 785.84	
	e. Reikningslán	— 9 800.93	
			kr. 1 162 514.08
2.	Víxlar		— 1 671 982.68
3.	Verðbréf		— 539 149.76
4.	Byggingar og landnáms sjóður		— 480 772.63
5.	Kreppulánasjóður		— 1 334 172.40
6.	Lán í hlaupareikningi		— 25 817.22
7.	Ýmsir viðskiptamenn		— 89 845.09
8.	Innanstokksmunir		— 14 700.00
9.	Fasteignir		— 90 800.00
10.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 611 000.00
11.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 156 212.93
			Kr. 6 176 966.79

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð	kr. 1 319 674.80
2.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1 666 953.23
3.	— gegn viðtökuskírteinum	— 380 831.40
4.	— í hlaupareikningi	— 797 711.65
5.	— í reikningslánum	— 63 650.16
6.	Innstæða Ræktunarsjóðs Íslands	— 580 189.27
7.	— veðdeildar	— 33 792.28
8.	— viðlagasjóðs	— 338 374.46
9.	Ýmsir viðskiptamenn	— 18 286.76
10.	Skuldir á fasteignum	— 86 733.10
11.	Ábyrgðir	— 611 000.00
12.	Ógreitt tap	— 24 275.37
13.	Varasjóður	— 195 235.21
14.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 60 259.10
		Kr. 6 176 966.79

84 Rekstrarreikningur sparisjóðs og rekstrarlána deildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1935.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr. 65 287.79
2.	Innheimtir vextir	— 181 401.37
3.	Forvextir af víxlum	— 111 708.39
4.	Ýmislegar tekjur	— 15 939.84
		Kr. 374 337.39

Gjöld:

1.	Vextir	kr. 214 308.60
2.	Rekstrarkostnaður	— 29 555.19
3.	Afskrifað tap á lánum og víxlum	— 24 633.95
4.	Til varasjóðs	— 45 580.55
5.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 60259.10
		Kr. 374 337.39

Efnahagsreikningur sparisjóðs og rekstrarlána deildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. desember 1935.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 263 994.50	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 449 820.31	
	c. Handveðslán	— 1 312.50	
	d. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	— 110 785.84	
	e. Reikningslán	— 9 800.93	
			kr. 835 714.08
2.	Víxlar		— 1 428 908.10
3.	Verðbréf		— 511 599.76
4.	Útibú á Akureyri		— 547 563.68
5.	Byggingar og landnáms sjóður		— 480 772.63
6.	Kreppulánasjóður		— 1 334 172.40
7.	Lán í hlaupareikningi		— 25 817.22
8.	Ýmsir viðskiptamenn		— 77 819.88
9.	Innanstokksmunir		— 14 000.00
10.	Fasteignir		— 90 800.00
11.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 611 000.00
12.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 134 461.77
			Kr. 6 092 629.52

Skuldir: 84

1.	Skuld við ríkissjóð	kr. 1 319 674.80
2.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1 614 666.56
3.	— gegn viðtökuskírteinum	— 361 605.23
4.	— í hlaupareikningi	— 794 434.94
5.	— í reikningslánum	— 63 650.16
6.	Innstæða Ræktunarsjóðs Íslands	— 580 189.27
7.	— veðdeildar	— 33 792.28
8.	— viðlagasjóðs	— 338 374.46
9.	Ýmsir viðskiptamenn	— 18 286.76
10.	Skuldir á fasteignum	— 86 733.10
11.	Ábyrgðir	— 611 000.00
12.	Ógreitt tap	— 24 275.37
13.	Varasjóður	— 195 235.21
14.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 50 711.38
		Kr. 6 092 629.52

Rekstrarreikningur sparisjóðs og rekstrarlána deildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1935.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr. 62 167.90
2.	Innheimtir vextir	— 171 764.83
3.	Forvextir af víxlum	— 92 543.84
4.	Ýmislegar tekjur	— 12 126.24
		Kr. 338 602.81

Gjöld:

1.	Vextir	kr. 195 802.50
2.	Rekstrarkostnaður	— 15 764.46
3.	Kostnaður við útibú	— 3 402.18
4.	Afskrifað tap á lánum og víxlum	— 24 633.95
5.	Halli á rekstri útibús	— 2 707.79
6.	Til varasjóðs	— 45 580.55
7.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 50 711.38
		Kr. 338 602.81

84 Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1935.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 23 900.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 302 900.00	
			kr. 326 800.00
2.	Víxlar		— 243 074.58
3.	Verðbréf		— 27 550.00
4.	Ýmsir viðskiptamenn		— 12 025.21
5.	Innanstokksmunir		— 700.00
6.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 21 751.16
			Kr. 631 900.95

Skuldir:

1.	Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr. 547 563.68
2.	Innstæðufé í sparisjóði	— 52 286.67
3.	— gegn viðtökuskírteinum	— 19 226.17
4.	— í hlaupareikningi	— 3 276.71
5.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 9 547.72
		Kr. 631 900.95

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1935.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr. 3 119.89
2.	Innheimtir vextir	— 9 636.54
3.	Forvextir af víxlum	— 19 164.55
4.	Ýmislegar tekjur	— 7 215.78
5.	Rekstrarhalli	— 2 707.79
		Kr. 41 844.55

Gjöld:

1.	Vextir	kr. 18 506.10
2.	Kostnaður	— 13 790.73
3.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 9 547.72
		Kr. 41 844.55

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1935. 84

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 1 353 227.55
2.	Ógreiddir vextir og kostnaðartillag	— 86 642.47
3.	Verðbréf	— 10 400.00
4.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 33 792.28
		Kr. 1 484 062.30

Skuldir:

1.	Bankavaxtabréf í umferð	kr. 1 420 000.00
2.	Óinnleystir vaxtamiðar	— 42 600.00
3.	Ógreitt tap á lánum	— 21 462.30
		Kr. 1 484 062.30

Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1935.

Tekjur:

1.	Vextir og kostnaðartillag	kr. 92 445.80
		Kr. 92 445.80

Gjöld:

1.	Kostnaður og vextir	kr. 5 634.74
2.	Vaxtamiðar	— 85 200.00
3.	Lagt við varasjóð	— 1 611.06
		Kr. 92 445.80

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1935.

1.	Frá fyrra ári		kr. 3 030 738.01
2.	Tekjur af þjóðjörðum 1934	kr. 21 826.66	
3.	Hluti af útflutningsgjaldi 1934	— 45 785.17	
4.	Viðlagðir 2½% vextir	— 75 768.45	
			— 143 380.28
			Kr. 3 174 118.29

84 **Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1935.**

1. Frá fyrra ári			kr. 231 125.88
2. Lántökugjald	kr.	2 221.15	
3. Vextir	—	10 485.32	
4. Tekjuafgangur	—	28 971.70	
			— 41 678.17
			Kr. 272 804.05
Tap á lánum og fasteignum			— 80 101.02
			Kr. 192 703.03

Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1935.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
4% þjóðjarðasölulán	kr.	324 230.56	
4% jarðabótalán	—	153 891.26	
4% jarðabótalán prestakalla	—	600.00	
4% jarðakaupalán	—	3 853.20	
5% lán 1. flokks	—	4 074 922.10	
5% — 3. —	—	879 533.37	
			kr. 5 437 030.49
2. Verðbréf			— 76 580.00
3. Ógreiddir áfallnir vextir			— 182 211.04
4. Ýmsir viðskiptamenn			— 2 343.02
5. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands			— 580 189.27
			Kr. 6 278 353.82

Skuldir:

1. Höfuðstóll	kr. 3 174 118.29
2. Jarðræktarbréf í umferð: 1. flokkur	— 2 627 400.00
3. — - — : 3. flokkur	— 307 700.00
4. Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 80 715.25
5. Ýmsir viðskiptamenn	— 341.00
6. Ógreitt tap á lánum	— 88 079.28
	Kr. 6 278 353.82

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1935. 84

Tekjur:

1. Vextir	kr.	257 275.18
2. Vaxtatillag ríkissjóðs af jarðræktarbréfum	—	28 206.00
3. Ríkissjóðsstyrkur	—	3 000.00
4. Ýmislegar tekjur	—	4 880.60
	Kr.	293 361.78

Gjöld:

1. Kostnaður	kr.	30 631.38
2. Vaxtamiðar jarðræktarbréfa	—	157 990.25
3. Lagt við höfuðstól 2½% vextir	—	75 768.45
4. Lagt við varasjóð	—	28 971.70
	Kr.	293 361.78

Efnahagsreikningur Byggingar og landnáms sjóðs 31. desember 1935.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Endurhýsingarlán	kr.	1 948 252.52	
b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	—	173 677.58	
c. — á óræktuðu landi	—	80 916.00	
		kr.	2 202 846.10
2. Verðbréf		—	2 100.00
3. Ýmsir viðskiptamenn		—	1 835.18
		Kr.	2 206 781.28

Skuldir:

1. Skuld við ríkissjóð	kr.	600 000.00
2. — — Búnaðarbanka Íslands	—	480 772.63
3. Eign	—	1 126 008.65
	Kr.	2 206 781.28

Rekstrarreikningur Byggingar og landnáms sjóðs 1935.

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr.	2 279.00
2. Vextir	—	101 173.42
3. Ríkissjóðsstyrkur	—	250 000.00
	Kr.	353 452.42

84

Gjöld:

1. Kostnaður við teiknistofu	kr.	18 292.47
2. Vextir	—	66 390.43
3. Rekstrarkostnaður	—	20 108.90
4. Tap á lánum	—	64 532.26
5. Aukin eign	—	184 128.36
	Kr.	353 452.42

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1935.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	1 955 154.93
2. Verðbréf	—	56 520.00
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	338 374.46
	Kr.	2 350 049.39

Skuldir:

1. Höfuðstóll	kr.	2 262 007.44
2. Ógreitt tap á lánum	—	88 041.95
	Kr.	2 350 049.39

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs árið 1935.

Tekjur:

1. Innheimtir vextir af lánum	kr.	102 092.96
2. Vextir af verðbréfum og bankainnstæðu	—	7 702.61
	Kr.	109 795.57

Gjöld:

1. Kostnaður	kr.	8 488.45
2. Tap á lánum	—	92 398.70
3. Til varasjóðs veðdeildar	—	8 908.42
	Kr.	109 795.57

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1935. 84

1. Frá fyrra ári		kr. 2 262 007.44
		Kr. 2 262 007.44

Reykjavík, 19. febrúar 1936.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Bjarni Ásgeirsson. *Pétur Magnússon.*

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1935 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 9. júní 1936.

Sveinbjörn Högnason. *Magnús Guðmundsson.*

REIKNINGUR KREPPULÁNASJÓÐS 85

Stofnsjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1935.

Frá fyrra ári		kr. 251 378.66
Vaxtagreiðslur Búnaðarbanka Íslands 1935 ...	kr. 251 902.35	
Frá dregst: Rekstrarhalli	— 138 083.55	
		— 113 818.80
		Kr. 365 197.46

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs 31. desember 1935.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum			kr. 8 924 204.01
2. Skuldir kröfuhafa			— 14 107.44
3. Ógreiddir vextir:			
a. Fallnir í gjalddaga	kr. 165 239.69		
b. Ekki fallnir í gjalddaga	— 44 306.11		
			— 209 545.80
4. Verðbréf			— 5 000.00
5. Ýmsir viðskiptamenn			— 899.25
6. Skrifstofugögn			— 3 000.00
			Kr. 9 156 756.50

85

Skuldir:

1.	Kreppulánasjóðsbréf í umferð	kr. 6 376 960.00
2.	Innstæða kröfuhafa	— 985 636.90
3.	Búnaðarbanki Íslands	— 1 334 172.40
4.	Ýmsir viðskiptamenn	— 4 295.74
5.	Stofnsjóður	— 365 197.46
6.	Varasjóður	— 90 494.00
		Kr. 9 156 756.50

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs 1935.

Tekjur:

1.	Lántökugjald	kr. 46 007.40
2.	Vextir af lánum	— 316 239.34
3.	Rekstrarhalli	— 138 083.55
		Kr. 500 330.29

Gjöld:

1.	Lagt í varasjóð (lántökugjald)	kr. 46 007.40
2.	Vextir af skuldabréfum í umferð	— 288 811.35
3.	Vextir af skuldum	— 52 477.67
4.	Kostnaður við héraðsnefndir	— 4 097.00
5.	Rekstrarkostnaður	— 107 712.26
6.	Tap á lánum	— 1 224.61
		Kr. 500 330.29

Reykjavík, 22. marz 1936.

KREPPULÁNASJÓÐUR

Hilmar Stefánsson. *Pétur Magnússon.*

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs 1935 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 9. júní 1936

Sveinbjörn Högnason. *Magnús Guðmundsson.*

86

YFIRLIT

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1936.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	980 374.13	
b. Rœktunarsjóður	—	5 346 191.65	
c. Veðdeild	—	1 334 406.86	
d. Byggingar og landnáms sjóður	—	2 283 015.96	
e. Viðlagasjóður	—	1 864 428.20	
			kr. 11 808 416.80
2. Verðbréf:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	551 416.21	
b. Rœktunarsjóður	—	307 940.00	
c. Veðdeild	—	16 700.00	
d. Landnámssjóður	—	2 600 00	
e. Viðlagasjóður	—	60 610.00	
			— 939 266.21
3. Víxlar			— 1 317 898.05
4. Ýmsir viðskiptamenn:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	48 500.53	
b. Byggingar og landnáms sjóður	—	2 145.78	
			— 50 646.31
5. Lán í hlaupareikningi			— 62 118.16
6. Óinnheimtar tekjur:			
a. Rœktunarsjóður	kr.	73 647 69	
b. Veðdeild	—	39 994.25	
			— 113 641.94
7. Innanstokksmunir			— 14 702.99
8. Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 1 211 000 00
9. Útibú á Akureyri			— 498 351.37
10. Kreppulánasjóður			— 1 039 311.59
11. Sameiginlegur kostnaður allra deilda			— 47 017.05
12. Varasjóður Rœktunarsjóðs			— 196 894.01
13. Fasteignir			— 45 696.04
14. Bankainnstœða og peningar í sjóði			— 441 671.99
			Kr. 17 786 632.51

86 Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	1 319 674.80	
	b. Byggingar og landnáms sjóður	—	600.000.00	
				kr. 1 919 674.80
2.	Innstæðufé í sparisjóði og á skírteinum			— 2 081 547.48
3.	Innstæða í hlaupareikningi			— 786 701.29
4.	Innstæða á reikningslánum			— 86 141 89
5.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	19 980.06	
	b. Rœktunarsjóður	—	70 995.15	
	c. Veðdeild	—	12 428.36	
	d. Viðlagasjóður	—	85 674.65	
				— 189 078.22
6.	Ábyrgðir			— 1 211 000.00
7.	Jarðrœktarbréf í umferð			— 2 874 800.00
8.	Veðdeildarbréf í umferð			— 1 380 000.00
9.	Skuldir á fasteignum			— 39 612.63
10.	Vextir og aðrar tekjur:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	113 459.23	
	b. Viðlagasjóður	—	44 038.17	
				— 157 497.40
11.	Skuldlaus eign:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	195 235.21	
	b. Rœktunarsjóður	—	3 395 828.69	
	c. Byggingar og landnáms sjóður	—	1 207 507 46	
	d. Viðlagasjóður	—	2 262 007.44	
				— 7 060 578.80
				Kr. 17 786 632.51

Reykjavík, 1. júlí 1936.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

REIKNINGUR ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS H.F. 87

1. janúar — 31. desember 1934.

Rekstursreikningur Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúa hans 1934.

Gjöld:

Kostnaður við bankareksturinn	kr.	457730.14
Framlag til eftirlaunasjóðs samkvæmt ákvörðun aðalfundar	—	33500.00
Afskrifað	—	161295.05
Fasteignir lækkaðar í verði	—	174747.73
Lækkun á afskriftareikningi	—	250000.00
Yfirfært til næsta árs	—	376170.41
	Kr.	1453443.33

Tekjur:

Yfirfært frá fyrra ári	kr.	473401.86
Disconto, vextir, forvextir og aðrar tekjur	—	980041.47
	Kr.	1453443.33

Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúa hans 31. desember 1934.

Activa:

Málmforði	kr.	1500002.00
Fasteignaveðslán	—	191319.12
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	429603.42
Handveðslán	—	55108.00
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1017233.48
Reikningslán	—	3219158.71
Skuldir á hlaupareikningi	—	397999.26
Víxlar	—	22215645.95
Ýmsir skuldunautar	—	2522437.43
Verðbréf	—	1404770.68
Erlend mynt	—	3771.48
Húseignir bankans og útibúa hans og aðrar fasteignir	—	1894163.55
Erlendir bankar	—	149671.06
Afskriftareikningur	—	6250000.00
Fyrirfram greiddir vextir af skuldum bankans og ógoldnir vextir til hans	—	159901.89
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	1093098.47
Inneign á hlaupareikningi í Landsbanka Íslands	—	106556.25
Sjóður	—	277017.04
	Kr.	42887457.79

87 Passiva:

Hlutafé	kr.	7315400.00
Áhættufé d. kr. 3750000.00 á 100.00	—	3750000.00
Bankavaxtabréf Íslandsbanka	—	577000.00
Seðlar í umferð	—	4000000.00
30 ára £ lán frá 1921 £ 102644-10-10 á 22.15	—	2273576.60
Hlaupareikningur	—	3013471.96
Sparisjóðsfé	—	6900159.77
Fyrirfram greiddir vextir	—	358647.87
Landsbankinn	—	5504164.73
Ýmsir skuldheimtumenn	—	469900.33
Erlendir bankar	—	6456193.76
Veðskuldir á fasteignum	—	70400.18
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	1093098.47
Gengisreikningur	—	729273.71
Yfirfært til næsta árs	—	376170.41
	Kr.	42887457.79

Reykjavík, 2. febrúar 1935.

Útvegsbanki Íslands h.f.

Helgi Guðmundsson. *Jón Ólafsson.* *Jón Baldvinsson.*

Einar E. Kvaran

Reikningur þessi er í fullu samræmi við bækur Útvegsbanka Íslands h.f. í Reykjavík og ársreikninga útibúanna.

Reykjavík, 19. febrúar 1935.

H. Stefánsson. *Björn Steffensen.*

Með skírskotun til áritunar endurskoðenda kvittar fulltrúaráðið hér með fyrir reikningi þessum til úrskurðar aðalfundar.

Reykjavík, 4. marz 1935.

Fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h.f.

Sv. Guðmundsson. *Stefán Jóh. Stefánsson.* *Lárus Fjeldsted.*
Guðm. Ásbjörnsson. *Páll Eggert Ólason.*

Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík, 31. desember 1934. 87

Activa:

Málmforði	kr.	1500002.00
Fasteignaveðslán	—	102557.83
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	307086.76
Handveðslán	—	31860.00
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	537684.22
Reikningslán	—	1608674.37
Skuldir á hlaupareikningi	—	317457.52
Víxlar	—	15920542.62
Ýmsir skuldunautar	—	1901143.08
Verðbréf	—	1404770.68
Erlend mynt	—	577.13
Bankahúsið og aðrar fasteignir	—	1309280.22
Erlendir bankar	—	149671.06
Útibúið á Akureyri	—	1605536.23
— – Ísafirði	—	2778372.72
— – Seyðisfirði	—	1615886.87
— í Vestmannaeyjum	—	1883263.02
Afskriftareikningur	—	6250000.00
Fyrirfram greiddir vextir af skuldum bankans og ógoldnir vextir til hans	—	110564.43
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	1093098.47
Inneign á hlaupareikningi í Landsbanka Íslands	—	106556.25
Sjóður	—	239048.65
	Kr.	40773634.13

Passiva:

Hlutafé: Innborguð hlutafjárloforð	kr.	7315400.00
Áhættufé d. kr. 3750000.00 á 100.00	—	3750000.00
Bankavaxtabréf Íslandsbanka	—	577000.00
Seðlar í umferð	—	4000000.00
30 ára £ lán frá 1921 £ 102644-10-10 á 22.15	—	2273576.60
Hlaupareikningur	—	2672817.59
Sparisjóðsfé	—	5371431.24
Fyrirfram greiddir vextir	—	280107.24
Landsbankinn	—	5504164.73
Ýmsir skuldheimtumenn	—	304000.20
Erlendir bankar	—	6456193.76
Veðskuldir á fasteignum	—	70400.18
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	1093098.47
Flyt	kr.	39668190.01

87

Flutt	kr.	39668190.01
Gengisreikningur	—	729273.71
Yfirfært til næsta árs	—	376170.41
	Kr.	40773634.13

Við höfum endurskoðað reikninga Útvegsbanka Íslands h.f. fyrir árið 1934 og vottum, að efnahagsreikningur þessi er í fullu samræmi við bækur bankans.

Við höfum einnig fullvissað okkur um, að birgðir bankans af víxlum, verðbréf, málmforði og aðrar eignir samkvæmt reikningi þessum eru fyrir hendi.

Reykjavík, 19. febrúar 1935.

H. Stefánsson. *Björn Steffensen.*

Efnahagsreikningur útibúa Útvegsbanka Íslands h.f. 31. desember 1934.

I. Útibúið á Akureyri.

Activa:

Fasteignaveðslán	kr.	81398.61
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	53480.00
Handveðslán	—	22973.00
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	293134.67
Reikningslán	—	464461.06
Víxlar	—	896298.61
Ýmsir skuldunautar	—	12486.02
Erlend mynt	—	378.70
Húseign útibúsins	—	30000.00
Sjóður	—	5409.42
	Kr.	1860020.09

Passiva:

Skuld við Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	1605536.23
Hlaupareikningur	—	46626.14
Sparisjóðsfé	—	163458.69
Ýmsir skuldheimtumenn	—	18744.77
Fyrirfram greiddir vextir	—	25654.26
	Kr.	1860020.09

II. Útibúið á Ísafirði. 87

Activa:

Fasteignaveðslán	kr.	398.57
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	37000.00
Skuldir á hlaupareikningi	—	7328.21
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	151050.00
Reikningslán	—	740986.90
Víxlar	—	2046919.36
Ýmsir skuldunautar	—	60176.16
Húseignir bankans	—	285008.82
Ógreiddir vextir	—	11199.99
Sjóður	—	10872.30
	Kr.	3350940.31

Passiva:

Skuld við Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	2778372.72
Hlaupareikningur	—	77375.54
Sparisjóðsfé	—	428216.83
Ýmsir skuldheimtumenn	—	46676.95
Fyrirfram greiddir vextir	—	20298.27
	Kr.	3350940.31

III. Útibúið á Seyðisfirði.

Activa:

Fasteignaveðslán	kr.	6664.11
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	11536.66
Handveðslán	—	275.00
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	21678.93
Reikningslán	—	128225.32
Víxlar	—	1445056.35
Skuldir á hlaupareikningi	—	3093.13
Ýmsir skuldunautar	—	151549.68
Erlend mynt	—	1737.10
Húseignir bankans og aðrar fasteignir	—	177809.22
Ógreiddir vextir	—	10582.06
Sjóður	—	11367.60
	Kr.	1969575.16

87 Passiva:

Skuld við Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	1615886.87
Hlaupareikningur	—	88024.87
Sparisjóðsfé	—	202512.86
Ýmsir skuldheimtumenn	—	49853.48
Fyrirfram greiddir vextir	—	13297.08
	Kr.	1969575.16

IV. Útibúið í Vestmannaeyjum.

Activa:

Fasteignaveðslán	kr.	300.00
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	20500.00
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	13685.66
Reikningslán	—	276811.06
Skuldir á hlaupareikningi	—	70120.40
Víxlar	—	1906829.01
Ýmsir skuldunautar	—	397082.49
Erlend mynt	—	1078.55
Húseign bankans og aðrar fasteignir	—	92065.29
Ógreiddir vextir	—	27555.41
Sjóður	—	10319.07
	Kr.	2816346.94

Passiva:

Skuld við Útvegsbanka Íslands h.f.	kr.	1883263.02
Hlaupareikningur	—	128627.82
Sparisjóðsfé	—	734540.15
Ýmsir skuldheimtumenn	—	50624.93
Fyrirfram greiddir vextir	—	19291.02
	Kr.	2816346.94

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna árið 1936.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar, undirskrifuð af konungi 23. september 1936 (nr. 109).

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 50, 31. maí 1927, og lögum nr. 70, 28. desbr. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af konungi 25. september 1936 (nr. 110).

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Brasilíu, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 28. september 1936 (nr. 111).

Bráðabirgðalög um afnám laga nr. 64, 22. nóv. 1907, um breyting á lögum um manntal í Reykjavík nr. 18, 13. september 1901, undirskrifuð af konungi 12. október 1936 (nr. 112).

Bráðabirgðalög um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi 18. febr. 1847, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 113).

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 35, 1. febr. 1936, um viðauka við lög nr. 78, 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð, undirskrifuð af konungi 28. október 1936 (nr. 114).

REGLUGERÐ

88
22. ágúst

um skemmtanaskatt í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Seyluhreppi og aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:
   a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
   b. Sjónleikar.
   c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
   d. Fyrirlestrar og upplestrar.
   e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:
   a. Dansleikar.
   b. Danssýningar.
   c. Loddara- og fjölleikasýningar.

31. dag októbermánaðar 1936. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

88 22. ágúst

d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem heyra undir fyrsta flokk, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki, 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum eða til styrktar þörfum félagsskap innan sveitarinnar o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Seyluhrepps hefir eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, og sér um innheimtu skattsins og hefir eftirlit með skemmtunum, ef þurfa þykir. Getur hún ráðið til þessa sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðganga er seld að, skal tilkynna það hreppsnefndaroddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær skemmtunin skal haldin. Afhendir þá hreppsnefnd stimplaða aðgöngumiða, svo marga, er ætla megi að nægi. Gerð miðanna ákveður hreppsnefnd og kostnaður við þá greiðist af skatttekjum.

Þegar samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt, samkv. 3. gr., af öllum þeim miðum, er hann tók á móti, að frádregnum þeim ónotuðu.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó halda fé þessu í sérstökum sjóði, sem skal vera undir stjórn hreppsnefndar, og skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Fé sjóðsins skal varið til styrktar Lestrarfélagi Seyluhrepps.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin

ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr. 88 22. ágúst

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 22. ágúst 1936.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

89 22. ágúst

Ráðuneytið hefir í dag framlengt reglugerð um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu frá 22. ágúst 1935 til þess að gilda fyrst um sinn.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

90 24. ágúst

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Skagastrandarkauptún.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Skagastrandarkauptún, sem sýslunefnd Húnavatnssýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Skagastrandarkauptún.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Í Skagastrandarkauptúni skal vera 3 manna heilbrigðisnefnd. Hreppstjórinn er formaður nefndarinnar, 2. maður er kosinn af hreppsnefndinni og sá 3. af sýslunefndinni, báðir til eins árs í senn.

90 Heilbrigðisnefndinni er skylt að gæta þess, að heilbrigðissamþykktinni sé
24. ágúst hlýtt. Héraðslæknirinn í Blönduóshéraði er ráðunautur nefndarinnar og á rétt á að sitja á fundum hennar, enda skal formaður gera honum viðvart um fundi, ef mikilvæg mál eru á dagskrá. Nefndin getur ráðið sérstakan heilbrigðisfulltrúa til að annast daglega umsjón með því, að samþykkt þessi sé haldin.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt, hvenær sem er, að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er samþykktin ræðir um og þýðingu hefir fyrir heilsu manna og almennan þrifnað, hvort heldur er á almannafæri eða eign einstakra manna eða félaga. Hún skal á hverju vori framkvæma skoðun á öllum lóðum og mannvirkjum í kauptúninu, færa inn í gerðabók sína það, er hún telur aðfinnsluvert, tilkynna það hlutaðeigendum og sjá um, að úr því sé bætt.

3. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráðstöfun eða þrifnaðarbót, sem hefir í för með sér útgjöld og er þess eðlis, að ekki er hægt að heimta af neinum sérstökum lóðar- eða húsráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að kostnaðurinn verði greiddur úr sveitarsjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita fé, má skjóta því máli til sýslunefndar til úrskurðar.

II. Um hreinlæti og þrifnað.

4. gr.

Enginn má fleygja sorpi, rusli né nokkurs konar óþverra eða skrani á götur kauptúnsins né annarstaðar á almannafæri. Eigi má heldur geyma á opnum svæðum við götur tunnur, kassa, mó, tað né annað þvílíkt, nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Bannað er að láta liggja meðfram götum nokkurt það skran, sem að dómi nefndarinnar er til óþrifnaðar eða lýta, svo og að breiða á girðingar eða hús fram með götum skinn, fisk, druslur eða annað þess háttar.

5. gr.

Skyldir eru menn að halda hreinum portum eða öðrum óbyggðum lóðum kringum hús sín. Skulu þeir hreinsa burt af lóðum sínum öll brot eða leifar af girðingum, heykumblum, húsum eða öðru þess háttar, ef það veldur óþrifnaði að dómi heilbrigðisnefndar.

6. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðrum óþverra inn á annars manns lóð né hella skolpi þar, sem það rennur inn á lóð annara eða út á almannafæri. Eigi má heldur bera út sorp eða önnur óhreinindi þangað, sem ódaun leggur af því að húsum annara. Undanþeginn þessu banni er þó venjulegur húsdýraáburður

á þeim tíma árs, þegar borið er á tún eða í garða. Heilbrigðisnefnd úrskurðar um ágreining milli nágranna út af þessum ákvæðum. Þeir, sem flytja eftir götum kauptúnsins áburð, for, saur, sorp, slor eða annað þvílíkt, skulu gæta þess að hella því ekki á göturnar, og getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað sérstaka gerð á vögnum þeim, sem til slíks flutnings eru ætlaðir. **90** 24. ágúst

7. gr.

Á vori hverju í maímánuði eða í fyrri hluta júnímánaðar, áður en skoðun sú fer fram, er um getur í 2. gr., skal heilbrigðisnefnd fyrirskipa almenna hreinsunarviku, og skulu þá allir lóðareigendur og húsráðendur skyldir til að framkvæma allsherjarhreinsun á lóðum sínum og hreppsnefnd að sjá um hreinsun á götum og öðrum þeim svæðum innan kauptúnsins, sem einstaklingum ber ekki yfirráð yfir. Heilbrigðisnefnd getur í sambandi við hreinsun þessa fyrirskipað framkvæmdir til útrýmingar flugum, rottum og öðrum skaða- og óþrifadýrum.

III. Um fráræslu, vatnsból og mógrafir.

8. gr.

Skolp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að jarðvegurinn undir þeim saurgist, heldur skal veita því eftir ræsum til sjávar. Húseigendur og umráðamenn lóða eru skyldir til að sjá um, að ekki séu stíflð ræsi þau, er frá húsum þeirra liggja, og að frárennsli sé svo gott af lóðum þeirra, að ekki standi þar vilpur eða forarpollar. Sama skylda hvílir á hreppsnefnd, að því er snertir götur og lóðir í eign eða umsjón hreppsins.

9. gr.

Ef vatnsleiðsla eða skolpleiðsla er lögð í kauptúnið á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga meðfram þeim, skyldugir til að leggja æðar að eða frá húsum sínum í sambandi við hina opinberu vatns- eða skolpleiðslu.

10. gr.

Gengið skal á allan þann hátt frá öllum þeim vatnsbólum, sem neyzluvatn er tekið úr, að ekki geti runnið í þau yfirborðsvatn, enda skal allur útbúnaður vatnsbóla vera háður fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skylt er að gæta hins ýtrasta þrifnaðar með og við öll slík vatnsból, og getur heilbrigðisnefnd bannað allar þær aðgerðir í námunda við þau, sem að hennar dómi geta orðið til þess, að óhreinindi berist í þau. Nefndin getur og bannað að taka vatn úr vatnsbóli um stundarsakir, ef hún telur hættu á því, að vatnið geti verið óheilnæmt, eða látið leggja vatnsból niður með öllu, ef mikil brögð eru að.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað það, að allir þeir, sem taka upp mó í landi kauptúnsins, veiti öllu vatni úr mógröfunum eða moki ofan í þær að öðrum kosti, svo að vatn standi ekki í þeim.

90 24. ágúst

IV. Um peningshús, hauga og forir.

12. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að hafa kvikfénað í íbúðarhúsum manna eða í byggingum, sem eru áfastar þeim.

13. gr.

Peningshús, forir, haugstæði eða áburðarhús má reisa á þeim stöðum einum, er heilbrigðisnefnd gefur leyfi til, og má enginn byrja á framkvæmd slíks verks né láta fara fram höfuðviðgerð á eldra mannvirki slíkrar tegundar, nema að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, og skulu umsóknir um það sendar henni skriflega. Heilbrigðisnefnd úrskurðar um það, hvað kallast skuli höfuðviðgerð í þessu sambandi. Umsækjanda skal skylt að hlýða fyrirmælum nefndarinnar um gerð slíkra mannvirkja, afstöðu þeirra til gatna og annara húsa og útbúnað þeirra og frágang að öðru leyti.

14. gr.

Ef peningshús, haugstæði, forir eða áburðarhús, sem eldri eru en samþykkt þessi, valda miklum óþrifnaði, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess, að þau verði lögð niður. Sama máli gegnir með opnar heytóftir, enda má ekki hafa opin heystæði annarstaðar en þar, sem heilbrigðisnefnd gefur leyfi til.

V. Um salerni og sorpskrínur.

15. gr.

Hverju íbúðarhúsi og hverri vinnustöð skal fylgja salerni, að jafnaði eitt fyrir hverja íbúð. Þau skulu, nema um vatnssalerni sé að ræða, vera á afskekktum stöðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Salerni skulu vera þannig gerð, að sem auðveldast sé að hreinsa þau og ekki stafi af þeim óþrifnaður, enda getur heilbrigðisnefndin sett nánari reglur um gerð þeirra og frágang. Salernum skal jafnan halda vel hreinum, og saurílátin skulu tæmd jafnóðum, áður en þau fyllast.

16. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni, svo mörg sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, til afnota fyrir viðskiptamenn sína og verkamenn og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim. Skylt er bæði íbúum kauptúnsins og aðkomumönnum að nota salerni til þarfinda sinna, og varðar sektum samkvæmt samþykkt þesari, ef út af er brugðið.

17. gr.

Ef salerni, sem eldra er en samþykkt þessi, er svo illa gert, að óþrifnaður stafar af, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess af húseiganda, að hann geri nýtt sal-

erni, sem gengið sé frá á viðunandi hátt. Ef salerni, sem eldra er en samþykkt 90
þessi, er þannig sett, að það er til óþrifnaðar eða mikilla lýta að dómi nefndar- 24. ágúst
innar, getur hún krafizt þess, að það sé flutt.

18. gr.

Heilbrigðisnefnd getur skipað svo fyrir, að hverju húsi skuli fylgja sérstök sorpskrína undir sorp, rusl og ösku, er til fellur frá húsinu. Setur þá nefndin reglur um gerð skrínunnar.

19. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um, hvert flytja skuli innihald saurkagga og sorpskrína, en þau skulu tæmd svo oft, að ekki hljótist óþrif af. Hreppsnefnd hefir heimild til að ráða sérstakan mann til að annast sorphreinsun og salernahreinsun, og má þá jafna kostnaðinum niður á húsráðendur í hlutfalli við mannfjölda.

VI. Um iðjuból og vinnustaði.

20. gr.

Í kauptúninu má enginn þann iðnað reka, sem óhollusta eða óþrifnaður stafar af, nema með leyfi heilbrigðisnefndar og á þeim stöðum einum innan kauptúnsins, er nefndin samþykkir, enda skal allur slíkur iðnaður vera háður eftirliti nefndarinnar og fyrirmælum hennar um hreinlæti og heilsuvernd, utan húss og innan. Undir óhollustu í þessu sambandi skal telja mikinn hávaða.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa sérstakt eftirlit með slátrun búpenings og líta eftir því, að alls þrifnaðar sé gætt á sláturssvæðinu og í kring um það, enda skulu allir, sem við slátrun fást eða vinna, skyldir til að hlýða fyrirmælum hennar í þessu efni, hvaðan sem þeir eru.

22. gr.

Gæta skal þess sérstaklega í sláturhúsum, að hundar geti ekki náð til sollinna líffæra, og skal öllum sullum safnað saman og þeim komið fyrir eftir ákvörðunum heilbrigðisnefndar. Að lokinni sláturtíð skal hreinsa allt sláturssvæðið, en meðan á slátrun stendur, skal daglega hreinsa sláturhús og sláturskyggni, eftir því sem föng eru á og heilbrigðisnefnd kann að heimta.

23. gr.

Aðgerð á fiski og hvers konar sjávarafla skal fara fram á þeim einum stöðum, er heilbrigðisnefnd ákveður, og er skylt að flytja þegar að aflokinni aðgerð allt slor og fiskúrgang þangað, sem það er ekki til óþrifnaðar, að dómi heilbrigðisnefndar.

90 24. ágúst

24. gr.

Hreinsa skal öll aðgerðarhús að aflokinni aðgerð og gæta þar að öðru leyti hreinlætis, eftir því sem tök eru á og heilbrigðisnefnd ákveður.

VII. Um matvæli og matvælasölu.

25. gr.

Öll matvælasala er háð eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar. Leiki grunur á, að matvara, innlend eða útlend, sem á boðstólum er höfð, sé á einn eða annan hátt heilsuspillandi eða svikin, getur nefndin látið taka af henni sýnishorn til rannsóknar og bannað sölu hennar, nema grunur sá reynist ekki á rökum byggður.

26. gr.

Ekki má selja kjöt af sjálfdauðum eða sjúkum skepnum, nema héraðslæknir dæmi það ósaknæmt. Er þeim, sem slátrar sjúkum skepnum, skylt að tilkynna það héraðslækni, ef nota á kjötið eða innyflin til manneldis.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu á þeim matvælum, sem eru óþrifaleg, skemmd, svikin eða ástæða er til að ætla, að sýkingarhætta stafi af. Hún getur bannað sölu mjólkur og annara matvæla á þeim stöðum og frá þeim stöðum, þar sem ekki er haft nægilegt hreinlæti við framleiðslu eða meðferð matvælanna, eða þar sem sýkingarhætta stafar frá mönnum eða skepnum. Slíkt bann má auglýsa opinberlega. Nefndin getur fyrirskipað berklarannsókn á öllum kúm innan kauptúnsins, eða á þeim heimilum innan þess eða utan, sem selja mjólk í kauptúnið.

28. gr.

Heilbrigðisnefnd má láta ónýta á kostnað eiganda þá matvöru, sem er óhæf til manneldis eða sýkingarhætta stafar af.

VIII. Um íbúðarhús og lóðir.

29. gr.

Íbúðarhús skulu að jafnaði vera byggð meðfram götum í skipulegum röðum, og lóðirnar umhverfis þau vera girtar og ræktaðar. Bæði hús og girðingar skulu vera í því ástandi, að almennum kröfum um þrifnað, hreinlæti og smekk sé fullnægt, að dómi heilbrigðisnefndar. Nefndin má gera strangari kröfur um þetta á einstökum stöðum innan kauptúnsins en öðrum.

30. gr.

Ekki má byggja neitt íbúðarhús né láta fram fara höfuðviðgerð á gömlu húsi, nema í samráði við og með samþykki heilbrigðisnefndar, sem sér um, að

almennum heilbrigðiskröfum um og við útbúnað íbúða sé fullnægt. Niðurröðun bygginga og húsaskipun í kauptúninu skal vera háð eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar, meðan ekki er til sérstök byggingarnefnd eða byggingarsamþykkt fyrir kauptúnið. 90 24. ágúst

31. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilsuspillandi sé fyrir íbúana, að dómi heilbrigðisnefndar, eða einstök herbergi þess svo óþrifaleg eða illa úr garði gerð, þá getur nefndin krafizt þess af húseiganda, að úr því sé bætt tafarlaust, eða bannað að öðrum kosti íbúð í húsinu eða einstökum herbergjum þess. Ekki má innrétta kjallaraherbergi til íbúðar nema með sérstöku leyfi nefndarinnar.

IX. Um skóla og samkomustaði.

32. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að alls þrifnaðar sé gætt í skólum og öllum samkomuhúsum, veitingahúsum og á öðrum stöðum, sem ætlaðir eru til afnota almennings. Ef mikið vantar á, að slík hús uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru um þrifnað og hollustuhætti, og ekki er úr bætt, þrátt fyrir áminningar heilbrigðisnefndar, getur hún bannað afnot slíkra húsa, þangað til bót hefir verið ráðin á því, sem aflaga fer. Ef skólabarn hefir lús eða önnur óþrif, sem smitandi eru, getur nefndin krafizt þess af framfæranda barnsins, að það sé aflúsað eða því leitað lækninga.

X. Um næma sjúkdóma.

33. gr.

Nú kemur upp hættuleg sótt í kauptúninu eða nærlendis, og getur þá heilbrigðisnefnd sett um stundarsakir strangari ákvæði um hreinlæti, utan húss og innan, og um meðferð og sölu matvæla, en felst í framanrituðum greinum, og varða brot á þeim bráðabirgðafyrirmælum sömu viðurlögum sem brot á heilbrigðissamþykkt þessari.

XI. Um refsiákvæði og fleira.

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fá allan útlagðan kostnað greiddan úr hreppssjóði eftir gefnum reikningum. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af reikningum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skyld skal hreppsnefnd að leggja féð fram í bili.

35. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd gefur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 króna sektum, er renna í hreppssjóð.

90 24. ágúst

Auk þess er nefndinni heimilt að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppssjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er. Á sama hátt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta rífa niður á kostnað hins seka verk það, sem unnið hefir verið í forboði hennar, og innheimta þann kostnað með lögtaki.

XIII. Um gildistöku.

36. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

91 24. ágúst

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Blönduóshrepp.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Blönduóshrepp, sem sýslunefnd Húnavatnssýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Blönduóshrepp.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sýslumaðurinn í Austur-Húnavatnssýslu er sjálfkjörinn í heilbrigðisnefnd fyrir Blönduóshrepp, en auk þess kýs hreppsnefnd Blönduóshrepps 1 mann í nefndina, til eins árs í senn, og sýslunefnd annan mann af íbúum kauptúnsins, til jafnlangs tíma. Sýslumaðurinn er formaður nefndarinnar og sér um, að fyrirmælum hennar sé hlýtt. Héraðslæknirinn er jafnframt heilbrigðisfulltrúi og annast daglega umsjón og framkvæmdir samþykktar þessarar, og eru menn

skyldugir til að hlýða úrskurði hans um ákvæði hennar, en þó geta þeir skotið honum undir dóm nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd getur skipað sérstakan heilbrigðisfulltrúa í stað héraðslæknis, ef hann skorast undan að hafa hina daglegu umsjón á hendi, þá er hér er gert ráð fyrir. **91** 24. ágúst

2. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt, hvenær sem er, að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er samþykktin ræðir um og þýðingu hefir fyrir heilsu manna og almennan þrifnað, hvort heldur er á almannafæri eða eign einstakra manna eða félaga. Hún skal á hverju vori framkvæma skoðun á öllum lóðum og mannvirkjum í kauptúninu, færa inn í gerðabók sína það, er hún telur aðfinnsluvert, tilkynna það hlutaðeigendum og sjá um, að úr því sé bætt.

3. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráðstöfun eða þrifnaðarbót, sem hefir í för með sér útgjöld, og er þess eðlis, að ekki er hægt að heimta af neinum sérstökum lóðar- eða húsráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að kostnaðurinn verði greiddur úr sveitarsjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita fé, má skjóta því máli til sýslunefndar til úrskurðar.

II. Um hreinlæti og þrifnað.

4. gr.

Enginn má fleygja sorpi, rusli né nokkurs konar óþverra eða skarni á götur kauptúnsins né annarstaðar á almannafæri. Eigi má heldur geyma á opnum svæðum við götur tunnur, kassa, mó, tað né annað þvílíkt, nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Bannað er að láta liggja meðfram götum nokkurt það skran, sem að dómi nefndarinnar er til óþrifnaðar eða lýta, svo og að breiða á girðingar eða hús fram með götum skinn, fisk, druslur eða annað þess háttar.

5. gr.

Skyldir eru menn að halda hreinum portum eða öðrum óbyggðum lóðum kringum hús sín. Skulu þeir hreinsa burt af lóðum sínum öll brot eða leifar af girðingum, heykumblum, húsum eða öðru þess háttar, ef það veldur óþrifnaði að dómi heilbrigðisnefndar.

6. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðrum óþverra inn á annars manns lóð né hella skolpi þar, sem það rennur inn á lóð annara eða út á almannafæri. Eigi má heldur bera út sorp eða önnur óhreinindi þangað, sem ódaun leggur af því að húsum annara. Undanþeginn þessu banni er þó venjulegur húsdýraáburður á þeim tíma árs, þegar borið er á tún eða í garða. Heilbrigðisnefnd

91 úrskurðar um ágreining milli nágranna út af þessum ákvæðum. Þeir, sem flytja
24. ágúst eftir götum kauptúnsins áburð, for, saur, sorp, slor eða annað þvílíkt, skulu gæta þess, að hella því ekki á göturnar, og getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað sérstaka gerð á vögnum þeim, sem til slíks flutnings eru ætlaðir.

7. gr.

Á vori hverju í maímánuði eða í fyrri hluta júnímánaðar, áður en skoðun sú fer fram, er um getur í 2. gr., skal heilbrigðisnefnd fyrirskipa almenna hreinsunarviku, og skulu þá allir lóðareigendur og húsráðendur skyldir til að framkvæma allsherjarhreinsun á lóðum sínum og hreppsnefnd að sjá um hreinsun á götum og öðrum þeim svæðum innan kauptúnsins, sem einstaklingum ber ekki yfirráð yfir. Heilbrigðisnefnd getur í sambandi við hreinsun þessa fyrirskipað framkvæmdir til útrýmingar flugum, rottum og öðrum skaða- og óþrifadýrum.

III. Um fráræslu, vatnsból og mógrafir.

8. gr.

Skolp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að jarðvegurinn undir þeim saurgist, heldur skal veita því eftir ræsum til sjávar eða í ána. Húseigendur og umráðamenn lóða eru skyldir til að sjá um, að ekki séu stíflud ræsi þau, er frá húsum þeirra liggja, og að frárennsli sé svo gott af lóðum þeirra, að ekki standi þar vilpur eða forarpollar. Sama skylda hvílir á hreppsnefnd, að því er snertir götur og lóðir í eign eða umsjón hreppsins.

9. gr.

Ef vatnsleiðsla eða skolpleiðsla er lögð í kauptúnið á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga meðfram þeim, skyldugir til að leggja æðar að eða frá húsum sínum í sambandi við hina opinberu vatns- eða skolpleiðslu.

10. gr.

Gengið skal á allan þann hátt frá öllum þeim vatnsbólum, sem neyzluvatn er tekið úr, að ekki geti runnið í þau yfirborðsvatn, enda skal allur útbúnaður vatnsbóla vera háður fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skylt er að gæta hins ýtrasta þrifnaðar með og við öll slík vatnsból, og getur heilbrigðisnefnd bannað allar þær aðgerðir í námunda við þau, sem að hennar dómi geta orðið til þess, að óhreinindi berist í þau. Nefndin getur og bannað að taka vatn úr vatnsbóli um stundarsakir, ef hún telur hættu á því, að vatnið geti verið óheilnæmt, eða látið leggja vatnsból niður með öllu, ef mikil brögð eru að.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að allir þeir, sem taka upp mó innan hreppsins, veiti öllu vatni úr mógröfunum eða moki ofan í þær að öðrum kosti, svo að vatn standi ekki í þeim.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

12. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að hafa kvikfénað í íbúðarhúsum manna eða í byggingum, sem eru áfastar þeim.

13. gr.

Peningshús, forir, haugstæði eða áburðarhús má reisa á þeim stöðum einum, er heilbrigðisnefnd gefur leyfi til, og má enginn byrja á framkvæmd slíks verks né láta fara fram höfuðviðgerð á eldra mannvirki slíkrar tegundar, nema að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, og skulu umsóknir um það sendar henni skriflega. Heilbrigðisnefnd úrskurðar um, hvað kallast skuli höfuðviðgerð í þessu sambandi. Umsækjanda skal skylt að hlýða fyrirmælum nefndarinnar um gerð slíkra mannvirkja, afstöðu þeirra til gatna og annara húsa og útbúnað þeirra og frágang að öðru leyti.

14. gr.

Ef peningshús, haugstæði, forir eða áburðarhús, sem eldri eru en samþykkt þessi, valda miklum óþrifnaði, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess, að þau verði lögð niður. Sama máli gegnir með opnar heytóftir, enda má ekki hafa opin heystæði annarstaðar en þar, sem heilbrigðisnefnd gefur leyfi til.

V. Um salerni og sorpskrínur.

15. gr.

Hverju íbúðarhúsi og hverri vinnustöð skal fylgja salerni, að jafnaði eitt fyrir hverja íbúð. Þau skulu, nema um vatnssalerni sé að ræða, vera á afskekktum stöðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Salerni skulu vera þannig gerð, að sem auðveldast sé að hreinsa þau og ekki stafi af þeim óþrifnaður, enda getur heilbrigðisnefndin sett nánari reglur um gerð þeirra og frágang. Salernum skal jafnan halda vel hreinum, og saurílátin skulu tæmd jafnóðum, áður en þau fyllast.

16. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni, svo mörg sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, til afnota fyrir viðskiptamenn sína og verkamenn og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim. Skylt er bæði íbúum kauptúnsins og aðkomumönnum að nota salerni til þarfinda sinna, og varðar sektum samkvæmt samþykkt þessari, ef út af er brugðið.

17. gr.

Ef salerni, sem eldra er en samþykkt þessi, er svo illa gert, að óþrifnaður stafar af, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess af húseiganda, að hann geri nýtt

91 24. ágúst

salerni, sem gengið sé frá á viðunandi hátt. Ef salerni, sem eldra er en samþykkt þessi, er þannig sett, að það er til óþrifnaðar eða mikilla lýta að dómi nefndarinnar, getur hún krafizt þess, að það sé flutt.

18. gr.

Heilbrigðisnefnd getur skipað svo fyrir, að hverju húsi skuli fylgja sérstök sorpskrína undir sorp, rusl og ösku, er til fellur frá húsinu. Setur þá nefndin reglur um gerð skrínunnar.

19. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um, hvert flytja skuli innihald saurkagga og sorpskrína, en þau skulu tæmd svo oft, að ekki hljótist óþrif af. Hreppsnefnd hefir heimild til að ráða sérstakan mann til að annast sorphreinsun og salernahreinsun, og má þá jafna kostnaðinum niður á húsráðendur í hlutfalli við mannfjölda.

VI. Um iðjuból og vinnustaði.

20. gr.

Í kauptúninu má enginn þann iðnað reka, sem óhollusta eða óþrifnaður stafar af, nema með leyfi heilbrigðisnefndar og á þeim stöðum einum innan kauptúnsins, er nefndin samþykkir, enda skal allur slíkur iðnaður vera háður eftirliti nefndarinnar og fyrirmælum hennar um hreinlæti og heilsuvernd, utan húss og innan. Undir óhollustu í þessu sambandi skal telja mikinn hávaða.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa sérstakt eftirlit með slátrun búpenings og líta eftir því, að alls þrifnaðar sé gætt á sláturs væðinu og í kringum það, enda skulu allir, sem við slátrun fást eða vinna, skyldir til að hlýða fyrirmælum hennar í þessu efni, hvaðan sem þeir eru.

22. gr.

Gæta skal þess sérstaklega í sláturhúsum, að hundar geti ekki náð til sollinna líffæra, og skal öllum sullum safnað saman og þeim komið fyrir eftir ákvörðunum heilbrigðisnefndar. Að lokinni sláturtíð skal hreinsa allt sláturs væðið, en meðan á slátrun stendur, skal daglega hreinsa sláturhús og sláturskyggni, eftir því sem föng eru á og heilbrigðisnefnd kann að heimta.

23. gr.

Aðgerð á fiski og hverskonar sjávarafla skal fara fram á þeim einum stöðum, er heilbrigðisnefnd ákveður, og er skylt að flytja þegar að aflokinni aðgerð allt slor og fiskúrgang þangað, sem það er ekki til óþrifnaðar, að dómi heilbrigðisnefndar.

24. gr. 91

Hreinsa skal öll aðgerðarhús að aflokinni aðgerð og gæta þar að öðru leyti 24. ágúst
hreinlætis, eftir því sem tök eru á og heilbrigðisnefnd ákveður.

VII. Um matvæli og matvælasölu.

25. gr.

Öll matvælasala er háð eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar. Leiki grunur á, að matvara, innlend eða útlend, sem á boðstólum er höfð, sé á einn eða annan hátt heilsuspillandi eða svikin, getur nefndin látið taka af henni sýnishorn til rannsóknar og bannað sölu hennar, nema grunur sá reynist ekki á rökum byggður.

26. gr.

Ekki má selja kjöt af sjálfdauðum eða sjúkum skepnum, nema héraðslæknir dæmi það ósaknæmt. Er þeim, sem slátrar sjúkum skepnum, skylt að tilkynna það héraðslækni, ef nota á kjötið eða innyflin til manneldis

27. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu á þeim matvælum, sem eru óþrifaleg, skemmd, svikin eða ástæða er til að ætla, að sýkingarhætta stafi af. Hún getur bannað sölu mjólkur og annara matvæla á þeim stöðum og frá þeim stöðum, þar sem ekki er haft nægilegt hreinlæti við framleiðslu eða meðferð matvælanna, eða þar sem sýkingarhætta stafar frá mönnum eða skepnum. Slíkt bann má auglýsa opinberlega. Nefndin getur fyrirskipað berklarannsókn á öllum kúm innan kauptúnsins, eða á þeim heimilum innan þess eða utan, sem selja mjólk í kauptúnið.

28. gr.

Heilbrigðisnefnd má láta ónýta á kostnað eiganda þá matvöru, sem er óhæf til manneldis eða sýkingarhætta stafar af.

VIII. Um íbúðarhús og lóðir.

29. gr.

Íbúðarhús skulu að jafnaði vera byggð meðfram götum í skipulegum röðum, og lóðirnar umhverfis þau vera girtar og ræktaðar. Bæði hús og girðingar skulu vera í því ástandi, að almennum kröfum um þrifnað, hreinlæti og smekk sé fullnægt, að dómi heilbrigðisnefndar. Nefndin má gera strangari kröfur um þetta á einstökum stöðum innan kauptúnsins en öðrum.

30. gr.

Ekki má byggja neitt íbúðarhús né láta fram fara höfuðviðgerð á gömlu húsi nema í samráði við og með samþykki heilbrigðsnefndar, sem sér um

91 24. ágúst að almennum heilbrigðiskröfum um og við útbúnað íbúða sé fullnægt. Niðurröðun bygginga og húsaskipun í kauptúninu skal vera háð eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar, meðan ekki er til sérstök byggingarnefnd eða byggingarsamþykkt fyrir kauptúnið.

31. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilsuspillandi sé fyrir íbúana, að dómi heilbrigðisnefndar, eða einstök herbergi þess svo óþrifaleg eða illa úr garði gerð, þá getur nefndin krafizt þess af húseiganda, að úr því sé bætt tafarlaust, eða bannað að öðrum kosti íbúð í húsinu eða einstökum herbergjum þess. Ekki má innrétta kjallaraherbergi til íbúðar nema með sérstöku leyfi nefndarinnar.

IX. Um skóla og samkomustaði.

32. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að alls þrifnaðar sé gætt í skólum og öllum samkomuhúsum, veitingahúsum og á öðrum stöðum, sem ætlaðir eru til afnota almennings. Ef mikið vantar á, að slík hús uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru um þrifnað og hollustuhætti, og ekki er úr bætt, þrátt fyrir áminningar heilbrigðisnefndar, getur hún bannað afnot slíkra húsa, þangað til bót hefir verið ráðin á því, sem aflaga fer. Ef skólabarn hefir lús eða önnur óþrif, sem smitandi eru, getur nefndin krafizt þess af framfæranda barnsins, að það sé aflúsað eða því leitað lækninga.

X. Um næma sjúkdóma.

33. gr.

Nú kemur upp hættuleg sótt í kauptúninu eða nærlendis, og getur þá heilbrigðisnefnd sett um stundarsakir strangari ákvæði um hreinlæti, utan húss og innan, og um meðferð og sölu matvæla, er felst í framanrituðum greinum, og varða brot á þeim bráðabirgðafyrirmælum sömu viðurlögum sem brot á heilbrigðissamþykkt þessari.

XI. Um refsiákvæði og fleira.

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fá allan útlagðan kostnað greiddan úr hreppssjóði eftir gefnum reikningum. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af reikningum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skyld skal hreppsnefnd að leggja fé þess fram í bili.

35. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd gefur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 króna sektum, er renna í hreppssjóð.

Auk þess er nefndinni heimilt að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppssjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er. Á sama hátt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta rífa niður á kostnað hins seka verk það, sem unnið hefir verið í forboði hennar, og innheimta þann kostnað með lögtaki. **91** 24. ágúst

XII. Um gildistöku.

36. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur þar með úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Blönduóskauptún frá 18. júní 1910.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

92 27. ágúst

um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu o. fl.

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðingu refa.

2. gr.

Refum skal eyða með skotum eða á annan þann hátt, er veldur ekki dýrunum langvinnar kvalir. Óheimilt er því að viðhafa eitrun eða nota dýraboga.

3. gr.

Áður en þrjár vikur eru af sumri, skal hreppsnefnd hafa skipað fyrir um grenjaleitir, er fari fram, áður en sjö vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta leitina í landi ábúðarjarðar sinnar. Grenjaleitir í löndum eyðijarða kostar sveitarsjóður.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman; annast þeir þá og kosta grenjaleitir í sameiningu.

Nú fær hreppsnefnd vitneskju eða sterkan grun um það, að refir hafist við í landi einhverrar jarðar. Skal hún þá skora á ábúanda jarðarinnar að fá vel hæfan mann, til þess að leita í nefndu landi. Sinni hann eigi þeirri áskorun, getur hreppsnefnd látið framkvæma leitina á hans kostnað.

92 27. ágúst

4. gr.

Hver hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann, er skotmaður tekur gildan. Semur hún við skotmanninn um grenjavinnsluna og tilkynnir hreppsbúum, hvern hún hafi ráðið. Skotmaður skal jafnan viðbúinn að fara á gren, þá er það finnst og honum hefir verið gert viðvart. Eigi mega aðrir vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Nú finnst gren í grenjaleit eða á annan hátt. Skal það þá, ef unnt er, ekki yfirgefið. En finni það aðeins einn maður og aðrir séu eigi nærstaddir, svo að hann þess vegna verði að yfirgefa grenið, til þess að láta vita af því, skal hann hraða för sinni sem mest til næsta búanda, og er búandinn skyldur að tilkynna tafarlaust skotmanni eða næsta hreppsnefndarmanni grenfundinn; en sá, er grenið fann, fer án tafar á það aftur og yfirgefur það ekki, fyr en skotmaður eða vökumaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, er hann hefir fundið; en þá sendir búandinn mann í hans stað.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á viðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga, sem annast um grenjavinnslu á því svæði, enda greiði sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni, á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði. Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum sem greiðsla kostnaðarins. En hreppsnefndir hafa aðalumsjón með geymslu yrðlinga, flutning á þeim og sölu.

Tilkynning ábúanda um, að hann óski að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhend hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita fyrir fyrsta sumardag, áður en grenjavinnslan fer fram.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst milli þeirra og hreppsnefndar.

Nú er unnið gren, að einhverju eða öllu leyti af öðrum, en skotmanni, samkvæmt niðurlagi 4. greinar. Skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera minni en helmingur þess, er hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meira, en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við eyðingu refa á afréttar- eða heimalöndum þeirra.

92
27. ágúst

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr á öðrum tíma en þeim, er grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 krónur fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir sýslunefnd, að hann hafi unnið, og greiðist gjaldið úr sýslusjóði.

Grenjaleitartími telst frá því þrjár vikur eru af sumri til loka tíundu viku.

10. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Ekki má láta hunda hlaupa á gren, á grenjavinnslutímanum, né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Með refaeldi og refarækt fer eftir lögum nr. 108, 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt og reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 20 til 5000 kr., er renna í sýslusjóð, og skal með þau farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108, 11. ágúst 1933, til þess að öðlast gildi 1. september þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

93 31. ágúst **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisprentsmiðjunnar „Gutenberg", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. ágúst 1936. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi í skuldabréfum frá Prentsmiðjunni Gutenberg hf. samkvæmt samþykkt lögmæts fundar 23. júlí 1929. Skuldabréf þessi hafa nú verið seld, og nemur andvirði þeirra samtals kr. 18000,00.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hefir lagt í sjóðinn árlega 1% af framleiðsluvinnu prentsmiðjunnar, og nemur sú upphæð nú að meðtöldum vöxtum kr. 12892,26.

Tekjur sjóðsins verða því vextir af fé þessu og árlegt framlag Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsfólk Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, þegar það verður að láta af störfum fyrir elli sakir eða örorku.

Séu ástæður fyrir hendi og stjórn sjóðsins álítur það fært, er einnig heimilt að styrkja ekkjur starfsmanna, sem eiga að sjá fyrir börnum innan 15 ára aldurs.

4. gr.

Af því fé sjóðsins, er getur í 2. gr., samtals kr. 30892,26, skal leggja í sérstakan sjóð ¼ hluta, kr. 7723,06, og myndar sú fjárhæð höfuðstól Lífeyrissjóðsins. Leggja skal árlega við sjóð þenna vöxtu af fé þessu og auk þess ⅕ hluta af framlagi Ríkisprentsmiðjunnar. Höfuðstól þenna má aldrei skerða, meðan sjóðurinn er starfandi, og heldur eigi nota vöxtu hans, fyrr en hann er orðinn kr. 30000,00, en þá má nota til árlegra útgjalda ⅓ hluta vaxtanna, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 40000,00; þá má taka af vöxtunum helminginn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50000,00, og síðan ⅔ hluta vaxtanna, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100000,00; úr því má taka af vöxtunum ¾ hluta.

Sjóð þenna skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum, að svo miklu leyti sem hægt er.

Hinum hluta fjárins, kr. 23169,20, vöxtum af fé þessu og ⅘ hlutum af fram-

lagi Ríkisprentsmiðjunnar ásamt vöxtum höfuðstóls, er að því kemur, að þá megi nota, skal verja samkvæmt tilgangi sjóðsins (sjá 3. gr.). 93 31. ágúst

Fé þetta skal geyma á vöxtum í banka með ríkisábyrgð.

5. gr.

Styrkþegi úr Lífeyrissjóði getur hver orðið, sem starfað hefir í Prentsmiðjunni Gutenberg hf. og Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg minnst 25 ár, þegar hann er 65 ára að aldri. — Yngri menn geta því aðeins notið styrks, að þeir verði að láta af störfum fyrir örorku sakir.

Ekkjur starfsmanna geta því aðeins komið til greina, að maður þeirra hafi unnið í „Gutenberg" sem fullgildur starfsmaður samfleytt 10 ár og verið það, er hann lézt eða varð að láta af störfum vegna sjúkleika þess, er dró hann til dauða.

Umsóknir um styrk úr Lífeyrissjóði skulu stílaðar til sjóðsstjórnarinnar; rannsakar hún, hvort skilyrði fyrir styrkveitingum samkvæmt 3. gr. og 1.—2. málsgr. þessarar greinar séu fyrir hendi, og ákveður síðan upphæð styrksins í samráði við forstjóra Ríkisprentsmiðjunnar.

6. gr.

Enginn getur notið hærri styrks úr Lífeyrissjóði en kr. 2000,00 á ári.

7. gr.

Komist sjóðurinn í fjárþröng, þannig að af óbundnu fé hans verði eigi sómasamlega fullnægt tilgangi sjóðsins samkvæmt 3. gr., skulu starfsmenn prentsmiðjunnar og Ríkisprentsmiðjan sjá fyrir nægilegu fé, að helmingi hvor aðili.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður, ritari, gjaldkeri, kosnir til eins árs í senn á aðalfundi Starfsmannafélags Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Kjör gjaldkera skal bundið samþykki stjórnar Ríkisprentsmiðjunnar. Þá skal og kjósa 3 menn í varastjórn.

Stjórnin annast fjárreiður sjóðsins og semur ársreikning fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af endurskoðanda eða endurskoðendum Ríkisprentsmiðjunnar og 1 manni, kjörnum af Starfsmannafélaginu á aðalfundi til 1 árs í senn.

Reikninga sjóðsins og yfirlit um framkvæmdir stjórnar hans skal birta á aðalfundi Starfsmannafélagsins. Þá skulu þeir og bornir undir atkvæði til samþykkis.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár.

9. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs heldur fundi, þegar þörf krefur. Formaður kallar saman stjórnarfundi og stýrir þeim.

93 31. ágúst

Stjórnin heldur gerðabók yfir störf sín. Í hana skal ritari skrá skýrslu um það, sem gerist á stjórnarfundum, tillögur og niðurstöðu hvers máls. Stjórnin undirritar bókunina að afloknum hverjum fundi.

Ákvarðanir um styrkveitingar skal forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar undirrita ásamt stjórninni, og skulu endurskoðendur eiga aðgang að gerðabókinni.

Gjaldkeri sjóðsins varðveitir eignir hans og annast færslu sjóðbókar.

Endurskoðendur skulu með áritun á reikning sjóðsins votta, að verðbréf sjóðsins hafi verið skoðuð, og láta uppi álit sitt á þeim og ennfremur, hvort þeir telji fé sjóðsins vera ávaxtað á tryggilegan hátt.

10. gr.

Fari svo, að Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hætti störfum, skal eignum sjóðsins, ef eigi næst samkomulag um áframhaldandi starfsemi, skipt milli starfsmanna prentsmiðjunnar í réttu hlutfalli við starfstíma þeirra.

11. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

94 1. sept.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu frá 11. apríl 1929.

1. gr.

Aftan við 5. tölulið í 2. gr. bætist nýr töluliður, er verði 6. töluliður, svo hljóðandi:

Laugavegur, frá þjóðvegi að Laugum í Hvammssveit.

2. gr.

6. töluliður 2. gr. verði 7. liður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. september 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

95
4. sept.

um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935, um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl., 13. marz 1935, bætist 2. málsgrein á þessa leið:

Rafmagnseldavélar skal henni þó heimilt að selja almenningi án milligöngu ofangreindra aðilja.

Fjármálaráðuneytið, 4. september 1936.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

96
9. sept.

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er hér með staðfest eftirrituð

BREYTING

á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Alifugla má ekki hafa á kaupstaðarlóðinni frá 20. apríl til 10. október, nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu. Dúfur skulu alltaf hafðar í öruggri gæzlu, svo að þær geti ekki flogið um óhindraðar.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 9. september 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

97
19. sept.

REGLUGERÐ
um bæjargjöld á Ísafirði.

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum ríkissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

Af húsum, bryggjum, olíu- og benzíngeymum:

a. 0,4% — fjörutíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af hverju því íbúðarhúsi, sem þannig er hagnýtt, að ekki komi yfir tíu þúsund krónur af fasteignamatsverði hússins á fyrstu fjölskyldu og fimm þúsund krónur á hverja hinna, þeirra er í húsinu búa. Enn fremur hús, sem notuð eru eingöngu í þágu iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs og verzlunar þessara atvinnugreina með þær vörur, sem eru þeirra eigin framleiðsla að meira eða minna leyti. Skulu og heyra undir þennan flokk ekki aðeins þau hús, sem fiskframleiðendur nota til fiskverkunnar, heldur og salthús, ef þeir selja salt. Séu hús, sem notuð eru í þágu atvinnureksturs, einnig notuð til íbúðar, skal íbúðarhlutinn sérstaklega metinn af fjárhagsnefnd Ísafjarðar með hliðsjón af fasteignamati alls hússins, og skal af íbúðarhlutanum gjalda samkvæmt ákvörðun þessara laga um íbúðarhús. Þá skulu einnig heyra undir þenna gjaldflokk hús, sem leigð eru fyrir skrifstofur ríkis eða bæjar, samkomuhús og gistihús, þar sem gistihúshaldið er aðalatvinna þess, er rekur gistihúsið. Sé íbúð einnig í þeim húsum, sem talin eru í síðustu málsgrein, skal íbúðarhlutinn metinn sérstaklega af fjárhagsnefnd Ísafjarðar með hliðsjón af fasteignamati, og skal gjald af íbúðarhlutanum ákveðast samkvæmt ákvörðun þessarar reglugerðar um íbúðarhús. Loks heyra bryggjur undir þenna gjaldflokk.

b. 0,6% — sextíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af hverju því íbúðarhúsi, sem ekki heyrir undir gjaldflokk a. og svo er hagnýtt, að eigi koma meira en fimmtán þúsund krónur fasteignamatsverðs á fyrstu fjölskyldu og eigi yfir tíu þúsund krónur á hverja hinna, er í húsinu búa.

c. 0,8% — áttatíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af þeim húsum, sem ekki falla undir gjaldflokkana a. og b. og svo eru hagnýtt, að eigi koma meira en tuttugu þúsund krónur fasteignamatsverðs á fyrstu fjölskyldu og eigi yfir fimmtán þúsund krónur á hverja

hinna, sem í húsinu búa. Einnig skulu þau hús, sem að einhverju leyti eru notuð til bankastarfsemi eða verzlunar með annað en eigin framleiðslu, heyra undir þann flokk með þeirri undantekningu til lækkunar, sem getur um í lið a. hér að framan viðvíkjandi salthúsum fiskframleiðenda. Þó skulu þau hús, þar sem verzlun er rekin og íbúðarhlutinn að mati fjárhagsnefndar heyrir undir gjaldlið d., heyra að öllu leyti undir þenna gjaldalið. 97 19. sept.

d. 1% — eina krónu af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af hverju því íbúðarhúsi, sem þannig er hagnýtt, að yfir tuttugu þúsund krónur fasteignamatsverðs komi á fyrstu fjölskyldu og yfir fimmtán þúsund krónur á hverja hinna, sem í húsinu búa, enn fremur af öllum þeim húsum, sem einungis eru notuð til bankastarfsemi, verzlunar með annað en eigin framleiðslu, eða fleiri tegundir atvinnureksturs, sem undir þann flokk heyra, einnig af gistihúsum, þar sem veitingar eru aðalatvinna þeirra, sem reka gistihúsið, veitingahúsum eða húsum, sem í eru billiardstofur, og skulu öll þessi hús heyra jafnt undir þenna flokk, þó að þau séu einnig notuð til annars. Undir þenna flokk heyra og olíu- og benzíngeymar.

3. gr.

Af öllum byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, skal gjalda 0,6% — sextíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs —.

Af uppfyllingum, sem ekki eru ætlaðar fyrir byggingarlóðir, reitum, túnum og öðru landi, sem ætlað er til atvinnureksturs, skal greiða 0,1% — tíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs —.

4. gr.

Sem fjölskylda telst samkvæmt þessari reglugerð minnst þrír einstaklingar, en fjölskylda, sem er yfir tíu manns, telst tvær fjölskyldur.

5. gr.

Gjöld þessi skal reikna af heilum hundruðum króna fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt. Gjald af húsum samkvæmt reglugerð þessari ákveðst samkvæmt síðasta manntali.

6. gr.

Um gjalddaga, greiðsluskyldur og innheimturétt á gjöldum þessum fer samkvæmt lögum nr. 124, 31. desember 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkv. lögum nr. 124, 31. desember 1935, um bæjargjöld á Ísafirði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

98
14. sept.

AUGLÝSING

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. sept. 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. október þ. á. blanda allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, með 8% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt er auglýsing frá 26. sept. 1935 um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki úr gildi felld.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. september 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

99
22. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlíkis frá 27. apríl 1935.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Í hverju grammi smjörlíkis skulu vera 7,5 alþjóðaeiningar af A-fjörefni og 1 alþjóðaeining af D-fjörefni, og er miðað við samþykkt nefndar þjóðabandalagsins á fundi í Lundúnum 1931 um fjörefnaeiningar.

Breyting þessi er gerð með heimild í lögum nr. 61, 28. jan. 1935, sbr. lög nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUR

100
22. sept.

um smíði tréskipa.

Samkvæmt l. nr. 93 frá 3. maí 1935, um eftirlit með skipum, eru settar eftirfarandi reglur.

1. gr.

Við hvaða skip reglurnar eiga.

Tréskip, sem smíðað er til skráningar hér á landi, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í 2.—53. gr. þessara reglna. Reglur þessar eru fyrir slétt-súðuð skip, 10—60 rúmlestir að stærð, smíðuð úr eik eða eik og furu.

2. gr.

Skip, smíðuð erlendis.

Tréskip, sem smíðað er erlendis til skráningar hér á landi, skal fullnægja ákvæðum þeim um smíði og styrkleika skips, sem sett eru í þessum reglum, eða kröfum einhverra þeirra flokkunarfélaga, sem hlotið hafa viðurkenningu atvinnumálaráðuneytisins, enda séu kröfurnar ekki vægari í aðalatriðum en þær, sem gerðar eru í þessum reglum.

Þetta skal sannað með vottorði flokkunarfélagsins.

3. gr.

Uppdrættir.

Þegar smíða á skip, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, eftir þessum reglum, skal senda skipaskoðunarstjóra neðantalda uppdrætti af skipinu til samþykktar og athugunar, áður en byrjað er á smíðinni:

3 miðbandsuppdrætti,
3 langskipsuppdrætti,
3 fyrirkomulagsuppdrætti,
3 uppdrætti af seglum og reiða.

Á uppdráttunum skal greinilega sýna öll efnismál, og skal þeim einnig fylgja almenn lýsing á skipinu.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefir endurskoðað uppdrættina og gert sínar athugasemdir um það, hvernig smíðinni skuli hagað, ritar hann á þá samþykki sitt.

Svo skal senda skipasmiðnum eitt eintak og eftirlitsmanninum annað, en skipaskoðunarstjóri heldur eftir einu eintaki og lýsingunni.

4. gr.

Verkvöndun.

Reglurnar eru miðaðar við það, að öll vinna sé ágætlega af hendi leyst. Þess vegna verður skipaskoðunarmaður sá, sem eftirlit hefir með smíðinni, að gæta þess, að verkið sé vandað, og að sérhver galli á efni eða óvönduð vinna sé endurbætt, áður en það fær viðurkenningu hans.

100
22. sept.

5. gr.

Aðgæzla við fermingu.

Í reglum þessum er gert ráð fyrir því, að farið sé með skipið, eins og góðra sjómanna er venja, og skal þá sérstaklega gæta þess, að þungum hlutum sé raðað á réttan hátt í skipið, að kjölfestu og eldsneyti sé komið rétt fyrir, og að aðgæzla sé við höfð, þegar skip er látið standa við bryggju o. s. frv.

6. gr.

Skýringar og vísitölur.

Þar sem ekki er öðruvísi ákveðið í reglum þessum, er lengd, breidd og dýpt skips talin í metrum.

Lengd skips, L, er bein lína frá fremri brún framstefnis að aftari brún afturstefnis, mæld á þilfari.

Breidd skips, B, er bein lína milli ytri brúna banda, þar sem skipið er breiðast (súðin ekki meðtalin).

Dýpt skips, D, er mæld á miðri lengd, frá efri brún á spónfari við kjölinn að neðri hlið þramar við súðina.

½ gjörð, $\frac{G}{2}$ er mæld meðfram ytri brún miðbandsins frá miðjum kili við efri brún spónfarsins að neðri hlið þramar við súðina.

Stýrisás, S. Þvermál hans er fundið á þann hátt, að margfalda flatarmál stýrisins aftan við miðju stýrisáss, mælt í fermetrum, með lengdinni frá miðju hans að þyngdarpunkti stýrisins, reiknaðri í metrum. Sjá töflu 7.

Þverskipsvísitalan er $B + D + \frac{G}{2}$

Langskipsvísitalan er $L\left(B + D + \frac{G}{2}\right)$

Breiddarvísitalan er B.

Stýrisásvísitalan, S, er $f \times l_1$.

Legufæravísitalan er $L\ (B + D) + l\ (b + h)$.

Viðvíkjandi stærðinni $l\ (b + h)$ sjá 41. gr.

7. gr.

Kjölur.

Hæð og þykkt kjalarins sé samkvæmt töflu 3. Þegar kjölur er settur saman, má hann ekki vera úr fleiri en tveim pörtum. Aftari parturinn sé að minnsta kosti ⅔ hlutar af allri kjallengdinni. Ef kjallengdin er meira en 21 metri, þarf aftari parturinn ekki að vera lengri en 14 metrar. Skörunin á kilinum sé að lengd 6 sinnum kjalhæðin. Þar sem kjölur er skeyttur, séu settir tveir hnoðnaglar, hvor sínum megin við miðlínu hans, á hvern ½ lengdarmetra samsetningarinnar. Þvermál skararboltanna sé sem næst ⅞ af þvermáli kjalboltanna. Kjölinn má ekki veikja með því að greypa niður í hann afturstefni og bönd eða inn í hann svölujárn nema að ⅓ þykktar þess. Gæta skal þess, að böndin falli vel að kilinum, þar sem kjalboltinn tengir þau við hann, svo að komið verði í veg fyrir eyðingu á boltanum. Hæð kjalarins, sem fyrirskipuð er í töflu 3, er hæð hans miðskipa.

Þar sem kjölurinn er greyptur upp í böndin og kjalræsið er þétt við kjölinn, skal neðri brún sýjunnar negld í kjölinn, en efri brúnin í bandið ofan við ræsið. Sé kjölurinn ekki greyptur upp í böndin, skal kjalræsið sett í þau yfir miðju kjalsýjunnar, og hann negldur beggja megin við ræsið. **100** 22. sept.

8. gr.

Slitkjölur neglist með tvöfaldri naglaröð (ekki í miðjan kjöl). Stærð hans fer eftir töflu 4. **Slitkjölur.**

9. gr.

Breidd og þykkt framstefnis og hnés sé samkvæmt töflu 3. Lengdin á hnénu hvorum megin við stúfskeyti kjalarins og stefnisins sé minnst þrisvar sinnum kjalhæðin. Hnoðboltarnir séu 3 mm digrari en kjalboltarnir, og séu þeir hvorum megin við skeytið. Aftan á stefnið í bilið milli hnésins og júdasareyrnanna sé eikarstykki vel fest með skrúfuðum boltum við stefnið, og skal þykktin vera sem næst $^3/_5$ af stefnisþykktinni, og breiddin það mikil, að góð negling fáist í það aftan við neglingu sýjuendanna, sem nái minnst tvær sýjuþykktir fram á stefnið. **Framstefni og hné.**

Á skipum, þar sem keðjupípur eru látnar ná í gegnum þilfarið og út úr súðinni, skulu stefnisböndin liggja þétt saman og boltuð í stefnið og ná frá stefnishné upp að öldustokk. Breidd þeirra að ofan sé að minnsta kosti eins og stefnisbreiddin samkvæmt töflu 3, en að neðan eins og stefnisþykktin.

10. gr.

Breidd afturstefnis sé hvergi minni en kjalhæðin að aftan, sjá töflu 3. Þykktin sé ekki minni en kjalþykktin, og ekki má vera minna af óskertu efni utan við öxulgatið en 1½ sinnum súðarþykktin. Þar sem afturstefni er ekki haft í einu lagi, heldur fellt aftan á skrúfustefnið, þá sé þessi áfella ekki þynnri en kjölurinn og boltuð með tveim gegnreknum hnoðboltum, 3 mm digrari en kjalboltunum, og svo langt hvorum frá öðrum, sem unnt er; skal ekki hvor vera nær öðrum en svo, að bilið á milli svari til tvöfaldrar þykktar skrúfustefnisins. **Afturstefni, hné og skútabönd.**

Hnéð sé ekki þynnra en skrúfustefnið: breidd armsins við afturstefnið og hæð armsins á kilinum sé minnst 1¼ sinnum stefnisþykktin. Lengd hnésins á kilinum sé ekki minni en þrisvar sinnum kjalhæðin, og sá armur hnésins, sem liggur framan á stefninu, nái 1½ sinnum skrúfustefnisþykktina upp fyrir efri rönd á öxulgatinu. Hnénu skal festa með 5 gegnreknum hnoðboltum, er séu 3 mm digrari en kjalboltarnir. Þar sem kjalhæðin samkvæmt töflu 3 er yfir 26 sm, séu 3 hnéboltar í kilinum. Fremsti boltinn sé fremst í hnénu, lóðrétt niður úr kilinum; neðri kverkarboltinn sé með ca. 45 gráðu halla aftur og niður úr kilinum; efri kverkarboltinn komi neðst í stefnið aftanvert, miðboltinn neðan við öxulgatið og efsti boltinn efst í hnéð.

Skútatrén, hvort sínum megin á hliðum afturstefnisins, nái frá þröm og niður á móts við fremri rönd á skrúfustefni. Áður en súðin er lögð á skútann,

100 skal höggva vatnsræsi, hvort sínum megin við miðju hans. Þykktin á skúta-
22. sept. trjánum sé $^3/_5$ af kjalþykktinni, breiddin eða hæðin neðan frá og upp fyrir stýrispípu sé $2^1/_2$ sinnum þykktin, en við þrómina $1^1/_4$ sinnum breiddin á böndunum á þessum stað samkv. töflu 1. Skútatrjánum sé fest með gegnreknum hnoðboltum af sama gildleika og kjalboltunum, 3 í stefnið og 2 aftan við stýrispípuna, nema þar, sem skútinn er óvenjulega langur, þá með 3 boltum.

11. gr.

Svölujárn. Lengdin sé sem næst 2 sinnum kjalhæðin að aftan og $2^1/_2$ sinnum kjalhæðin að framan, og 3 hnoðboltar í hvorum enda af sömu stærð og í stýrisjárnum. Gildleiki samkvæmt töflu 7.

12. gr.

Böndin. Allar aðalstærðir bandanna séu samkv. töflu 1. Er gert ráð fyrir, að þau séu tvöföld, og stykkin í þeim boltuð þétt hvert við annað, en ekki hafðir kubbar eða trétappar á milli. Hvergi mega samskeyti ganga minna á misvíxl en $^1/_8$ part skipsbreiddar. Skeytin séu vel felld saman og 3 stúfboltar hvorum megin við hver samskeyti. Þvermál bandaboltanna sé:

10 mm í bandastykkjum, sem eru allt að 8 sm þykk,
13 — - — — — — — 11 — —
16 — - — — — — — 15 — —

Þar sem mjög langt er á milli skeyta, verða boltarnir að vera 4, svo að stykkin liggi þétt hvert við annað. Skjólborðsstoðirnar séu ekki áfastar við böndin. Þegar böndin í framstafninum fara að verða mjög tígulmynduð í þverskurð, þannig að hvassa hornið er orðið minna en 60 gráður, séu þau skeytt á kilinum, boltuð þar saman eða í hnéð og liggi sem næst hornrétt á súðina. Þar sem bönd þessi eru í heilu lagi ofan að kili, mega þau vera þynnri en tvöföldu böndin, en ekki þynnri en botnbiti (Bundstok) eftir töflu 1. Bilið milli bandanna sé hvergi meira en milli tvöföldu bandanna, og þar sem keðjuhólkurinn (Klyds) gengur gegnum súðina, skulu þau fellast þétt hlið við hlið, og minnst 2 bönd heil vera fyrir aftan hólkinn.

Júdasareyrun séu sem næst jafnþykk og böndin við þrómina og nái að minnsta kosti jafnlangt niður og skjólborðsstoðirnar upp frá þilfari eftir töflu 1. Breiddin sé þannig, að góður styrkur sé eftir í trénu aftan við keðjuhólkinn.

Skútaböndin og skútastytturnar sé hvorttveggja sett sem næst hornrétt á súðina, hvergi með lengra millibili en milli banda. Í afturparti skútans séu böndin og kubbarnir milli þeirra ein, vel boltuð samfella svo langt fram, að hægt sé að negla efsta plankann í súðinni í hana.

13. gr.

Skjól-
borðs-
stoðir. Breidd og þykkt skjólborðsstoða skal vera, sem segir í töflu 1, og nái þær að minnsta kosti jafnlangt niður eins og upp fyrir þrómina. Stoðir séu hornréttar á súðina milli banda. Stoðir, sem reiðanum (vantinum) er fest í, nái $1^1/_2$ sinnum lengra niður en hinar stoðirnar og séu líkar að lögun, en flatarmál af

þverskurði þeirra við þrómina 1½ sinnum flatarmál hinna. Við aftursiglu, þar sem skipsbátur er hafður í uglum, skulu settar ein eða tvær aukastoðir, jafnstórar hinum, við hvora bátsuglu. Gæta skal þess, að stoðirnar séu vel felldar milli súðanna og rígnegldar í þær. **100** 22. sept.

14. gr.

Öll skip hafi kjalbak, er nái frá hné við framstefni að hné við afturstefni, og sé vel fellt á böndin. Skeyti þess mega ekki vera á sama stað og skeyti kjalarins og ekki rétt framan við vélina. Sé kjalbakið í tveim pörtum, þá mega skeytin vera litið eitt aftan við kjalskeytið, en ef það er í þrennu lagi, þá séu skeytin undir vélinni og framan við kjalskeytin (hér er gert ráð fyrir, að vélin sé aftarlega í skipinu). Lengdin á kjalbaksskeytinu sé 5 sinnum hæð þess, og sé skeytið boltað með 2 stúfboltum af sama gildleika og skeytisboltarnir í kilinum utan við miðju kjalbaksins í hvert band; auk þess séu spordarnir negldir með hæfilega stórum göddum. Um stærð kjalbaksins sjá töflu 3. **Kjalbak.**

15. gr.

Fyrir kjalboltunum sé borað gegnum kjalbakið og hvern botnbita niður úr kilinum, og gatið haft hæfilega minna en boltinn. Hver bolti hafi sterkan hnoðhring á efri endanum. **Hliðarkjalbak og kjalboltar.**

Sé það óhjákvæmilegt að taka kjalbakið í sundur fyrir óvenjulega stóru kasthjóli á vélinni, má gera það og setja hliðarkjalbök svo nærri kasthjólinu, sem unnt er. Sé þverskurðarflatarmál hvors þeirra hið sama sem kjalbaksins, og skal að minnsta kosti hægt að negla þau í 4 bönd fyrir framan og aftan sundurskurð kjalbaksins; bolta skal þau í hvert band með 2 stúfboltum, jafngildum og skeytisboltunum.

16. gr.

Stærð og tala er tilgreind í töflu 3. Bjálkasúðin nái milli stefna, og á skútabyggðum skipum verður að vera hægt að negla hana í samfelluna aftast í skútanum. Lengd skeytisins sé þreföld breiddin á stykkjunum, þar sem þau eru skeytt. Hvert skeyti sé sett saman með 2 hnoðboltum, auk gadda í spordana. Þar sem bjálkasúðin er tvöföld, séu skeytin ekki nær hvert öðru en 6 sinnum breiddin á efri bjálkasúðinni, og ekki heldur nær endum vélarreisnar eða öðrum stöðum, þar sem þilfarið er sundurskorið, en nemi ½ breidd þilfarsins á þeim stað. Þar sem þykkt bjálkasúðarinnar samkv. töflu 3 er 8 sm, má þykktin á ¼ af skipslengdinni frá hvorum enda vera 6½ sm. **Bjálkasúð.**

17. gr.

Bitabugðan sé 22 mm fyrir hvern lengdarmetra af skipsbreiddinni. Stærð og bil er tilgreint í töflu 2. Greypt sé upp í bitana um 1 sm fyrir bjálkasúðinni (en ekki niður í bjálkasúðina fyrir bitunum). Þar sem bitar koma á band, sé endi bitans fast við bandið, en þar sem hann kemur milli banda, á að vera 1 sm bil **Þilfarsbitar og langstykki.**

100 út að súðinni. Hver bitaendi, líka hálfbitar, neglist ofan á bjálkasúðina með 1
22. sept. stúfbolta, í 4 sm bjálkasúð með 10 mm, í 5 sm og 6½ sm með 13 mm og í 8 sm með 16 mm bolta. Langstykkin við op í þilfarinu, þar sem hálfbitarnir eru greyptir í þau, séu jafnbreið bitanum, og hæðin að minnsta kosti ¾ af hæð bitans á miðju. Hálfbitarnir séu jafnbreiðir og háir hinum bitunum á bjálkasúðinni, en jafnháir langstykkinu í innri endann. Á öllum skipum séu sett langstykki alla leið milli bitanna undir tróðrauf (hnoða, nóta) meginþiljunnar og þilfarsins, þannig að ca. 2½ sm breidd af stykkinu nái inn undir þilfarið. Breidd og hæð þessara langstykkja sé helmingur bitans við bjálkasúðina. Greyping langstykkjanna inn í bitana sé sem minnst til þess að veikja þá ekki um of.

18. gr.

Hné. Á öllum skipum séu bitahné fyrir framan og aftan hvert op í þilfarinu. Ef þverskipsvísitala skipsins er yfir 10, sé auk þess eitt hné á hverjum heilbitaenda. Lengdin á hvorum armi hnésins sé fjórföld á við breidd bitans (ekki hæð). Þykktin á hnénu sé að minnsta kosti ¾ partar af bitahæðinni, og breidd armsins — hnéþykktin frá enda hans — sé eigi minni en bitaþykktin. Á öllum skipum séu 2 kverkarboltar, hnoðaðir eða skrúfaðir, annar gegnum bitann og hnéð, en hinn gegnum hnéð, bandenda og súðina. Sé þverskipsvísitala skipsins minni en 10, má auk þess hafa hæfilegan reknagla í hvorum enda hnésins, eins og bezt verður við komið. En sé þverskipsvísitalan hærri en 10, á í stað reknaglanna að vera skrúf- eða hnoðbolti í gegnum enda hnésins og bitans annarsvegar, en enda hnésins, byrðing og bönd hinsvegar. Ef þverskipsvísitalan er yfir 12, þá séu fjögur jafnstór, lóðrétt hné neðan á bitunum hvorum megin á miðhelmingi skipsins, fest með 2 skrúfboltum gegnum hvorn arm og bitann eða byrðing og bönd.

Í stað þeirra má nota járnhné, sem að minnsta kosti séu jafnsterk.

Gildleiki boltanna fer eftir hnéþykktinni. Í 8 og 9 sm hné skal hafa 13 mm bolta og í 10 sm hné 16 mm bolta.

Á öllum skipum sé bógband (bóghné) ofan á bjálkasúðinni rétt undir þilfarinu. Lengdin á hvorum armi sé fimmföld breidd bitans, og þykktin sama og á bitaendunum. Hnénu skal fest með þremur skrúf- eða hnoðboltum, miðboltanum gegnum stefnið, en hinum gegnum byrðinginn. Auk þess sé einn stúfbolti með haus rekinn að innan í hvorn arm. Á skipum með þverskipsvísitölu hærri en 12 sé annað bógband mitt á milli kjalbaks og þilfars, jafnstórt og efra hnéð og fest á sama hátt. Gildleiki boltanna sé hinn sami og í bitahnénu, nema þar sem þverskipsvísitala er hærri en 12; þá séu þeir 3 mm gildari. Það, sem að ofan greinir um hné, á einnig við um afturstefni, þegar um tvístöfnunga er að ræða.

19. gr.

Skútaband. Á skútabyggðum skipum sé aftasti bitinn bogamyndaður og nái þvert yfir samfelluna og jafnt henni fram hvorum megin. Biti þessi sé álíka þykkur og bitahnén, vel boltaður og negldur í samfelluna. Upphlið hans sé í sama boga-

fleti og efri rönd þilfarsbitanna til þess að geta myndað slétt undirlag fyrir þrömina, meginþiljuna og þilfarið. **100** 22. sept.

20. gr.

Þykkt þilfarsþiljanna sé ekki minni en tilgreint er í töflu 4, og breidd ekki yfir 13 sm. Þær séu vel þurrar, og snúi merghliðin niður að bitunum. Þiljumæti séu eigi nær hvert öðru en 2 bitabil, og ekki má skeyta á sama bita, nema 3 þiljuraðir séu á milli. Þar sem þilfarið er sundurskorið, svo að meira nemi en hálfri breidd þess, við vélarreisn eða annarsstaðar, má ekki skeyta þilfarsþiljur. **Þilfarið.**



Vegna hampþéttunnar á þilfarinu sé gerð rauf í þiljurnar, sem næst $^4/_{10}$ pörtum af þiljuþykktinni frá neðri brún, sjá mynd. Raufin sé grunn og bogamynduð. Nálega frá botni raufarinnar og upp úr sé heflað snið á þiljuna, þannig að opið eða tróðraufin (hnoðan) milli þiljanna að ofan verði um 3 mm. Skiptist þykktin þannig niður neðan frá, að $^4/_{10}$ er samfellt, $^3/_{10}$ hampur og $^3/_{10}$ bik. Áður en þilfarið er lagt, séu bitar og hné vel tjörguð. Hver þilja sé negld í hvern bita með 2 nöglum og hver þiljuendi með 2 nöglum. Hausarnir skulu vera niðurfelldir um $^3/_{10}$ af þiljuþykktinni, og þilfarstöppunum dýft í tjöru eða þykka málningu, áður en þeir eru settir í götin yfir naglahausana. Í 4 sm þilfar séu látnir 2 þræðir af hampi, en í 5 og 6½ sm þilfar séu látnir 3 þræðir. Í 4 sm þilfar séu 6½ sm langir naglar (spíkarar) notaðir, í 5 sm þilfar 9 sm og í 6½ sm þilfar 12 sm naglar. Ef þilfarið er lagt á furubita, verða naglarnir alltaf að vera 1 sm lengri.

Til þess að fyrirbyggja þilfarsraka skal tjarga eða olíubera þilfarið að ofan, strax og bikun og skröpun er lokið, og helzt mála það eða olíubera að neðan.

21. gr.

Þröm og meginþilja (Skandekk og Vaterbord) sé jafnþykk og þilfarið. Breidd meginþiljunnar (innan við skjólborðsstoðirnar) sé samkv. töflu 4. Milli hverra tveggja stoða sé þröm og meginþilja rígnegldar saman með tveim gegnreknum boltum. Gildleiki boltanna sé 10 mm í 3¼ til 4½ sm þykka meginþilju, 13 mm í 4½ til 6 sm og 16 mm í 6 til 8 sm þilju. Ef efsta sýja súðarinnar nær jafnhátt upp og efri rönd á þröm, það er að segja, ef þrömin er í stykkjum, felld milli stoðanna, þá sé stór haus á boltaendunum utan á súðinni. Auk þess sé þiljan negld inn í þrömina, og sé bilið milli naglanna sem næst ferföld þiljuþykktin. Ef þrömin nær út á ytri brún efstu þiljunnar, á bilið milli naglanna að vera það sama, og auk þess 1 nagli rekinn í hverja styttu, en við samskeyti 2 naglar, og tappað yfir alla hausana. Sé þröm ofan á bjargsýju, skal hún negld við bjargsýjuna með jafnmörgum nöglum og hafa skal, þegar bjargsýjan nær upp á efri brún þramar. Meginþiljan er negld ofan í hvern bita með 3 nöglum, en ofan **Þröm og meginþilja.**

100 22. sept.

í hvert hné með 2 nöglum og tappað yfir alla hausa. Aftan undir skútanum eru þiljuendarnir negldir upp í þrömina með hæfilega stórum nöglum með stuttu millibili.

Utan á þrömina allt í kring er sett kúpt járn, er sé sem næst $\frac{1}{8}$ parti mjórra en þykkt þilfarsins eftir töflu 4. Bilið milli naglanna sé sem næst 4 sinnum járnbreiddin.

22. gr.

Súðin (byrðingurinn).

Þykkt súðarinnar sé samkvæmt töflu 4. Breidd sýjanna (plankanna) neðan við sjólínu á tómu skipi sé ekki yfir 36 sm og ekki meiri en áttföld sýjuþykktin. Breidd sýjanna ofan við sjóinn á tómu skipi sé ekki yfir 26 sm og ekki meiri en $5\frac{1}{2}$-föld sýjuþykktin. Sýjurnar gangi sem mest á misvíxl (sjá mynd) og ekki minna en svo, að $\frac{1}{15}$ partur skipslengdarinnar sé milli skeyta. Ef ein sýja er milli skeyta, þá má ekki vera skemmra milli þeirra en $\frac{1}{24}$ af skipslengdinni, og ef tvær eru, þá $\frac{1}{40}$ partur. Lengd skipsins, sem miðað er við, er sú, sem skýrt er frá í 6. gr.; sjá ennfremur mynd, er sýnir samskeyti á súðinni. Seyming súðarinnar sé eftir töflu 5 og 6. En yfirleitt gildir sú regla, að negla hverja sýju með 4 nöglum í hvert tvöfalt band og með 2 nöglum í hvert einfalt band (framan og aftan) og 3 í hvern sýjuenda. Þar sem gegnreknum boltum er ætlaður staður, á ekki að koma nagli.

Minnsta bil milli samskeyta á byrðingi.



Þar sem böndin eru bogin, séu þau gerð bein undir mestan hluta sýjubreidd- **100**
arinnar í stað þess að hola sýjuna. 22. sept.

Hver sýja skal gufuseydd að svo miklu leyti, sem við verður komið vegna lengdarinnar, áður en hún er látin í skipið, og seymd að fullu, meðan hún er heit, svo hún leggist sem bezt að böndunum. Þess skal gætt við seyminguna að nota hæfilega gildan bor, og sé þvermál hans hið sama og breidd mjórra flatarins á naglanum nálægt hausnum. Auk þess séu allir naglar og boltar neðan við hleðslulínu vafðir tjöruhampi. Nöglunum sé hæfilega hleypt inn, svo að hægt sé að steypa (sementa) yfir þá, en áður en það er gert, verður að gæta þess, að hampurinn sé vel skorinn eða brenndur úr naglaholunni, svo að steypan geti fest sig vel við hausinn. Því skal þess gætt að vinna þetta verk í vætu eða raka, svo að steypan molni ekki úr vegna þurks.

Hampþéttun súðarinnar fer fram, eftir að sýjurnar eru vel þornaðar. Rifurnar eða tróðraufarnar eru stiftroðnar og fylltar, þar til dýpt og breidd raufarinnar er jöfn, og þá fyllt með biki.

23. gr.

Húfsýjurnar, ytri og innri, eru til heildarstyrksauka fyrir skipið í sjógangi **Húfsýjur.**
og þegar því er lagt í fjöru. Þess vegna skal þess gætt, að miðja húfsýjanna miðskipa sé á þeim stað, sem bein lína frá neðri rönd á kilinum snertir miðbandið á að utan. Innri húfsýjurnar, þar sem þær eru tilskildar, séu sem næst gagnvart þeim ytri, að minnsta kosti miðskipa, svo hægt sé að negla gegnum báðar í senn.

Endaboltar húfsýjanna, þar sem gert er ráð fyrir hnoðboltum, séu ekki í sama bandi og skeytt er á, heldur gegnum næsta band við skeytið. Endabolta þarf ekki við stefnin, nema sérstaklega standi á vegna mikillar sveigju eða ónógs naglahalds. Í töflu 5 er ákveðið, hvenær og að hve miklu leyti þessir gegnreknu hnoðboltar eru notaðir og hvar annarsstaðar í súðinni eftir stærð skipsins.

Þar sem 2 eða fleiri ytri eða innri húfsýjur ná ekki frá stefni til stefnis samkvæmt töflu 3 og 4, skulu þær skeyttar á misvíxl samkv. reglu um skeytingu ytri súðarinnar, bæði innbyrðis og gagnvart öðrum súðarsýjum.

24. gr.

Þar sem fyrirskipuð súðarþykkt er minni en 5 sm eftir töflu 4, séu 2 efstu **Bjargsýjur.**
umförin, á ⅔ pörtum skipslengdarinnar, að minnsta kosti ½sm þykkri en tilsvarandi súð.

25. gr.

Séu veltikilir notaðir, eru þeir vanalega um ⅓ af skipslengdinni og miðja **Veltikilir.**
þeirra lítið eitt aftan til við miðju skipsins. Þykkt veltikjalanna sé um ⅗ af kjalþykkt skipsins, og kjalhæðin, mæld frá súðinni, ekki meira en 1⅔ sinnum þykkt veltikjalarins. Veltikilina má setja á böndin, áður en súðin er látin, eða utan á súðina. En hvort sem er, sé kjölunum fest með gegnreknum hnoðboltum eða skrúfboltum, einum í hvert band, og séu þeir 3 mm minni í þvermál en kjal-

100 22. sept. boltarnir í aðalkilinum, en þó aldrei grennri en 13 mm. Auk þess sem veltikilirnir eru sérstaklega ætlaðir til að hindra öran velting, eru þeir hentug vörn súðarinnar, þegar skipi er lagt í fjöru; þess vegna skal þess gætt, að veltikilirnir miðskipa séu á þeim stað, sem bein lína frá neðri rönd á kilinum snertir miðband á að utan. Á minni skipum geta veltikilir komið í stað húfsýju á ½ lengd þeirra.

26. gr.

Innsúð. Innsúð sé lögð í heild, áður en skiljur eru settar í skipið. Þykktin fer eftir töflu 4. Sýjurnar gangi sem mest á misvíxl. Um húfsýjurnar á sama reglan við og um súðina að utan, en að því er snertir sýjurnar eða borðin annarsstaðar í innsúðinni, má draga ⅓ frá af kröfum þeim, sem gerðar eru um byrðinginn í þessu efni, og skeyta má á sama bandi, ef 2 heil borð eru á milli skeyta.

Innsúðin er negld með 4 nöglum í hvert tvöfalt band og með 2 nöglum í hvert einfalt band og 2 nöglum í hvern sýjuenda. Innsúðin má vera úr furu eða greni, þar sem ekki er öðruvísi ákveðið.

27. gr.

Öldustokkur. Öldustokkur sé að breidd og þykkt, sem tilskilið er í töflu 4, nema þar sem hann þarf að vera breiðari vegna sniðsins á skjólborðsstoðunum á boganum að aftan. Skeytin séu þrefalt lengri en breidd öldustokksins miðskipa og negld með tveim gegnreknum hnoðboltum auk eins eða tveggja reknagla í hvorn enda eða sporð skeytisins. Við hverja styttu er öldustokknum fest með einum fjaðrabolta. Stærð fjaðraboltanna er sem hér segir:

4	sm	öldustokkur	16	sm	×	13	mm	með	2	nöglum	í stoð
5	—	—	18	—	×	16	—	—	2	—	- —
6½	—	—	24	—	×	19	—	—	3	—	- —
8	—	—	26	—	×	19	—	—	3	—	- —

Hæð stoðatappanna sé hálf þykkt öldustokksins.

28. gr.

Skjólborð. Um þykkt skjólborðsins fer eftir töflu 4, og er það venjulega haft alveg niður við þröm framan frá og aftur að framsiglu. Undir skjólborðinu milli siglna skal vera 2½ sm bil milli þess og þramarinnar. Auk þess sé eitt austurop hvorum megin á skipum, allt að 16 metra löngum, og 2 austurop hvorum megin á skipum þar yfir. Samanlagt flatarmál austuropanna hvorum megin (auk rifunnar undir skjólborðinu) sé ekki minna en 80 fersentímetrar fyrir hvern lengdarmetra skipsins.

29. gr.

Vélarreisn. Vélarreisnin eða sameiginleg reisn yfir vél og káetu sé gerð vel traust eftir stærð skipsins, og sérstaklega skal henni vel fest niður í bitana og langstykkin til beggja hliða með skrúfboltum eða hnoðboltum. Í hliðar eða gafla reisnarinnar ætti helzt hvergi að taka op fyrir dyr, en þurfi þess af einhverjum ástæðum,

mega ekki vera minna en 30 sm frá þilfari upp á þröskuld. Til varnar því, að hlið reisnar eða lestarops spennist inn vegna hampþéttunnar og þrútnunar á þilfarinu, skal setja skrúfteina með haus eða hnoðhring utan á súðinni, og gangi teinarnir inn rétt undir þilfarinu gegnum efri rönd langstykkisins, en þar sé stór járnplata sett á þá og spennt með skrúfró innan á neðri rönd næsta reisnarplankans og efri rönd langstykkisins. Bil milli teinanna að enda reisnarinnar eða að skilrúmi í reisninni sé um 1 metri. **100** 22. sept.

Af líkum ástæðum skal bolta saman á rönd 2 eða 3 yztu þiljurnar í reisnarþakinu.

Hliðar og þak reisnarinnar sé ekki þynnra en þilfar skipsins. Sé reisnin há (2 m), getur reisnarþakið verið nokkuð þynnra en aðalþilfarið.

30. gr.

Stýrishúsið sé nægilega traust viðað eftir stærð skipsins og sérstaklega vel tengt saman og fest við reisnina. Að minnsta kosti nái 4 hornstoðirnar niður jafnt neðri rönd á langstykkinu undir reisninni og festist við það og hlið reisnarinnar; aðrar stoðir festist með járnvinklum við þakbita reisnarinnar. Standi húsið algerlega á reisnarþakinu, verða stoðirnar að vera úr eik. Inngönguop í káetu og vélarrúm séu tillukt með hlera í umgerð ekki lægri en 15 sm frá reisnarþakinu. Hurð sé aftan á stýrishúsinu og opnist helzt út. Sé þetta ekki framkvæmanlegt, skal setja sérstaklega góð handrið, sem geri hliðarinngang nægilega öruggan, auk venjulegra handriða á hliðum stýrishússins. Að minnsta kosti 2 rennigluggar séu framan á stýrishúsinu og auk þess einn á hvorri hlið og einn að aftan. **Stýrishús.**

31. gr.

Á minni fiskibátum verður oft að gera sérstaka reisn á þilfarið yfir mannarýminu, svo hægt sé að standa uppréttur á gólfinu við hvilurnar og bekkina; þessi reisn skal þá gerð samkvæmt fyrirmælum um vélarreisn. Hliðar og þak reisnarinnar sé ekki þynnra en aðalþilfarið. **Reisn yfir íbúð skipverja.**

Sé reisn (kappi) aðeins yfir opi því, sem gengið er um niður í skipið, verður hún eigi að síður að vera traustlega gerð, og hvort heldur sem er, verða að minnsta kosti að vera 30 sm frá þilfari upp á þröskuld.

32. gr.

Hliðar lestaropsins séu 1⅓ sinnum þilfarsþykktin og ekki lægri en 30 sm frá þilfari. Lestaropshlerarnir séu jafnþykkir þilfarinu. Bitinn undir hlerunum og umbúnaður hans sé að styrkleika jafn styrkleika hleranna. Lestaropshlerunum er fest niður með einni eða fleiri slám, festum við hliðar lestaropsins með skrúfkrókum eða á annan öruggan hátt. **Lestarop og hlerar.**

33. gr.

Í þeim skipum, sem hér er um að ræða (frá 10—60 rúmlestir), verður að minnsta kosti að vera stoð undir öðrum hvorum heilbita þilfarsins, þar sem **Stoðir og skiljur.**

100 22. sept. bitalengdin er yfir ⅔ af skipsbreiddinni. Þar sem fastar skiljur eru, þarf enga stoð. Þar sem saltkassastoðir eru undir bitum, hornstoðir undir vélarreisn eða aðrar hliðarstoðir, þarf enga stoð undir miðja þilfarsbitana. Þykkt skiljanna sé: Milli vélarrúms og lestar 2½ sm fyrir hvern hæðarmetra skiljunnar, en annarsstaðar 2 sm fyrir hvern hæðarmetra.

34. gr.

Siglur og sigluásar. Þvermál siglu í þilfari sé 20 mm fyrir hvern lengdarmetra siglunnar. Þvermál siglunnar við reiðastallinn sé 0,85 sinnum þvermál hennar í þilfarinu. Lengd siglunnar er reiknuð frá kjalbaki að hún. Standi siglan á þilfari (en það er ekki ráðlegt nema fyrir lítil segl, góða undirstöðu og stög, enda myndi þau sem gleiðast horn við sigluna á alla vegu), sé dýpt skipsins miðskipa bætt við lengdina, þegar þvermál hennar er reiknað út. Þar sem sigla stendur á þilfari og hefir góðan stuðning af að minnsta kosti 1½ metra hárri yfirbyggingu, þarf undirstaðan að vísu að vera góð, en þvermál siglunnar er þá reiknað út eftir raunverulegri lengd hennar. Reiðastallur sé úr eik. Þvermál sigluáss (bómu) á miðju sé 21 mm fyrir hvern lengdarmetra, en við endana 0,8 sinnum þvermálið á miðjunni. Þar sem skautið er fest við ásinn framan við rifskálarnar, verður þvermálið að vera þvermál miðjunnar sinnum 1,15. Ef um stutta ása er að ræða, svo sem 4 metra, er nauðsynlegt að auka þvermálið um ⅙. Hið sama á við um lengri ása, ef notaðir eru til að hengja á þá lóðir og lyfta þungum síldarhafum o. s. frv.

Þvermál gaffals frá siglu að miðju sé 26 mm fyrir hvern lengdarmetra hans alls. Gaffaleyrun séu úr eik.

35. gr.

Bógspjót. Þvermál bógspjótsins að fremri rönd á stefni sé 42 mm fyrir hvern lengdarmetra þess alls. Þvermál ytri endans sé ¾ sinnum þvermál innri endans. Siglur og sigluásar, sem hér er getið um, er ætlazt til, að séu úr góðu greni eða góðri furu, og þess gætt, að sem minnst sé skertur upprunalegur gildleiki trésins, sem smíðað er úr. Ef siglur og sigluásar eru gerð úr pitchpine, má draga 15% frá þvermálinu.

Öll járn á siglum og sigluásum séu traust og vel og haganlega fyrir komið.

36. gr.

Stýri og stýrisbúnaður. Þvermál stýrisássins er fundið með því að margfalda saman flatarmál stýrisins og lengdina frá snúningslínu ássins aftur að þyngdarpunkti þess, hvorttveggja í metrum. Niðurstaðan, S í fyrsta dálki í töflu 7, verður þá vísitala fyrir gildleika stýrisássins og fleira í þeirri töflu.

Stýri og stýrisbúnaður er gert á svo margvíslegan hátt, úr tré og járni, og verða því ekki gerðar neinar ákveðnar kröfur um tegund hans.

Á tréstýri má ekki skerða efri enda stýrisássins með öðru en skrúfbolta gegnum ásinn og sveifaraugað, sem auk þess er klemmt utan um ásinn með

einum eða tveim skrúfboltum. Hvergi frá efri enda stýrisáss niður fyrir efsta eða efra stýrisjárn (krók eða lykkju) má flatarmál þverskurðarins af stýrisásnum vera minna en fyrirskipað er í töflu 7. Skal þessa sérstaklega gætt, þar sem stýrisjárnið er fellt á stýrisásinn. Ásinn sé úr eik alla leið niður að kili, en fjöðrin eða áfellan aftan á stýrisásnum má vera úr furu eða greni, en allt vel samanboltað, auk þess sem stýrisjárnin þurfa að ná með einn bolta í fjöðrina. Þar sem stýrisásinn er úr járni, má ekki skerða hann nema með hæfilegum fleyg til að hindra snúning sveifarinnar á ásnum. Verður sveifaraugað að vera þröngt, og fleygurinn vel felldur í sporið. Ef ásnum er fest á tré- eða járnstýri með því að kljúfa upp í hann, verður að gæta þess, að armarnir séu vel sterkir niður fyrir efsta boltagat gegnum stýrið og armana. Sé ásinn festur við 2 járnplötur, og þær svo við tré- eða járnstýri, verður að smíða ásinn ferstrendan á kafla, sem er 5 sinnum þvermál hans, og má þá hver flötur eigi vera minni en fyrirskipað þvermál ássins; plöturnar skal festa á ásinn með heitum hnoðnöglum, en við stýrið með skrúfboltum. Þykkt platnanna sé $\frac{1}{10}$ af stýrisþykktinni eftir töflu 7. **100** 22. sept.

Á öllum stýrum sé augabolti aftan og ofan til í stýrisfjöðrinni með stóru auga, svo auðvelt sé að setja þar í stýristauma, ef ásinn eða sveifin skyldi bila.

Stöðvari sé settur á stýrið á einhvern hátt, svo það lyftist ekki á járnunum í sjógangi. Sömuleiðis séu tveir sveifarstöðvarar á þilfarinu, sem takmarka viðlöguna, 45°. Stýrislykkja sé efst á kilinum.

Stýrissveifin sé að lengd og gildleika, eins og um getur í töflu 8. Stýriskeðjan sé eftir sömu töflu, og einföld frá stýrissveifinni fram að stýrisvél; stýrishjólið (rattið) fari um 7 snúninga, meðan keðjuhjólið fer einn. Járnstengur eftir sömu töflu má hafa, þar sem keðjan þarf ekki annars að fara yfir hjól.

Hjól stýristaumanna séu að þvermáli 10 sinnum þvermál keðjunnar og hjólboltinn $1\frac{3}{4}$ sinnum þvermál hennar.

Sé þess óskað að breyta lengd stýrissveifarinnar, skal, ef hún er styttri, og má, ef hún er lengri, reikna út þvermál keðjunnar þannig:

$$d = 0{,}65 \sqrt{\frac{D^3}{S}},$$

þar sem d er þvermál keðjunnar í sentímetrum, D þvermál stýrisássins í sm eftir töflu 8 og S sveifarlengdin í sm frá miðju stýrisássins að festarstað keðjunnar við stýrissveifina.

Við niðursetningu á stýrisvél og stýristaumum á taumunum að vera þannig fyrir komið, að efri rönd stýrishjólsins (rattsins), þegar því er snúið, hreyfist í sömu átt og stýrið og þar af leiðandi á sama veg og skipið snýst. Þetta er óhjákvæmileg skylda. Þar sem stýrisfjöðrin er úr járnplötu, er óhjákvæmilegt að hafa langt á milli stýrisjárna. Verður því að hita frambrún plötunnar og beygja brúnina tvöfalda til styrktar móti átökum. Yfirlagið sé að breidd sem næst 6-föld plötuþykktin. Ekki má skerða frambrúnina með götum eða nöglum, sjá töflu 7.

100 22. sept. Þegar stærð stýrisblaðs er reiknuð út (sjá töflu 7), er gert ráð fyrir 8 sjómílna hraða á klst., en fyrir hverja sjómílu, sem hraðinn er aukinn um, skal leggja 3 mm við þvermál járnstýrisáss og 10 mm við þvermál tréstýrisáss og hafa annað í töflu 7 um stýri og stýrisbúnað eftir því, en ekki skal draga frá, þótt hraðinn sé minni en 8 sjómílur.

Þyngdarpunktur stýrisins liggur venjulega um $^2/_5$ af stýrisbreiddinni fyrir aftan miðju stýrisássins nema á jafnvægisstýri.

Gert er ráð fyrir, að á stýrinu séu 3 stýrisjárn: eitt á þilfarinu, annað rétt ofan við skrúfuopið og hið þriðja á kjalarendanum.

37. gr.

Reiði. **Fastur reiði.** Á þeim skipum, sem hér er um að ræða, teljast siglureiðar og stög fastur reiði. Skal hann vera sem einfaldastur að gerð, en sérlega traustur. Í reiðann sé notaður grófþættur járnvír. Hjartþáttur sé aðeins einn í miðjum vírnum, 6-þættur, og í hverjum þætti hans um 12 þræðir.

Ummál forstagsins sé sem næst $^1/_{11}$ partur af ummáli siglunnar. Þar sem tveir vírar eru hvorum megin í afturreiða eða framreiða, sé ummál hvors af vírunum sem næst $^1/_{14}$ partur af ummáli siglunnar. Þar sem þvermál siglunnar er ekki yfir 18 sm, er nægilegt að hafa einn vír hvorum megin, en þá sé ummál hans sem næst $^1/_{11}$ partur af ummáli siglunnar.

Ef sigla stendur á þilfari og hefir ekki stuðning af yfirbyggingu eða öðru 1½ metra fyrir ofan þilfar, þá sé ummálið á hverjum vír sem næst $^1/_{11}$ af ummáli hennar.

Með ummáli siglu er átt við stærð, sem samsvarar þvermáli því, sem fyrirskipað er um siglur og siglulása hér að framan.

Reiðarnir séu vafðir að minnsta kosti 2½ metra upp fyrir öldustokk, og festing þeirra við reiðajárnin á bolnum (rústjárnin) sem næst jafnsterk og vírinn er sjálfur: það getur orðið með því að festa vírnum sjálfum í reiðajárnið með reiðaskrúfum eða með „jómfrúm“ og margþættum tjörukaðli eða járnvír.

U mm	Þ mm	u mm	U mm	Þ mm	u mm
32	16	32	64	32	57
38	19	38	70	35	64
45	22	38	76	38	70
51	25	45	82	41	76
57	28	51	88	44	82

Í töflu þessari er U = ummál vírsins í reiðanum, en Þ = þvermál reiðaskrúfnanna og u = ummál tjörukaðalsins í jómfrúnum, allt í millímetrum.

Laus reiði er: blakkir, hjólreipi (falir) og aðrir kaðlar á siglum og siglulásum til þess að geta haft stjórn á seglunum.

Reiðinn sé vel traustur og haganlega fyrir komið.

38. gr. 100

Á þeim skipum, sem reglur þessar fjalla um, er gert ráð fyrir 3 seglum: fokku, stórsegli og mesan. Þykkt dúksins sé, sem greinir í eftirfarandi töflu, og fer hún eftir því, hve seglið er stórt og hverrar tegundar það er: 22. sept. Segl.

Hampdúkur. Fari í seglið allt að:

	5 m²	5—10 m²	10—15 m²	15—20 m²	20—25 m²	25—30 m²	30—35 m²
Fokka	No. 5	No. 5	No. 3	No. 2	No. 2	No. 2	No. 2
Stórsegl		No. 5	No. 5	No. 4	No. 3	No. 2	No. 1
Mesan	No. 5	No. 5	No. 3	No. 2	No. 2	No. 2	No. 2

Baðmullardúkur. Fari í seglið allt að:

	5 m²	5—10 m²	10—15 m²	15—20 m²	20—25 m²	25—30 m²	30—35 m²
Fokka	No. 10	No. 10	No. 6	No. 4	No. 4	No. 4	No. 4
Stórsegl		No. 10	No. 8	No. 8	No. 6	No. 4	No. 2
Mesan	No. 10	No. 10	No. 6	No. 4	No. 4	No. 4	No. 4

Í töflunum er átt við það, sem fer í hvert segl, miðað við einfaldan dúk. Jaðarkaðlar (lík) við seglin, saumgarn og annað fari eftir þykktinni á segldúknum og tegund seglsins. Saumaskap og allan frágang seglanna skal vel vanda, og allsstaðar er gert ráð fyrir, að notuð sé bezta dúktegund (þéttofinn dúkur).

Einn yard er ca. 0,55 m².

39. gr.

Venjulega eru skipsbátar á þeim fiskibátum, sem hér er um að ræða, látnir hanga í tveim bátsuglum innan við öldustokkinn aftan til á skipinu. Útslag eða geisli (radíus) bátsuglunnar skal vera 70 til 80 sm. Bátsuglur.

Sé nú um venjulegan vikabát að ræða, að breidd um 35% af lengd hans og að dýpt um 45% af breiddinni, þá skal þvermál bátsuglunnar vera $\frac{1}{60}$ partur af lengd bátsins.



Séu hlutföll bátsins eða bátsuglunnar eitthvað óvenjuleg, eða ef óskað er frekari nákvæmni, er þvermál bátsuglunnar í sentímetrum reiknað út með eftirfarandi reglu:

$$\sqrt[3]{47{,}5 \times L \times B \times D\left(\frac{H}{3} + S\right)},$$

þar sem L er lengdin á bátnum,
— — B — breiddin á bátnum,
— — D — dýptin á bátnum,

H er hæðin frá efsta stuðningspunkti að miðri bátsuglunni, þar sem blökkinni er fest.

S er útslag eða geisli uglunnar, allt í metrum.

100 22. sept. Uglujárnunum sé vel fest við meginþiljuna og öldustokkinn, og skulu þau að styrkleika samsvara bátsuglunum. Öryggishringur sé á bátsuglunni eða annað, sem varnar henni þess að lyftast upp úr sætinu á meginþiljunni. Nái uglusætið upp að öldustokk, þarf engan öryggishring. Setja skal stög og leiðara á bátsuglurnar.

40. gr.

Skipsbátar. Skipsbátar skulu gerðir léttir með svigaböndum og tveimur vel festum botnbitum úr eik á hæfilegum stað fyrir tvíálma keðju og hring, þar sem blakkarkróknum er krækt í.

Venjuleg stærðarhlutföll eru, að breiddin sé um 35% af lengdinni og dýptin 45% af breiddinni. Meðalstafnahæð (það er meðaltal af hæð stafnanna yfir línu, sem dregin er um efri brún þramar miðskipa samhliða kilinum) sé að minnsta kosti 4% af bátslengdinni eða 4 sm fyrir hvern lengdarmetra.

41. gr.

Legufæri. Legufærin séu samkvæmt töflu 9, og mega akkerin vera stokkakkeri eða svo kölluð patentakkeri.

Legufæravísitala er fundin þannig: Lagt er saman breidd og dýpt skipsins og margfaldað með lengdinni: L (B + D); sjá 6. gr. Séu reisnir á þilfarinu yfir meira en hálfri lengd skipsins eða breidd, þá sé bætt við vísitöluna framkvæmi (produkt) af lengd reisnarinnar og summunni af breidd hennar og hæð yfir öldustokk. Það er l (b + h), þar sem l, b og h eru lengd, breidd og hæð reisnarinnar yfir öldustokk, allt í metrum. Ef reisnin er ekki allsstaðar jafnlöng, jafnbreið og jafnhá, skal tekið meðaltal af öllum lengdar-, breiddar- og hæðarstærðum.

42. gr.

Festar. Öll skip hafi kaðalfestar, til að festa sig við bryggju eða önnur skip, og stálvír á þar til gerðu kefli, þar sem það á við, allt eftir töflu 9. Stálvírinn sé 6-þættur og 24 þræðir í hverjum þætti. Á hvorum enda sé auga fyrir lás eða lykkja, svo fljótlega sé hægt að tengja hann við festi eða festartæki.

43. gr.

Festartæki. Á öllum skipum séu festarstaðir (þollar eða annað) framan og aftan á hvorri hlið, sérstaklega ætlaðir til að binda skipið við hafnarbakka eða annarsstaðar. Auk þess séu á hvorri hlið framan til á skipinu stofnar (pullertar) til að festa við legufærunum. Þar sem keðjan er yfir 16 mm (5/8″), skal auk þess vera keðjuklemma fyrir framan stofninn. Festarleiðarar (kefar) séu hafðir framan og aftan eftir þörfum.

Keðjupípurnar séu traustar og vel festar. Stærð og styrkleiki festartækjanna, svo og festing þeirra við skipið, sé að minnsta kosti jafntraust og festar eða legufæri þau, sem tilskilin eru og ætlazt er til, að fest séu á sinn tilætlaða stað.

Lausa reiðanum sé ætlaðir nægilega margir og góðir festarstaðir, svo og festartæki til að binda akkerin, þar sem ekki eru notuð patentakkeri. 100 22. sept.

44. gr.

Akkerisvinda sé á öllum skipum, þar sem keðjan er meira en 15 mm (9/16"). Vindur.
Hvort sem akkerisvindan er vélknúin eða ekki, á hún að vera þannig gerð, að hægt sé að nota hana til að draga upp akkerin með handafli.

45. gr.

Á hverju vélskipi sé dæla, sem knúin er með vélinni. Auk þess skal þar vera önnur nægilega stór handdæla á þeim stað, sem aðrennsli er að úr öllu skipinu. Sé skipið með vatnsheldum skiljum, verður hvert rúm að hafa sérstaka dælu. Sogpípan sé sem næst hálfu þvermáli sínu frá botni skipsins. Bulla og hjarta dælunnar skulu ávallt tiltæk, þó farmur sé í skipinu. Dælur.

Vídd sogpípunnar fer eftir legufæravísitölu skipsins og eftirfarandi töflu, en vídd dæluhólksins, venjulega tvöfalt meiri, fer eftir gerð dælunnar.

Legufæravísitala (sjá 6. og 41. gr.)	Innanmál sogpípunnar
Undir 80	51 mm
80 og — 110	57 —
110 — — 140	64 —
140 — — 190	76 —

46. gr.

Hágluggar (skylight) séu traustir og hæfir til að þola áföll þau, sem búast má við af sjógangi. Lamir og gler sé eins sterkt og við verður komið. Það er ráðlegt, að halli glersins sé hafður 45°. Grind úr járni eða látúnsteinum sé sett yfir glerin til að varna broti. Ávallt sé til sterk segldúkshlíf yfir hágluggann. Hágluggi.

47. gr.

Ljórar séu hvergi hafðir á ytri súð skipsins undir þilfari nema með leyfi skipaskoðunarstjóra, enda mæli sérstök ástæða með því, og skal þá hægt að loka þeim með vatnsheldum ljórahlerum. Ljórar.

Séu ljórar á reisnum, svo sem á vélarreisn eða reisn yfir vistarverum, sem innangengt er úr í neðri rými skipsins, verður glerið að vera nægilega þykkt eftir stærð þess og varið með járnteinum eða járngrind, ef það er lægra en öldustokkurinn á skipinu.

48. gr.

Ef skip eru ætluð til notkunar á ishöfnum að vetri til, þá er nauðsynlegt að styrkja frampart skipsins með því að hafa bandabilið minna, og skulu þau skip vera ísvarin með heitzinkuðum járnþynnum nokkuð upp fyrir og niður fyrir sjólínuna frá framstefni og að minnsta kosti aftur að miðju. Þykktin skal vera um 1/25 partur af þykkt súðarinnar. Járnið sé lagt á vel tjargaðan flóka- Ísvörn.

100 22. sept. pappa (filtpappa) og neglt með gildum nöglum, sem eigi mega þó ná inn úr súðinni, nema þar sem svo stendur á, að draga þarf plötu að henni, enda sé þá band fyrir.

49. gr.

Eldvarnir. Í vélarrúminu skal gólfið vera úr skorajárni; olíuhylkin séu afþiljuð, en með hlerum, sem auðvelt er að taka frá. Framan við olíuhylkin skal klæða veggina járnþynnum upp að þilfari og hafa auk þess bak við þær asbest, þar sem járnið annars lægi að tré. Þakið kringum útblásturspípuna og yfir glóðarhausnum skal einnig vel varið með asbestþynnum og járni, svo fullnægt sé kröfum skoðunarmanna.

Eldstæðum sé svo vel fest, að þau haggist ekki, þótt skipið leggist á hliðina. Gólfið undir og 30 sm út frá eldstæðum framanverðum sé klætt járnþynnum. Allan við í allt að 30 sm fjarlægð frá þeim skal klæða asbesti og járni, og sérstaklega sé vandað til varna gegn eldi, þar sem reykháfurinn gengur upp úr þakinu.

50. gr.

Seyming. Allur saumur og boltar í skipið skal vera heitzinkað. Stærðir, tala og fyrirkomulag skal vera samkvæmt töflu 5 og 6.

Þar sem gegnrekinna bolta er krafizt samkvæmt töflu 5, þarf ekki að láta reknagla.

51. gr.

Ýmislegt. **Tilhögun á efni.** Að framan er þess getið, að hér sé átt við eikarskip. En á slíkum skipum er það venjulegt að hafa kjölinn, súðina í botninum og jafnvel kjalbakið úr beyki, enda er það tekið gilt á skipum, sem byggð eru eftir þessum reglum. Innsúð er úr furu nema húfsýjur og bjálkasúð, sem er úr eik. Þilfarið ætíð úr vel þurri furu. Þilfarsbitar mega vera úr vel þurri, góðri furu með efnisviðauka, að minnsta kosti 20%.

52. gr.

Varnir gegn fúa o. fl. Þess skal vandlega gætt, að hvergi sé látin í skipið spýta, sem „maur“ er í. (Rauðgular rákir í eikinni bera vott um þetta, en nokkuð brúnleitari í furu og greni.) Er þetta sóttnæm sýki, sem getur valdið því, að mikill hluti af skipinu fúni á skömmum tíma, einkanlega ef skipið er smíðað úr nýhöggnu efni.

Það er nauðsynlegt, að böndin fái vel að þorna, áður en súðin, sem ávallt skal vera gufuseydd, er látin á þau. Bitar og bandaendar, hné og bjálkasúð að utan, sé allt rækilega karbólínborið og auk þess tjargað, áður en þrömin og meginþiljan eru settar á. Sömuleiðis séu bitarnir vel tjargaðir að ofan, áður en þilfarið er lagt. Þegar búið er að byrða skipið og hempa það utan, er það þrifið vel upp innan, allt tjargað rækilega, bönd og byrðingur, og þess gætt, að tjaran renni sem bezt út í hampinn gegnum rifurnar. Skútinn skal sérstaklega vel þrifinn upp og tjargaður, áður en honum er lokað ofan frá.

Með því að eik er mjög hætt við að ri[illegible] í smíðum, sérstaklega í þurru veðri úti, verður jafnóðum að bera á hana lýsi, fernis eða málningu til varnar gegn rifum, sem geta orðið þess valdandi, að vatn gangi inn í viðinn og feyi hann, auk þess sem styrkleikinn minnkar við rifurnar.

Það skal tekið fram, að leyfilegt er og sjálfsagt að „sponsa" kvisti og þess háttar skemmdir, sem ekkert standa í sambandi við sýkingu efnisins. Ber skipasmiðunum skylda til að gera greinarmun á þessu og sömuleiðis til að gæta þess, að verkið sé samvizkusamlega af hendi leyst, og sé þar sérstaklega lögð áherzla á öryggi, traustleika og endingu skipsins.

53. gr.

Undirstöður vélarinnar.

Undir vélina skal setja eikarstykki í hvert bandabil, sem nái niður á kjöl og upp að húfsýjum og neglist gegnum súðina á sama hátt og böndin. Þess skal gætt, að stykkin séu hvergi á huldu á þeim stað, þar sem festiboltar vélarinnar eða undirstaðnanna eru settir.

Langstykki, sem kemur ofan á undirfelluna, sé boltað með jafnmörgum gegnreknum boltum og vélinni er fest með. Gildleiki boltanna sé hinn sami og kjalboltanna, og skal þeim komið fyrir í ytri rönd langstykkjanna sem næst hornrétt á súðina.

Tafla I. Böi[illegible] skjólborðsstoðir.

Þverskips-vísitala B + D + ½ G	Bandabil frá miðju til miðju	Bandahæð			Bandaþykkt		Skjólborðsstoðir				
		Á kili	Við miðju húfsins	Við þröm	Botnbiti	Ömnur bandastykki	Frá miðju til miðju	Hæð	Þykkt fram og aftur	Breidd út og inn	
										Við þröm	Við öldust.
	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm
6.5 og undir 7.0	30	15	11½	8	6½	5	60	51	8	9	8
7.0 — — 7.5	30	16	12	8½	6½	5	60	52	8	9	8
7.5 — — 8.0	32	17	12½	9	6½	6	64	53	8	9½	8½
8.0 — — 8.5	33	18	13	9½	6½	6½	66	54	9	10	9
8.5 — — 9.0	33	19	13½	10	8	6½	66	55	9	10½	9½
9.0 — — 9.5	36	20	14	10½	8	8	72	56	10	11	10
9.5 — — 10.0	38	21	14½	11	9	9	76	57	11	11½	10½
10.0 — — 10.5	38	22	15	11½	9	9	76	58	11	12	11
10.5 — — 11.0	40	23	15½	12	10	10	80	59	12	12½	11½
11.0 — — 11.5	40	24	16	12½	10	10	80	60	13	13	12
11.5 — — 12.0	42	25	16½	13	11	11	84	62	13	13½	12½
12.0 — — 12.5	42	26	17	13½	11	11	84	64	14	14	13
12.5 — — 13.0	44	27	17½	14	12	12	88	66	14	14½	13½
13.0 — — 13.5	44	28	18	14½	12	12	88	68	14	15	14

Tafla II. Þilfarsbitar.

Breidd skipsins B	Þilfarsbitar[1]				
	Bitabil[2] frá miðju til miðju	Bitahæð		Bitabreidd	
		Við miðju	Við enda	Við þilfarsop	Annarsstaðar
metrar	sm	sm	sm	sm	sm
3.0 og undir 3.2	60	9½	8½	9	8
3.2 — — 3.4	60	10	9	9	8
3.4 — — 3.6	60	10½	9½	9	8
3.6 — — 3.8	65	11	10	10	8
3.8 — — 4.0	65	11½	10½	10	8
4.0 — — 4.2	70	12	11	12	10
4.2 — — 4.4	70	12½	11½	12	10
4.4 — — 4.6	70	13	12	12	10
4.6 — — 4.8	75	13½	12½	13	12
4.8 — — 5.0	75	14	13	13	12
5.0 — — 5.2	75	14½	13½	13	12
5.2 — — 5.4	75	15	14	15	13
5.4 — — 5.6	75	15½	14½	15	13
5.6 — — 5.8	75	16	15	15	13

[1]) Hér er átt við eikarbita, en séu þeir úr furu, skal auka stærðina um 1/5.

[2]) Verði langskips vísitala þannig, að 4 sm þilfar komi á 65 sm bitabil, 4¼ sm þilfar á 70 sm bitabil, eða 5 sm þilfar á 75 sm bitabil, verður að minnka bitabilið niður í lægri töluna.

Tafla III. Langviðir.

Langskipsvísitala L (B + D + ½ G)	Kjölur		Framst. og hné		Kjalbak		Bjálkasúð		Húfsýjur innan			
	Hæð	Þykkt	Breidd	Þykkt	Hæð	Þykkt	Efri	Neðri	Tala	Breidd	Þykkt	Skipslengd
	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm		sm	sm	
70 og undir 80	22	12	26	12	7	12	15×4	»	»	»	»	»
80 — — 90	23	13	27	13	8	13	16×4	»	»	»	»	»
90 — — 100	24	14	28	14	9	14	17×4	»	»	»	»	»
100 — — 110	25	15	29	15	11	15	18×5	»	1	21	5	²/₃
110 — — 120	26	16	30	16	13	16	20×5	»	1	21	5	²/₃
120 — — 130	27	17	31	17	15	17	22×6½	»	2	16	5	²/₃
130 — — 150	28	18	32	18	16	18	24×6½	»	2	18	5	²/₃
150 — — 170	29	19	33	19	18	19	18×6½	16×5	2	20	5	Öll
170 — — 190	30	20	34	20	20	20	19×6½	17×5	3	16	5	Öll
190 — 210	31	21	35	21	21	21	21×6½	19×5	3	17	6½	Öll
210 — — 230	32	22	36	22	22	22	22×8	20×5	3	18	6½	Öll
230 — — 250	33	23	37	23	24	23	24×8	22×5	3	19	6½	Öll
250 — — 270	34	24	38	24	26	24	25×8	23×6½	3	20	6½	Öll
270 — — 290	35	25	39	25	27	25	27×8	25×6½	3	21	6½	Öll

Tafla IV. Langviðir.

Langskips vísitala L (B + D + ½ G)	Húfsýjur utan				Þilfarsþykkt	Meginþiljubreidd	Kjalsýja		Súðarþykkt	Innsúðarþykkt	Öldust.		Skjólborðsþykkt	Slitkjalarþykkt
	Tala	Breidd	Þykkt	Skipslengd			Breidd	Þykkt			Breidd	Þykkt		
		sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm	sm
70 og undir 80	1	17	5	½	4	12	18	4	3¼	2½	12	4	2	4
80 — — 90	1	18	5	½	4	13	19	4	3¼	2½	13	4	2	4
90 — — 100	1	19	5	½	4	14	20	4	3½	2½	14	4	2	4
100 — — 110	1	20	5	½	4½	15	21	4½	4	3¼	14	5	2½	4
110 — — 120	1	21	5	⅔	4½	16½	22	4½	4	3¼	15	5	2½	5
120 — — 130	2	18	5	⅔	5	18	23	5	4½	3¼	15½	5	2½	5
130 — — 150	2	20	5	⅔	5	19	24	5	4½	4	16	5	2½	5
150 — — 170	2	22	6½	⅔	5	20	25	6½	5	4	16	6½	2½	5
170 — — 190	3	18	6½	⅔	6½	21	26	6½	5	4	17	6½	2½	6½
190 — — 210	3	19	6½	⅔	6½	22	26	6½	5	4	18	6½	2½	6½
210 — — 230	3	20	6½	⅔	6½	23	27	6½	6	4	19	6½	2½	6½
230 — — 250	3	21	6½	⅔	6½	24	28	6½	6	5	20	6½	3¼	6½
250 — — 270	3	22	8	⅔	6½	25	29	8	6½	5	20	8	3¼	8
270 — — 290	3	23	8	⅔	6½	26	29	8	6½	5	21	8	3¼	8

Tafla V. Boltun.

Langskipsvísitala L (B + D + ½ G)	Kjalboltar	Kjalsýja, bjálkasúð. Húfsýjur ytri og innri			Súðin utan		
	Stærð	Stærð	Endab.	Boltabil	Stærð	Endab.	Boltabil
	mm	mm	tala	bandabil	mm	tala	bandabil
70 og undir 80	13	10	1	»	»	»	»
80 — — 90	13	10	1	»	»	»	»
90 — — 100	13	10	1	»	»	»	»
100 — — 110	13	13	1	»	»	»	»
110 — — 120	16	13	1	»	»	»	»
120 — — 130	16	13	1	»	13	1	»
130 — — 150	19	13	1	»	13	1	»
150 — — 170	19	13	1	6	13	1	»
170 — — 190	19	13	1	6	13	1	»
190 — — 210	19	16	1	5	13	1	»
210 — — 230	22	16	1	5	13	1	6
230 — — 250	22	16	1	4	13	1	6
250 — — 270	22	16	1	4	16	1	6
270 — — 290	22	16	1	4	16	1	6

Hér er átt við gegnrekna heitzinkaða bolta með hnoðhring utan og auk þess innan, þar sem boltar ganga gegnum bjálkasúðina eða innri húfsýjur.

Tafla VI. Seyming.

Sýju(planka-)breidd	Tala nagla í hvert band	Tala nagla í hvert skeyti	Sýju-(planka-) þykkt	Nagla-lengd
sm	tala	tala	sm	sm
12 og undir 15	2	2	$3^1/_4$	8 og 9
15 — — 18	3	2	$3^1/_2$	9
18 — — 24	4	3	4	$10^1/_2$
24 — — 30	5	3 eða 4	$4^1/_2$	$11^1/_2$
30 — — 36	6	4 — 5	5	13
			6	$14^1/_2$
			$6^1/_2$	$15^1/_2$
			7	17
			8	$18^1/_2$

Tala og stærð reknagla í bjálkasúð, húfsýjur innan og utan, kjalsýjur, súðina utan og innan. Hér er átt við venjulega heitzinkaða, svokallaða »norska spíkara«. Sjá um seymingu.

Tafla VII. Stýri.

Vísitala S	Þvermál járnstýrisáss	Þvermál eikarstýrisáss	Lengd og þvermál stýriskróka	Þykkt lykkju í auganu	Krókur og lykkja: Hæð og þykkt við kverkina	Krókur og lykkja: Hæð og þykkt við endana	Boltastærð	Stýrisfjöður: Járnpl. með yfirbeygðri frambrún	Stýrisfjöður: Eikarplata	Svölujárn breidd og þykkt
	sm	sm	mm	mm	mm	mm	mm	mm	sm	mm
0.10 og undir 0.15	4.1	12.5	60×40	15	45×15	40× 8	13	6	7	50×13
0.15 — — 0.20	4.5	13.5	60×40	16	45×16	40× 9	13	6	8	50×13
0.20 — — 0.25	4.8	14.5	65×45	17	50×17	45×10	15	10	8	55×13
0.25 — — 0.30	5.2	15.5	65×45	18	50×18	45×11	15	10	9	55×13
0.30 — — 0.40	5.7	17.0	70×50	19	55×19	50×12	15	10	9	60×16
0.40 — — 0.50	6.2	18.5	70×50	20	55×20	50×13	$16^1/_2$	13	10	60×16
0.50 — 0.60	6.6	20.0	75×55	21	60×21	50×14	$16^1/_2$	13	10	65×16
0.60 — 0.70	7.0	21.0	75×55	22	60×22	50×15	20	13	12	65×19
0.70 — 0.80	7.3	22.0	80×60	23	65×23	55×16	20	13	12	65×19

– VÍSITALA – S –

$S = f \cdot l$





– FJÖÐUR Á JÁRNSTÝRI –

Tafla VIII. Stýrissveif og stýristaumar.

Vísitala S	Þvermál járnstýrisáss	Sveifarauga: Hæð	Sveifarauga: Þvermál utan	Þvermál eikarstýrisáss	Sveifarauga: Hæð	Sveifarauga: Þykkt á auga	Lengd á sveif frá snúningspunkti stýrisáss	Gildleiki stýrissveifar[1])	Stýriskeðja	Járnstöng
	sm	mm	mm	sm	mm	mm	sm	mm	mm	mm
0.10 og undir 0.15	4.1	41	92	12.5	41	17	55	50×30	8	10
0.15 — — 0.20	4.5	45	98	13.5	45	18	60	54×32	8	10
0.20 — — 0.25	4.8	48	103	14.5	48	19	65	58×34	9	11
0.25 — — 0.30	5.2	52	109	15.5	52	21	70	62×36	10	13
0.30 — — 0.40	5.7	57	116	17.0	57	23	75	66×39	11	14
0.40 — — 0.50	6.2	62	123	18.5	62	25	80	70×42	13	15
0.50 — — 0.60	6.6	66	129	20.0	66	27	85	75×45	13	15
0.60 — — 0.70	7.0	70	135	21.5	70	29	90	80×48	13	16
0.70 — — 0.80	7.3	73	140	23.0	73	31	95	85×51	14	18

[1]) Gildleiki stýrissveifarinnar sé mældur tveim ásþvermálum frá miðjum járnstýrisás, en einu ásþverináli frá miðjum tréstýrisás, og má hvort sem er minnka niður í $^3/_4$ við sveifarendann.

Tafla IX. Legufæri og festar.

Vísitala L (B + D) Sjá 6. og 41. gr.	Akkeri með stokk eða stokklaus: stokkurinn reiknast með			Keðjur				Vír		Kaðall	
				Lengd		Þvermál					
	1.	2.	3.	1.	2.	1.	2.	Lengd	Ummál	Lengd	Ummál
	kg	kg	kg	m	m	mm	mm	m	mm	m	sm
40 og undir 45	75	»	»	82	»	14	»	»	»	25	10
45 — — 50	75	50	»	82	55	13	13	»	»	30	10
50 — — 60	75	75	»	82	55	14	14	»	»	35	11
60 — — 70	100	75	»	82	55	14	14	»	»	40	11
70 — — 80	100	100	»	82	55	16	16	»	»	45	12
80 — — 90	125	100	»	82	55	16	16	»	»	50	12
90 — — 100	125	125	»	82	55	17	17	110	51	30	13
100 — — 110	150	125	»	82	82	17	17	110	51	35	13
110 — — 120	150	150	»	110	82	19	19	110	51	40	14
120 — — 130	175	150	50	110	82	19	19	165	57	45	14
130 — — 140	175	175	50	110	82	21	21	165	57	50	15
140 — — 150	200	175	50	110	110	21	21	165	57	55	15
150 — — 170	225	200	75	137	110	22	22	165	64	60	16
170 — — 190	250	225	75	137	110	25	25	165	64	65	16
190 — — 210	275	250	75	137	110	25	25	165	64	70	18
210 — — 240	300	275	75	137	137	25	25	165	64	75	18

100
22. sept.



100
22. sept.



100
22. sept.


MIÐBAND.
½ B
ÖLDUSTOKKUR
SKJÓLBORÐSSTOÐ
SKJÓLBORÐ
ÞILFAR
MEGINÞILJA
PRØM
ÞILFARSBITI
BJALKASÚÐ
BJALKASÚÐ
INNSÚÐ
BJARGSÝJUR
½ S BR
½ G
D
HÚFSÝJUR INNAN
KJALBAK
INNSÚÐ
RÆSISLOK
HÚFSÝJUR UTAN
RÆSI
BOTNSÝJUR
KJØLUR
½ B
SLITKJØLUR

100 22. sept.

Reglur þessar taka aðeins til þeirra skipa, er getur í 1. gr. og kjölur er lagður að eftir 1. júlí 1937.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

101 23. sept.

REGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til þess að standast hið minna og meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Fjögurra mánaða deild í minnsta lagi undir hið minna fiskimannapróf.
2. Tveggja ára deild undir hið meira fiskimannapróf.
3. Þriggja ára deild undir farmannapróf.
4. Sérstök deild undir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins, og gangi nemendur í hana a. m. k. fjóra mánuði, eftir að þeir hafa lokið farmannaprófi.

Fyrsta ár námstímans fer kennslan fram í einu lagi fyrir þá nemendur, sem um ræðir í 2., 3. og 4. lið þessarar greinar.

3. gr.

Hverri kennsludeild skal skipta, ef þörf krefur, í kennslubekki. Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur.

Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

II. KAFLI
Um kennsluna.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og leikfimi, auk þeirra fræðigreina, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur atvinnumálaráðuneytið með prófreglugerð.

III. KAFLI
Um inntöku nemanda og burtför úr skóla.

6. gr.

Inntökubeiðni nýsveina í skólann skal vera skrifleg og komin til skólastjórans eigi síðar en 1. september. Beiðninni skulu fylgja vottorð um þau atriði, er um getur í 7. gr., og vottorð um siglingatíma samkv. 8. gr.

7. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
2. Að kunna sund.
3. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemöndum skaðvænn.
4. Að hafa óflekkað mannorð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í skólann, ber innsækjanda að leggja fram vottorð um þann siglingatíma, sem krafizt er í gildandi lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta fengið það stýrimannsskírteini, er prófið veitir.

Þó má þá, sem ætla að taka hið meira fiskimannapróf, vanta allt að 5 mánaða siglingatíma, eftir atvikum, og þá, sem ætla að taka farmannapróf, allt að 10 mánaða siglingatíma, en lagt skal fram vottorð um fullnægjandi siglingatíma, áður en gengið er undir burtfararpróf.

Til þess að verða tekinn í deild þá, sem býr menn undir skipstjórapróf á varðskip ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægra en meðaleinkunninni 6.

Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók.

Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

101 23. sept.

9. gr.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið, eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Úr fyrsta bekk fiskimannadeildar og tveim fyrri bekkjum farmannadeildar má leyfa nemöndum að fara úr skólanum seinni part vetrar, vegna brýnna ástæðna, en þó eigi fyrr en 1. febrúar.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í annan bekk hins meira fiskimannaprófs, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Um kennara skólans.

10. gr.

Kennarar skólans eru:

1. Fastir kennarar: skólastjóri, aðstoðarkennari í siglingafræði og tungumálakennari.
2. Stundakennarar, eftir þörfum, er atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt tillögum skólastjóra.

11. gr.

Skólastjóri skal hafa 15 klukkustunda kennsluskyldu á viku, og aðrir fastir kennarar 24 klst. kennsluskyldu á viku.

12. gr.

Eftir atvikum má í samráði við vélskólann skipta tungumálakennslu þess skóla og stýrimannaskólans milli tungumálakennara skólanna þannig, að hvor tungumálakennarinn kenni það eða þau tungumál í báðum skólunum, sem hann er færari í.

13. gr.

Allir kennarar skólans eiga af fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann og láta sér annt um, að kennslan nái tilgangi sínum. Kennurum ber jafnan að vera komnir í skólann, áður en kennslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust inn í sína kennslustofu, þegar inn er hringt.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

14. gr.

Skólastjórinn hefir á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum, og hafa á hendi reikningshald skólans og eftirlit með viðhaldi hans, ræstingu o. s. frv.

Við hver áramót skal skólastjóri senda ráðuneytinu aðalreikning með fylgiskjölum yfir það, sem skólinn hefir notað umliðið ár. 101 23. sept.

Að afloknum burtfararprófunum skal skólastjóri senda ráðuneytinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kennsluna og prófin.

15. gr.

Skólastjórinn skal sjá um, að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, athuganabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Um nemendur skólans.

16. gr.

Nemendur eiga í kennslustundum, sem utan þeirra, að sýna kennurum sínum virðing og hlýðni.

17. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum afsakanirnar eru byggðar, sé eigi sent læknisvottorð.

18. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu eða neyta þar matar. Reykingar eru stranglega bannaðar.

19. gr.

Valdi nemandi skemmdum á kennsluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

20. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar, til að styðja að reglu og aga í skólanum.

21. gr.

Brjóti nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir.

Telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fullt og allt, skal til þess fengið leyfi ráðuneytisins.

101
23. sept.

VII. KAFLI
Um kennslutíma og leyfi.

22. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

23. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk vera allt að 36 kennslustundir. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en hlé milli kennslustunda 10 mín. Skólastjóri semur stundatöflu fyrir hvert skólaár og leggur hana undir úrskurð atvinnumálaráðuneytisins.

24. gr.

Skipting tímans á viku milli námsgreinanna:

Námsgreinir.	Nemandadeild undir hið minna fiskimannapróf	Nemendur til hins meira fiskimannaprófs og farmannaprófs. Fyrsti bekkur	Síðari bekkur nemanda hins meira fiskimannaprófs	Farmannaprófsnemendur Annar bekkur	Farmannaprófsnemendur Þriðji bekkur	Nemandadeild skipstjóraefna á varðskipum
Stærðfræði	5	12	3	3	3	„
Siglingafræði	16	3	12	11	11	„
Íslenzka	4	4	4	3	3	„
Danska	„	4	3	2	2	„
Enska	„	3	3	3	3	3
Þýzka	„	4	„	3	2	3
Sjóréttur	2	„	2	2	1	„
Heilsufræði	2	1	1	1	1	„
Bókhald	„	1	1	1	1	„
Viðskiptafræði	„	„	1	1	1	„
Eðlisfræði	„	1	1	1	1	„
Vélfræði	„	„	2	2	2	„
Landafr. og veðurfr.	„	„	„	1	1	„
Sjómennska	7	4	3	3	3	„
Stórskotafræði	„	„	„	„	„	5
Ljósfræði	„	„	„	„	„	1
Mælingafræði	„	„	„	„	„	2
Alþjóðaréttur	„	„	„	„	„	2
Alþjóðamerki	„	„	„	„	„	4
Líkamsæfingar	„	1	1	1	1	3
Samtals á viku	36	38	37	37	36	23

Ennfremur er öllum fiskimannaprófsnemöndum og farmannaprófsnemöndum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjóvinnufræði tvisvar á mánuði. Þessir nem-

endur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháska, eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði. 101 23. sept.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hverrar deildar, ef þess er þörf.

25. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. 1. desember.
2. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
4. Sumardagurinn fyrsti.
5. Mánaðarfrí, einn dag í október, nóvember, febrúar og marz, og skal sá dagur valinn í samráði við skólastjóra annara opinberra skóla í Reykjavík.

VIII. kafli.

Um skólalækni o. fl.

26. gr.

Heilsufræðikennari stýrimannaskólans er læknir skólans og hefir hann eftirlit með, að fullnægt sé fyrirmælum um hreinlæti og allt, sem lýtur að almennum heilbrigðismálum við skólann.

Læknir þessi skal og skoða nemendur skólans samkvæmt 27. gr.

27. gr.

Heilsufræðikennarinn skal athuga alla nýsveina skólans, hvort þeir séu haldnir af nokkrum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemöndum skaðvænn, svo og, hvort heyrn og málfæri sé eins fullkomið og nauðsynlegt er fyrir skipstjóra og stýrimenn.

28. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hagað, og hvað útheimtist til að standast þau. Það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð um sama efni 24. september 1924 er úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

102
23. sept.

REGLUGERÐ

um námsskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um námsskeið, er veita þá fræðslu, sem þarf, til þess að standast hið minna fiskimannapróf:

I. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Námsskeið til undirbúnings minna fiskimannaprófsins skal haldið annaðhvort ár á 2 stöðum utan Reykjavíkur. Þessir staðir eru: Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar.

Það árið, þegar ártalið er jöfn tala, skal halda námsskeið í Vestmannaeyjum og á Akureyri, en hitt árið, oddatöluárið, á Ísafirði og í Neskaupstað.

Heimilt er að halda samskonar námsskeið víðar, þegar sérstakar ástæður mæla með.

Námskeiðin skulu haldin frá byrjun október og eigi skemur en til janúarloka.

Heimilt er að hafa námskeið á öðrum árstíma, en jafnan skulu þau standa yfir að minnsta kosti 4 mánuði.

2. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík ræður siglingafræðikennara námsskeiðanna. Skal heimilt að ráða hvern kennara fyrir tvö námsskeið — til fjögurra ára —. Skal skólastjórinn auglýsa starf þetta eigi síðar en í maímánuði, og skal umsókn um það vera komin honum í hendur eigi síðar en í júlílok. Hann skal og á sama hátt ráða kennara í sjómennsku.

3. gr.

Aðra kennara námsskeiðsins ræður bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar í samráði við kennarann í siglingafræði. Hún skal og útvega hæfilegt og gott húsnæði fyrir námsskeiðið.

4. gr.

Nú sækja svo margir námsskeiðið, að siglingafræðikennarinn þarf aðstoðarkennara, og úrskurðar þá skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík, hverjum skuli falin aðstoðarkennslan.

5. gr.

Ekkert námsskeið verður haldið, ef þátttakendur eru færri en 5.

6. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði á námsskeiðin:

1. Að hafa verið háseti eftir 16 ára aldur 36 mánuði á skipi yfir 15 rúmlesta, *eða* verið formaður á skipi yfir 10 rúml. 12 mánuði og auk þess háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúml. 12 mánuði.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið getur öðrum nemöndum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

Vottorð um þessi atriði skal afhenda siglingafræðikennara námsskeiðsins. Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók. Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

7. gr.

Kennslustundir á viku eru þessar:

Stærðfræði skrifleg og munnleg	5	stundir.
Siglingafræði munnleg og skrifleg	16	—
Íslenzka munnleg og skrifleg	4	—
Sjóréttur munnl.	2	—
Hjúkrunarfræði munnl.	2	—
Sjómennska munnl. og verkleg	7	—
Samtals á viku	36	stundir.

Ennfremur er nemöndum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjóvinnufræði tvisvar á mánuði.

Siglingafræðikennari námsskeiðsins semur stundatöflu, er farið skal eftir.

8. gr.

Námsskeiðið endar með burtfararprófi.

Prófdómendur við það skulu vera 3, siglingafræðikennari námsskeiðsins og 2 siglingafróðir menn aðrir, er atvinnumálaráðuneytið skipar samkvæmt tillögum skólastjóra stýrimannaskólans. Skal annar þeirra vera formaður prófnefndar. Báðir þessir menn skulu, þegar því verður við komið, vera dómendur við öll fiskimannapróf utan Reykjavíkur, en ráðuneytið getur þó skipað aðra prófdómendur við einstök próf, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn ber til. Prófdómendur skulu tiltaka öll prófverkefni.

9. gr.

Prófið er skriflegt, verklegt og munnlegt.

Við skriflega prófið mega ekki aðrir vera viðstaddir en prófsveinar og hinir 2 skipuðu prófdómendur.

Við verklega prófið mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófdómendur, kennari og prófsveinninn, sem prófaður er.

102 Munnlegt próf skal halda í heyranda hljóði; þó má víkja frá þessu í sér-
23. sept. stökum prófgreinum.

10. gr.

Við skriflegt próf fá allir prófsveinar sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blað, en vera má verkefnið í fleiri liðum en einum.

Tekið skal fram, hve margar einkunnir séu gefnar og hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn fá.

11. gr.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vikið frá prófi, og skal svo álitið, að hann hafi eigi staðizt prófið.

12. gr.

Nú gengur prófsveinn frá prófi og kennir sjúkleik um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið veikur, og má þá prófa hann í því, sem hann var óprófaður í, jafnskjótt og því verður við komið, í sama prófi.

13. gr.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur formaður prófnefndar vikið honum frá prófinu.

14. gr.

Prófsveinar skulu prófaðir eftir stafrófsröð. Ef tveir eða fleiri hafa sömu nöfn og feðraheiti, skal aldur ráða, og skal sá eldri prófaður fyr.

Við munnlegt og verklegt próf dregur hver prófsveinn sínar spurningar. Þær skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og má aðeins eitt verkefni vera á hverjum seðli.

15. gr.

Áður en próf byrjar, skal prófnefndin semja próftöflu, er skal undirrituð af prófnefndinni og fest upp á prófstaðnum, áður en prófið byrjar. Skulu prófdómendur og prófsveinar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

16. gr.

Fyrir svör við hverri spurningu um sig skulu prófdómendur gefa einhverja af tölum þeim, sem hér segir: 8, 7⅔, 7⅓, 7, 6⅔, 6⅓, 6, 5⅔, 5⅓, 5, 4⅔, 4⅓, 4, 3⅔, 3⅓, 3, 2⅔, 2⅓, 2, 1⅔, 1⅓, 1, 0.

II. KAFLI

Prófkröfur.

17. gr.

Til hins minna fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna og um einföldustu atriði flatarmálsfræðinnar. Þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að nota þá.

Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum. Að finna óþekkta tölu í hlutfallslíkingu. Þekking á beinum og bjúgum línum, hringum og línum þeirra, flatarmáli hrings, þríhyrnings og ferhyrnings.

Siglingafræði (munnleg og skrifleg):

1. *Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd, kompáslínum og kompásstrikum.*

   Skyn á miðjarðarbaug, jarðarás, jarðskautum, lengdarbaugum, breiddarbaugum, lengd, breidd, breiddarmun, lengdarmun, afviki, kompáslínum og kompásstrikum.

2. *Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum; skyn á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.*

   Grein á segulmagni, segulnál, hinum ýmsu hlutum kompássins og mismunandi kompástegundum, misvísun og misvísunarlínum, halla og hallalínum, segulskekkju og helztu orsökum hennar, hvernig hún verði fundin af stefnum og miðunum á sjókortum, á segulskekkjutöflum og stýristöflum og notkun þeirra. Þekking á skriðmæli og vegmæli og hlutum þeirra, á grunnlóði og djúplóði og notkun allra þessara áhalda.

3. *Skyn á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.*

   Grein á aðalreglum um gerð sjókorta eftir Mercatorsaðferð, mælikvörðum þeirra og línum, hvað standa eigi á sjókortum og hvernig þau eru notuð.

4. *Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu.*

   Þekking á tilgangi skipsdagbókar, hvað og hversu í hana skuli ritað; að finna stefnu og hraða straumsins með athugunum jarðlægra hluta; að geta fundið þann stað, er halda á til, þegar sá staður, sem siglt er frá, er kunnur, og stefnur þær og vegalengdir, er farnar hafa verið; að marka stað skipsins á kortið með miðum, miðunum og hornmælingum; að finna þá stefnu á kortinu, sem halda á, og leiðrétta þá stefnu fyrir straum og öðrum áhrifum á hana, svo að fundin verði sú stefna, sem stýra á eftir

102 23. sept.

áttavitanum, að finna þá vegalengd, er halda skal, og hve langt um líði, þangað til komizt verði til ákveðins staðar.

5. *Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.*

Til þess skal nota sjávarfallatöflur og flóðmun eða flóðbið.

6. *Að kunna að nota sextant, til þess að geta fundið stað skips með jarðlægum athugunum.*

Grein á helztu hlutum sextantsins, skiptingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna og hvernig hún er athuguð og lagfærð, á markréttingu og hvernig hún finnst, á mælingu horna milli jarðlægra punkta.

Sjómennska (munnleg og verkleg):

Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.

Þekking á reglum þeim, sem fylgja ber til að forðast ásiglingu, og á ljósum þeim, sem skipum ber að hafa undir ýmsum kringumstæðum, svo og að kunna að nota almenn bjargtæki við björgun úr sjávarháska.

Skyn á hirðingu og meðferð á skipum, reiða, seglum, siglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur; enn fremur meðferð og hirðing veiðarfæra.

Skyn á, hve þýðingarmikil er góð hirðing og meðferð á skipum og öllu, sem þar að lýtur, og hvernig hún er framkvæmd; samsetning kaðla og víra, vafning kaðla og víra, skyn á ýmiskonar talíum og hve margfaldan kraft þær gefa, á ýmiskonar nauðsynlegum hnútum, vafningum og brögðum; notkun rekakkera, olíu og öryggislína, neyðarstýris, á bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, á umbúnaði lestaropa á legufærum og hvernig leggja beri skipi fyrir 2 akkerum og vetrarlægi (mooring), notkun bjargbelta og bjarghringa, útsetning og inntaka báta, á björgun manns, er dettur útbyrðis; á helztu grundvallaratriðum í seglasaum og að geta annazt smáviðgerðir á seglum.

Skyn á, hvernig fara eigi yfirleitt með ýmiskonar veiðarfæri, bæði í notkun og þegar þau eru ekki í notkun, og hvaða þýðingu litun, börkun eða tjörgun hefir á endingu þeirra.

Nemöndum er og skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er til stöðu þeirra heyra.

Sjóréttur (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipverja.

Þekking á helztu íslenzkum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðunum til að vera skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri, og á réttindum og skyldum þeirra á skipinu; á valdi og ábyrgð skipstjóra á eigin gerðum og

gerðum skipverja, réttindum og skyldum þeirra á skipinu og á ráðningu skipverja. **102** 23. sept.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að geta veitt algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og við algengustu kvillum. Að kynnast sóttvarnarreglum, sem skipinu er skylt að hlýða.

Nauðsynleg þekking á að nota þau lyf og tæki, sem lyfjakista skipsins hefir.

III. KAFLI

Einkunnir og skilyrði fyrir að standast prófið. Fyrirmynd prófvottorðs o. fl.

18. gr.

Við minna fiskimannaprófið skulu gefnar 13 einkunnir, sem sé:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn 1
– siglingafræði: 4 einkunnir fyrir 2 skrifl. og 2 munnl. úrlausnir 4
– sjómennsku: 3 einkunnir fyrir 2 munnlegar úrlausnir — önnur þeirra í siglingareglum — og 1 einkunn fyrir verklega úrlausn 3
– íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn 2
– sjórétti: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn 1
– hjúkrunarfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn 1
– ritleikni: 1 einkunn 1

19. gr.

Til þess að standast prófið útheimtist:

Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 5.

Í íslenzku og siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 4.

Meðaleinkunn minnst 4.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 104 stig, en til þess að standast prófið, þarf 52 stig.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin ..... 7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin ..... 6—7
2. — — — ..... 5—6
3. — — — ..... 4—5

20. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefir staðizt, fær prófskírteini, er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skal það gefið út eftir þessari fyrirmynd:

N. N. (fullt nafn)
fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og ár)
hefir staðizt
hið minna íslenzka fiskimannapróf,
en til þess útheimtist:

102 (Hér skal talið það, sem útheimtist samkv. 5. gr. í lögum nr. 100, 23. júní
23. sept. 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.)

og hlotið þessar einkunnir:

Í stærðfræði	„	stig
– skriflegri siglingafræði	„	—
– munnlegri siglingafræði	„	—
– siglingareglum	„	—
– sjómennsku	„	—
– íslenzku	„	—
– sjórétti	„	—
– hjúkrunarfræði	„	—
– ritleikni	„	—
Aðaleinkunn	„	stig

(Hæsta aðaleinkunn er 104 stig, en til þess að standast prófið, þarf 52 stig.)
Dagsetning og undirskrift prófnefndar.

21. gr.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í bók, sem ráðuneytið löggildir, og geymist sú bók hjá bæjarfógeta kaupstaðarins, þar sem prófið er haldið. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers þeirra, sem prófaðir voru, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, og frá einkunnum þeim og aðaleinkunn, er gefin var hverjum við prófið. Inn í prófbókina skal færa öll skrifleg verkefni og yfir höfuð ýtarlega skýrslu um prófið. Skal formaður prófnefndar sjá um, að bókin sé rétt færð.

Bók þessi skal undirrituð af öllum, sem einkunnir gáfu í prófinu.

Prófvottorðin skulu undirrituð af prófnefndinni.

22. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur skulu færa inn í sérstaka bók, sem ráðuneytið löggildir til þess, eftirrit af öllum prófum, sem þeir halda utan Reykjavíkur. Bók þessa skulu þeir hafa með sér, þegar þeir eru í prófferðum. Þess á milli skal hún geymd af skólastjóra stýrimannaskólans.

23. gr.

Öll nauðsynleg áhöld til notkunar við kennslu í siglingafræði greiðir ríkissjóður, svo og allan kostnað við námsskeiðin, þar með talið nauðsynlegt efni til notkunar við kennslu í verklegri sjómennsku.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð um sama efni, 24. nóvember 1922, er úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

103
29. sept.

fyrir vélskólann í Reykjavík.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 71, 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir vélskólann í Reykjavík.

I. KAFLI

Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir hið minna vélstjórapróf, hið meira vélstjórapróf, rafmagnspróf fyrir vélstjóra og rafmagnspróf fyrir rafvirkja.

Skólinn starfar í þrem deildum:

1. Minni vélstjóradeild.
2. Meiri vélstjóradeild.
3. Rafmagnsdeild fyrir vélstjóra og rafvirkja.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

2. gr.

1. Inntökuskilyrði í minni vélstjóradeild:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina samkvæmt reglugerð skólans,
   b. að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám á vélaverkstæði, sem rétt hefir til þess að kenna vélnemum, 3 ár eða verið vélstjóri með undanþágu á eimskipi með meira en 50 hestafla vél 3 ár, áður en lög þessi öðlast gildi,
   c. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
   d. að hann hafi óskert mannorð,
   e. að hann kunni sund.
2. Inntökuskilyrði í meiri vélstjóradeild:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan eða æðri skóla í þeim greinum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins,
   b. að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám 4 ár á vélaverkstæði, sem réttindi hefir til að kenna vélnemum,
   c. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.

103 29. sept.

d. að hann hafi óskert mannorð,
e. að hann kunni sund.

3. Inntökuskilyrði í 1. bekk rafmagnsfræðideildar:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan skóla eða æðri í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings skólanámsins,
   b. að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað rafvirkja- eða rafvélavirkjanám 4 ár hjá rafvirkja- eða rafvélavirkjameistara, sem réttindi hefir til að kenna þá iðn,
   c. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
   d. Að hann hafi óskert mannorð.
4. Inntökuskilyrði í 2. bekk rafmagnsfræðideildar:
   a. Að nemandinn hafi staðizt 1. bekkjar próf deildarinnar eða hið meira vélstjórapróf skólans,
   b. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
   c. að hann hafi óskert mannorð.

3. gr.

Beiðni um inngöngu í vélskólann sendist formanni skólans. Það skal vera eiginhandarumsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins. Inntökubeiðninni skulu fylgja vottorð um þau skilyrði, sem talin eru í 2. gr.

Forstöðumaður sendir stjórnarráðinu inntökubeiðnirnar og skýrir jafnframt stjórnarráðinu frá því, hvort áskilin vottorð umsækjanda séu til hans komin í lagi.

4. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. degi desember til 4. dags janúarmánaðar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag og til 3. í páskum, að báðum þessum dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti, öskudagur og 1. desember.
4. Sumarleyfi er frá afloknu burtfararprófi til 30. september.
5. Mánaðarleyfi: Í þeim mánuðum, er enginn af ofangreindum leyfisdögum er í, getur skólastjóri veitt eins dags leyfi.
6. Á milli hverra samliggjandi kennslustunda skal vera 10 mínútna hlé. Matmálstími er frá 12 til 13,10.

5. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi, áður en kennslustundir byrja.

2. Geti lærisveinn eigi sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni skólans það. **103** 29. sept.

Geti lærisveinninn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir tvo daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.

3. Í frímínútum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofunum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alstaðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skipti lærisveinn um bústað, ber honum að tilkynna forstöðumanni skólans það.
8. Skyldur er nemandi að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
9. Brjóti nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða aðra nemendur skólans eða gagnslaust fyrir lærisveininn sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið leyfi kennslumálaráðuneytisins.

6. gr.

Forstöðumaður skólans skal hafa á hendi alla umsjón með honum, annast útvegun á öllu því, er skólinn þarfnast. Hann skal og ráða aðstoðarkennara og stundakennara í samráði við kennslumálaráðuneytið, skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar og semja stundatöflu, er stjórnarráðið samþykkir fyrir hvert skólaár.

7. gr.

Öll nauðsynleg áhöld, sem nota þarf við kennsluna í skólanum, leggur skólinn til, en sjálfir skulu lærisveinar kosta bækur þær og áhöld, sem þeir þurfa við námið.

8. gr.

Forstöðumaður skal rita í bók, sem til þess verður útveguð, nöfn, fæðingarstað og dag og ár þeirra lærisveina, sem koma í skólann. Í bókinni skal og geta þeirra, sem próf taka, og prófeinkunna þeirra; ennfremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr skólanum, er fara kynnu úr honum af einhverjum ástæðum án þess að ljúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávallt geymd í vélskólanum.

9. gr.

Að afloknum prófum skal forstöðumaður senda stjórnarráðinu greinilega skýrslu um kennsluna og prófið, ennfremur leggja fram reikninga með fylgiskjölum.

103
29. sept.

10. gr.

Kennslustundir á viku hverri skulu vera, sem hér segir:

Námsgreinir	Minni vélstjóra-deild	Meiri vélstjóradeild Fyrri vetur	Meiri vélstjóradeild Síðari vetur	Rafmagnsdeild Fyrri vetur	Rafmagnsdeild Síðari vetur
Íslenzka	6	5	3	5	0
Danska	0	3	2	3	0
Enska	0	3	2	0	0
Þýzka	0	3	2	4	2
Stærðfræði	8	8	6	9	0
Eðlisfræði	4	4	4	6	0
Eimvélafræði	11	3	6	4	2
Mótorfræði	1	3	6		
Burðarþolsfræði	0	0	1	0	0
Vélateikning	0	3	3	4	0
Rafmagnsteikning	0	0	0	0	4
Hjúkrunarfræði	0	1	1	0	0
Bókhald og viðskiptafræði	0	1	1	2	0
Líkamsæfingar	0	1	1	1	1
Bókleg rafmagnsfræði	0	0	0	0	18
Verkleg rafmagnsfræði	0	0	0	0	6
Efnis- og áhaldafræði	0	0	0	0	2
Ljósfræði	0	0	0	0	2
Reglur, öryggis- og hjúkrunarfr.	0	0	0	0	1
Samtals	30	38	38	38	38

II. KAFLI

Um prófin.

11. gr.

Prófin skulu haldin í skólanum, og eru þau opinber.

Inntökupróf í byrjun október ár hvert.

Hið minna vélstjórapróf síðustu daga janúarmánaðar ár hvert.

Hið meira vélstjórapróf, áður en sumarleyfi byrjar ár hvert.

Próf í rafmagnsfræði, áður en sumarleyfi byrjar ár hvert.

Inntökupróf í hina minni vélstjóradeild skal haldið í íslenzku og reikningi, og þarf til þess að standast það:

í íslenzku að geta skrifað eftir upplestri (diktat) ritvillulítið.

í reikningi að þekkja hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum og að þekkja metrakerfið.

Önnur inntökupróf í skólann skulu jafngilda iðnskólaprófi að teikningu undanskilinni.

12. gr. 103

Sá, sem óskar að ganga undir próf, skal senda umsókn um það til forstöðu- 29. sept.
manns skólans, stílaða til kennslumálaráðuneytisins. Sé hann eigi lærisveinn skólans, skal umsóknin vera komin til forstöðumanns skólans eigi síðar en tveim mánuðum fyrir próf, og skulu fylgja beiðninni vottorð um, að hann uppfylli kröfur þær, sem settar eru í 2. gr. um inntöku í þá deild, sem um er að ræða, og auk þess vottorð um þann undirbúning, sem hann hefir fengið. Hafi hann gengið undir próf áður í sömu greinum, skal þess getið í umsókninni.

13. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í prófstofunum og hafa með sér öll nauðsynleg teikniáhöld, skriffæri, mælistiku og logaritmatöflu. Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins sitt tölunúmer, sem hann hefir, meðan prófið stendur yfir.

14. gr.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg og burtfararpróf í rafmagnsfræðideild einnig verklegt. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðuneytið skipar í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir aðrir. Skal annar þeirra hafa æðri vélfræðilega þekkingu, og skal hann vera formaður prófnefndar; hinn skal vera vélstjóri, sem siglt hefir sem yfirvélstjóri á verzlunarskipum eða varðskipum ríkisins.

Auk þess skipar ráðuneytið tvo menn prófnefndinni til aðstoðar, annan til þess að dæma um kunnáttu prófsveina í tungumálum, en hinn til þess að dæma um kunnáttu þeirra í rafmagnsfræði. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf.

15. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka prófverkefnin.

Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmi um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum.

16. gr.

Hin skriflegu verkefni skulu lögð fram til athugunar á prófnefndarfundi fyrir prófið. Sama verkefni fá allir þeir prófsveinar, sem á sama degi eru í sama úrlausnartíma. Þetta gildir þó ekki um verkefni í vélateikningu.

Hvert verkefni að undanskilinni teikningu og stílum skal innihalda tvö eða fleiri minni dæmi í sömu fræðigrein.

Á verkefnisseðlunum sé tekið fram, hve langur tími sé veittur til að svara. Verkefnin skulu undirrituð af prófnefndinni.

Efst á uppkasts- og hreinskriftarpappír þeim, sem notaður er við skriflegu verkefnin, skrifar prófsveinn nafn sitt og tölunúmer, einnig númer verkefnisins.

103 29. sept.

Aðeins þann pappír, sem stimplaður er með stimpli vélskólans, má nota.

Hinar hreinskrifuðu úrlausnir verða að vera skýrt skrifaðar og undirskrifaðar af prófsveini, áður en hann afhendir þær, en eftirlitsmaðurinn ritar á þær, hve nær afhendingin fór fram.

Úrlausn verkefnisins verður dæmd eftir hinu hreinskrifaða skjali; á það verður að skrifa allan útreikning til skýringar á verkefninu.

Þær teikningar, sem heimtaðar verða, skulu vandlega gerðar, og ef þörf þykir, skal þeim fylgja stutt lýsing.

Án sérstaks leyfis mega prófsveinar ekki hafa kennslubækur eða önnur slík hjálpartæki með sér inn í prófstofuna.

17. gr.

Munnlegu spurningarnar skulu tilteknar af hinum skipuðu prófdómöndum í samráði við hlutaðeigandi kennara og skrifaðar á seðla tveimur fleiri en prófsveinar eru.

Hver prófsveinn dregur sínar spurningar eftir röð.

18. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanna.

Álíti prófsveinn, að fyrir hann sé lagt verkefni, sem eigi má krefjast til prófsins, þá skal hann því viðvíkjandi snúa sér til þess manns, er prófar, eða til einhvers úr prófnefndinni.

19. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tiltekinni stundu, er auglýst verður á próftöflu, er fest sé upp í prófstofunni.

Mæti prófsveinn ekki á réttum tíma eða fari án leyfis úr þeim stað, er honum var vísað til, má vísa honum burt frá prófinu.

Í prófstofunni mega prófsveinar ekki tala saman.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp eða hjálpi öðrum, skal honum vísað frá prófi, og skal þá svo álitið, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi og kenni sjúkleik um, en sannar síðan með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, þá ber að líta svo á, sem hann hafi eigi gengið undir prófið; þó má prófa hann sérstaklega síðar í prófinu, jafnskjótt og því verður við komið, og eru þá fyrri svör hans við verkefnum fullgild.

Geti hann þar á móti ekki sannað, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir brottveru sinni frá prófinu, skal álitið, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

20. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndarinnar, að prófsveinninn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið hann frá því.

21. gr.

Við skriflega prófið mega engar teikningar, myndamót eða önnur kennsluáhöld vera í prófstofunni, og aðeins prófdómendur eða þeir eftirlitsmenn, sem aðstoða þá, mega ganga um eða vera í prófstofunum í úrlausnarstundunum.

Að lokinni úrlausn skriflegra verkefna, mega prófsveinar eigi vera inni í prófstofunni.

Við munnlegt próf má aðeins sá prófsveinn, sem verið er að prófa, vera í prófstofunni.

Verði eitthvað af tækjum skólans eða eiganda prófstofunnar fyrir skemmdum af völdum prófsveins, ber honum að greiða fullar skaðabætur fyrir eftir mati oddvita prófnefndar.

22. gr.

Tveir listar yfir hinar gefnu einkunnir við prófin skulu skrifaðir af prófnefndinni; aðallistinn skal undirskrifaður af prófnefndinni að afloknu prófi; afritið skal, eftir að prófdómendurnir hafa komið sér saman um einkunnirnar, fest upp á einhverjum þeim stað, er prófsveinar geta séð einkunnir sínar.

Að afloknu prófi skrifa prófdómendur hinar gefnu einkunnir, er hver prófsveinn hefir hlotið, í þar til gerða prófbók, er geymd skal í stjórnarráðinu, en vélskólinn fær afrit af henni, er geymt skal í skólanum.

Í þessa prófbók skal skrifa nöfn prófsveina, fæðingarstað og dag og ár, einnig hin skriflegu verkefni.

Prófbókin skal undirrituð af prófnefndinni.

23. gr.

Til hins minna vélstjóraprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt. Lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, ennfremur einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar; ennfremur í rúmmálsfræði að geta reiknað út ferstrending og sívalning.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, dælum, seltumælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum vatnsgufunnar, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv., rafmagni og segulmagni.
4. Í vélfræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra, samsetningu og efni, eimkötlum, smíði þeirra og efni, hirðingu eimvéla og katla, hestöflum eimvéla, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, stillingu vélanna, viðhaldi og eftirliti, hjálparvélum skips og vélar, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, aðalpörtum skips og skiptingu

103

29. sept.

103 29. sept. þess í vatnsþétt hólf, ryði og tæringum og vörnum gegn því, grundvallaratriði mótora með tilliti til mótora í bjargbátum.

24. gr.

Til hins meira vélstjóraprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega rithönd skýrt og nokkurn veginn rétt.

   Að geta lesið kafla úr íslenzkri bók og endursegja hann og skýra helztu málfræðiatriðin, sem fyrir koma í honum.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt kafla úr danskri bók, vélfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sama kunnátta sem í dönsku.
4. Í þýzku: Sama kunnátta sem í dönsku.
5. Í stærðfræði:
   a. Í reikningi: Að kunna hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, þríliðu, prósentu- og rentureikning, veldi, rót og logaritma, að geta leyst líkingar af fyrstu gráðu með einni og tveim óþekktum stærðum.
   b. Í flatarmálsfræði: Þekking á afstöðu beinna lína hvorrar til annarar, hringum, hornum, marghyrningum, á reglum um hliðar og horn þríhyrninga og samsíðunga, á samfalla og einslaga þríhyrningum, réttþyrndum þríhyrningum, útreikningi flatarmáls og hinu réttþyrnda koordinat-kerfi. Enn fremur að geta gert einfaldar flatarmálsteikningar og þekkja almenn hjálpartæki til þess.
   c. Í rúmmálsfræði: Þekking á afstöðu beinnar línu til flata og flata hvors til annars, þrístrendingi, strýtu, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Enn fremur þekking á flatarmáli og yfirborði þessara hluta og rúmtaki þeirra.
   d. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.
6. Í eðlisfræði: Þekking á hinum almennu eðlisfræðilegu eiginleikum hlutanna, hreyfingu og jafnvægi fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, samsetningu og sundurliðun afla, vinnu og afli, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, skáborði, dragreipi o. s. frv., enn fremur á helztu lögmálum hitafræðinnar, hita og dreifingu hans, útþenslu hlutanna við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti og brennslu, segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna. Ennfremur þekking á almennri hljóðfræði og ljósfræði.
7. Í vélfræði:
   a. Í eimvélafræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra og samsetningu, eimkötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, hirðingu eimvéla og eimkatla, viðhaldi þeirra og eftirliti, smíði og efni eimvéla og eimkatla, vélbilun, ketilbilun og sprengingu, aflmælislínum og

þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, hestöflum eimvéla, stillingu vélanna, eldsneytiseyðslu, þekking á hjálparvélum skips og vélar (stýrisvél, ljósvél, kælivél, vindum, dælum o. s. frv.), þekking á byggingu skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, skipsdælum, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.

b. Í mótorfræði: Þekking á mótorum í skipum og á landi, einkum dieselmótorum, á smíði þeirra og efni, viðhaldi, eftirliti, hirðingu og stjórn, gangtruflunum og lagfæringum þeirra, aflmælislínum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, stillingu mótora, hestöflum mótora og notagildi, hitafræðilegum grundvallaratriðum, þjöppun og útþenslu, skolun og forhleðslu, blöndun hleðslunnar og brennslu, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, hjálparvélum mótora og skips (ljósvél, kælivél, stýrisvél, vindum, dælum, loftþjöppun o. s. frv.), smurningu mótora og smurningsháttum, hömlum mótora og öðrum mótorraunum og þekkingu á lagaákvæði um skoðun og eftirlit mótorskipa.

c. Í burðarþolsfræði: Þekking á grundvallaratriðum um styrkleika efnis þess, sem notað er í vélar og katla, og byrjunarreglum um útreikning á styrkleika hinna helztu hluta í vélum og kötlum.

8. Í vélateikningu: Að geta gert vinnuteikningar af ákveðnum vélahluta.
9. Í hjúkrunarfræði: Þekking á grundvallaratriðum og reglum um hjúkrun sjúkra, fyrstu hjálp, sem hægt er að veita, þegar slys ber að höndum, hreinlæti og á að notfæra sér hina lögskipuðu lækningabók og meðalakistu.
10. Í bókhaldi og viðskiptafræði: Þau atriði, er vélstjóra skiptir og staða þeirra heimtar.

25. gr.

Til 1. bekkjar prófs í rafmagnsdeild þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni skýrt og nokkurn veginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla úr danskri bók rafmagnsfræðilegs efnis.
3. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, á þríliðu og líkingum af 1. gráðu með einni óþekktri stærð, enn fremur á almennri flatarmálsfræði og rúmmálsfræði og á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.
4. Í eðlisfræði: Þekking á almennri aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði, rafmagni og segulmagni.
5. Í vélfræði: Þekking á frumatriðum vélfræðinnar, ýmsum algengum aflvélum, sem notaðar eru til þess að knýja rafala, smíði þeirra og efni.
6. Í vélateikningu: Að geta teiknað vinnuteikningu af einföldum vélahluta.

103 26. gr.

29. sept. Til burtfararprófs úr rafmagnsdeild þarf:

Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar, um rakstraum og riðstraum, rakstraums- og riðstraumsvélar, spennubreytum, vinnuháttum og gerð rafmagnsvéla og spennubreyta, uppsetningu, hirðu og viðhaldi rafmagnsvéla og raftækja. Enn fremur kunnátta í allskonar raflögnum, þekking á að finna algengar bilanir rafmagnstækja og rafmagnslagna og þekking á orsökum þeirra, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu og þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur; ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er stafað getur af rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlífgunartilraunir.

Auk þess útheimtist í öðrum greinum það, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

27. gr.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar frá 0 til 8 með þriðjungs millibili.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildum einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

28. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin	7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin	6—7
2. einkunn betri telst meðaleinkunnin	5—6
2. einkunn lakari telst meðaleinkunnin	4—5
Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast próf, er meðaleinkunnin	4

29. gr.

Við hið minna vélstjórapróf skulu gefnar 10 einkunnir:

Í vélfræði	4	eink.	fyrir	2	skriflegar	og	2	munnlegar úrlausnir
– íslenzku	2	—	—	1	skriflega	—	1	munnlega úrlausn
– reikningi	2	—	—	1	—	—	1	— —
– eðlisfræði	1	—	—	1	munnlega úrlausn			
– mótorfræði	1	—	—	1	—	—		

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 80 stig, en lægsta aðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 40 stig.

30. gr.

Við hið meira vélstjórapróf skulu gefnar 26 einkunnir.

a. Í aukagreinum:

Í íslenzku	2	eink.	fyrir	1	skriflega	og 1	munnlega úrlausn
– dönsku	1	—	—	1	munnlega	úrlausn	

Í ensku ..... 1 eink. fyrir 1 munnlega úrlausn
– þýzku ..... 1 — — 1 — —
– stærðfræði .... 4 — — 2 skriflegar og 2 munnlegar úrlausnir
– eðlisfræði .... 2 — — 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn
– hjúkrunarfr. .. 1 — — 1 munnlega úrlausn
– bókhaldi og viðskiptafr. 1 eink. fyrir 1 skriflega úrlausn

b. Vélfræði:

Í eimvélafræði ..... 5 eink. fyrir 2 skrifl. og 3 munnl. úrlausnir
– mótorfræði ..... 5 — — 2 — — 3 — —
– burðarþolsfræði ..... 2 — — 1 — — 1 — —
– vélateikningu ..... 1 — — 1 — úrlausn

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 208 stig, en til þess að standast prófið þarf:
a. í íslenzku meðaleinkunnina 3,
b. - aukagreinum meðaleinkunnina 3,
c. - vélfræði meðaleinkunnina 3,
d. - samanlögðum öllum prófgreinum meðaleinkunnina 4.
Lægsta aðaleinkunnin verður þannig 104 stig.

31. gr.

Við bekkjarpróf í rafmagnsdeild skulu gefnar 14 einkunnir.
Í stærðfræði 4 einkunnir fyrir 2 skriflegar og 2 munnlegar úrlausnir.
– eðlisfræði 2 eink. fyrir 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn.
– vélateikningu 1 einkunn.
– íslenzku 2 einkunnir fyrir 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn.
– dönsku 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
– þýzku 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
– bókhaldi og viðskiptafræði 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.
Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig, en til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 56 stig og í íslenzku meðaleinkunnina 3.

32. gr.

Við burtfararpróf fyrir rafvirkja og vélstjóra úr rafmagnsdeild skulu gefnar 14 einkunnir.
Í rafmagnsfræði 8 einkunnir fyrir 3 skriflegar, 3 munnlegar og 2 verklegar úrlausnir.
Í efnis- og áhaldafræði 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn.
– ljósfræði 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.
– reglum öryggis og hjúkrunarfræði 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
– vélfræði 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
– rafmagnsteikningu 1 einkunn.
– þýzku 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig, en til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 56 stig.

103 33. gr.

29. sept. Hver prófsveinn, sem staðizt hefir burtfararpróf, fær að því afloknu vottorð, sniðið eftir þessum fyrirmyndum, eftir því sem við á.

A) Nr. .....

(Ríkisskjaldarmerki)

Prófskírteini.

N. N.
fæddur .....

hefir staðizt hið minna vélstjórapróf við vélskólann í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Íslenzka	2	eink.	....	stig
Stærðfræði	2	—	....	—
Eðlisfræði	1	—	....	—
Vélfræði	4	—	....	—
Mótorfræði	1	—	....	—
Aðaleinkunn	....	10	eink.	.... stig

sem verður meðaleinkunnin ....
og hefir hann því staðizt prófið með .... einkunn.

Reykjavík, ... 19....

N. N. N. N. N. N.

Til þess að standast prófið þarf 40 stig. Hæsta aðaleinkunn er 80 stig.

B) Nr. .....

(Ríkisskjaldarmerki)

Prófskírteini.

N. N.
fæddur .....

hefir staðizt hið meira vélstjórapróf við vélskólann í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Aukagreinir:

Íslenzka	2	eink.	....	stig
Danska	1	—	....	—
Enska	1	—	....	—
Þýzka	1	—	....	—
Stærðfræði	4	—	....	—
Eðlisfræði	2	—	....	—
Bókhald og viðskiptafræði	1	—	....	—
Hjúkrunarfræði	1	—	....	—

103
29. sept.

Vélfræðin:

Eimvélafræði	5	eink.	stig
Mótorfræði	5	—	—
Burðarþolsfræði	2	—	—
Vélteikning	1	—	—
Aðaleinkunn	26	eink.	stig

sem verður meðaleinkunnin .....
og hefir hann því staðizt prófið með .... einkunn.

Reykjavík, ... 19....

N. N. N. N. N. N.

Til þess að standast prófið þarf:

Í íslenzku minnst	6
– aukagreinum minnst	39
– vélfræði minnst	39
– aðaleinkunn minnst	104

Hæsta einkunn:

Í íslenzku	16
– aukagreinum	104
– vélfræði	104
– aðaleinkunn	208

(Á prófskírteinið skal prentuð þýðing af því á dönsku, ensku og þýzku.)

C) Nr. .....

(Ríkisskjaldarmerki)

Prófskírteini.

N. N.
fæddur .....
hefir staðizt burtfararpróf fyrir rafvirkja úr rafmagnsdeild vélskólans í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Við bekkjarpróf:

Stærðfræði	4	eink.	stig
Eðlisfræði	2	—	—
Vélfræði	2	—	—
Vélteikning	1	—	—
Íslenzka	2	—	—
Danska	1	—	—
Þýzka	1	—	—
Bókhald og viðskiptafræði	1	—	—
Aðaleinkunn	14	eink.	stig

103 29. sept.

Við burtfararpróf:

Munnleg rafmagnsfræði	3	eink.	stig
Skrifleg rafmagnsfræði	3	—	—
Verkleg rafmagnsfræði	2	—	—
Efnis- og áhaldafræði	1	—	—
Ljósfræði	1	—	—
Reglur öryggis- og hjúkrunarfræði	1	—	—
Vélfræði	1	—	—
Rafmagnsteikning	1	—	—
Þýzka	1	—	—
Aðaleinkunn	14	eink.	stig,

sem verður meðaleinkunnin .....
og hefir hann þá staðizt prófið með .... einkunn. .... stig.

Reykjavík, ... 19....

N. N. N. N. N. N.

Til þess að standazt prófið þarf í íslenzku minnst 6 stig og í aðaleinkunn minnst 112 stig. Hæsta einkunn 224 stig.

D) Nr. .....

(Ríkisskjaldarmerki)

Prófskírteini.

N. N.
fæddur .....
hefir staðizt rafmagnspróf fyrir vélstjóra við rafmagnsdeild vélskólans í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Munnleg rafmagnsfræði	3	eink.	stig
Skrifleg rafmagnsfræði	3	—	—
Verkleg rafmagnsfræði	2	—	—
Efnis- og áhaldafræði	1	—	—
Ljósfræði	1	—	—
Reglur öryggis- og hjúkrunarfræði	1	—	—
Vélfræði	1	—	—
Rafmagnsteikning	1	—	—
Þýzka	1	—	—
Aðaleinkunn	14	eink.	stig

sem verður meðaleinkunnin .....
og hefir hann því staðizt prófið með .... einkunn ....

Reykjavík, ... 19....

N. N. N. N. N. N.

Til þess að standast prófið, þarf 56 stig. Hæsta aðaleinkunn er 112 stig.

34. gr. 103

Reglugerð fyrir vélstjóraskólann í Reykjavík, dags. 1. sept. 1916, reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir vélstjóraskólann í Reykjavík, dags. 29. sept. 1933, og reglugerð fyrir rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík, dags. 30. sept. 1935, eru hér með úr gildi numdar. 29. sept.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1936.

Haraldur Guðmundsosn.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ 104

um mótornámsskeið. 29. sept.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 71, 23. júní 1936, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um mótornámsskeið Fiskifélags Íslands.

I. KAFLI

Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námsskeiðanna er að búa nemendur undir hið minna og meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands. Fiskifélag Íslands ræður mótorfræðikennara til þess að kenna mótorfræði við námsskeiðið og veita því forstöðu.

2. gr.

1. Inntökuskilyrði á hið minna námsskeið skulu vera þessi:
   a. Að nemandinn sé 18 ára að aldri,
   b. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans,
   c. að hann hafi óskert mannorð,
   d. að hann kunni sund.
2. Inntökuskilyrði á hið meira námsskeið skulu vera þessi:
   a. Að nemandinn hafi staðizt hið minna námsskeiðspróf Fiskifélagsins eða inntökupróf í íslenzku og reikningi, sem jafngildi kröfum þeim, sem gerðar eru til hins minna námsskeiðsprófs í þessum greinum,
   b. að hann hafi eftir 16 ára aldur unnið tvö ár á vélaverkstæði, sem réttindi

104
29. sept.

hefir til að kenna þá iðn, eða siglt sem 1. vélstjóri á mótorskipi með meira en 50 hestafla vél 24 mánuði, áður en lög þessi öðlast gildi,

c. að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,

d. að hann hafi óskert mannorð,

e. að hann kunni sund.

3. gr.

Beiðni um inntöku á námsskeiðið skal senda Fiskifélagi Íslands eða umboðsmanni þess á þeim stað, sem námsskeið á að halda, eigi síðar en hálfum mánuði áður en námsskeiðið byrjar. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandi uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 2. gr., að undanskildu inntökuprófi.

4. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. desember, öskudagurinn og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, getur forstöðumaður námsskeiðsins veitt eins dags leyfi.

5. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi, áður en kennslustundir byrja.
2. Geti lærisveinn ekki sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni námsskeiðsins það.

   Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í frímínútunum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofunum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alstaðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjóti lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólavera hans teljist skaðleg fyrir námsskeiðið

eða aðra lærisveina námskeiðsins eða gagnslaust fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt af námsskeiðinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið samþykki Fiskifélags Íslands. 104 29. sept.

6. gr.

Forstöðumaður námsskeiðsins hefir á hendi alla umsjón með því; hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegun á því, sem til námsskeiðsins þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur Fiskifélag Íslands til, en lærisveinar skulu kosta sjálfir bækur og önnur áhöld, er þeir þurfa við námið. Við kennsluna skal nota þær kennslubækur, sem forstöðumaður námsskeiðsins ákveður í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Hið minna námsskeið skal standa yfir minnst 9 vikur, en hið meira minnst 4 mánuði, og skulu kennslustundir vera á viku, sem hér segir, minnst:

Námsskeið	Minna námsskeið	Meira námsskeið
Íslenzka	3	5
Stærðfræði	3	4
Eðlisfræði	3	3
Bókleg mótorfræði	9	12
Verkleg mótorfræði	12	10
Samtals	30	34

Auk þess eru lærisveinar skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði, öryggisráðstöfunum og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur með 10 mínútna hléi í milli hverra samliggjandi kennslustunda. Miðdegisverður skal haldinn frá kl. 11,50 til kl. 13,10.

8. gr.

Að afloknu prófi skal forstöðumaður námsskeiðsins senda Fiskifélagi Íslands greinilegar skýrslur um kennsluna og prófið; skal í þær rita nöfn, fæðingarstað og dag og ár þeirra lærisveina, er sótt hafa námsskeiðið og próf taka, einkunnir þeirra og hin skriflegu úrlausnarefni. Skal prófnefnd undirskrifa prófskýrsluna.

II. KAFLI

Um prófið.

9. gr.

Mótorvélstjórapróf skulu haldin að afloknu námsskeiðinu. Óski einhver, sem ekki er nemandi námsskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til kennslumálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar.

104 Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á náms-
29. sept. skeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

10. gr.

Prófin eru bæði munnleg, skrifleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námsskeiðsins og tveir aðrir; skal annar þeirra hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námsskeiðin veita, en hinn vera vélsmiður, sem æfingu hefir í mótorviðgerðum. Einn hinna ofangreindu prófdómanda, þó ekki forstöðumaður námsskeiðsins, skal vera oddviti prófnefndar.

11. gr.

Til hins minna námsskeiðsprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt.
2. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstimælum, hitamælum, dælum, dreifingu hitans og áhrifum hans á fasta og fljótandi hluti, bræðslu, eldsneyti og olíum.
4. Í mótorfræði: Þekking á mótorvélum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra og efni, hirðingu og stjórn, þekking á sundurliðun mótorvéla, hreinsun þeirra, samsetningu og stilling, þekking á gangtruflunum mótora og kunna að lagfæra þær, þekking á algengustu bilunum, sem orsakast af sliti og notkun, og endurbótum þeirra. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru í mótora, hömluhestöflum, eldsneytiseyðslu og raftækjum lítilla mótorskipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.

Til hins meira námsskeiðsprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum 4 reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, þekking á einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar; ennfremur í rúmmálsfræði, að geta reiknað út ferstrending og sívalning.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkennd efni, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu. Þekking á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv.; ennfremur á rafmagni og segulmagni.
4. Í mótorfræði: Fyllri þekking á því, sem til hins minna námsskeiðsprófs er

heimtað, og auk þess: Þekking á aflmælislínum og einföldum niðurstöðum, sem af þeim má draga, blöndun hleðslunnar og brennslu eldsneytisins. Þekking á helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, hjálparvélum, svo sem stýrisbúnaði, ljósvélum, vindum, slökkvitækjum o. s. frv., og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa. Enn fremur að geta framkvæmt minni háttar viðgerðir á mótorum og hjálpartækjum þeirra. Þekking á meðferð eimkatla með tilliti til hjálparkatla í mótorskipum. **104** 29. sept.

12. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu hin verklegu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni; þau skulu jafnmörg og prófsveinar eru, og dregur hver sitt. Verkefni við gangtruflanapróf séu tölusett á skrá hjá prófnefnd, og skulu vera tveim fleiri en prófsveinar eru, og dregur hver prófsveinn miða með einhverri þeirri tölu, sem á skránni er. Skrifleg úrlausnarefni eru þau sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir sama próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða, er séu tveim fleiri en prófsveinar eru, og dregur prófsveinn einn miða, um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu og verklegu úrlausnarefnum má taka það fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Við hið verklega próf mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófnefnd, kennari og sá prófsveinn, sem verið er að prófa. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlusta á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

13. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanna. Nú álítur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til; skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta, og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini. Ef prófsveinn hefir aldrei séð vélartegund þá, sem hann á að taka prófið á, má leyfa honum að athuga vélina í gangi 1 klst., áður en próf byrjar.

14. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis víkja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau, sem prófnefnd leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að fá hjálp eða að hjálpa öðrum eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitið, að hann hafi ekki staðizt prófið.

104 29. sept.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu, skal álitið, sem hann hafi ekki staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefir, meðan prófið stendur yfir.

15. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið hann frá prófi.

16. gr.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar frá 0 til 8 með þriðjungs milli-einkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

17. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8.

1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7.

2. einkunn betri telst meðaleinkunnin 5—6.

2. einkunn lakari telst meðaleinkunnin 4—5.

Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er meðaleinkunnin 4.

18. gr.

Við hið minna mótorvélstjórapróf skulu gefnar 6 einkunnir:

Í íslenzku 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.

Í stærðfræði 1 eink. fyrir 1 skriflega úrlausn.

Í eðlisfræði 1 eink. fyrir 1 munnl. úrlausn.

Í mótorfræði 3 einkunnir fyrir 1 skriflega, 1 munnlega og 1 verklega úrlausn, er skal fólgin í því að finna gangtruflun og leiðrétta hana, setja í gang og hirða í gangi.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 48 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 24 stig og í samanlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3.

19. gr.

Við hið meira mótorvélstjórapróf skulu gefnar 11 einkunnir:

Í íslenzku 2 eink. fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn.

Í stærðfræði 2 eink. fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn. **104**
Í eðlisfræði 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn. 29. sept.
Í mótorfræði 6 eink. fyrir 2 skrifl., 2 munnlegar og 2 verklegar úrlausnir.
Hin verklegu úrlausnarefni skulu vera:

1. Að lagfæra gangtruflun á háþrýstivél, tveggja stokka eða fleiri, setja hana í gang, hirða í gangi með álagi, stöðva og ganga frá eftir notkun.
   Gangtruflanir þær, sem lagfæra skal, séu fólgnar í innstillingu vélarinnar, olíugjöf, skolun og þjöppun, ræsingu o. s. frv.
2. a. Tinhýða leg (t. d. sveifarleg), steypa í það hvítmálm, fella það á völinn, án þess að það hafi verið rennt, setja í það nauðsynlegar olíurásir og ganga frá því mátulega þröngu.
   b. Slípa ræsiloka og eldsneytisloka og ganga frá þeim þéttum. Fella fleyg í spor.
   c. Fella sveifarás í að minnsta kosti 3 leg, steypt og rennd á verkstæði, eða gömul, ganga frá legum og ás, svo að fullgert sé til notkunar.
   d. Beygja pípu úr eir eða stáli minnst 25 mm eftir ákveðnu máli. Sýna kunnáttu sína í að sverfa og saga.
   e. Skera sundur að minnsta kosti 3 bulluhringa og fella þá í strokk og bullu, sverfa slitbrúnir af og slípa loka í kælivatnsdælu eða austurdælu og fella saman bandið.
   f. Sverfa upp nýjan eða brunninn lóðbolta, tina hann og tinlóða hluti zinkvarða eða ózinkvarða. Harðlóða saman eir eða látún (t. d. látúnsstút eða kraga á eimpípu) með venjulegum blásturslampa.
   g. Gera eitthvað annað þessu hliðstætt, sem prófnefnd álítur, að sýni eins mikla kunnáttu prófsveins. Prófsveinn getur ekki krafizt neins sérstaks verkefnis.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 88 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 44 stig, í íslenzku meðaleinkunnina 3 og í samanlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3.

20. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefir prófið, fær að loknu prófi prófskírteini eftir þessari fyrirmynd:

Nr. ....

(Ríkisskjaldarmerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. .....
fæddur .....
.....

hefir staðizt hið minna mótorvélstjórapróf við mótornámsskeið Fiskifélags Íslands og hlotið þær einkunnir, er hér segir:

104
29. sept.

Íslenzka	1	eink.	stig
Stærðfræði	1	—	—
Eðlisfræði	1	—	—
Mótorfræði	3	—	—
Aðaleinkunn	6	eink.	stig

Meðaleinkunn ....., sem er
..... einkunn .....

Reykjavík, ... 19....

N. N. N. N. N. N.

Til þess að standast prófið, þarf minnst 24 stig, í mótorfræði minnst meðaleinkunnina 3. Hæsta aðaleinkunn er 48 stig.

Nr. ....

(Ríkisskjaldarmerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N. N. .....
fæddur .....
.....

hefir staðizt hið meira mótorvélstjórapróf við mótornámsskeið Fiskifélags Íslands og hlotið þær einkunnir, er hér segir:

Íslenzka	2	eink.	stig
Stærðfræði	2	—	—
Eðlisfræði	1	—	—
Mótorfræði	6	—	—
Aðaleinkunn	11	eink.	stig

Meðaleinkunn ....., sem er
..... einkunn .....

Reykjavík, ... 19....

N. N. N. N. N. N.

Til þess að standast prófið þarf minnst í aðaleinkunn 44 stig, í íslenzku meðaleinkunnina 3, í samanlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3. Hæsta aðaleinkunn er 88 stig.

21. gr.

Að afloknu prófinu skrifar prófnefnd skýrslu um prófið með nöfnum prófsveina, fæðingardegi og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Í prófbókina skal einnig færa skýrslur þær, sem sendar eru Fiskifélagi Íslands frá námsskeiðum, sem haldin eru utan Reykjavíkur, jafnóðum og þær berast fiskifélaginu.

Prófbókina skal geyma í vörzlum Fiskifélags Íslands, en afrit af henni skal senda atvinnumálaráðuneytinu. **104** 29. sept.

22. gr.

Glati mótorvélstjóri prófskírteini sínu, á hann rétt til að fá afrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann óskar þess.

23. gr.

Reglugerð fyrir námsskeið Fiskifélags Íslands, 25. nóv. 1924, og reglugerð um vélgæzlupróf á íslenzkum mótorskipum, 16. apríl 1935, eru hér með úr gildi numdar.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

105 12. okt.

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 69, 1936, um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau er sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Enginn má flytja til landsins eða verzla innanlands með neins konar skotvopn, sprengjur eða skotfæri eða efni eða hluti í þau, nema hann hafi áður fengið til þess leyfi dómsmálaráðherra, sem í leyfinu setur nánari reglur um innflutning, meðferð og afhendingu varanna og skilyrði fyrir leyfinu, eftir því sem þörf þykir.

Engum einstaklingi má selja eða afhenda slík tæki eða efni, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 3. gr. til þess að eiga slíkt eða hafa í vörzlum sínum.

2. gr.

Álagningu á vörur þessar ákveður fjármálaráðherra fyrir tiltekið tímabil í einu, og skal við álagninguna taka tillit til þess, til hvers varan er notuð, þannig, að álagningin sé þeim mun minni, sem varan getur talizt hafa almennara notagildi.

105 12. okt.

3. gr.

Engum einstaklingi er heimilt að eiga eða hafa í vörzlum sínum nein af þeim tækjum, efnum eða öðrum hlutum, sem reglugerð þessi og lög nr. 69, 1936, taka til, nema hann hafi fengið til þess leyfi hjá lögreglustjóra í umdæmi því, sem hann dvelur eða er búsettur í.

Slík leyfi skulu vera skrifleg. Skal í leyfinu tilgreint nafn leyfishafa, staða og heimilisfang og það skýrt tekið fram, til hvaða tækja og efna það nái, tegund, tala og magn, eftir því, sem við á. Getur lögreglustjóri sett skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf, og varðar það sviptingu leyfisins, ef út af er brugðið. Enn fremur skal þá gera upptæk til ríkissjóðs tæki þau eða efni, sem leyft hefir verið og leyfishafi hefir undir hendi. Leyfið er bundið við persónu, og er leyfishafa óheimilt að framselja það öðrum eða láta af hendi til annara þau tæki eða efni, sem leyfið tekur til.

Nú flytur maður, sem fengið hefir slíkt leyfi, í annað umdæmi, og er honum þá skylt að tilkynna lögreglustjóra þess umdæmis, er hann flytur í, um leyfið, og að hve miklu leyti hann hafi notfært sér það.

Lögreglustjóri í umdæmi því, sem maður, er leyfi hefir fengið, dvelur eða er búsettur í, getur svipt hann leyfinu, án þess að færa þurfi rök fyrir leyfissviptingunni. Nú er maður sviptur leyfi, og er hann þá skyldur til að afhenda lögreglustjóra tafarlaust allt það, sem hann hefir í sínum vörzlum samkvæmt leyfinu, en rétt á hann á endurgjaldi eftir reglum 5. gr., hafi hann eigi brotið gegn skilyrðum fyrir leyfinu eða misnotað það á annan hátt.

Nú hefir manni verið synjað um leyfi eða hann sviptur því, og getur hann þá leitað úrskurðar dómsmálaráðherra um málið, en eigi frestar það málsskot leyfissviptingu eða verkun hennar. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað, að maður skuli sviptur leyfi, er honum hefir verið veitt það.

4. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að eiga eða hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem 1. gr. getur um, er sanna, að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

5. gr.

Hver sá, sem á eða hefir í vörzlum sínum birgðir af vörum þeim, sem í 1. gr. eru taldar, eða einstök tæki, efni eða hluti, sem þær falla undir, skulu tafarlaust eða í síðasta lagi fyrir 15. nóvbr. n. k. senda viðkomandi lögreglustjóra nákvæma skýrslu um það, sem hann þannig hefir undir höndum, þar sem tilgreind sé tala, tegund og magn, eftir því sem við á. Jafnframt skal eigandi eða vörzlumaður segja til um það, hvort hann óskar að hafa hluti þessa í eign sinni eða vörzlu framvegis eða verzla með vörurnar, ef hann hefir áður gert það.

Sé um einstakling að ræða, tekur lögreglustjóri án undandráttar og í síðasta lagi fyrir 1. desbr. n. k. ákvörðun um það, hvort varzla eða eignarhald skuli

leyft. Ef lögreglustjóri telur, að leyfa megi vörzlu eða eignarhald, gefur hann út leyfi samkvæmt 3. gr., en ella skal hann taka vöruna í sínar hendur. **105** 12. okt.

Hver sá eigandi eða vörzlumaður slíkra vara, sem ekki hefir fengið leyfi fyrir þeim hinn 1. desember n.k., er þá skyldur til að afhenda þær viðkomandi lögreglustjóra.

Skýrslu verzlana sendir lögreglustjóri áfram til dómsmálaráðherra, sem tekur ákvörðun um það, hvort verzlun megi halda birgðum sínum og verzla með þær áfram, en þangað til úrskurður um það er fallinn, má verzlunin selja þeim, sem leyfi hafa fengið hjá lögreglustjóra, samkv. 3. gr., en öðrum ekki. Telji ráðherra rétt að leyfa áframhaldandi verzlun, gefur hann út leyfi samkv. 1. gr., en ella felur hann lögreglustjóra að taka vörurnar í sínar vörzlur.

Þeir, sem samkvæmt framangreindu geta ekki fengið leyfi til þess að halda þeim tækjum eða efnum, sem þeir hafa í vörzlum sínum, eru skyldir til að afhenda þau lögreglustjórum eða þeim, sem þeir ákveða, en rétt eiga þeir á bótum, er svari kostnaðarverði varanna eða sannvirði, ef það er lægra en kostnaðarverð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið, að vörur, sem þannig er ástatt um, séu settar í umboðssölu hjá þeim, sem rétt hafa til slíkrar verzlunar.

Eigi frestar ágreiningur um verð afhendingarskyldu.

6. gr.

Lögreglustjórar skulu hver í sínu umdæmi halda skrá yfir alla þá menn, sem leyfi hefir verið veitt samkv. 3. gr., og um innihald leyfisins. Enn fremur skulu þeir, jafnóðum og leyfi eru veitt, senda dómsmálaráðuneytinu skýrslu um þá, sem leyfi hafa hlotið og um innihald leyfanna.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða reglum, sem dómsmálaráðherra setur samkv. 1. gr., varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Ennfremur skulu skotvopn þau, skotfæri, sprengjur og aðrir hlutir og efni, er inn er flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gert upptækt og andvirði þess renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1936.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

106
14. okt.

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 83 frá 1929.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóv. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög er hér með staðfest eftirfarandi

BREYTING

á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 83 frá 1929, er bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samþykkt.

1. gr.

II. kafli, 7. gr. orðist svo:

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, þar með taldar verbúðir og skipsskrokkar, sem notaðir eru til íbúðar, skulu vera svo að gerð og frágangi öllum, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, einn gluggi hið minnsta í herbergi hverju. Trégólf eða steingólf skal vera í öllum íverustofum og af þeirri gerð, er heilbrigðisnefnd telur henta. Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að raflýsing sé í hverju íbúðarherbergi, að herbergi séu máluð, að nægilegt matreiðslurúm með eldstó sé í íbúð eða verbúð, að eldstó eða jafngott hitunartæki eða jafnhentugt sé sett í íbúðarherbergi hvert, þótt í verbúð sé, að vatnsleiðsla með þvottaskál og frárennslisleiðsla sé lögð inn í íbúð eða verbúð á fullnægjandi hátt að áliti nefndarinnar, að frárennslisleiðsla sé sett í samband við holræsakerfi bæjarins eða látin liggja til sjávar. Gengið skal svo frá gluggum og þaki íbúða og verbúða, að ekki leki og að hæfilegt sé að áliti heilbrigðisnefndar.

Heimilt er og nefndinni að heimta af eiganda húss, leigusala og leigutaka, að ræst sé herbergi í íbúðarhúsi eða verbúð, er hún telur þess þörf. Henni er og heimilt að ákveða, hve margir menn megi mest búa í tiltekinni íbúð eða herbergi.

Hvarvetna, er eigandi íbúðarhúss eða verbúðar fullnægir ekki kröfum heilbrigðisnefndar um þau atriði, er ræðir um í grein þessari, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað húseigandans. Sá kostnaður hvílir sem lögveð á húsinu á undan þinglesnum veðböndum næst á undan lögveðum til ríkissjóðs.

Nú næst ekki í eiganda húss innan lögsagnarumdæmisins og hann hefir eigi tilkynnt heilbrigðisnefnd, að hann setji umboðsmann fyrir sig um húseignina; er þá rétt, að tilkynningar heilbrigðisnefndar séu birtar með því að þinglýsa þeim á húseign þá, er um ræðir.

Þeir, sem eiga húseignir í lögsagnarumdæminu, en eru ekki búsettir eða **106**
eru fjarverandi úr lögsagnarumdæminu, skulu skriflega tilkynna lögreglustjóra, 14. okt.
hver sé forsvarsmaður húseignarinnar í fjarveru eiganda.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 14. október 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT **107**

26. okt.

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalsár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalsár. Heimili þess og varnarþing er á Sturlureykjum í Reykholtsdalshreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því

1. að stunda laxaklak,
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleiri, ef henta þykir,
3. að banna alla netaveiði í ánni næstu 10 ár.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Reykjadalsá og Rauðsgili. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru:

1. Klettur, 2. Deildartunga, 3. Gróf, 4. Sturlureykir, 5. Skáney, 6. Grímsstaðir, 7. Reykholt, 8. Breiðabólstaður, 9. Úlfsstaðir, 10. Hofstaðir, 11. Uppsalir, 12. Kollslækur, 13. Giljar, 14. Auðsstaðir, 15. Búrfell, 16. Rauðsgil, 17. Vilmundarstaðir, 18. Steindórsstaðir, 19. Hægindi, 20. Kópareykir, 21. Kjalvararstaðir, 22. Snældubeinsstaðir, 23. Kleppjárnsreykir, 24. Hamrar, 25. Stóri-Kroppur, 26. Bær.

107 4. gr.

26. okt. Óheimilt er öllum að veiða fisk í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið; þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskiræktarráðunaut. Kostnaði við félagsskapinn skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

7. gr.

Stjórnina skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár; síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

8. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður klakstjóra og eftirlitsmenn og gerir við þá samninga um kaup og kjör. Eftirlitsmenn skulu þó starfa án endurgjalds.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

9. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir 1. marz ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara, enda sé meiri hluti stjórnarinnar mættur á fundinum. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema um breytingar á samþykkt, gjaldskrá (arðskrá) eða félagsslit.

10. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

11. gr. 107

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar. 26. okt.

12. gr.

Stjórninni skal falið að semja arðskrá í samráði við fiskiræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Arðskrá er komin í gildi, ef lögmætur fundur samþykkir hana og undirrituð er af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn og er háð staðfestingu ráðherra.

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sýslusjóðs allt að 1000 krónum og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61, 23. júní 1932.

14. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema ⅔ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef ⅔ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT 108

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Ólafsfjarðar. 26. okt.

1. gr.

Félagið heitir: Fiskræktar- og veiðifélag Ólafsfjarðar. Heimili þess og varnarþing er í Ólafsfirði.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma upp laxveiði á félagssvæðinu og gera hana arðberandi með því:

108 1. að sleppa árlega óákveðinni tölu laxaseiða í veiðivötnin í Ólafsfirði,
26. okt. 2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir, þegar veiði getur byrjað.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiða í þessum vötnum: Ólafsfjarðar-ósi, Ólafsfjarðar-vatni, Ólafsfjarðar-á, og öllum þverám, er í vatnið og ána renna á félagssvæðinu, er nær fram að Vémundarstaðafossi, en jarðir á félagssvæðinu eru: Hornbrekka, Burstarbrekka, Hólkot, Vatnsendi, Lón, Kálfsá, Kálfsárkot, Hóll, Grund, Karlstaðir, Vémundarstaðir, Þverá, Kvíabrekkur, Hringverskot, Hrúthóll, Þóroddstaðir, Auðnir, Garður, Skeggjabrekka, Ósbrekka.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í vötnum þessum nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera lengur en til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið rekur laxveiði við Ólafsfjarðarós og ef til vill víðar og ræður mann til að standa fyrir veiðinni. Nefnist hann veiðistjóri.

7. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann mann eða menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórnina.

8. gr.

Félagið starfrækir laxaræktina í samráði við fiskræktarráðunaut, fyrst um sinn þannig, að það kaupir laxaseiði og sleppir í veiðivötnin. Kostnaði við það og annað, er við kemur fiskiræktinni, skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Eftir að veiði byrjar, skal jafnan klekja út 100 seiðum fyrir hvern lax, er veiðist á félagssvæðinu.

9. gr.

Stjórnina skipa þrír menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö

ár; síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn. **108** 26. okt.

10. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

11. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúar ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

a. ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara, og sé fundarefnis getið á fundarboði,
b. ef ⅔ félagsmanna eru mættir.

Nú kemst ekki fundur á, og skal stjórnin þá boða til fundar á ný sem fyr, og er sá fundur þá lögmætur, ef mættur er helmingur félagsmanna. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykkt sé að ræða eða félagsslit.

12. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

13. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

14. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem ráðherra samþykkir og undirrituð er af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

15. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 14. gr. fyr en eftir aðalfund, enda tekjuafgangur á ársreikningi félagsins. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskráin ákveður.

108 16. gr.
26. okt. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sýslusjóðs allt að 1000 kr. og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61, 23. júní 1932.

17. gr.
Lögum þessum verður ekki breytt, nema ⅔ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

18. gr.
Félaginu má slíta, ef ⅔ félagsmanna samþykkja það á tveim fundum í röð.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og sagöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

109 **REGLUGERÐ**
26. okt.

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.

1. gr.
Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru fasteignamati og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt.
Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.
Skatturinn skal lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna.

2. gr.
Húsum kaupstaðarins skal skipt í tvo flokka til vatnsskatts, sem hér segir:
1. flokkur:
Allar byggingar, sem engin íbúð er í:
Af fyrstu 100000 kr. fasteignamatsverðsins 3‰.
Af því, sem fasteignamatsverð er þar fram yfir, 2‰.
2. flokkur:
Allar byggingar, sem íbúð er í:
Af fyrstu 100000 kr. fasteignamatsverðsins 3,75‰.
Af því, sem fasteignamatsverð er þar fram yfir, 3,25‰.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1‰ af virðingarverðinu, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 3. gr. 109 26. okt.

3. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. 50 aurar fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun bæjarráðs og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir hæfilega leigu fyrir hann.

4. gr.

Fyrir vatn, er látið er úti til skipa á höfninni, greiðist bæjarsjóði f. h. Vatnsveitunnar 75 aurar fyrir hvert tonn, sé það flutt í skipin á bátum, en 1 kr. 50 a., ef það er látið úti við bryggju.

Hafnarstjórn ákveður verð vatnsins.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 2. janúar, og ber að greiða hann til bæjargjaldkera.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík nr. 65, 20. apríl 1915.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

110
29. okt.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Keflavíkurkauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður, sem hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu fram fylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppsstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Keflavíkurkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldælu með slöngum og tenglum, minnst 50 vatnsfötur, brunalúðra, áhaldakerru, brunasegl og björgunarsegl auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma einn lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við

haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvi- **110**
tæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitæki hafi verið 29. okt.
keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur, þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og ekki má nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað og hafa á tilteknum stað í húsinu slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kauptúninu í senn, nema alveg sérstaklega standi á og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra og þeim mönn-

110 um, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til
29. okt. vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kauptúninu daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess við æfingar eða við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði eftir mati, nema öðruvísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu og það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki hreppstjóra komi til eða þess, sem fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri í samráði við brunamálanefnd hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr. 110

Sérhver slökkviliðsmaður er að viðlagðri sekt skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna yfirgefa eldsvoða, áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu, áður en henni er lokið. 29. okt.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppsstjóra hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppsstjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnunum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot, og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum, hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir, ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld, eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

110 17. gr.
29. okt. Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári. Þó getur hreppsnefnd eftir tillögum brunamálanefndar ákveðið, að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar einu sinni á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins og líta eftir, að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og aðgæta, hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar, sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana. Skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir hreppsstjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum, og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppsstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kauptúnið með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

110
29. okt.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri eða milli húsa eða í görðum má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppsstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd því aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún, um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar, sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál.

Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má hreppsstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum og þær geymdar utan húss, í görðum eða port-

110 29. okt.

um, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð. Séu slíkar birgðir geymdar innan húss, skal gæta sömu varúðar og undir a.-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þó gætt sömu varúðar og undir a.-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius), t. d. benzín.

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. Í húsum má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppsstjórnar að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma má ekki fara fram nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðinu eða ofninum, og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er

nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við. 110 29. okt.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós, má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða á annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- og trésmiðju sinni en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu; ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4	liðsmenn
2. Húsrifsflokkur	2	—
3. Vatnsslönguflokkur	4	—
4. Dæluflokkur	4	—
5. Vatnsburðarflokkur	2	—
6. Brunaboðar	2	—

110 29. okt. Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt, í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja á skránni við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma að undanskildu fólki og skepnum nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað, sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla og knýja handdælu, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann nema segja götu og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni og til að bera vatn að brunastaðnum að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar, og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu (sbr. 8. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður, hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kauptúnsins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 17, 13. marz 1913.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. október 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

111
10. sept.

REGLUGERÐ
um gosdrykki.

Skýring hugtaka.

1. gr.

Gosdrykkir eru:
1. límonaði,
2. freyðilímonaði,
3. ölkelduvatn,
4. sódavatn,
5. kjarnadrykkir:
   a. kjarnadrykkir með náttúrlegum kjörnum,
   b. kjarnadrykkir með gervikjörnum.

2. gr.

Límonaði (aldinlímonaði, ávaxtalímonaði) er drykkur, sem búinn er til úr aldinsafti eða límonaðisafti og vatni. Í stað aldinsafts er stundum notaður aldinsafi og hreinn hvítur neyzlusykur (saccharose), enda er hlutfallið á milli safans og sykursins, eins og fyrir er mælt í reglugerð nr. 51 20. júlí 1936 um aldinsafa og aldinsöft. Ef notaður er þykktur aldinsafi, er hann þynntur með jafnmiklu af vatni og úr honum hefir gufað við upphitunina. Í límonaði, þó að undanteknu sítrónulímonaði (sítrón), er stundum einnig notuð vínsýra eða mjólkursýra. Í límonaði er að minnsta kosti 7% af sykri. Í límonaði úr citrus-tegundunum eru oftast notuð ilm- og bragðefni barkarins. Í staðinn fyrir vatn er stundum einnig notað ölkelduvatn. Límonaði er kennt við aldintegund þá, sem í það er notuð.

Freyðilímonaði (ávaxtafreyðilímonaði, aldinfreyðilímonaði) eða **límonaði (ávaxtalímonaði, aldinlímonaði) með kolsýru** er límonaði, sem í hefir verið bætt kolsýru. Það er kennt við aldintegund þá, sem í það er notuð.

Ölkelduvatn er náttúrlegur vökvi, eins og hann kemur fyrir í uppsprettum (ölkeldum), og eru í einu kílógrammi af því að minnsta kosti 1000 milligrömm af uppleystum söltum og 250 milligrömm af kolsýru (CO_2). Ölkelduvatn er fyllt á flöskur á uppsprettustaðnum. Ölkelduvatn má ekki selja né dreifa manna á meðal, nema viðkomandi ölkelda sé viðurkennd til þeirra nota af ráðherra.

Sódavatn er drykkur, sem búinn er til úr vatni eða ölkelduvatni og vínsýru, mjólkursýru eða sítrónusýru, jarðsöltum og kolsýru.

Kjarnadrykkir eru búnir til úr náttúrlegum kjörnum eða gervikjörnum og vínsýru, sítrónusýru eða mjólkursýru, hreinum, hvítum neyzlusykri og vatni eða ölkelduvatni, stundum einnig mysu eða þykktri mysu, og er í þá látin kolsýra. Kjarnadrykkir eru stundum litaðir. Í stað sykursins má að nokkru eða öllu leyti nota sterkjusíróp eða gervisykur. Í kjarnadrykkjum eru, svo framarlega sem þeir eru ekki gerðir sætir með gervisykri, að minnsta kosti 7% af sykri, og má í stað eins hluta af sykri nota 1¼ hluta af sterkjusírópi. Gerður er munur á tvennskonar kjarnadrykkjum:
1. Kjarnadrykkir, sem í hafa verið notaðir náttúrlegir kjarnar. Þeir eru auðkenndir með bragði aldintegundar þeirrar, sem viðeigandi kjarni er unninn úr, t. d. „kjarnadrykkur með hindberja-, sítrónu- o. s. frv. bragði".
2. Kjarnadrykkir, sem í hafa verið notaðir gervikjarnar. Kjarnadrykkir úr kjarnadrykkjadufti eða kjarnadrykkjatölum eru taldir til þessa flokks kjarnadrykkja.

3. gr.

Límonaðisaft er aldinsaft eða sambland af tveim eða fleiri tegundum aldinsafta, ennfremur vara úr þykktum aldinsafa og hreinum, hvítum neyzlusykri, og er stundum bætt jafn-miklu vatni í þykkta aldinsafann og úr honum hefir verið soðið. Í límonaðisöft, þó að undanteknu sítrónulímonaðisafti, er stundum notuð vínsýra eða mjólkursýra, og í límonaðisöft citrus-tegundanna eru oftast notuð ilm- og bragðefni barkarins.

Kjarnadrykkjaduft og **kjarnadrykkjatölur** eru búnar til úr hreinum, hvítum neyzlusykri, náttúrlegum kjörnum eða gervikjörnum, svo og vínsýru eða sítrónusýru og natrón ($NaHCO_3$), stundum einnig litarefnum og litlu einu af eggjahvítu úr eggjum eða glycyrrhízíni, og eru ætlaðar til tilbúnings á kjarnadrykkjum. **111** 10. sept.

4. gr.

Náttúrlegir kjarnar (náttúrlegir essensar) eru unnir á þann hátt, að jurtir eða jurtahlutar, sérstaklega þó aldini eða aldinhlutar, eru eimdir, seyddir í vatni eða vínanda eða eru pressaðir. Til náttúrlegra kjarna teljast náttúrlegar ilmolíur (aetherískar olíur), sem hæfar eru til neyzlu, og er terpenið oftast hreinsað úr þeim. Ennfremur sambland úr þessum olíum og náttúrlegum kjörnum.

Gervikjarnar eru efni, sem líkjast náttúrlegum kjörnum að bragði og lykt, en eru búnir til á kemiskan hátt. Sambland úr þessum kjörnum og náttúrlegum kjörnum telst til þessa flokks kjarna.

Ákvæði um umbúðir og auðkenningu.

5. gr.

Gosdrykki, sem ekki er neytt þegar að framleiðslu lokinni, má aðeins setja í umferð og hafa á boðstólum í lokuðum flöskum.

Á flöskunum skal getið

1. nafns og heimilisfangs framleiðanda, — setji einhver annar en framleiðandinn vöruna í umferð undir sínu nafni, þá skal nafns þess manns getið í stað framleiðandans —,
2. tegundar og flokks innihaldsins.

Límonaði, freyðilímonaði og límonaðisaft, sem þykktur aldinsafi hefir verið notaður í, skulu auk þess vera auðkennd með orðunum „búið til úr þykktum aldin- (t. d. epla-, sítrónu-, hindberja-) safa".

Kjarnadrykkir, sem í eru notaðir náttúrlegir kjarnar, skulu auðkenndir með orðunum „með aldin- (t. d. hindberja-, sítrónu-) bragði".

Kjarnadrykkir, sem í eru notaðir gervikjarnar, skulu einungis auðkenndir sem kjarnadrykkir með gervikjörnum.

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

6. gr.

Sérstaklega er óheimilt

1. að búa til þær vörur, sem nefndar eru í 1.—4. grein þessarar reglugerðar, á þann hátt, að í þeim sé arsen, blý, zink, antímón, kadmíum, kopar eða amylnítrít,
2. að setja slíkar vörur í umferð eða hafa þær á boðstólum.

Þessi ákvæði koma þó eigi til framkvæmda, ef ekki er í vörunni meira af þessum efnum en minnst getur orðið, eða ef um er að ræða ölkelduvatn úr viðurkenndum ölkeldum, sem þessi efni eru í.

Matsreglur.

7. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, teljast gosdrykkir og efni í þá **skemmd**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess:

1. Límonaði, freyðilímonaði og kjarnadrykkir, sem farnir eru að gerjast.
2. Viðbrennt límonaðisaft.
3. Freyðilímonaði, ölkelduvatn, sódavatn og kjarnadrykkir, sem misst hafa svo mikinn hluta kolsýrunnar, að þau ólga ekki, eru „dauð".

8. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru gosdrykkir og efni í þá metin **eftirlíkt** eða **fölsuð**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, sem greinir í 6. og 12. tölulið þessarar greinar:

1. Gosdrykkir og efni í þá, sem ekki eru framleidd samkvæmt skilgreiningu 1.—4. greinar þessarar **reglugerðar.**

111 2. Gosdrykkir, sem í er meira en 0,5% af alkóhóli, miðað við þunga.
10. sept. 3. Límonaði, freyðilímonaði og límonaðisaft, sem í hefir verið notað sterkjusíróp eða sykurtegundir aðrar en hreinn, hvítur neyzlusykur.
4. Gosdrykkir og efni í þá, sem í eru jarðsýrur eða freyðiefni, þó að undanteknu litlu einu af eggjahvítu úr eggjum eða glycyrrhizíni í kjarnadrykkjadufti eða kjarnadrykkjatölum og þeim kjarnadrykkjum, sem úr þeim eru gerðir.
5. Límonaði, freyðilímonaði og límonaðisaft, sem er litað.
6. Kjarnadrykkir með náttúrlegum kjörnum, sem í hefir verið notuð mysa, enda séu þeir ekki auðkenndir með orðunum „með mysu“ eða „með þynntri mysu“.
7. Límonaðisöft, sem í er minna en 60% eða meira en 68% af sykri.
8. Límonaðisöft, sem í hefir verið blandað vatni, þó að undanteknu límonaðisafti úr þykktum aldinsafa, sem í hefir verið blandað jafn-miklu af vatni og soðið var burtu.
9. Eplalímonaðisaft, sem í er meira en 2,5% af vínsýru eða mjólkursýru, og önnur límonaðisöft, sem í er meira en 1% af þessum sömu sýrum, þó að undanteknu ákvæði 10. töluliðs.
10. Sítrónulímonaði (sítrón) og sítrónulímonaðisaft, sem í hafa verið settar sýrur.
11. Gosdrykkir og efni í þá, sem í hafa verið notaðar sýrur eða sölt, sem fullnægja ekki kröfum 9. greinar þessarar reglugerðar um hreinleika þeirra.
12. Kjarnadrykkir, sem í hefir verið notaður gervisykur, enda séu þeir ekki auðkenndir á eftirfarandi hátt:

Með gervisykri

Orðin og ramminn utan um þau skulu prentuð með lit, sem ekki er notaður annarsstaðar á einkennismiðanum.

9. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru gosdrykkir og efni í þá metin **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar:**

1. Gosdrykkir og efni í þá, sem auðkennd eru með einhverjum gervinöfnum, nema þau séu jafnframt auðkennd með réttu tegundarheiti.
2. Ef kjarnadrykkir með náttúrlegum kjörnum eða kjarnadrykkjaduft eða kjarnadrykkjatölur eru auðkenndar á þann hátt, að bent sé frekar til aldina en fram kemur í auðkenningunni „með aldin- (t. d. hindberja-, sítrónu-) bragði“.
3. Ef kjarnadrykkir með gervikjörnum og efni í þá kjarnadrykki eru auðkennd á þann hátt, að bent sé til aldina eða jurtahluta með orðum, myndum eða með öðru móti.
4. Ef gosdrykkir aðrir en ölkelduvatn eru auðkenndir með orðum eða myndum á þann hátt, að bent geti til ölkelduvatns eða ákveðinnar tegundar ölkelduvatns, nema þetta ölkelduvatn hafi eingöngu verið notað í stað vatns.

Hreinleiki sýrnanna og saltanna.

10. gr.

Við framleiðslu á gosdrykkjum og efnum í þá skal vínsýran, sítrónusýran, mjólkursýran, sódinn (Na_2CO_3) og natrónið fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í meðfylgjandi viðbót við þessa reglugerð.

Almenn ákvæði.

11. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 2. grein þessarar reglugerðar, kr. 0,75 fyrir hverja 100 lítra eða brot úr 100 lítrum af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóð og eftir sömu reglum.

12. gr.

Um málarekstur og refsingar vegna brota á reglugerð þessari fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1936.

111
10. sept.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936 og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 10. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

VIÐBÓT

1. Vínsýra.

Eftir að vatnsupplausn vínsýrunnar (1 + 9) hefir um það bil verið neutraliseruð með ammóníakvökva, má hún ekki breytast, þótt í hana sé látin kalcíumsúlfatupplausn (oxalsýra, þrúgusýra).

Ef 5 g af vínsýru eru leyst upp í 10 cm³ af vatni, í þessa upplausn eru látnir 13 cm³ af ammóníakvökva og 2 cm³ af þynntri ediksýru og síðan bætt við 3 dropum af natríumsúlfídupplausn, þá má þessi vökvi ekki vera dekkri á litinn heldur en upplausn, sem er jöfn að rúmmáli og sú fyrri og í eru 10 cm³ af þynntri blýacetatupplausn, sem í er 0,1 cm³ af blýacetatupplausn (1 + 9) í 550 cm³, og 3 dropar af natríumsúlfídupplausn (of mikið af blý- og koparsamböndum). Athugunin fari fram í tveim jafn-víðum tilraunaglösum, sem fyllt eru upp að jöfnu marki.

Í vínsýru mega í mesta lagi vera 0,3% af ösku.

2. Sítrónusýra.

Ef 1 g af muldri sítrónusýru uppleyst í 10 cm³ af brennisteinssýru er hitað í 80—90° C heitu vatnsbaði í eina klukkustund í tilraunaglasi, sem hreinsað hafði verið með brennisteinssýru, þá má upplausnin aðeins verða gulleit á litinn, en hvorki brún né svört (vínsýra).

Ef 1 g af sítrónusýru er leyst upp í 10 cm³ af vatni og í þessa upplausn látnir 5 cm³ af þynntri kalcíumklóríduppplausn, þá má engin breyting eiga sér stað á upplausninni næstu klukkustund (oxalsýra).

Ef 5 g af sítrónusýru eru leyst upp í 10 cm³ af vatni, í þessa upplausn látnir 12 cm³ af ammóníakvökva og síðan bætt við 3 dropum af natríumsúlfídupplausn, þá má þessi vökvi ekki verða dekkri á litinn heldur en upplausn, sem er jöfn að rúmmáli og sú fyrri og í eru 10 cm³ af þynntri blýacetatupplausn, sem í er 0,1 cm³ af blýacetatupplausn (1 + 9) í 550 cm³, og 3 dropar af natríumsúlfídupplausn (of mikið af blý- og koparsamböndum). Athugunin fari fram í tveim jafn-víðum tilraunaglösum, sem fyllt eru upp að jöfnu marki.

Í sítrónusýru mega í mesta lagi vera 0,3% af ösku.

3. Mjólkursýra.

Af mjólkursýru má aðeins vera dauf lykt, sem engan veginn er óþægileg. Í henni má vera lítið eitt af sykri og dextríni. Litur sýrunnar má vera gulur eða allt að því ljósbrúnn.

Vatnsupplausn mjólkursýrunnar (1 + 9) má ekki breytast, þótt í hana sé látið brennisteinsvetnisvatn (þungmálmasölt).

Sé í 1 cm³ af mjólkursýruupplausn látið jafn-mikið af kalíumferrócyaníðupplausn (1 + 9), þá má aðeins slá á hana daufum, bláum lit, en alls ekkert botnfall myndast (járn).

Ef 1 cm³ af silfurnítratupplausn (2%) er látinn í 1 cm³ af mjólkursýruupplausn, sem þynnt er út með 5 cm³ af vatni og sýrð með nokkrum dropum af saltpétursýru, má hún aðeins verða gruggug, en þó ekkert botnfall myndast (klóríð).

1 cm³ af mjólkursýruupplausn er hrístur saman við 6—8 cm³ af absólútu alkóhóli og síðan filterað. Filtratinu er skipt til helminga í jafn-stór tilraunaglös. Séu í annan helminginn látnir 1—2 dropar af kalcíumklóríduppplausn (36° Bé) og suðan síðan látin koma upp, á hann að haldast tær eða verða alls ekki gruggugri en hinn helmingurinn, sem í er látinn 1 dropi af brennisteinssýru (óbundin brennisteinssýra).

4. Kristallíserað natríumkarbónat (sódi).

Í kristallíseruðu natríumkarbónati skulu að minnsta kosti vera 37% af vatnssnauðu natríumkarbónati.

111 10. sept.

Vatnsupplausnin (1 + 49) má ekki breytast, þótt í hana séu látnir 3 dropar af natríumsúlfíðupplausn (þungmálmasölt).

Sé vatnsupplausnin sýrð með saltpétursýru, má hún engum breytingum taka, þótt í hana sé látin bariumnítratupplausn (brennisteinssýra), og í mesta lagi verða ópalíserandi gruggug á næstu 10 mín. eftir að silfurnítratupplausn hefir verið bætt í hana (saltsýra).

Sé vatnsupplausnin hituð upp, má ekki verða vart við ammóníak (ammóníumsölt).

Ef 1 g af kristallíseruðu natríumkarbónati er leyst upp í 5 cm³ af natríumhypófosfitupplausn og hún hituð í stundarfjórðung í sjóðandi vatnsbaði, má hún ekki taka á sig dekkri lit (arsensambönd).

5. Þurrkað natríumkarbónat.

Í þurrkuðu natríumkarbónati skulu að minnsta kosti vera 74% af vatnssnauðu natríumkarbónati.

Hvað hreinleika þess viðvíkur, verður það að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til kristallíseraðs natríumkarbónats. Við prófanirnar skal þó aðeins notaður helmingur þess, sem notað er af kristallíseruðu natríumkarbónati.

6. Natríumbíkarbónat.

Í saltinu, sem þurrkað hefir verið yfir brennisteinssýru, skulu að minnsta kosti vera 98% af natríumbíkarbónati.

Ef 0,3 g af natríumbíkarbónati eru leyst upp í 10 cm³ af vatni, upplausnin aðeins sýrð með þynntri ediksýru og síðan bætt í hana 2 cm³ af natríumkóbaltínítrítupplausn, þá má ekkert grugg myndast á næstu 2 mín. (kalíumsölt).

Vatnsupplausn natríumbíkarbónasins (1 + 49) er sýrð með þynntri ediksýru, svo að upplausnin sýni aðeins súra reaktion með lakmúspappír. Þessi súra upplausn má engum breytingum taka, þótt í hana sé bætt 3 dropum af natríumsúlfíðupplausn (þungmálmasölt), og ekki heldur á næstu 3 mín. eftir að í hana hefir verið bætt bariumnítratupplausn (brennisteinssýra).

Vatnsupplausn natríumbíkarbónatsins, sem sýrð hefir verið með saltpétursýru, skal vera tær (thíóbrennisteinssýra), og sé í hana bætt silfurnítratupplausn, má hún í mesta lagi verða ópalíserandi gruggug (saltsýra). Af járnklóríðupplausn má hún ekki litast rauð (rhódanvetnissýra).

Upplausn úr 1 g af natríumbíkarbónati í 20 cm³ af vatni, sem gerð er við ekki meira en 15° C, má í mesta lagi verða ljósrauð, ef í hana er bætt 3 dropum af phenólphthaleinupplausn (natríumkarbónat).

Sé vatnsupplausn natríumbíkarbónatsins (1 + 49) hituð upp með 1 cm³ af natríumhydroxydupplausn, má ekki verða vart við ammóníak (ammóníumsölt).

Ef 1 g af natríumbíkarbónati er leyst upp í 5 cm³ af natríumhypófosfitupplausn og hún hituð í stundarfjórðung í sjóðandi vatnsbaði, má hún ekki taka á sig dekkri lit (arsensambönd).

112

REIKNINGUR

fyrir styrktarsjóð til Svíþjóðarferðar.

Höfuðstóll:

Stofnsjóður samkvæmt skipulagsskrá 4. maí 1935 (Stjórnartíðindi 1935, B, nr. 42)	kr.	5673.00
Aukning á árinu:		
1. Vextir af bankainnstæðu 1934	—	114.72
2. Vextir af bankainnstæðu 1935	—	231.48
	Kr.	6019.20

Sjóðurinn er ávaxtaður í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

Forsætisráðherrann, 2. janúar 1936.

Hermann Jónasson.

SNORRASJÓÐUR 1930 113

Ársreikningur 1935.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr.	132256.43
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindum reikningi	—	1869.40
	Kr.	134125.83

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Jarðræktarbréf	kr.	130400.00
Innstæða í sparisjóðsbók nr. 26 í Búnaðarbanka Íslands	—	3725.83
	Kr.	134125.83

Tekjur:

Vextir af jarðræktarbréfum	kr.	7172.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	—	97.40
	Kr.	7269.40

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:

Ármann Halldórsson, stúdent frá Ísafirði, til heimspeki- og sálfræðináms í háskólanum í Osló	kr.	800.00
Erlendur Vilhjálmsson, stúdent, Reykjavík, til hagfræðináms í sama háskóla	—	800.00
Geir Jónasson, stúdent frá Akureyri, til sagnfræði- og hagfræðináms í sama háskóla	—	800.00
Ungfrú Hólmfríður Jónsdóttir, stúdent, frá Hofteigi, til sögu- og tungumálanáms í sama háskóla	—	800.00
Haukur Jörundsson, frá Skálholti, framhaldsstyrkur til búnaðarnáms í Noregi	—	500.00
Ungfrú Sólveig Benediktsdóttir, frá Húsavík, framhaldsstyrkur til þess að stunda nám í Statens Lærerindeskole for Husstell í Stabæk í Noregi	—	300.00
Egill Ingimundarson, Reykjavík, til þess að kynna sér síldariðnað í háskólanum í Þrándheimi	—	800.00
Stefán Þorsteinsson, Reykjavík, til framhaldsnáms í landbúnaði við Statens Smaabrukslærerskole í Hvalstad í Noregi	—	600.00
	Kr.	5400.00
Lagt við höfuðstól	kr.	1869.40
	Kr.	7269.40

Reykjavík, 31. janúar 1936.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson. **Þ. Sveinsson.**

114

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Ársreikningur 1935.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi	kr.	113640.92
Aukning á árinu, samkvæmt neðangreindum reikningi	—	4549.51
	Kr.	118190.43

Eignum sjóðsins er varið þannig:

1. Bankavaxtabréf	kr.	30800.00
2. Jarðræktarbréf	—	15000.00
3. Innstæða á bankareikningi í Landsbanka Íslands	—	72390.43
	Kr.	118190.43

Tekjur:

1. Gengishagnaður við kaup á bankavaxtabréfum	kr.	5340.00
2. Vextir af bankavaxtabréfum	—	1090.00
3. Vextir af jarðræktarbréfum	—	412.50
4. Vextir af bankainnstæðu	—	3523.11
	Kr.	10365.61

Gjöld:

Framhaldsstyrkur til Ófeigs J. Ófeigssonar, cand. med., til framhaldsnáms á háskólaárinu 1934—1935, í lyflæknisfræði við kanadiska háskóla og sjúkrahús, kan. $ 1250.00	kr.	5816.10
Lagt við höfuðstól	—	4549.51
	Kr.	10365.61

Forsætisráðherrann, 15. febrúar 1936.

Hermann Jónasson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna árið 1936.

Lög um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af konungi 19. nóvember 1936 (nr. 115).

Bráðabirgðalög um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki, undirskrifuð af konungi 21. desember 1936 (nr. 116).

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, undirskrifuð af konungi 30. desember 1936 (nr. 117).

Bráðabirgðalög um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 118).

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, **um skilning á 65. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.** 115 28. nóv.

Ráðuneytið hefir móttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 29. júní þ. á., ásamt erindi oddvita Fáskrúðsfjarðarhrepps, dags. 30. maí þ. á., þar sem hann áfrýjar til ráðuneytisins úrskurði yðar, dags. 2. s. m., sem ákveður að Fáskrúðsfjarðarhreppur skuli annast framfærslu Valdemars Lúðvíkssonar, sem nú er til heimilis í Búðahreppi.

Í úrskurðinum er tekið fram, að Valdemar hafi flutzt í Búðahrepp árið 1929 og hafi honum fyrst verið veittur þar fátækrastyrkur á árinu 1930. Árið eftir var Valdemar enn veittur fátækrastyrkur, sem var endurgreiddur af Fáskrúðsfjarðarhreppi, svo sem lög stóðu til. Með bréfi dags. 11. apríl 1931 krafðist oddviti Búðahrepps fátækraflutnings á Valdemar, en af fátækraflutningi varð þó ekki. Síðan hefir hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps séð um framfærslu styrkþegans að öllu leyti án milligöngu hreppsnefndar Búðahrepps þangað til 1. janúar 1936, er nýju framfærslulögin gengu í gildi.

Úrskurður yðar er á því byggður að dvöl styrkþegans í Búðahreppi frá 1931 hafi beinlínis byggzt á ráðstöfun hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps og beri því Fáskrúðsfjarðarhreppi, samkvæmt 65. gr. framfærslulaganna nr. 135 1935 að annast framfærsluna á meðan styrkþeginn þurfi á óslitnu sveitarframfæri að halda.

Í 1. mgr. 12. gr. framfærslulaganna er svo ákveðið, að sérhver íslenzkur ríkisborgari eldri en 16 ára skuli eiga framfærslurétt í heimilissveit sinni, ennfremur er svo ákveðið í 13. gr. að ef maður flyzt milli sveita þá skuli hann eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar hann hefir tekið sér þar fast aðsetur og að þetta eigi jafnt við um þá, sem framfærslustyrks hafa notið, þótt eigi sé endurgreiddur og aðra.

Hér kemur skýrt fram sú aðalregla framfærslulaganna að styrkþegi skuli framfærast af heimilissveit sinni.

30. dag desembermánaðar 1936. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

115 28. nóv. Í 2. mgr. 77. gr. framfærslulaganna er gerð sú undantekning frá ofangreindri aðalreglu, að um styrkþega sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn áður en lögin öðlast gildi, skuli fara sem segir í 65. gr. laganna, en þar er svo ákveðið, að ef framfærslunefnd eða hreppsnefnd hefir ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, þá beri þeirri sveit sem ráðstafaði dvöl hans, að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda.

Þetta undantekningarákvæði ber að skýra þröngt með því að það kemur í bág við þann aðaltilgang laganna að fella niður hinar erfiðu greiðslur milli sveitarfélaga vegna fátækraframfærisins.

Ennfremur má benda á það í þessu sambandi að fátækraflutningur hefir verið úr lögum numinn með hinum nýju framfærslulögum og eru sveitarfélögin þar með svipt að verulegu leyti möguleikum til þess, að hafa áhrif á styrkveitingar til styrkþega sinna, sem dvelja utan sveitar.

Eins og að framan getur er svo til orða tekið í 65. gr. laganna, að hreppsnefnd hafi ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit. Ráðuneytið verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að þetta orðalag eigi aðeins við þegar sveitarstjórn hefir beinlínis komið styrkþurfa fyrir til dvalar í öðru sveitarfélagi.

Í máli því sem hér um ræðir, er það upplýst, að styrkþeginn Valdemar Lúðvíksson hefir verið heimilisfastur í Búðahreppi frá því á árinu 1929 og ekkert liggur fyrir um það, að hann hafi flutt úr Fáskrúðsfjarðarhreppi inn í Búðahrepp að tilhlutun hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps, og þá að hreppsnefndin hafi styrkt hann beint án milligöngu hreppsnefndar Búðarhrepps, frá því að krafa um fátækraflutning kom fram á árinu 1931, þá verður ekki álitið að undantekningarákvæði 65. gr. framfærslulaganna verði beitt.

Samkvæmt þessu verður að fella úrskurð yðar úr gildi og skylda Búðahrepp til þess að annast framfærslu Valdemars Lúðvíkssonar.

Því úrskurðast:

Valdemar Lúðvíksson skal eiga framfærslurétt í Búðahreppi frá 1. janúar 1936 að telja.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefndum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.

116 28. nóv. **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, **um skilning á 65. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Ráðuneytið hefir móttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 2. maí þ. á., ásamt bréfi oddvita Fáskrúðsfjarðarhrepps, dags. 14. apríl þ. á., þar sem hann áfrýjar til ráðuneytisins úrskurði yðar, dags. 14. marz 1936, sem ákveður að Þórormur Stefánsson skuli framfærast að öllu leyti af Fáskrúðsfjarðarhreppi á meðan hann þurfi á óslitnu sveitarframfæri að halda.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði er það upplýst í máli þessu,

að Þórormur hefir verið undanfarin mörg ár á stöðugu sveitarframfæri í Fá- 116
skrúðsfjarðarhreppi. Um vorið 1935 fluttist hann í Búðahrepp og leigði hrepps- 28. nóv.
nefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps þar fyrir hann húsnæði með leigusamningi dags. 17. júní 1935 og hefir Þórormur verið á framfæri Fáskrúðsfjarðarhrepps s. l. ár án nokkurar milligöngu Búðahrepps.

Samkvæmt þessu er það bersýnilegt að ofangreindum styrkþega hefir verið ráðstafað til dvalar í Búðahreppi af hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps og staðfestist úrskurður yðar því hér með samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 77. gr., sbr. 65. gr. framfærslulaga nr. 135/1935.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 117
í Húnavatnssýslu, **um skiptingu á framfærslukostnaði nokkurra þurfa-** 30. nóv.
linga Torfalækjarhrepps hins forna milli Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps eftir gildistöku framfærslulaga nr. 135, 1935.

Oddviti Blönduóshrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 20. júlí þ. á., sem ákveður að styrkþegarnir Sveinn Benjamínsson, Sigríður Árnadóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Þorvaldur Þórarinsson skuli framfærast af Blönduóshreppi að öllu leyti frá 1. janúar s. l. að telja, en að styrkþeginn Benedikt Helgason skuli framfærast af Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi í sameiningu eins og verið hefir meðan hann þarf á óslitnu sveitarframfæri að halda.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði eru allir ofangreindir styrkþegar búsettir í Blönduóshreppi, en hafa verið til 1. janúar s. l. á sameiginlegu framfæri Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps (Torfalækjarhrepps hins forna), þannig að Blönduóshreppur hefir greitt 52/100 hluta af framfærslukostnaðinum en Torfalækjarhreppur 48/100 hluta hans. Þessi skipting framfærslukostnaðarins er byggð á samningum hreppsnefnda téðra hreppa, um framfærslu hinna sameiginlegu styrkþega „Torfalækjarhrepps hins forna", sbr. bréf Stjórnarráðsins dags. 27. maí 1914.

Úrskurður yðar er á því byggður að telja verði afstöðu nefndra hreppa hvors til annars eftir að þeim var skipt í tvö hreppsfélög, þá sömu, sem hverra annara hreppa í landinu, og að almenn regla framfærslulaganna nr. 135 1935 verði að gilda um þá hvorn um sig, þannig að frá s. l. áramótum eigi heimilisfastir menn innan þeirra vébanda þar einnig framfærslurétt.

Á þessa niðurstöðu getur ráðuneytið ekki fallizt.

Í 1. mgr. 77. gr. framfærslulaganna er svo ákveðið, að samningar sem sveitarstjórnir hafa gert sín á milli, um framfærslu styrkþega, áður en framfærslulögin koma til framkvæmda skuli haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði laganna.

117 Undir þetta lagaákvæði telur ráðuneytið að falli samningar um skipting
30. nóv. fátækraframfæris, sem gerðar hafa verið vegna hreppaskiptinga og að þeir brjóti ekki í bág við aðalreglu framfærslulaganna um framfærslu styrkþega.

Því úrskurðast:

Samningur hreppsnefnda Blönduóshrepps og Torfalækjarhrepps, um skipting fátækraframfæris, sem rót sína eiga í félagsskap þeim, sem átti sér stað milli þessara hreppa fyrir skipting „Þorkelshólshrepps hins forna", skal í gildi vera, og skulu framangreindir fimm styrkþegar framfærast af Blönduóshreppi og Torfalækjarhreppi, svo sem verið hefir fyrir gildistöku framfærslulaganna nr. 135, 1935.

Þetta tilkynnist yður hérmeð til frekari birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum.

118 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til sýslumannsins
15. des. í Gullbringu- og Kjósarsýslu, **um greiðslu barnsmeðlags samkvæmt 3. mgr. 58. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Oddviti Kjósarhrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8. júní þ. á., sem ákveður að Kjósarhreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurkaupstað meðlag að upphæð kr. 240.00 með óskilgetnu barni Ragnheiðar Steinsdóttur og Friðriks Guðmundssonar, fyrir tímabilið frá 14. febrúar til 14. ágúst 1936.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði var Friðrik Guðmundsson skráður til heimilis í Reykjavík á árinu 1935, en 12. febrúar þ. á. réðist hann að Blönduholti í Kjósarhreppi til loka eða 11. maí s. á. Bæjarsjóður Reykjavíkur var krafinn um greiðslu ofangreindra meðlaga þann 21. febrúar þ. á. og var Friðrik því heimilisfastur í Kjósarhreppi þegar greiðslunnar var krafizt. Þar sem nú ekkert er upplýst um það í máli þessu að styrkþeginn hafi átt lögheimili í Reykjavík á greindum tíma, verður samkvæmt 3. mgr. 58. gr., sbr. 12. gr. framfærslulaganna, að staðfesta úrskurð sýslumannsins.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Kjósarhrepps.

119 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til bæjarstjórans í
18. des. Hafnarfirði, **um greiðslu barnsmeðlags, samkvæmt 58. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Með bréfi dags. 24. júlí þ. á., hafið þér, herra bæjarstjóri, áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 14. s. m., sem ákveður að Hafnarfjarðarkaupstaður skuli endurgreiða meðlag með barni Árna H. Bachmann að upphæð kr. 200.00 fyrir tímabilið frá 27. desember 1935 til 27. júní 1936.

Eins og tekið er fram í úrskurði bæjarfógetans var meðlag þetta greitt úr 119
bæjarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar þann 11. janúar þ. á. Samkvæmt æfiferils- 18. des.
skýrslu Árna hefir hann átt heimili í Hafnarfirði frá 11. maí 1935 til 11. maí 1936 og var hann sveitlægur í Vestmannaeyjum til 31. desember 1936 samkvæmt fátækralögum nr. 43, 1927.

Endurgreiðslukröfunni hafið þér mótmælt á þeim grundvelli, að þar sem ofangreint meðlag féll í gjalddaga á þeim tíma er styrkþeginn var sveitlægur í Vestmannaeyjum, þá sé það Vestmannaeyjakaupstaður sem beri að greiða meðlagið.

Í 3. mgr. 58. gr. framfærslulaganna nr. 135, 1935, er svo ákveðið að það sveitarfélag skal inna greiðsluna af hendi, þar sem barnsfaðir á lögheimilið, þegar greiðslunnar er krafizt.

Með því að það er upplýst í máli þessu að Árni H. Bachmann átti lögheimili í Hafnarfirði 11. janúar þ. á. þegar greiðslu meðlagsins var krafist úr bæjarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar, þá verður samkvæmt ofangerindu lagaákvæði að staðfesta úrskurð bæjarfógetans og skylda Hafnarfjarðarkaupstað til þess að endurgreiða Vestmannaeyjakaupstað hið umkrafða barnsmeðlag að upphæð kr. 200.00.

Þetta tilkynnist yður hér með til leiðbeiningar.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 120
í Gullbringu- og Kjósarsýslu, **um greiðslu barnsmeðlaga, samkvæmt** 19. des.
2. mgr. 12. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 14. júlí þ. á., þar sem Keflavíkurhreppur er sýknaður af kröfu Reykjavíkurkaupstaðar um endurgreiðslu á meðlagi með óskilgetnu barni Ólafs Sigurðssonar og Jóhönnu Pálsdóttur fyrir tímabilið frá 9. ágúst 1935 til 9. ágúst 1936 að upphæð kr. 480.00.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði, var ofangreint meðlag greitt úr bæjarsjóði Reykjavíkur 26. febrúar 1936. Í meðlagsúrskurðinum, útgefnum 1. febrúar s. l., er Ólafur talinn til heimilis á Hverfisgötu 15 C í Hafnarfirði og í birtingarvottorði stefnuvottanna 15. s. m. er hann talinn heimilisfastur í Njarðvíkum í Keflavíkurhreppi. Síðastliðið ár er hann skráður á manntali á Vesturgötu 28 A í Reykjavík. Jafnframt er það upplýst í máli þessu, samkvæmt yfirlýsingu Ólafar Ágústsdóttur, sem hefir skráð styrkþegann á manntalsskýrsluna, að skráning þessi hefir farið fram samkvæmt beiðni foreldra Ólafs, en samþykki húsráðanda var ekki fengið fyrr en eftir á. Foreldrar Ólafs fluttu héðan úr bænum til Hafnarfjarðar fyrir manntalið 1935. Ennfremur er það tekið fram í téðu vottorði Ólafar að styrkþeginn hafi ekkert húsnæði eða herbergi haft á leigu hjá henni og hafi ekkert dvalið þar, en aðeins fengið að sofa þar nótt og nótt þegar hann hefir verið á ferð í bænum.

120 Samkvæmt ofanskráðu er það ljóst, að sjálfur hefir styrkþeginn engar
19. des. ráðstafanir gert til þess að afla sér lögheimilis í Reykjavík. Hann hefir ekki haft fast aðsetur þar og foreldrar hans voru búsettir í Hafnarfirði, en hjá þeim hafði hann talið lögheimili sitt undanfarin ár. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að Ólafur Sigurðsson hafi ekki átt lögheimili í Reykjavík á þeim tíma þegar meðlagsgreiðslan fór fram og verður því, með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. framfærslulaganna nr. 135, 1935, að skylda Keflavíkurhrepp, þar sem styrkþeginn dvaldi 26. febrúar 1936, að endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur meðlagsupphæðina.

Því úrskurðast:

Keflavíkurhreppur skal endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur meðlag með óskilgetnu barni Ólafs Sigurðssonar fyrir tímabilið 9. ágúst 1935 til 9. ágúst 1936 að upphæð kr. 480.00.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til birtingar fyrir hreppsnefnd Keflavíkurhrepps.

121 **REGLUGERÐ**
17. sept. **fyrir vinnumiðlunarskrifstofur.**

Samkvæmt lögum nr. 4, 9. janúar 1935, um vinnumiðlun, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Allar vinnumiðlunarskrifstofur í landinu skulu vinna í sameiningu og samráði að verkefnum sínum, og skal vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík hafa yfirumsjón með samstarfi þeirra.

Allar vinnumiðlunarskrifstofur utan Reykjavíkur skulu senda vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á mánuði skýrslur um atvinnuleysi og atvinnuhorfur, ásamt tillögum um atvinnubætur í sínu umdæmi. Vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík vinnur úr skýrslum þeim, er henni berast og sendir atvinnumálaráðuneytinu í lok hvers ársfjórðungs yfirlit yfir atvinnuleysi og atvinnuhorfur á þeim stöðum er vinnumiðlunarskrifstofur starfa, ásamt tillögum um hvað gera skuli til atvinnubóta á hverjum stað.

2. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu safna nákvæmum skýrslum um alla vinnu í þeim kaupstöðum sem þær starfa í. Skulu þær fá eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði afrit af greiðslum atvinnurekenda til daglaunamanna og kvenna. Skal skýrt tekið fram nafn, heimili og upphæð sú, sem greidd hefir verið hverjum einstökum manni eða konu, þannig að skrifstofurnar geti á hverjum tíma vitað

hve mikla daglaunavinnu hver maður eða kona hafa fengið, og skulu þær leggja það til grundvallar við úthlutun vinnunnar. 121 17. sept.

3. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur, sem starfa á þeim stöðum þar sem atvinna er mjög háð árstíðum (Siglufirði, Vestmannaeyjum), skulu í tæka tíð tilkynna öðrum vinnumiðlunarskrifstofum hve margt aðkomufólk muni geta vænzt að fá þar vinnu, og skulu skrifstofurnar vinna að því eftir föngum, að hæfilega margt fólk leiti þar eftir atvinnu og að það komi frá þeim stöðum, þar sem mest er atvinnuþörf.

4. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofurnar skulu halda eftirtaldar bækur:

1. Spjaldskrá með upplýsingum um atvinnugrein, ómagafjölda og heimili allra atvinnulausra manna er leita aðstoðar skrifstofunnar.
2. Bók yfir alla atvinnulausa menn, er mæta við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar eða á skrifstofunni.

   Í hana skal færa að minnsta kosti á hverjum ársfjórðungi nákvæmar upplýsingar um eignir, atvinnu, ómagafjölda og aðra afkomu mannsins, svo fljótlega sé hægt að fá glöggt yfirlit yfir möguleika hans til sjálfsbjargar.
3. Bók, sem í er færð daglega tala og atvinnugrein þeirra manna, er mæta á skrifstofunni í atvinnuleit.
4. Bók, sem í eru færðar allar ráðningar í vinnu, sem fram hafa farið að tilhlutun skrifstofunnar, ennfremur nöfn vinnukaupanda og vinnuseljanda og aðrar upplýsingar um hvar vinnan sé, til hve langs tíma og fyrir hvaða kaup.

5. gr.

Framkvæmdastjóri hverrar vinnumiðlunarskrifstofu annast fjárreiður hennar undir eftirliti stjórnar skrifstofunnar.

Skal hann í lok hvers mánaðar gera sundurliðaðan reikning yfir rekstur skrifstofunnar undanfarinn mánuð og senda hann hlutaðeigandi bæjarstjórn og atvinnumálaráðuneytinu.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi bæjarfélags.

6. gr.

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal halda fund að minnsta kosti einu sinni á mánuði og taka þá til athugunar skýrslur skrifstofunnar um atvinnuleysi og atvinnuhorfur og reikninga skrifstofunnar. Að öðru leyti boðar formaður stjórnina á fund svo oft sem honum þykir þurfa eða ef 2 úr stjórninni óska þess eða framkvæmdastjóri fer þess á leit.

Laun stjórnarinnar greiðast af rekstursfé skrifstofunnar.

121 17. sept. Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

122 30. okt.

AUGLÝSING

um það, hvernig hestöfl vélar skuli ákveðin.

Samkvæmt j-lið 2. gr. l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Með hestafli skipsvélar er átt við orku þá, sem aðalvél skipsins gefur, til þess að knýja skipið áfram, miðað við fjögurra klst. siglingu á því fullfermdu.

Hestöfl skulu reiknuð eftir neðanskráðri reglu:

$$H\,\ddot{O} = \frac{\sqrt[3]{p\,(þ^2.\ \sqrt[3]{S.\ a.\ n+b.\ H})}}{c}$$

P- ketilþrýstingurinn í kg á hvern fersentímetra.
þ- þvermál lágþrýstistrokks í sentímetrum.
S- bulluslagið í sentímetrum.
n- tala jafnstórra lágþrýstistrokka.
H- hitaflötur ketilsins í fermetrum.
Sn- snúningshraðinn á mínútu.

Þegar S x Sn. er minna en 2,5 er a 1,00
3300 — — — 3,0 — — 1,10
— — — 3,5 — — 1,25
— — — 4,0 — — 1,40
— — — 4,5 — — 1,55

Stuðlarnir b og c fara eftir bulluslaginu.

Þegar S er minna en 20 cm, er b 265 c 340
— — — — — 40 — — — 270 — 345
— — — — — 60 — — — 275 — 355
— — — — — 80 — — — 280 — 365
— — — — — 100 — — — 285 — 375
— — — — — 120 — — — 290 — 385
— — — — — 140 — — — 295 — 395

Þegar S liggur á milli ofangreindra sentímetratalna, skal finna b og c með interpolation.

Sé vélsúgur notaður, skal hækka stuðulinn b um 10%.

Til hitaflatarins H. telst:

Allt yfirborð ketilpípnanna, milli pípuplatanna.

Allt yfirborð eldholanna, niður að miðri rist, milli saumfara til beggja enda.

Yfirplata og hliðarplötur bálholsins niður að línu, sem er 76 mm undir miðlínu eldholsins (en sé hlífðarplata yfir botni bálholsins, skal mæla að henni).

Innri pípuplatan, að frádregnu flatarmáli pípnanna.

Bakplata bálholsins, að línu sem er 76 mm undir miðlínu eldholsins.

Ofangreind regla gildir fyrir vélar, sem hafa lægri eimþrýsting en 16 kg á hvern fersentímetra og meðalþrýsting meiri en 1,6 kg á hvern fersentímetra.

$$\text{Meðalþrýstingurinn } mp = \frac{225000\ H\ Ö}{n.\ F.\ S.\ Sn.}$$

F er flatarmál lágþrýstibullu í ^{2}fersentímetrum.

$$\text{Mótorar. } H\ Ö = \frac{T.\ F.\ mp.\ S.\ Sn.}{G.\ 225000}$$

T- tala jafnstórra strokka.
F- flatarmál bullu í fersentímetrum.
mp- meðalþrýstingurinn í kg á hvern fersentímetra.
S- bulluslagið í sentímetrum.
Sn- snúningshraðinn á mínútu.
G- { 4 fyrir fjórgengismótora.
{ 2 fyrir tvígengismótora.

Fyrir mótor af lágþrýstigerð er pm = 2,5 kg á hvern fersentím.
— — — miðþrýstigerð — — = 3,0 — — — —
— — — háþrýstigerð — — = 5,5 — — — —
— benzínmótora ..... — — = 5,0 — — — —
— Dieselmótora ..... — — = 6,2—8 — — — —
eftir gerð mótorsins.

Hestöfl þau, sem reiknuð eru út eftir ofangreindri reglu, skulu minkuð um 10%, sé um einvirkan tvígengismótor að ræða, en sé vatnsinnspýting notuð, skal bæta við 10%, hvort heldur það er tví- eða fjórgengismótor.

2. gr.

Komi það fyrir, að aðalvél skips sé mjög frábrugðin áður greindum vélartegundum, setur atvinnumálaráðuneytið aðrar reglur um útreikning hestafla slíkra véla.

122 3. gr.
30. okt. Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1936.

Haraldur Guðmundsosn.

Vigfús Einarsson.

123 **REGLUGERÐ**
12. nóv. **um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 30. maí 1921.**

Vörugjald af harðfiski samkvæmt 20. gr. reglugerðarinnar skal lækka úr 40 aurum fyrir hver 100 kg niður í 20 aura.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

124 **AUGLÝSING**
16. nóv. **um breyting á fundarsköpum fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar frá 18. ágúst 1930.**

3. gr. fundarskapanna orðist þannig:

Fundir bæjarstjórnar eru tvennskonar, almennir fundir og aukafundir. Almennir fundir skulu haldnir þriðja hvern fimmtudag. Farist almennur fundur fyrir, vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal halda fund einhvern næsta virkan dag á eftir. Almennir fundir byrja kl. 4 e. h., og standa meðan dagskrá endist. Getur ⅓ mættra fulltrúa heimtað, að slitið sé fundi á miðnætti, þótt dagskrá sé eigi afgreidd. Aukafundi skal halda svo oft sem bæjarstjóra þykir þurfa, á þeim stað og stundu, er hann ákveður. Hann skal og jafnan boða til aukafundar, ef 5 bæjarfulltrúar óska þess.

1. mgr. 12. gr. fundarskapanna orðist þannig:

Bæjarstjórn má ekki gera ályktun um nokkurt mál, nema minnst helmingur bæjarfulltrúanna, auk forseta eða varaforseta, sé á fundi. Atkvæðamagn skal

ávallt ráða. Séu jafn mörg atkvæði með og móti fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. 124 16. nóv.

Ofangreindar breytingar á fundarsköpum bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 26 22. nóvember 1918 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum. 125 17. nóv.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 31, 1. febr. 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkisstjórnin hefir ákveðið, að fyrirmæli framangreindra laga komi til framkvæmda 1. apríl 1937.

Þeir, sem óska að fá leigðar loftskeytastöðvar hjá landssímanum frá 1. apríl 1937, sendi umsóknir sínar til póst- og símamálastjórnarinnar fyrir 15. desember n. k.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. nóvember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um blöndun smjörlíkis með íslenzku smjöri. 126 30. nóv.

Til að fyrirbyggja framkominn misskilning á auglýsingu ráðuneytisins 14. september þ. á., um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar, að hver 100 kg af smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, eiga að innihalda 8 kg af íslenzku smjöri og 92 kg af öðrum efnum og skal blanda útlent smjörlíki, sem til landsins kann að flytjast, íslenzku smjöri í sama hlutfalli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

127
14. des.

HAFNARREGLUGERÐ
fyrir Ólafsvíkurkauptún.

1. gr.

Takmörk Ólafsvíkurhafnar eru Ytra klif að austan, en Ólafsvíkurtangi og Ytri hafnargarður að vestan.

2. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja á Ólafsvíkurhöfn, og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, skal stofna hafnarsjóð fyrir Ólafsvíkurkauptún.

3. gr.

Tekjur hafnarsjóðs eru fyrst um sinn þessar, þar til öðruvísi verður ákveðið:

A. Vörugjald:

Af vörum sem fluttar eru á land innan takmarka Ólafsvíkurhafnar, eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það, er hér segir:

1. Af salti kr. 1.00 af hverri smálest.
2. — kolum kr. 1.00 af hverri smálest.
3. — óverkuðum saltfiski og hertum fiskbeinum kr. 1.50 af hverri smálest.
4. — verkuðum saltfiski kr. 2.00 af hverri smálest.
5. — hausuðum og flöttum fiski kr. 3.00 af hverri smálest.
6. — sementi og útlendum áburði kr. 2.00 af hverri smálest.
7. — trjáviði og vörum þeim, sem mældar eru í teningsf. 0,05 af hverju tenf.
8. — öllum öðrum inn- og útflutningi, nema endursendum umbúðum, póstflutningi og farþegaflutningi, kr. 6.00 af hverri smálest.

Vörugjaldið greiðist af inn- eða útflytjanda hverrar gjaldskyldrar vörutegundar.

Útgerð hvers báts ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins samkv. 5. lið.

Vörugjaldið skal reikna eftir þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu við 1.—4. lið telst sem heil gjaldeining. Af broti úr gjaldeiningu við 5.—8. lið greiðist hlutfallslegt gjald miðað við gjaldeiningu. Minnsta gjald af vörusendingu skal þó vera 20 aurar. Öll vörugjöld skulu reiknast þannig, að deilanlegt sé með 5, þannig að hækkað sé upp ef brotið að deilingunni lokinni er meira en ½, en lækkað ef minna er.

Gjaldið skal ákveða samkvæmt farmskrám skipa eða farmskírteinum, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarnefnd í té eintak af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út í Ólafsvík, innan sólarhrings eftir komu eða burtför skipsins.

Ef vörur eru fluttar með skipum, sem ekki hafa farmskírteini, skulu skip-

stjórar slíkra skipa gefa hafnarnefnd skýrslu um vöruflutninginn, ef hún óskar þess. 127 14. des.

Öllum bátaformönnum, er fiskveiðar stunda í Ólafsvík, ber að kvöldi hvers dags, er til fiskiróðra hefir verið farið, að afhenda hafnarnefnd skýrslu um hve mikið þeir hafa flutt á land þann dag af hausuðum og flöttum fiski. Sá er afhendir ranga skýrslu, skal sæta sektum samkvæmt 9. gr.

B. Festargjald:

Fyrir skip og báta, sem ekki eiga heima í Ólafsvík, en leggjast að bryggju eða hafnargarði Ólafsvíkurhafnar eða liggja innan hafnargarða, sólarhring eða skemur, ber að greiða gjald, sem hér segir:

1. Fyrir skip 6—12 smálestir brúttó kr. 2.00
2. — — 12—40 — — — 4.00
3. — — 40—60 — — — 5.00
4. — — 60—100 — — — 7.00

Heimilt er hafnarnefnd að semja um lækkun á framangreindu gjaldi við þá báta, er að staðaldri stunda fiskveiðar í nánd við Ólafsvík og oft leita hafnar þar.

4. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni felur hreppsnefndin hafnarnefnd, er hún kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar, þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorazt undan endurkosningu fyrr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd sér enn fremur um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt 3. gr., hún hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar hafnarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Hafnarnefndin gerir tillögur um starfsmenn hafnarinnar, er hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum hennar.

Hafnarnefnd sér einnig um allt, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að fela henni sérstaklega í þarfir hafnarinnar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist ráðuneytinu til samþykkta fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum eða tekjuliðum.

Við lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, skal hafnarnefnd semja

127 reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á hinu liðna ári, ennfremur reikn-
14. des. ing um eignir og skuldir hafnarsjóðs í árslokin.

Reikningar hafnarsjóðs skulu, ef unnt er, samdir fyrir 15. janúar, svo sem fyrirskipað er um sveitarsjóðsreikninga, en í síðasta lagi skulu þeir fullsamdir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Reikninga hafnarsjóðs skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, og skal afrit hafnarsjóðsreikningsins fylgja sveitarsjóðsreikningi Ólafsvíkurhrepps.

Reikningar hafnarsjóðs skulu úrskurðaðir af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

5. gr.

Eigum og fé hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta, enda ber hreppsnefndin ábyrgð á innstæðu hafnarsjóðsins og reikningsskilum, og eignum og fé hafnarinnar eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Hreppssjóður Ólafsvíkurhrepps ábyrgist skuldir hafnarsjóðs.

6. gr.

Allir, sem nota bryggju hafnarinnar, eru skyldir að ganga hreinlega um hana og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert tafarlaust, svo fullnægjandi sé, annast hafnarnefnd um ræstinguna á kostnað hlutaðeiganda. Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óhreinindum í höfnina innan hafnargarða.

7. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni eða svæðinu fyrir ofan hana lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er heimilt að láta flytja vörurnar burt á kostnað eigenda eða þeirra, sem um þær eiga að sjá.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, er renna í hafnarsjóð, og skal með mál út af brotum á reglugerð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 60, 28. nóvember 1919, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1937. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkurkauptún frá 3. júní 1931.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um edik og ediksýru.

128
17. des.

Skýring hugtaka.

1. gr.

Edik vinnst við ediksýrugerjun úr vökvum, sem í er vínandi (aethylalkóhól), eða þannig, að hreinsuð ediksýra er þynnt með vatni, unz í 100 rúmsentímetrum eru að minnsta kosti 3,5 grömm af vatnssnauðri ediksýru, en þó í mesta lagi 15 grömm.

Gerjunaredik er eingöngu unnið við ediksýrugerjun úr vökvum, sem vínandi er í, enda séu í 100 rúmsentímetrum að minnsta kosti 3,5 grömm af vatnssnauðri ediksýru, en í mesta lagi 15 grömm.

Kryddedik er edik eða gerjunaredik, sem unnið er á þann hátt, að plöntur eða plöntuhlutar eru kaldbleyttir í ediki eða ediksýru, eða að blandað er saman ediki eða gerjunarediki og plöntu- eða aldinsafa.

Vínedik er gerjunaredik, sem eingöngu er unnið úr neyzluhæfu víni.

Edik er flokkað í tvo flokka:

1. **Borðedik,** sem í eru að minnsta kosti 3,5 grömm af vatnssnauðri ediksýru í hverjum 100 sentímetrum.
2. **Matreiðsluedik,** sem í eru að minnsta kosti 10 grömm af vatnssnauðri ediksýru í hverjum 100 rúmsentímetrum.

Edik er stundum litað með brenndum sykri.

Ediksýra er hreinsuð ediksýra blönduð vatni, enda séu í henni að minnsta kosti 29,5%, en þó í mesta lagi 50% af vatnssnauðri ediksýru.

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

2. gr.

Minni skammta en 1 lítra af ediksýru má aðeins setja í umferð eða hafa á boðstólum í flöskum, sem á er límdur einkennismiði með eftirfarandi upplýsingum:

1. Orðið „ediksýra".
2. Styrkleiki ediksýrunnar í hundraðshlutum, miðað við vatnssnauða ediksýru.
3. Nafn framleiðandans og framleiðslustaðurinn.
4. Orðin „banvænt óþynnt", og séu þau prentuð með áberandi lit, sem ekki er notaður annarsstaðar á einkennismiðanum, og vel aðskilin frá öðrum áletrunum.
5. Leiðbeining um tilbúning ediks úr ediksýrunni í samræmi við ákvæði 1. greinar.

Aðrar áletranir mega ekki vera á miðanum eða flöskunni.

3. gr.

Sérstaklega er óheimilt:

1. að búa til edik eða ediksýru á þann hátt, að í þeim sé krótonaldehyd, krótonsýra, járncyansambönd, kvikasilfur, blý, kopar eða zink;
2. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi þesskonar edik eða ediksýru.

Matsreglur.

4. gr.

Edik og ediksýra sú, er hér greinir, er sérstaklega metin **skemmd,** og má ekki hafa í umferð, þótt auðkennd sé með tilliti til þess:

1. Edik og ediksýra, sem í eru svo að verulegu nemur, ediksormar eða óhreinindi, sem stafa af smáverum.
2. Edik og ediksýra, sem á annan hátt eru verulega óhrein.
3. Edik og ediksýra, sem hafa, þynnt eða óþynnt, annarlega lykt eða bragð.
4. Edik og ediksýru, sem unnin eru að nokkru eða öllu leyti úr skemmdum efnum.

128
17. des.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru edik og ediksýra metin **fölsuð**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í 5. tölulið þessarar greinar:

1. Edik og ediksýra, sem búin er til á þann hátt, að í þeim séu annarlegar sýrur, bragðsterk efni önnur en þau, sem nefnd eru í 1. málsgrein 1. greinar, eða rotvarnarefni.
2. Edik og ediksýra, sem í hefir verið notuð náttúrleg eða tilbúin vínberjaolía eða önanthetur.
3. Edik og ediksýra, sem í er meira af óhreinindum en minnst getur orðið, sérstaklega þó meira en 0,5 grömm af maurasýru (HCOOH) miðað við 100 grömm af vatnssnauðri ediksýru.
4. Ediksýra, sem hefir verið lituð.
5. Edik, sem hefir verið litað með brenndum sykri, enda sé það ekki auðkennt með orðunum: „Litað með brenndum sykri".
6. Edik, sem í hafa verið notuð önnur litarefni en brenndur sykur.
7. Edik, sem í eru meira en 20 rúmhundraðshlutar af vínanda miðað við 100 grömm af vatnssnauðri ediksýru.
8. Edik, sem búið er til úr menguðu áfengi.
9. Ediksýra, sem í er minna en 29,5% af vatnssnauðri ediksýru.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, telst vara **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga eða umbúnaðs:**

1. Vörur auðkenndar sem edik eða ediksýra, einhver sérstök edikstegund eða nafni sömu eða tilsvarandi merkingar, enda fullnægi varan ekki þeim skilyrðum, sem edik og ediksýra eiga að fullnægja samkvæmt þessari reglugerð.
2. Ef gerjunaredik er auðkennt sem unnið úr ákveðnu hráefni, en er ekki eingöngu unnið úr því efni. Hér kemur þó ekki til greina lítið eitt af nauðsynlegum næringarefnum til viðgangs ediksýrugerlunum, og ef um brennivínsedik er að ræða í mesta lagi 2% af matarsalti.
3. Þegar edik eða ediksýra er auðkennt án orðanna „edik" eða „ediksýra".
4. Ef ranglega er bent til ákveðins uppruna eða sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
5. Edik eða ediksýra, sem eru ranglega talin hafa sérstök hollustuáhrif.
6. Þegar umbúðir, einkennismiðar eða auglýsingar eru notaðar til að gefa í skyn ranga eiginleika ediks eða ediksýru.

Almenn ákvæði.

7. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 2.00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

8. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

9. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. marz 1937.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 17. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um krydd og kryddvörur.

129
17. des.

Skýring hugtaka.

1. gr.

Krydd eru heilir eða muldir, ilmandi eða bragðsterkir plöntuhlutar, sem ekkert hefir verið úr tekið og engu í bætt og ætlaðir eru til smekkbætis í mat eða drykk.

Af kryddi má sérstaklega nefna eftirfarandi tegundir:

I. Jarðstönglar.

1. **Engifer** eru þvegnir og þurrkaðir eða flysjaðir og þurrkaðir jarðstönglar af *Zingiber officinale* Rosc. Í engifer er að minnsta kosti 42% af sterkju, að minnsta kosti 1,5% af ilmolíum (aetherískum olíum), í mesta lagi 8% af tréni, í mesta lagi 1% af kalki (CaO), í mesta lagi 7% af ösku og í mesta lagi 2% af sandi.

II. Berkir.

2. **Ceylon-kanill** er þurrkaður innri börkur (basthluti barkarins) af *Cinnamomum Ceylanicum* Breyne. Í Ceylon-kanil er að minnsta kosti 1,5% af ilmolíum, í mesta lagi 5% af ösku og í mesta lagi 2% af sandi.
3. **Kanill** er flysjaður eða óflysjaður þurrkaður börkur af tegundum ættarinnar *Cinnamomum* öðrum en *C. Ceylanicum* Br. Í kanil er að minnsta kosti 1% af ilmolíum, í mesta lagi 8% af ösku og í mesta lagi 2% af sandi.

III. Blöð.

4. **Majóran** eru þurrkaðir blaðsprotar með eða án nokkurs hluta af blóminu af *Majorana hortensis* Moench. Í majóran er í mesta lagi 16% af ösku, í mesta lagi 4,5% af sandi og í mesta lagi 10% af stönglum og öðrum óskaðlegum, annarlegum efnum.
5. **Lárviðarlauf** eru þurrkuð blöð af lárviðnum, *Laurus nobiles* L.

IV. Blóm og blómknappar.

6. **Negull** er þurrkaður blómknappur af *Caryophyllus aromaticus* L. Í negul er að minnsta kosti 15% af ilmolíum, í mesta lagi 10% af tréni, í mesta lagi 7% af ösku og í mesta lagi 0,5% af sandi.
7. **Kapar** eru blómknappar af *Capparis spinosa* L.
8. **Kanilblóm** eru fullþroska og þurrkuð blóm af *Cinnamomum cassia* Bl., sem fallin eru af plöntunni.

V. Aldini.

9. **Svartur pipar** eru óþroskuð og þurrkuð aldini af *Piper nigrum* L. Í svörtum pipar er í mesta lagi 7% af ösku, í mesta lagi 2% af sandi, í mesta lagi 17% af tréni, ekki minna en 6% af eturextrakti og ekki minna en 30% af sterkju.
10. **Hvítur pipar** eru fullþroskuð og þurrkuð aldini af *Piper nigrum* L., sem ytri eða bæði ytri og innri fræskurnin hefir verið flysjuð af. Í hvítum pipar er í mesta lagi 4% af ösku, í mesta lagi 1% af sandi, í mesta lagi 5% af tréni, ekki minna en 6% af eturextrakti og ekki minna en 52% af sterkju.
11. **Píment (negulpipar, Jamaica-pipar, enskt krydd, allrahanda)** er ekki fullþroska en þurrkað aldin af *Pimenta officinalis* Berg. Í pimenti er í mesta lagi 6% af ösku, í mesta lagi 1% af sandi, ekki minna en 2% af ilmolíum og ekki meira en 25% af tréni.
12. **Papríka (spanskur pipar)** eru fullþroska og þurrkuð aldini af *Capsicum annuum* L. eða *C. longum* D. C. Í papríku er í mesta lagi 8,5% af ösku og í mesta lagi 1% af sandi.
13. **Cayenne-pipar** eru fullþroska og þurrkuð aldini af ýmsum tegundum *Capsicum*-ættarinnar, t. d. *C. frutescens* L., *C. fastigiatum* Bl., *C. baccatum* L. Í Cayenne-pipar er í mesta lagi 8% af ösku, í mesta lagi 1,25% af sandi, í mesta lagi 1,5% af sterkju, ekki minna en 15% af eturextrakti og ekki meira en 28% af tréni.
14. **Kardamómur** eru nær fullþroska og þurrkuð aldini af *Elettaria cardamomum* White et Maton. Í kardamómum er í mesta lagi 8% af ösku og í mesta lagi 3% af sandi.

129 17. des.

15. **Vanilja** eru nær fullþroska, gerjuð og síðan þurrkuð aldini af *Vanilla planifolia* Andrew. Í vanilju er í mesta lagi 6% af ösku og aðeins lítið eitt af píperónali.
16. **Stjörnuanís** er þurrkuð aldinskipun af *Illicum verum* Hook. Í stjörnuanís er í mesta lagi 5% af ösku.
17. **Anís** eru fullþroskuð aldini af *Pimpinella anisum* L. Í anís er í mesta lagi 9% af ösku, í mesta lagi 1,5% af sandi og ekki minna en 2% af ilmolíum.
18. **Finkull** eru fullþroska og þurrkuð aldini af *Foeniculum vulgare* Miller *(Foeniculum officinale* ND., *F. capillaceum* Gilib.). Í finkli er í mesta lagi 9% af ösku, í mesta lagi 2% af sandi og ekki minna en 3% af ilmolíum.
19. **Kúmen** eru fullþroskuð og þurrkuð aldini af *Carum carvi* L. Í kúmeni er í mesta lagi 6% af ösku, í mesta lagi 1,5% af sandi, og ekki minna en 2% af ilmolíum.
20. **Kóríandri** eru fullþroska og þurrkuð aldini af *Coriandrum sativum* L. Í kóríandra er í mesta lagi 7% af ösku og í mesta lagi 1,5% af sandi.

VI. Fræ.

21. **Múskathnetur** eru þurrkaðir frækjarnar af *Myristica fragans* Houtt; af þeim er tekið frælegið og skurnin, og eru þeir kalkaðir eða ókalkaðir. Í múskathnetum er í mesta lagi 5% af ösku, í mesta lagi 0,5% af sandi, í mesta lagi 10% af tréni og ekki minna en 25% af eturextrakti.
22. **Múskatblóm (macís)** eru þurrkuð fræleg af *Myristica fragans* Houtt. Í múskatblómum er í mesta lagi 3% af ösku, í mesta lagi 0,5% af sandi, í mesta lagi 10% af tréni, í mesta lagi 30% en þó meira en 20% af eturextrakti.
23. **Mustarður (sinnep)** eru fræ af *Sinapis alba* L. (hvítur mustarður), *Brassica nigra* Koch (svartur mustarður), *B. juncea* Coss. (rússneskur mustarður) eða náskyldum tegundum *B. nigra* og *B. juncea*.

    Í hvítum mustarði *(Sinapis alba)* er í mesta lagi 5% af ösku og í mesta lagi 1,5% af sandi.

    Í svörtum mustarði *(Brassica nigra)*, rússneskum mustarði *(B. juncea)* og öðrum skyldum tegundum er að minnsta kosti 0,6% af ilmolíum, í mesta lagi 5% af ösku og í mesta lagi 1,5% af sandi.

2. gr.

Kryddvörur eru ilmandi eða bragðsterk efni, önnur en krydd, en stundum unnin úr kryddi, og eru ætluð til smekkbætis í mat eða drykk.

Af kryddvörum má sérstaklega nefna eftirfarandi tegundir:

1. **Mustarðsmjöl (sinnepsmjöl)** er unnið úr mustarði (1. grein, 23. töluliður) á þann hátt, að fræin eru fínmulin. Þau eru stundum flysjuð og úr þeim pressað nokkuð af fitunni.
2. **Borðmustarður (borðsinnep)** er meirt og hlaupkennt mauk, sem búið er til úr mustarði eða mustarðsmjöli, matarsalti (NaCl) og ediki. Stundum er einnig notað í það vín, sykur (saccharose), mysa, krydd og kryddvörur. Í borðmustarði er í mesta lagi 75% af vatni, í matarsaltssnauðu þurrefninu í mesta lagi 8% af ösku og í mesta lagi 1% af sandi og í þurrefninu í mesta lagi 15% af matarsalti.
3. **Karrý** er kryddblanda, sem í er venjulega engifer, kardamómur, pipar, kúrkúma, auk annara kryddtegunda.
4. **Möndluolíudropar** er upplausn af cyanvetnissýrusnauðri möndluolíu í vatn-aethylalkóhólsblöndu, og er í þeim að minnsta kosti 5% af möndluolíu miðað við rúmmál.

    Möndluolía er ilmolía, sem unnin er úr beiskum möndlum, fræjum af *Amygdalus communis* L.
5. **Sítrónolíudropar** er upplausn af sítrónuolíu í aethylalkóhóli, og er í þeim að minnsta kosti 25% af sítrónuolíu, miðað við rúmmál.

    Sítrónuolía er ilmolía, sem unnin er úr berki eða berki og aldinkjöti sítrónanna, aldina af *Citrus limonia* Osbeck.
6. **Kardamómolíudropar** er upplausn af kardamómuolíu, eða extrakt úr kardamómum eða hvorttveggja í vatn-aethylalkóhólblöndu, og er í þeim að minnsta kosti 0,5% af kardamómuolíu, miðað við rúmmál.

    Kardamómuolía er ilmolía, sem unnin er úr kardamómum (1. grein, 14. töluliður).
7. **Vaniljudropar** er vatn-aethylalkóhólextrakt af vanilju (1. grein, 15. töluliður), og er í þeim að minnsta kosti uppleysanleg efni úr 10 grömmum af vanilju í hverjum 100 rúmsentímetrum.

8. **Vanillíndropar** er upplausn af vanillíni [prótócatechúaldehyd-3-methyletur, $C_6H_3.(O.CH_3).OH.CHO$] í vatn-aethylalkóhólblöndu, og er í þeim að minnsta kosti 2% af vanillíni. Vanillíndropar eru stundum litaðir með brenndum sykri. **129** 17. des.
9. **Vaniljusykur** er sykur blandaður að minnsta kosti 10% af þurrkaðri vanilju.
10. **Vanillínsykur** er sykur blandaður að minnsta kosti 2% af vanillíni.

Vaniljusykur, sem blandaður er vanillínsykri eða vanillíni, skal auðkenndur sem „vanillínsykur".

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

3. gr.

Sérstaklega er óheimilt að hafa eftirtaldar vörur á boðstólum, selja þær eða láta á annan hátt af hendi:

1. Majóran, sem í eru blöð af *Coriaria myrtifolia* L.
2. Kapar, sem í er meira en 55 milligrömm af kopar í einu kílógrammi.
3. Kapar, sem í eru blómknappar af hófsóley, *Caltha palustris* L.
4. Kapar, sem í eru óþroskuð aldin af *Euphorbia lathyris* L.
5. Anís, sem í eru aldini af *Conium maculatum* L.
6. Japanskur stjörnuanís, *Illicum religiosum* SIEB. ET ZUCC.
7. Stjörnuanís, sem í er japanskur stjörnuanís.

Matsreglur.

4. gr.

Krydd og kryddvörur þær, er hér greinir, eru sérstaklega metnar **skemmdar**, og má ekki hafa þær í umferð, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess:

1. Krydd, sem er til muna myglað eða fúkkað.
2. Krydd, sem hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum af völdum vatns, lélegrar geymslu eða annara ástæðna, að það er miður hæft til neyzlu sökum annarlegrar eða ógeðslegrar lyktar eða bragðs.
3. Krydd, sem skemmt er af völdum skordýra eða lirfa eða í eru vefir, egg, lirfur, púpur eða fullvaxin skordýr (imago).

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru krydd og kryddvörur metnar **eftirlíktar** eða **falsaðar**, og má ekki hafa þær í umferð, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess:

1. Krydd, sem ilm- eða bragðefnin hafa verið tekin úr að nokkru eða öllu leyti.
2. Krydd, sem í eru annarleg efni.
3. Krydd sem litað hefir verið, einnig þótt það sé gert með annarri kryddtegund.
4. Krydd, sem lélegum kryddtegundum hefir verið blandað í, jafnvel þótt varan þannig blönduð fullnægi skilyrðum 1. greinar.
5. Krydd, sem í hefir verið blandað úrgangi, sem fengizt hefir við hreinsun og flokkun á kryddi.
6. Kanill og Ceylon-kanill, sem í hefir verið blandað „chips", en það er úrgangurinn, sem fæst við flysjun Ceylon-kanils.
7. Negull, sem í er meira en 7% af negulstönglum.
8. Kapar, sem í eru óþroskuð aldin kaparrunnans, *Capparis spinosa* L.
9. Pipar, sem í er til muna af uppþornuðum kornum.
10. Mulinn pipar, sem í er hýði af hvítum pipar.
11. Píment, sem í er til muna af aldinstönglum.
12. Vanilja, sem í hefir verið bætt vanillíni, eða ilmvætt vanilja.
13. Múskatblóm, sem í hefir verið blandað Bombay- eða Papua-macís.
14. Kryddvörur, sem í hafa verið notuð óhrein eða skemmd hráefni.
15. Vanillíndropar og vanillínsykur, sem í hefir verið notað vanillín, sem ekki fullnægir kröfum Ph. D.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru krydd og kryddvörur taldar **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðs:**

129 17. des.

1. Vörur með auðkenningu, upplýsingum eða umbúnaði eins og þær væru einhverjar af þeim vörum, sem taldar eru í 1. og 2. grein þessarar reglugerðar, án þess þó að fullnægja þar settum skilyrðum.
2. Krydd eða kryddvörur, sem auðkenndar eru með einhverju gervinafni, nema þær séu jafnframt auðkenndar með réttu tegundarheiti.
3. Blandað krydd eða blandaðar kryddvörur, sem ekki eru auðkenndar með báðum eða öllum tegundunum, sem í blöndunni eru, þó að undanteknum borðmustarði og karrý (2. gr., 2. og 3. töluliður).
4. Ef ranglega er bent til ákveðins uppruna eða sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
5. Þegar umbúðir, einkennismiðar eða auglýsingar eru notaðar til að gefa í skyn ranga eiginleika krydds eða kryddvöru.
6. Krydd eða kryddvörur, sem eru ranglega taldar hafa sérstök hollustuáhrif.

Verzlun með krydd og kryddvörur.

7. gr.

Minni skammta en 10 kilógrömm af kryddi eða kryddvörum má því aðeins setja í umferð eða hafa á boðstólum, að ritað sé á umbúðirnar tegundarheiti samkvæmt þessari reglugerð. Áritunin skal vera greinileg, og ef ekki er ætlazt til, að vörurnar séu seldar neytendum í þessum umbúðum, skulu stafirnir vera að minnsta kosti 1 sentímetri á hæð og að minnsta kosti 1 millímetra gildir.

Almenn ákvæði.

8. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, greiða gjald af þeim vörutegundum sem um getur í 1. og 2. grein þessarar reglugerðar, kr. 5.00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

9. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

10. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. marz 1937.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936 og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 17. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

130
23. nóv.

um nýbýli.

Samkvæmt lögum nr. 25, 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, sbr. lög nr. 97, 23. júní 1936, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga nr. 25, 1. febrúar 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, er að skapa skilyrði til þess, að sem mest af árlegri fólksfjölgun þjóðarinnar eigi kost á að fá býli í sveitum til ábúðar, þar sem landbúnaður verði stundaður sem aðalatvinnugrein.

2. gr.

Ríkið veitir styrk í fjárlögum hvers árs, sem nýbýlastjórn úthlutar, til stofnunar nýbýla og nýbýladeild Byggingar- og landnámssjóðs veitir lán til nýbýla, samkvæmt ákvæðum 19. og 21. gr. nýbýlalaganna.

Í reglugerð þessari nefnist nýbýladeild Byggingar- og landnámssjóðs nýbýlasjóður.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra), nýbýlastjóri og nýbýlanefnd, sem fer með stjórn nýbýlamála, samkvæmt II. kafla nýbýlalaganna, nefnist í reglugerð þessari nýbýlastjórn.

4. gr.

Nýbýli telst hvert það býli, sem reist er að nýju eftir að téð lög um nýbýli og samvinnubyggðir gengu í gildi og fullnægja þeim kröfum, sem þar eru gerðar.

Þó getur nýbýlastjórn veitt styrk til þess að fullgera býli, sem byrjað hefir verið að reisa á síðustu 5 árum fyrir gildistöku laganna.

5. gr.

Nýbýli má stofna:

1. Á landi í einkaeign, hvort heldur það er skipt úr landi jarðar sem er í ábúð, eða það er á jörð sem verið hefir í eyði minnst eitt ár áður en lög um nýbýli og samvinnubyggðir öðluðust gildi.
2. Á landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélags.

130 23. nóv.

6. gr.

Hverju nýbýli skal fylgja land er nægi til framfærslu meðal fjölskyldu. Ræktanlegt land má eigi vera minna en 10 ha. í samfelldri spildu, og sé býlinu auk þess tryggt nægilegt haglendi fyrir bústofn þess. Þó getur nýbýlastjórn heimilað að reist verði býli á minna landi, þar sem svo hagar til, að býlishafi getur stuðzt við sérstök hlunnindi, t. d. sjávarafla eða aðra veiði, hentuga aðstöðu til garðræktar, alifuglaræktar o. s. frv.

7. gr.

Ræktunarlandi hvers býlis (sbr. 6. gr.) skal vera skipt úr þeirri jörð, eða þeim jörðum, sem nýbýlið er reist í, með girðingum eða glöggum landamerkjum. Heimilt er að annað land og landsnytjar nýbýlis séu sameiginleg með landi annara býla, en þó skal ávallt gerður samningur um rétt nýbýlisins til beitilands og annara sameiginlegra jarðarnytja, og skal þar fram tekið, hversu mikils hluta af hinu sameiginlega landi eða ítökum nýbýlið hefir rétt til. Slíkur samningur skal þinglesinn og verður þá fullt sönnunargagn fyrir rétti býlisins til hins óskipta lands.

8. gr.

Nú krefst eigandi eða ábúandi nýbýlis að fá sinn hluta af sameiginlegu landi úrskiptan og skulu þau skipti þá gerð samkvæmt samningi þeim, er um getur í 7. gr., en að öðru leyti fara skiptin fram eftir landskiptalögum nr. 57, 31. maí 1927.

9. gr.

Hvert nýbýli skal nefnt ákveðnu nafni, og má það ekki bera sama nafn og það býli hefir, sem nýbýlið er myndað úr. Leita skal samþykkis nýbýlastjórnar fyrir nafni hvers nýbýlis, og skal hún gæta þess, að engin býli beri sama nafn innan sama sýslufélags.

II. KAFLI

Um eftirlit með nýbýlum.

10. gr.

Nýbýlastjórn skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að ákvæðum laga um nýbýli og samvinnubyggðir svo og reglugerðar þessarar verði fylgt um allt er snertir undirbúning, stofnun og viðhald nýbýla þeirra, er framlags njóta úr nýbýlasjóði.

11. gr.

Nýbýlastjóri annast aðaleftirlit með nýbýlum fyrir hönd nýbýlastjórnar. Hann skal ferðast um landið eftir því sem nauðsyn krefur til þess að athuga um skilyrði til nýbýlastofnunar og leggja síðan athuganir sínar og tillögur um það efni fyrir nýbýlanefnd.

Nýbýlastjóri skal haga ferðum sínum þannig, að hann fari að jafnaði eina umferð um öll héruð landsins á hverjum þremur árum til athugunar og eftirlits.

Falið getur hann þó öðrum mönnum að fara slíkar eftirlitsferðir fyrir sína hönd, s. s. ráðunautum Búnaðarfélags Íslands eða öðrum búfróðum mönnum. 130 23. nóv.

Um eftirlit með húsagerð nýtur nýbýlastjóri sérstaklega aðstoðar byggingarráðunautar nýbýlastjórnar, sem hefir með höndum eftirlit með allri húsagerð, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem sett eru í IV. kafla þessarar reglugerðar.

12. gr.

Nýbýlastjórn skal skipa eftirlitsmenn með nýbýlum, einn í hverjum hreppi. Þeir skulu vera nýbýlastjórn til ráðuneytis og leiðbeininga um nýbýlamál, hver í sínu umdæmi, en þó einkum um eftirtöld atriði:

1. Þeir, sem sækja um framlög úr nýbýlasjóði til stofnunar nýbýlis, skulu fá umsögn eftirlitsmanna um skilyrði til nýbýlamyndunar þar sem reisa á nýbýlið, og álit þeirra á allri aðstöðu hins væntanlega nýbýlis.
2. Eftirlitsmenn með nýbýlum skulu, eftir því sem nýbýlastjóri æskir þess, meðan verið er að reisa nýbýli, gefa nýbýlastjórn skýrslu um það, hvernig verkinu miðar áfram og hvort það muni framkvæmt eftir þeim reglum, sem settar hafa verið.
3. Telji eftirlitsmaður að nýbýli í hans umdæmi sé í vanhirðu, vegna þess að ábúandi þess haldi mannvirkjum illa við og býlið níðist þessvegna niður, skal hann láta nýbýlastjórn í té rökstutt álit sitt um að hverju leyti ábúandi vanræki viðhaldsskyldur sínar við býlið.

13. gr.

Eftirlitsmenn með nýbýlum fá ekki laun, en fari þeir ferðir að tilhlutun nýbýlastjórnar til eftirlits eða athugana, fá þeir greiddan úr nýbýlasjóði útlagðan kostnað við ferðir sínar, samkvæmt reikningi er nýbýlastjórn úrskurðar.

III. KAFLI

Um skyldur og réttindi ábúenda.

14. gr.

Skilyrðin fyrir því, að umsækjandi geti fengið aðstoð ríkisins við stofnun nýbýlis eða ábúðarrétt á nýbýli, sem stofnað er eftir lögum um nýbýli og samvinnubyggðir eru:

1. Að hann sé íslenzkur ríkisborgari.
2. Að hann eigi ekki og hafi ekki árlangt átt aðra jörð eða býli, sem fjölskylda getur haft lífsframfæri af.
3. Að hann, að dómi nýbýlastjórnar, sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram sinn hluta af stofnkostnaði býlisins og reist bú á því, en sé þó ekki svo efnaður að hann geti reist býlið af eigin ramleik. Engum veitist framlag úr nýbýlasjóði, sem á yfir 15000 króna hreina eign.
4. Að hann sé minnst 18 ára að aldri, en ekki yfir 55 ára.

130 5. Að hann hafi starfað að landbúnaði að minnsta kosti 2 ár eftir 16 ára aldur.
23. nóv. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru félög og einstaklingar, sem vinna að því að reisa nýbýli, er þeir selja eða leigja ábúendum samkvæmt VII. kafla þessarar reglugerðar.

15. gr.

Lánbeiðanda ber að útfylla samvizkusamlega spurningaeyðublöð, sem nýbýlastjórn gefur út og veita þær upplýsingar sem kostur er á. Auk þess ber honum að senda með umsókninni:

1. Vottorð frá hreppstjóra og formanni búnaðarfélags hreppsins um að hann hafi þá þekkingu á búnaði, sem nauðsynleg verður að teljast og hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár eftir 16 ára aldur.
2. Vottorð kunnugra og málsmetandi manna um að lánbeiðandi sé reglusamur og ráðdeildarsamur.
3. Afrit af tveimur síðustu skattframtölum hans, staðfest af viðkomandi skattanefndum.
4. Umsögn eftirlitsmanns með nýbýlum um alla aðstöðu til nýbýlamyndunar á þeim stað, þar sem reisa skal nýbýlið.
5. Aldursvottorð frá presti.
6. Veðbókarvottorð um nýbýlið.

16. gr.

Nú hefir nýbýlastjórn veitt umsækjanda lán og styrk til stofnunar nýbýlis og skal þá nýbýlastjórn gera samning við væntanlegan býlishafa um framkvæmd verksins. Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er veittur til, má ekki standa lengur yfir en 3 ár, miðað við fyrstu útborgun úr nýbýlasjóði.

Í samningi þessum skal fram tekið hvaða framkvæmdir býlishafi skuli gera á því tímabili, sem samningurinn tekur til, og í hvaða röð þær skuli framkvæmdar.

Um byggingar skal fram tekið úr hvaða efni þær skuli gerðar og hversu stórar þær séu áformaðar. Nægilegt er þó að vitna í ákveðinn uppdrátt, sem er samþykktur af nýbýlastjórn.

Í samningi þessum skal tilgreint framlag nýbýlasjóðs til nýbýlisins og hvenær það skuli greitt. Að því er snertir framlög til bygginga skal fyrsta útborgun fara fram til þess að greiða aðkeypt efni og síðan smátt og smátt eftir því sem framkvæmdum miðar áfram.

Ekki má veita meira framlag úr nýbýlasjóði til neins nýbýlis en svo, að býlishafi leggi að minnsta kosti fram $^{3}/_{17}$ hluta af stofnkostnaði býlisins.

Lokaframlag úr nýbýlasjóði má ekki greiða fyr en búið er að fullgera íbúðarhús og reisa það af peningshúsum, sem nægir til þess, að hægt sé að hefja búrekstur á býlinu.

17. gr.

Af framlagi úr nýbýlasjóði til hvers nýbýlis má aldrei verja meira en $^{2}/_{17}$ hlutum af styrk og $^{1}/_{17}$ hluta af lánsupphæð til ræktunar og girðinga, nema áður hafi verið reistar fullnægjandi byggingar, að dómi nýbýlastjórnar.

Það fé, sem fer til girðinga eða ræktunar má aðeins nota til þess að kaupa aðkeypt girðingarefni eða ræktunarvörur, svo sem áburð, grasfræ eða útsæðiskorn. 130 23. nóv.

Nýbýlastjórn getur krafið býlishafa um frumreikninga yfir aðkeyptar ræktunarvörur og girðingarefni.

18. gr.

Brjóti býlishafi í verulegum atriðum samning þann um stofnun nýbýlis, sem gerður er samkvæmt 16. gr. þessarar reglugerðar, áskilur nýbýlastjórn sér rétt til þess að hætta að greiða tilskilin framlög til býlisins og endurkrefja það, sem kann að hafa verið búið að greiða úr nýbýlasjóði.

19. gr.

Nú telur nýbýlastjóri, samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsmanni eða af öðrum ástæðum, að líkur bendi til þess, að nýbýli í einkaeign, sem stuðnings hefir notið samkvæmt lögum þessum, sé ekki haldið sæmilega við, svo að mannvirki níðist niður og býlið gangi úr sér. Þá skal nýbýlastjóri fela úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps að skoða býlið og gefa skýrslu um það til nýbýlastjórnar hvernig ábúandi sitji það.

Leiði slík skýrsla í ljós, að dómi nýbýlanefndar, að mannvirkjum býlisins sé ekki sæmilega við haldið, og að þau níðist niður um skör fram, skal nýbýlastjórn aðvara ábúanda um að bæta ráð sitt og gefa honum allt að eins árs frest til þess að bæta úr því, sem áfátt er.

Að þeim fresti liðnum, skulu úttektarmenn skoða býlið að nýju. Hafi þá verið úr bætt, að þeirra dómi, skulu sakir niður falla.

En telji úttektarmenn að enn sitji við það sama, skal nýbýlastjórn endurkrefja þann styrk, sem til býlisins hefir verið lagður úr nýbýlasjóði.

Fáist styrkurinn ekki endurgreiddur, getur nýbýlastjórn krafizt þess, að býlið verði selt á opinberu uppboði til lúkningar honum.

20. gr.

Öll þau nýbýli, sem ekki eru í einkaeign, hvort sem þau eru eign ríkis, bæjarfélaga, sveitarfélaga eða annara, skulu byggð samkvæmt lögum nr. 8, 1. febrúar 1935, um erfðaábúð og óðalsrétt.

Búendur þessara nýbýla missa ábúðarrétt sinn á sama hátt og af sömu orsökum og leiguliðar eftir ákvæðum ábúðarlaga nr. 87, 19. júní 1933.

21. gr.

Nú vill býlishafi auka land ábýlis síns og skal hann þá tilkynna nýbýlastjórn hvert viðbótarlandið er og hve stórt, og er sú viðbót því aðeins lögleg, að nýbýlastjórn samþykki. Nú vill býlishafi leggja annað býli undir nýbýlið og er það því aðeins leyfilegt, að hann endurgreiði nýbýlastyrk þann, er honum hefir verið veittur.

130
23. nóv.

IV. KAFLI
Um verðbréf nýbýlasjóðs.

22. gr.

Nýbýlasjóður gefur út verðbréf er nefnast nýbýlabréf. Þau skulu gefin út til handhafa, en nafnskrá skal þau í bókum sjóðsins ef þess er óskað. Bréfin eru því aðeins skuldbindandi að þau séu undirrituð af formanni nýbýlanefndar og nýbýlastjórn f. h. nýbýlasjóðs, og fjármálaráðherra hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsing ríkissjóðs.

Verðbréfin skulu gefin út í flokkum og skal hverjum flokki lokað áður en liðin eru 5 ár frá því hann var opnaður. Aldrei má vera meira í umferð af verðbréfum en nemur eignum nýbýlasjóðs í reiðu fé og útistandandi lánum.

23. gr.

Upphæð nýbýlabréfa skal vera 100 kr., 1000 kr. og 5000 kr. og bera 100 kr. bréfin bókstafsmerkið A, 1000 kr. bréfin bókstafsmerkið B o. s. frv. — Bréfin innan hvers bókstafsmerkis skulu merkt í framhaldandi tölum.

Verðbréfunum skulu fylgja vaxtamiðar fyrir öll árin frá því þau eru afhent og til þess tíma, er innlausn bréfanna í þeim flokki á að vera lokið. Útdrátt úr reglugerð þessari skal prenta á bréfin.

24. gr.

Af nýbýlabréfum skal á ári hverju svara vöxtum og ákveður atvinnumálaráðherra, í samráði við nýbýlastjórn, vextina fyrir hvern flokk bréfanna og skulu þeir prentaðir á þau. Vextir mega ekki vera yfir 5%.

Mega vextirnir ekki vera lægri en vextir af lánum úr nýbýlasjóði.

Vextirnir skulu greiddir 2. jan. ár hvert, eftir á, fyrir liðið ár, gegn afhendingu vaxtamiðanna. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í afgreiðslu sjóðsins.

Til tryggingar nýbýlabréfum eru:

1. Skuldabréf þau, er nýbýlasjóður fær frá lántakendum.
2. Varasjóður nýbýlasjóðs.
3. Eignir sjóðsins að öðru leyti.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

25. gr.

Verðbréf nýbýlasjóðs skulu innleyst með fé því, sem greitt er í peningum á hverjum gjalddaga í afborgun og endurborgun af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu verðbréfanna. Þó skulu bréfin innleyst innan 40 ára frá útgáfudegi þeirra.

Útdrátt verðbréfanna framkvæmir notarius publicus og fer úrdrátturinn fram í febrúarmánuði ár hvert.

Tölurnar á verðbréfum þeim, sem út hafa verið dregin, skulu birtar í Lög-

birtingarblaðinu, svo og það, að bréfin verði greidd 15. jan. næstan eftir útdrátt- 130
inn, í fyrsta sinn í febrúar 1941. Vextir verða eigi greiddir af útdregnum bréfum 23. nóv.
eftir að þau eru fallin til útborgunar.

26. gr.

Greiða skal af framlagi ríkisins til nýbýla ár hvert, sem svarar 1% af því fé, sem nýbýlasjóður lánar út á árinu, í sjóð, er nefnist varasjóður nýbýlasjóðs. Honum skal varið til að greiða töp þau, er nýbýlasjóður kann að verða fyrir, áður en kemur til ábyrgðar ríkissjóðs.

27. gr.

Fyrir starfrækslu nýbýlasjóðs greiðir nýbýlastjórn Búnaðarbanka Íslands eftir því, sem um semst milli nýbýlastjórnar og stjórnar Búnaðarbankans, af því fé, sem veitt er til nýbýlamála á hvers árs fjárlögum. Ef ágreiningur verður sker landbúnaðarráðherra úr.

V. KAFLI

Um fjárframlög ríkissjóðs til nýbýlamála og lán úr nýbýlasjóði.

28. gr.

Ríkissjóður veitir styrk til stofnunar nýbýlis samkvæmt lögum nr. 25, 1. febrúar 1936 um nýbýli og samvinnubyggðir, og má verja til þess allt að 3500 krónum á hvert býli, þó aldrei hærri upphæð en $^{7}/_{17}$ hlutum af stofnkostnaði þess.

Býlishafa ber að leggja fram til nýbýlisins eigi minna en $^{3}/_{17}$ af stofnkostnaði þess.

29. gr.

Nýbýlastjórn gerir samning við býlishafa, þar sem ákveðin eru fjárframlög til býlisins og hinsvegar þau skilyrði, sem leyfishafi verður að fullnægja til þess, að hann geti fengið styrk og lán.

Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er miðaður við, má aldrei standa lengur yfir en 3 ár.

Að öðru leyti fer um þetta eftir því, sem nánar er tilgreint í III. kafla þessarar reglugerðar.

30. gr.

Nýbýlasjóður veitir lán til stofnunar nýbýla með þeim skilmálum, er hér greinir. Lánsupphæð má vera allt að 3500 krónum til hvers býlis, og þó aldrei yfir $^{7}/_{17}$ af stofnkostnaði þess.

31. gr.

Lánin skulu veitt gegn fyrsta veðrétti í býlinu. Þó er heimilt að veita lán gegn 2. veðrétti í býlinu, en þá má ekki hvíla á 1. veðrétti hærri upphæð en

130 frumverð lands þess, sem býlið er reist á, samkvæmt mati, er nýbýlastjórn hefir
23. nóv. samþykkt, og þó aldrei yfir kr. 1500,00.

32. gr.

Vextir af lánunum skulu vera 4½%. Lánin mega vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin frá fyrstu útborgun lánsins að telja. En eftir það skulu þau endurgreiðast með föstu árgjaldi vaxta og afborgana, þannig að þau séu greidd upp á 20—40 árum frá útborgun þeirra, eftir því í hvaða flokki íbúðarhús býlisins eru.

Í I.	flokki	er	lánstíminn	40 ár.
– II.	—	—	—	30 —
– III.	—	—	—	20 —

33. gr.

Gjalddagi vaxta og afborgana af lánum í nýbýlasjóði er 15. nóvember ár hvert. Dragist greiðsla fram yfir 31. des. skal lántakandi greiða ⅔% dráttarvexti af árgjaldinu fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst fram yfir gjalddaga. Telst hluti úr mánuði sem mánuður.

Heimilt er lántakanda að greiða lánið að fullu hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um hús á nýbýlum.

34. gr.

Nýbýlastjórn ræður í þjónustu sína byggingarfræðing, og nefnist hann byggingarráðunautur nýbýlastjórnar.

Aðalstörf byggingarráðunautar eru þessi:

1. Að gera uppdrætti að íbúðarhúsum, sem reist eru á nýbýlum, er njóta framlags úr nýbýlasjóði.
2. Að gera uppdrætti eða tillögur um fyrirkomulag og gerð peningshúsa og annara bygginga, sem reist verða á nýbýlum, eftir því sem þurfa þykir á hverjum stað.
3. Að ferðast um landið, eftir því sem tími vinnst til og nýbýlastjórn mælir fyrir um, til þess að líta eftir þeim býlum, sem verið er að reisa.
4. Að gefa leiðbeiningar, munnlega og skriflega, eftir því sem um verður beðið.
5. Að vera ráðunautur nýbýlastjórnar um allt er varðar byggingar á nýbýlum, og vera á verði um allar nýjungar, sem fram kunna að koma í húsagerð, og að gagni geta komið við stofnun nýbýla.

35. gr.

Uppdrættir byggingarráðunautar á húsum og tillögur hans um skipan og fyrirkomulag bygginga á nýbýlum, skulu að jafnaði lagðir fyrir nýbýlastjórn til samþykktar. Þó er nýbýlastjóra heimilt að samþykkja uppdrætti og tillögur fyrir hönd nýbýlastjórnar.

36. gr.

Nýbýlastjórn skal gefa út prentaðar leiðbeiningar um húsagerð á nýbýlum og láta hverjum manni, er reisir nýbýli, eitt eintak í té, án endurgjalds. 23. nóv.

37. gr.

Byggingar á nýbýlum skiptast í þrjá aðalflokka, eftir því úr hvaða efni þau eru reist og hversu til þeirra er vandað:

I. Flokkur: Íbúðarhús úr steinsteypu með tvöföldum veggjum og tróðholi, eða einföldum veggjum, sem eru þiljaðir innan eða varðir öðrum einangrunarefnum, er jafngilda því að veggir séu tvöfaldir og aðalskilrúm úr steinsteypu. Þó verður einangrunar ekki krafizt þar, sem hitað er upp með laugavatni.
Ennfremur hlöður og peningshús úr steinsteypu, og séu fjós með tvöföldum útveggjum.

II. Flokkur: Íbúðarhús úr timbri, járnklædd utan eða varin öðru haldgóðu efni og klædd innan eftir fyrirmælum byggingarráðunauts nýbýlastjórnar.
Ennfremur hlöður og peningshús úr timbri og járni.

III. Flokkur: Öll hús sem hlaðin eru úr grjóti og torfi eða reist úr blönduðu byggingarefni, svo sem timbri og torfi.

38. gr.

Þök húsanna skulu vera varin járni eða öðru jafngóðu efni, sem nýbýlastjórn samþykkir. Húsgrunnar skulu framræstir þar, sem jarðvegur er votlendur, og veggir og gólf húsanna einangruð fyrir jarðraka og þakvatni.

39. gr.

Íbúðarhús fyrir hverja fjölskyldu mega vera með kjallara og einni hæð, allt að 400 rúmmetra að stærð. Verði tvær eða fleiri íbúðir sambyggðar skulu þær, hver fyrir sig, hafa sér inngang og vera að fullu aðskildar.

40. gr.

Veggir búpeningshúsa, sem byggðir eru úr grjóti og torfi, skulu grafnir á fastan grundvöll eins og íbúðarhús, eða raðað grjóti undir þá eigi minna en 1 metra í jörð. Grindur þeirra skulu vera sjálfstæðar, en hvíla á veggjum, og járnþök ná út á ytri brún veggja.

VII. KAFLI

Um sérleyfi til þess að reisa nýbýli.

41. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að veita einstökum mönnum leyfi til stofnunar nýbýla, samkv. 5. gr. téðra nýbýlalaga, þó að þeir ætli ekki sjálfir að gerast ábúendur á þeim, og sama stuðning við stofnun þeirra og þeim, er reisa þau fyrir sjálfa sig, ef þeir hlýða skilyrðum þeim, er sett eru í þessum kafla reglugerð-

130 arinnar. Hið sama gildir um bæjar- eða sveitarfélög eða félög, sem stofnuð
23. nóv. kunna að vera í þeim tilgangi að koma upp nýbýlum, samkvæmt 14. gr. sömu laga.

42. gr.

Skilyrði fyrir réttindum þeim, sem um getur í 41. gr., eru:

a. Samskonar samþykki nýbýlastjórnar fyrir landi og byggingum og aðrir er stofna nýbýli samkvæmt lögum þessum verða að hlíta.
b. Samþykki nýbýlastjórnar fyrir söluverði eða leigumála á landi nýbýlisins.
c. Að leyfishafi sendi nýbýlastjórn nákvæma skýrslu um stofnkostnað býlisins.
d. Að leyfishafi skuldbindi sig til að selja býlið til ábúðar ekki síðar en innan 5 ára frá því hann fékk samþykki nýbýlastjórnar til stofnunar þess, og ekki síðar en tveim árum eftir að það er fullgert að áliti nýbýlastjórnar, eða afhenda það til erfðaábúðar með þeim kjörum, sem ákveðið er með lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.
e. Að nýbýlastjórn samþykki væntanlegan eiganda býlisins.
f. Að nýbýlastjórn samþykki söluverð þess, enda fari söluverðið ekki fram úr kostnaðarverði að frádregnum nýbýlasjóðs- og jarðræktarstyrk.
g. Að félög sem ætla að reisa nýbýli fái samþykktir sínar staðfestar af nýbýlastjórn.

43. gr.

Nú telur nýbýlastjórn að ófullnægjandi skýrsla liggi fyrir um kostnaðarverð nýbýlis, sem leyfishafi vill afhenda, eða að kostnaðarverð þess sé óhæfilega hátt, að áliti nýbýlastjórnar og getur hún þá krafizt, að býlið verði metið til verðs. Skulu þá 3 menn meta býlið, einn samkvæmt tilnefninu nýbýlastjórnar, annar samkvæmt tilnefningu leyfishafa, en sá þriðji dómkvaddur af hlutaðeigandi héraðsdómara, og skal hann vera oddamaður. Úrskurði matsmanna verður ekki áfrýjað.

44. gr.

Nú getur leyfishafi ekki selt nýbýli, er hann hefir reist, innan þess tíma sem 42. gr. ákveður, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráðstafa því til sölu gegn kostnaðarverði. Geti hún það ekki má leyfishafi leigja býlið áfram um tiltekið árabil, enda samþykki nýbýlastjórn leigutíma og leigumála. Verði ágreiningur um leigumála, skal leigan metin af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps.

VIII. KAFLI

Um skýrslugerð.

45. gr.

Eigendum og ábúendum nýbýla er skylt að halda skýrslur um stofnkostnað býla sinna, samkvæmt skýrsluformum, er nýbýlastjórn gefur út. Skulu sérstaklega taldar þær framkvæmdir, sem gerðar eru árlega, og skýrslurnar miðaðar við áramót.

Skýrslur umliðins árs skulu sendar til nýbýlastjórnar fyrir 1. apríl næsta 130
á eftir. Einnig skulu þeir senda nýbýlastjórn frumreikninga yfir aðkeyptar vörur 23 nóv.
og efni til ræktunar og bygginga á býlunum.

46. gr.

Búendum nýbýla er ennfremur skylt að halda búreikninga um rekstrarafkomu búa sinna eftir reikningsformum, sem nýbýlastjórn gefur út. Reikningsform þessi skulu þannig gerð, að glöggt yfirlit fáist um allar tekjur og gjöld búsins, en vera þó svo einföld, að auðvelt sé að fylla þau út fyrir menn, þótt óvanir sé allri bókfærslu. Prentaðar leiðbeiningar um búreikningafærslu skal nýbýlastjórn gefa út. Búreikningarnir skulu miðaðir við almanaksár og skulu vera komnir til nýbýlastjórnar, eða búreikningaskrifstofu ríkisins, sbr. 47. gr., fyrir 1. apríl næsta á eftir.

47. gr.

Ef henta þykir og samningar takast milli búreikningaskrifstofu ríkisins og nýbýlastjórnar, getur nýbýlastjórn falið búreikningaskrifstofunni að gera upp búreikninga frá búendum nýbýla.

IX. KAFLI

Um fyrningargjald af húsum.

48. gr.

Ábúendur allra nýbýla, er fá styrk og lán samkvæmt lögunum, skulu greiða fyrningargjald af húsum býlisins, og miðast það við varanleik húsanna þannig:

Af húsum í I. flokki ½% af kostnaðarverði þeirra
— — - II. — ¾— — — —
— — - III. — 1— — — —

49. gr.

Nýbýlastjórn ákveður kostnaðarverð á húsum býlanna, eftir þessum grundvallaratriðum:

1. Teikningum og kostnaðaráætlunum byggingarráðunautar nýbýlastjórnar.
2. Skýrslum þeim, sem hún gerir um stofnkostnað þeirra eftir reikningum býlishafa.
3. Álitsgerð byggingarráðunautar um frágang og varanleik húsanna, þegar búið er að fullgera þau.

50. gr.

Fyrningargjaldið er innheimt af sýslumönnum á manntalsþingum, og ber þeim að senda það til nýbýlastjórnar fyrir 1. nóvember ár hvert. Byrja skal að innheimta fyrningargjaldið, þegar er nýbýli hefir verið tekið í ábúð og tilkynnir nýbýlastjórn það hlutaðeigandi sýslumanni, svo og upphæð gjaldsins.

130 23. nóv.

51. gr.

Fyrningargjaldið skal lagt í sjóð er nefnist endurbyggingasjóður nýbýla, og skal sjóðurinn ávaxtast í nýbýlasjóði. Hvert nýbýli hefir sérreikning í sjóðnum, og á tilkall til séreignar sinnar, þegar þörf er á að endurreisa hús býlisins.

52. gr.

Hvert nýbýli á rétt á fjárframlagi úr endurbyggingarsjóði, til endurnýjunar á húsum býlisins eftir ákveðið árabil frá því að gjaldið var greitt í fyrsta sinn, og er það:

Í 1. flokki eftir 35 ár.
– 2. — — 25 —
– 3. — — 15 —

Að öðru leyti verður nýbýlastjórn að miða endurgreiðslur úr sjóðnum við þörf hvers býlis og ástand húsanna, að fengnum tillögum byggingarráðunauts eftir athugun á þeim.

X. KAFLI

Um eigendaskipti að nýbýlum.

53. gr.

Nú vill eigandi nýbýlis, sem er í einkaeign, og hefir hlotið styrk frá ríkinu samkvæmt reglugerð þessari, selja býlið, og skal hann þá tilkynna það nýbýlastjóra. Sala nýbýlis er því aðeins gild að fullnægt sé þessum skilyrðum:

1. Nýbýlastjórn hafi samþykkt kaupsamninginn.
2. Kaupverðið sé ekki hærra en fasteignamatsverð býlisins, að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þess, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
3. Kaupandi uppfylli skilyrði 15. gr. nýbýlalaganna til þess að geta fengið aðstoð ríkisins við stofnun nýbýlis, eða fengið ábúðarrétt á nýbýli.

54. gr.

Eigendaskipti að nýbýlum, samkvæmt gjafasamningum, skulu háð sömu skilyrðum og ef um sölu er að ræða.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. nóvember 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

131
4. des.

um verkun og útflutning á skreið.

1. gr.

Öll skreið (hvers konar hertur fiskur), sem flutt er til útlanda frá höfnum hér á landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af löggiltum matsmönnum og skulu vottorð um mat og tegundir rituð aftan á farmskírteinin með fiskinum.

2. gr.

Skreiðarmatsstjóri skipaður af atvinnumálaráðherra, hefir umsjón og eftirlit með verkun og mati á skreið sem ætluð er til útflutnings.

Laun skreiðarmatsstjóra greiðast úr ríkissjóði, en þangað til fjárveiting er fyrir þeim í fjárlögum greiðast þau úr fiskimálasjóði. Ráðherra ákveður starfssvið hans með erindisbréfi.

Skreiðarmatsstjóri skal undirrita eiðstaf um að hann vilji hlíta ákvæðum þeim, sem sett eru eða sett kunna að verða um starf hans og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á honum hvíla í stöðu hans.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar matsmenn eftir tillögum skreiðarmatsstjóra á þeim stöðum, þar sem skreiðarmatsstjóri telur þess þörf, og skulu þeir valdir meðal löggiltra fiskimatsmanna, þar sem því verður við komið. Matsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, sem þeir meta skreið fyrir.

Skreiðarmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita um starfsemi sína eiðstaf, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stílar þeim.

Matsmenn skulu kynna sér rækilega hvernig skreið eigi að vera að verkun, útliti og stærð fyrir hvern markaðsstað, og haga mati sínu eftir því, enda fari þeir í starfi sínu að öllu eftir fyrirmælum skreiðarmatsstjóra og leiti aðstoðar hans og úrskurðar, séu þeir í vafa um einhver atriði að því er snertir mat eða umbúðir skreiðar. Þeir eiga að framkvæma matið að öllu leyti eftir fyrirmælum og leiðbeiningum skreiðarmatsstjóra og skulu þeir jafnan hafa það hugfast, að vanda til matsins eftir því, sem frekast er unnt, svo álit íslenzkrar skreiðar í neyzlulöndunum megi vera sem bezt.

4. gr.

